

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2010, mánudaginn 28. júní 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Gunnhildur Sveinsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Guðlaug Brynja Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 1/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 14. janúar 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. janúar 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögfræðings F, dags. 5. mars 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. mars 2010, og henni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust þann 15. mars 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 28. júní 2010.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili gerði bílasamning við VF. Þann 1. mars 2007 vegna leigu á bifreiðinni. Leigutími var til 1. mars 2012 og skyldi fjöldi greiðslna vera 60. Kaupverð hins leigða var kr.2.350.000, innborgun kr. 250.000, stofngjald kr. 65.412, umsýslugjald kr. 15.000 og samningsverð kr. 2.180.412. Mánaðarleg leiga miðað við ISK var kr. 40.701. Um vexti segir í samningnum: „*Vextir eru óverðtryggðir vextir bílasamninga samkv. ákvörðun VF á hverjum tíma. Vextir miðast við myntkörfuna SJF3 sem er samsett úr JPY 50% og CHF 50%. Endanleg fjárhæð á myntkörfunni ræðst af útgreiðsludegi samnings.*“

Þann 27. mars 2007 tók VF upp nafnið F.

Þann 26. október 2009 sendi N, fyrir hönd sóknaraðila tölvupóst til varnaraðila þar sem hann bendir á að í bílasamningi sóknaraðila standi hvergi að höfuðstóll samnings sé gengistryggður en að greiðsluseðlar séu samt sem áður reiknaðir út eins og um gengistryggðan höfuðstól sé að ræða. Kemur fram í póstinum að hann telji að sóknaraðili hafi verið krafinn um of háar greiðslur. Er óskað eftir því að gerð sé grein fyrir því á hvaða ákvæðum samningsins það byggir að tengja afborganir af höfuðstól við gengi erlendra mynta og ef slíku ákvæði sé ekki fyrir að fara að greiðsluseðlar verði framvegis reiknaðir út miðað við mánaðarlega leigu að fjárhæð 40.701 kr.

Þann 29. október 2010 svaraði starfsmaður varnaraðila tölvupóstinum. Var svarið þess efnis að mál sóknaraðila væri í skoðun í samráði við lögmennt þess og að þegar afstaða félagsins yrði skýr mundi berast svar. Þann 12. nóvember 2009 ítrekaði

N erindið fyrir hönd sóknaraðila. Svar barst frá varnaraðila þann 16. nóvember 2009. Þar kemur fram að varnaraðili telji það nægilega skýrt í bílasamningum félagsins sem vísa til myntkórfulána að endurgreiðsla þeirra sé bundin við gengi tilgreindrar myntkórflu gagnvart íslenskri krónu. Skýrlega sé kveðið á um það í öllu kynningarefni vegna lánanna að höfuðstóll og vextir séu miðuð við erlendar myntkórflur og samningsgreiðslan því gengistryggð. Þar komi jafnframt fram að áhætta geti verið fólgin í að tengja endurgreiðslu við myntkórflu. Eigi öllum lántakendum að vera þetta ljóst. Í tölvupósti varnaraðila segir jafnframt að í lánasamningi, fylgigögnum og greiðsluseðlum komi skýrt fram að höfuðstóll láns sé miðaður við myntkórflu og að allir þeir sem tóku slík lán hafi verið fyllilega meðvitaðir um myntkórflutenginguna enda augljóst að ákvörðunarástæðan fyrir endurgreiðslu tengdri myntkórflu hafi verið lágir vextir, sem voru mun lægri en af lánnum í íslenskum krónum. Hafnaði varnaraðili því leiðréttingu á útreikningi greiðsluseðla. Svaraði N þeim tölvupósti fyrir hönd varnaraðila þann 17. nóvember 2010.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 14. janúar 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Kröfur sóknaraðila eru tvíþættar. Annars vegar gerir M þær kröfur að:

“Útreikningur á greiðsluseðlum verði leiðréttur í samræmi við þann samning sem ég skrifaði undir og upphaflega greiðsluáætlun.

- a. *Eftirstöðvar láns séu leiðrétt (sic) í samræmi við þann samning sem ég skrifaði undir og þær greiðslur sem ég hef þegar innt af hendi. Höfuðstóll er í íslenskum krónum og óverðtryggður.*
- b. *Vextir miðast við vaxtaþrósentu á myntkórfunni SJF3 sem Avant hf. heldur til haga eða öðrum sambærilegum krónulánnum.”*

Hina vegar gerir M þær kröfur að sjálfskuldarábyrgð föður falli niður þar sem ekki var framkvæmt greiðslumat við afgreiðslu á láninu.

Sóknaraðili byggir fyrri kröfur sínar á að í titli bílasamningsins þess sem hún skrifaði undir hafi komið fram að þetta væri kaupleigusamningur sem bæri jafnar greiðslur. Þá komi skýrt fram í lið II í samningnum að samningsverð sé kr. 2.180.412 og að hvergi komi fram að þetta samningsverð sé bundið nokkurri myntkórflu eða sé gengistryggt. Samkvæmt lið III í samningnum, þar sem fjallað er um vexti, verðtryggingu og gengistryggingu, miðist vextir við kórflu sem F heldur utan um og ekkert komi þar fram um að höfuðstóll láns eða leigugreiðslur séu gengistryggðar. Þá segi á sundurliðun fyrir keyptu skuldabréfi að lánaflokkur sé „Óverðtryggt bílasamningur – jafnar afb.“. Hvergi standi neitt um gengistryggingu eða aðrar myntir en íslenskar krónur. Þá séu allar tölur á greiðsluáætlun í íslenskum krónum og þar komi ekki fram nein tenging við aðrar myntir. Þá sé ekki samræmi við ákvæða á forsíðu samnings og almennra skilmála á bakhlið samnings. Telur sóknaraðili að viðskiptahættir varnaraðila fari geng ákvæðum laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og ákvæðum laga nr. 121/1994 um neytendalán.

Síðari kröfu sína byggir sóknaraðili á því að F sé aðili að Samtökum fjármálafyrirtækja og beri því að hlíta samkomulagi frá árinu 2001 um notkun sjálfskuldarábyrgða, en þar segi að framkvæma skuli greiðslumat nema

ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Einnig komi þar fram að ef ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemi hærri fjárhæð en kr. 1.000.000 sé fjármálafyrirtæki skylt að greiðslumeta skuldara. Sóknaraðili segir að ekki hafi verið framkvæmt neitt greiðslumat við gerð samningsins og hafi ábyrgðarmanni ekki verið gerð grein fyrir ábyrgð sinni og réttindum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kvörtun sóknaraðila um leiðréttingu á útreikningi greiðsluseðla verði vísað frá á grundvelli þess að kröfugerð hennar sé óskýr og lúti ekki að tiltekinni fjárhagslegri eða tölulegri kröfugerð þannig að ómögulegt sé að sjá hvaða fjárkröfur sóknaraðili sé í raun að gera á hendur varnaraðila. Telji sóknaraðili að varnaraðila beri að „leiðrétta“ samning og endurgreiða eða eftir atvikum lækka eftirstöðvar bílasamnings á þeim grunni að samningsgreiðslur hafi verið ranglega reiknaðar beri henni að tilgreina fjárhæð og útreikningsgrundvöll með skýrum hætti svo að unnt sé að taka efnislega afstöðu til kröfunnar, enda eigi það ekki undir úrskurðarnefndina að forma tölulegar kröfur sóknaraðila á hendur varnaraðila. Telur varnaraðili því að vísa beri kröfum sóknaraðila frá úrskurðarnefndinni með vísan til b- og e-liða 6. gr. samþykktar nefndarinnar, sbr. og 5. gr. samþykktanna þar sem sóknaraðili hafi aldrei lagt tilgreindar fjárkröfur fyrir varnaraðila sem hann hafi getað tekið efnislega afstöðu til.

Varnaraðili telur einnig að umrætt mál sé utan verkswiðs úrskurðarnefndarinnar þar sem það eigi undir dómstóla landsins að skera úr um það hvort að umræddur samningur sé gengistryggður eða ekki. Þá telur varnaraðili að mál þetta eigi ekki undir lögsögu nefndarinnar þar sem úrlausn þess snúi að meintum brotum á lögum um neytendalán nr. 121/1994 og lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 sem heyrir undir Neytendastofu.

Til vara gerir varnaraðili þá kröfu að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Byggir hann varakröfu sína á því að umræddur bílasamningur sé bersýnilega gengistryggður og að í honum komi skýrt fram að höfuðstóllinn sé tengdur við myntkörfuna SFJ3. Á framhlið samningsins sé gengistrygging sérstaklega nefnd og vísað til samningsskilmála á bakhlið. Þá komi fram í samningsskilmálum bílasamningsins á bakhlið hans að gengistryggð fjárhæð geti tekið breytingum miðað við breytingar á gengi þess erlenda gjaldmiðils/erlendu gjaldmiðla gagnvart íslenskrí krónu á samningstímanum. Þá komi fram í greiðsluáætlun sem sé hluti samningsins að tegund myntkörfu sé „100% karfa 3“. Sé samningurinn og fylgigögn hans því skýr um að lánið sé gengistryggt við þá gjaldmiðla sem mynda myntkörfuna SFJ3. Þrátt fyrir að meðaltalsafborganir séu reiknaðar út í greiðsluáætlun megi öllum vera ljóst að greiðslur geti sveiflast verulega á 5 ára tímabili enda felist í heitinu greiðsluáætlun að breyting geti orðið á greiðslum eftir þróun myntkörfu 3 og vaxta yfir samningstímabilið. Þá komi fram á greiðsluseðlum að mynt samningsins sé „SJF3“.

Varðandi kröfur sóknaraðila um niðurfellingu sjálfsskuldarábyrgðar föður bendir varnaraðili á að varnaraðili sé ekki aðili að samkomulagi um sjálfsskuldarábyrgðir frá 2001 og þó að varnaraðili sé aðili að Samtökum fjármálafyrirtækja sé félagið ekki sjálfkrafa aðili að umræddu samkomulagi. Þá hafi samningurinn verið gerður í apríl 2007 en varnaraðili hafi ekki gerst aðili að Samtökum fjármálafyrirtækja fyrr en 25. janúar 2008. Því hafi varnaraðila ekki verið skylt að framkvæma greiðslumat. Því beri að vísa kröfu sóknaraðila frá nefndinni.

VI.

Niðurstaða.

Ágreiningur í máli þessu er tvíþættur. Annars vegar snýr hann að útreikningi á greiðslum vegna bílasamnings sóknaraðila við varnaraðila um leigu á bifreið. Krefst sóknaraðili að: “Útreikningur á greiðsluseðlum verði leiðréttur í samræmi við þann samning sem ég skrifaði undir og upphaflega greiðsluáætlun.

- A. *Eftirstöðvar láns séu leiðrétt (sic) í samræmi við þann samning sem ég skrifaði undir og þær greiðslur sem ég hef þegar innt af hendi. Höfuðstóll er í íslenskum krónum og óverðtryggður.*
- B. *Vextir miðast við vaxtaþrósentu á myntkörfunni SJF3 sem Avant hf. heldur til haga eða öðrum sambærilegum krónulánum.”*

Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár. Því hefur nefndin ekki heimildir til að þvinga varnaraðila til að leiðrétta útreikning á greiðsluseðlum. Þá verður að telja að kröfur sóknaraðila um leiðréttingu séu svo óskýrar að þær séu ekki tækar til úrskurðar, sbr. ákvæði e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina, en þar segir að nefndin fjalli ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Breyta gögn þau sem fram koma í bréfi sóknaraðila frá 15. mars 2010 ekki þessari niðurstöðu, enda er þar ekki gerð krafa um ákveðna fjárhæð.

Í ljósi framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila um útreikning á greiðslum vegna bílasamnings frá úrskurðarnefndinni.

Sóknaraðili gerir einnig kröfur um að sjálfskuldarábyrgð föður falli niður þar sem að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat við afgreiðslu á láninu. Ekki verður séð að sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni af því að fá sjálfskuldarábyrgð föður síns fellda niður og því verður ekki hjá því komist að vísu kröfu sóknaraðila um brottfall sjálfskuldarábyrgð föður síns frá úrskurðarnefndinni.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila um að varnaraðili leiðrétti útreikning á greiðsluseðlum vegna bílasamnings sóknaraðila við varnaraðila er vísað frá úrskurðarnefndinni. Þá er kröfu sóknaraðila um að sjálfskuldarábyrgð föður falli niður einnig vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 28. júní 2010.
Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Gunnhildur Sveinsdóttir
Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

Ár 2010, föstudaginn 15. október 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Guðlaug Brynja Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 2/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækið F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 28. janúar 2010 með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 25. janúar 2010. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 28. janúar 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 25. febrúar 2010. Var bréfið sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 1. mars 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust þann 9. mars 2010. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 28. júní og 15. október 2010.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili keypti tékka nr. X af gamla F þann 16. apríl 2008 að fjárhæð 40.000 NOK.

Þann 20. maí 2009 keypti varnaraðili umræddan tékka af sóknaraðila. Fékk sóknaraðili kvittun fyrir viðskiptunum og í samræmi við fyrirmæli sóknaraðila var andvirði tékkans, samtals 784.940 kr. millifærðar á reikning sóknaraðila hjá varnaraðila. Síðar sama dag millifærði starfsmaður varnaraðila 784.940 kr. út af reikningi sóknaraðila inn á reikning varnaraðila. segir á kvittun fyrir viðskiptum að um sé að ræða bakfærð gjaldeyrisviðskipti. Umrædd kvittun mun ekki hafa borist sóknaraðila og var hann ekki látinn vita af bakfærslunni fyrr en nokkru síðar þegar honum barst í pósti ódagsett tilkynning frá starfsmanni varnaraðila þar sem fram kemur að gjaldkeri virðist ekki hafa skoðað nægilega vel dagsetningu tékkans, sem hafi verið frá apríl 2008. Geti bankinn því miður ekki keypt tékkann vegna falls bankans.

Lögmaður sóknaraðila hefur tvívegis sent varnaraðila bréf þar sem farið er fram á endurgreiðslu vegna heimildarlausrar úttektar varnaraðila af reikningi sóknaraðila, en ekki fengið nein svör. Málið barst úrskurðarnefndinni þann 28. janúar 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Kröfur sóknaraðila eru að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila skaðabætur að fjárhæð 784.930 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. maí til greiðsludags. Jafnframt er gerð krafa um málskostnað vegna reksturs máls fyrir nefndinni.

Sóknaraðili rökstyður kröfur sínar með því að hann geti með engu móti borið ábyrgð á hugsanlegum mistökum starfsmanna varnaraðila varðandi kaup á tékkanum og millifærslan út af reikningnum hafi verið framkvæmd í fullkomnu heimildarleysi. Beri varnaraðili ábyrgð á mistökum starfsmanna á grundvelli reglunnar um húsbóndaábyrgð.

Telur sóknaraðila að varnaraðili hafi valdið honum tjóni sem sé bótaskyldt á grundvelli lagareglna og ólögfesta skaðabótareglna og nemi tjón sóknaraðila andvirði þeirrar fjárhæðar sem tekið var út af reikningi hans hjá varnaraðila auk dráttarvaxta.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Telur varnaraðili sóknaraðila ekki hafa orðið fyrir tjóni vegna umrædds atviks þar sem um hafi verið að ræða tékka sem varnaraðila hafi ekki verið skylt að kaupa og í raun hafi starfsmanni verið óheimilt að kaupa hann. Samkvæmt 40. gr. tékkalaga nr. 94/1933 geti handhafi tékka krafist fullnustu hjá framseljendum sé tékki ekki greiddur vegna greiðslufalls. Allar líkur séu á því að um greiðslufall hefði orðið í því tilviki sem hér um ræðir, þar sem útgefandi tékkans hafi verið í greiðslustöðvun á umræddum tíma. Bankanum hafi því verið heimilt að fá tékkann endurgreiddan frá sóknaraðila. Hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni þar sem bankinn hafi alltaf átt rétt á að fá tékkann endurgreiddan frá sóknaraðila. Þvert á móti hafi varnaraðili komið í veg fyrir að sóknaraðili yrði fyrir viðbótarkostnaði vegna greiðsludráttar og innheimtu tékkans.

Varnaraðili vísar auk þess til að bankanum hafi ekki borið að innleysa tékkann þar sem að á grundvelli 29. gr. tékkalaga beri að sýna tékka, sem gefinn er út hér á landi og greiðast skal innanlands, innan 30 daga frá útgáfudegi. En umræddur tékki hafi verið sýndur rúmu ári eftir útgáfudag. Því hafi starfsmanni verið óheimilt að taka við honum.

Þá segir varnaraðili að samkvæmt vinnureglum bankans sé heimilt að leiðrétta rangfærslur ef það er gert innan eins bankadags eftir að innborgun átti sér stað og að því gefnu að reikningseigandinn hafi ekki tekið peningana út. Ber að tilkynna reikningseigandanum um bakfærsluna og ástæður hennar.

Loks mótmælir varnaraðili kröfum sóknaraðila um málskostnað á grundvelli þess að samþykktir nefndarinnar geri ekki ráð fyrir því að nefndin úrskurði um málskostnað.

VI.

Niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um hvort að varnaraðila hafi verið heimilt að millifæra 784.940 kr. af reikningi sóknaraðila yfir á reikning varnaraðila. Millifærsluna framkvæmdi starfsmaður varnaraðila sama dag og umrædd fjárhæð hafði verið færð á

reikning sóknaraðila vegna kaupa varnaraðila á tékka af sóknaraðila. Var sóknaraðila tilkynnt skriflega um millifærsluna u.þ.b. tveimur vikum eftir að hún fór fram.

Krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila skaðabætur að fjárhæð 784.930 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. maí til greiðsludags. Jafnframt er gerð krafa um málskostnað vegna reksturs málsins fyrir nefndinni.

Við kaup varnaraðila á umræddum tékka af sóknaraðila undirritaði sóknaraðili svohljóðandi yfirlýsingu:

„Ef ofangreindur tékki reynist innistæðulaus, falsaður eða gallaður þá skuldbindur undirritaður sig til að endurgreiða bankanum andvirði tékkans og bæta honum allt það tjón og kostnað sem innlausnartilraunin kann að hafa í för með sér bankanum að skaðlausu. reiknað af andvirði tékka frá kaupdegi hans/þeirra.

Ég undirritaður/-uð gef F hér með fullt og ótakmarkað umboð til að taka út af reikningi mínum nr. _____, til greiðslu á andvirði ofangreinds tékka, ásamt öllum kostnaði skv. framangreindu.

Hér með skuldbind ég mig til að hlíta í einu og öllu ákvæðum laga nr. 87/1992 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, svo og reglum settum samkv. þeim.“

Í framangreindri yfirlýsingu var ekki tiltekinn neinn bankareikningur. Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar um að sóknaraðili hafi með öðrum gerningum veitt varnaraðila heimild til að taka umrædda fjármuni út af reikningi sínum. Því er það niðurstaða nefndarinnar að varnaraðili hafi ekki haft heimild til að millifæra 784.940 kr. af reikningi sóknaraðila yfir á reikning varnaraðila þann 20. maí 2009, enda hefði varnaraðila, sem er fjármálafyrirtæki sem hefur atvinnu af bankaviðskiptum, verið í lófa lagið að fá heimild til úttektar af þeim reikningi sóknaraðila sem andvirði tékkans var lagt inn á. Það er því niðurstaða nefndarinnar að varnaraðila beri að greiða sóknaraðila 784.940 kr.

Sóknaraðili krefst í málinu dráttarvaxta af framangreindri fjárhæð frá 20. maí 2009. Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili hafi fyrst krafist varnaraðila um endurgreiðslu umræddrar fjárhæðar þann 14. október 2009. Með vísan til 3. mgr. 5. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001 er það niðurstaða nefndarinnar að varnaraðili skuli greiða sóknaraðila dráttarvexti af framangreindri fjárhæð frá 14. nóvember 2009.

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hefur enga heimild til að ákvarða sóknaraðila málskostnað í málinu og verður kröfu sóknaraðila þar að lútandi því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, F, greiði sóknaraðila, M, 784.930 kr. með dráttarvöxtum frá 14. nóvember 2009.

Kröfu sóknaraðila um greiðslu málskostnaðar er hafnað.

Reykjavík, 15. október 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

Ár 2010, föstudaginn 26. nóvember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 3/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F
og
Fjármálafyrirtækinu FF

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F og FF, hér eftir nefndir varnaraðilar, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 8. febrúar 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. febrúar 2010, var kvörtunin send varnaraðilum og þeim gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi FF dags. 3. mars 2010 og bréfi F dags. 5. mars 2010. Voru bréfin send sóknaraðila með bréfum nefndarinnar, dagsettum 4. og 5. mars 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Ekki bárust athugasemdir frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 28. júní, 2. og 10. september og 1. október, 8. og 26. nóvember 2010.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili var eigandi hlutdeildarskírteina í peningabréfum F. Starfaði sjóðurinn í samræmi við ákvæði III. kafla A laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30/2003. Varnaraðili FF, var rekstrarfélag sjóðsins og var daglegur rekstur og framkvæmdastjórn sjóðsins í höndum þess félags. Varnaraðili F fór með vörslu og umsjá eigna nefnds fjárfestingarsjóðs, sbr. reglur sjóðsins, og annaðist einnig kaup og sölu hlutdeildarskírteina, sbr. útboðslýsingu.

Laugardaginn 4. október 2008 kl. 00:40 pantaði sóknaraðili sölu á umræddum peningabréfum sínum og hefur hann lagt fram því til staðfestingar útprentað viðskiptatilboð úr einkabanka F. Var markaðsvirði hlutdeildarskírteina sóknaraðila þá kr. 14.621.454.

Kl. 09.30 mánudaginn 6. október var haldinn fundur hjá stjórn FF þar sem ákveðið var að loka fyrir viðskipti með hlutdeildarskírteini í ýmsum sjóðum, þ.á m. peningabréfum F. Lauk fundi stjórnarinnar kl. 10.00. Sama dag kl. 09.59 sendi Fjármálaeftirlitið FF rafpóst þar sem fram kom að stofnunin myndi ekki taka stjórnvaldsákvörðun um frestun innlausnar hlutdeildarskírteina verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og yrði FF að meta það hvort það þjónaði hagsmunum skírteinishafa að fresta innlausn á sjóðum félagsins. Væri svo yrði FF að senda tilkynningu til

stofnunarinnar og auglýsa frestun innlausnar á heimasíðu sinni (heimasíðu varnaraðila F). Með rafpósti kl. 11.04 var Fjármálaeftirlitinu tilkynnt að ákveðið hefði verið að loka tímabundið fyrir viðskipti með áðurgreinda sjóði, þ.m.t. peningabréf F. Tilkynning um frestun tímabundna frestun innlausnar birtist á vef varnaraðila þann 7. október 2008 kl. 10.30.

Í bréfi varnaraðila F til sóknaraðila, dagsettu 28. október 2008 kemur fram að stjórn varnaraðila FF hafi tekið ákvörðun um að slíta öllum peningamarkaðssjóðum í rekstri félagsins og fyrir liggi að útgreiðsluhlutfall fyrir peningabréf F sé 68,8%. Virði hlutar sóknaraðila sé því kr. 10.052.511 og fékk sóknaraðili þá fjárhæð greidda inn á innlánsreikning í F þann 29. október 2008.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að sóknaraðili hafi fylgt beiðni sinni frekar eftir fyrir en hann lýsti kröfu á hendur F áður en kröfulýsingarfrestur rann út þann 30. október 2009.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 8. febrúar 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að varnaraðilum verði gert að greiða honum kr. 4.568.943, auk eðlilegra áunninna vaxta.

Sóknaraðili telur að varnaraðila hafi borið að afgreiða pöntun hans á innlausn hlutdeildarskírteina áður en lokað var fyrir viðskipti þar sem hún hafi legið fyrir áður en ákvörðun um stöðvun viðskipta var tekin. Vísar varnaraðili til úrskurða úrskurðarnefndarinnar um að ekki liggi fyrir að tilkynning um frestun innlausnar hafi birst fyrir en kl. 10.30 þann 7. október 2008 og að skylt hafi verið að verða við kröfu um innlausn hlutdeildarskírteina sem lágu fyrir þann 6. október (mál nr. 3/2009).

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili FF kveður mikla óvissu hafa verið á fjármálamörkuðum mánudaginn 6. október 2008 og því verið erfitt að verðmeta undirliggjandi eignir sjóða og gæta jafnræðis meðal hlutdeildarskírteinishafa. Hafi FF af þeim sökum ákveðið að loka fyrir viðskipti í tilteknum sjóðum og hafi sú ákvörðun verið tekin á grundvelli 2. mgr. 27. gr. laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30, 2003. Hafi viðskiptapantanir, sem bárust eftir kl. 16.00 föstudaginn 3. október 2008, því ekki verið afgreiddar eins og tíðkast hafði. Því hafi ekki verið opnað fyrir viðskipti eftir að beiðni sóknaraðila barst.

Varnaraðili F bendir á að þann 29. apríl 2009 hafi héraðsdómur Reykjavíkur skipað slitastjórn yfir bankann í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, og að í samræmi við ákvæði þeirra laga og laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, skuli fara með allar kröfur á hendur bankanum eins og um kröfur á hendur þrotabúi sé að ræða. Kröfulýsingarfresti í bú bankans hafi lokið þann 30. október 2009 og hafi sóknaraðili lýst kröfu sinni fyrir slitastjórn áður en sá frestur rann út. Ekki hafi enn verið tekin afstaða til kröfu sóknaraðila en stefnt sé að því að taka afstöðu til allra krafna fyrir árslok 2010.

Þá bendir varnaraðili F á að í 5. gr. samþykka fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti með fjármálafyrirtæki sé að finna það skilyrði fyrir meðferð nefndarinnar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns. Þar sem slitastjórn hafi ekki tekið endanlega afstöðu til kröfu sóknaraðila telji slitastjórnin rétt að vísa málinu frá eða fresta því að taka afstöðu í því þar til endanlega afstaða slitastjórnar liggur fyrir.

VI.

Niðurstaða.

Varnaraðili F lítur svo á að með því að skipuð hafi verið sérstök slitastjórn fyrir varnaraðila og skorað á kröfuhafa að lýsa kröfum sínum sé mál sóknaraðila ekki tækt til meðferðar fyrir úrskurðarnefndinni. Vísar varnaraðili í þessum efnunum ákvæða laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 20, 1991 þar sem segir að kröfulýsingu fyrir skiptastjóra fylgi sömu áhrif og ef mál hefði verið höfðað um kröfuna á þeirri stund sem hún berst honum. Með starfsemi úrskurðarnefndar um viðskipti með fjármálafyrirtæki er stefnt að því að viðskiptavinir fjármálafyrirtækja geti fengið úrlausn mála sinna á skjótan og ódýran hátt án þess að vísa þurfi málum til dómstóla. Varnaraðili er enn með starfsleyfi og hefur ekki sagt upp aðild sinni að nefndinni. Ekki liggur fyrir að ágreiningi um kröfu sóknaraðila hafi verið vísað til héraðsdóms. Úrskurðarnefndin lítur svo að henni sé heimilt að taka til meðferðar kvörtun sóknaraðila á hendur varnaraðila F.

Ágreiningur aðila máls þessa snýst um innlausn hlutdeildarskírteina sóknaraðila í fjárfestingarsjóðnum, sem sóknaraðili M óskaði eftir þann 4. október 2008. Gerir sóknaraðili M þær kröfur að varnaraðila verði gert að greiða honum kr. 4.568.943, auk eðlilegra áunninna vaxta.

Peningabréf F var fjárfestingarsjóður, sbr. 1. gr. reglna sjóðsins. Um sjóðinn giltu því m.a. ákvæði III. kafla laga nr. 30, 2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Að morgni 6. október 2008 stöðvaði Fjármálaeftirlitið viðskipti með fjármálagerninga, útgefna af tilteknum hlutafélögum, þ.á m. varnaraðila. Sú ákvörðun tók ekki til hlutdeildarskírteina í fjárfestingarsjóðnum sem útgefin voru af varnaraðila FF, sem var að fullu í eigu varnaraðila F. Gerði Fjármálaeftirlitið ekki kröfu um frestun innlausnar þeirra, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30, 2003. Varnaraðili FF tók hins vegar í framhaldinu ákvörðun um að fresta innlausn hlutdeildarskírteina í greindum sjóði og var ákvörðun um það birt á vef varnaraðila kl. 10.30 þriðjudaginn 7. október 2008. Fallast má á að fyrir hendi hafi þá verið sérstakar ástæður sem réttlætt hafi slíka frestun, sbr. 2. mgr. 53. gr. nr. 30, 2003 og 2. mgr. 10. gr. reglna peningabréfa F. Samkvæmt 3. másl. 2. mgr. 53. gr. laganna skal innlausn þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og var ákvörðun um frestun innlausnar hlutdeildarskírteina í sjóðnum tilkynnt stofnuninni með rafpósti kl. 11.04 þann 6. október 2008. Jafnframt er kveðið á um í 4. másl. 3. mgr. 53. gr. að frestun skuli auglýst opinberlega. Ekki er í lögnum skýrt sérstaklega hvað teljist opinber auglýsing í þessum efnunum og slíkt verður heldur ekki ráðið af athugasemdum við greinina. Úrskurðarnefndin telur að birting tilkynningar á vefsíðu varnaraðila, sem annaðist m.a. kaup og sölu hlutdeildarskírteina, geti talist nægileg auglýsing í þessum efnunum.

Samkvæmt framanrituðu verður að miða við að frestun innlausnar hlutdeildarskírteina í peningabréfum F hafi fyrst verið auglýst opinberlega með birtingu tilkynningar þess efnis kl. 10.30 þann 7. október 2008 á heimasíðu varnaraðila. Í 1. mgr. 53. gr. laga nr. 30, 2003 kemur fram sú meginregla að hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóðs séu innlausnarskyld og að um innlausn sjóðs fari samkvæmt reglum hans. Heimildir til að fresta innlausn ber því að skýra þröngt sem undantekningar frá þessari meginreglu laganna. Í 1. mgr. 10. gr. reglna peningabréfa F segir að fyrir endanlegan gjalddaga hlutdeildarskírteina sjóðsins sé FF skuldbundinn til að innleysa slík skírteini að kröfu kaupanda á því kaupgengi, sem gildi á innlausnardegi í samræmi við ákvæði laga og reglna þar um. Er þar mælt fyrir um að

viðskipti með hlutdeildarskírteini í nefndum fjárfestingarsjóði fari fram samdægurs berist ósk um viðskipti fyrir kl. 16.00.

Máli þessu er beint að F og FF sem var útgefandi hlutdeildarskírteina í peningabréfum F og fór með daglegan rekstur og framkvæmdastjórn sjóðsins. Reynir hins vegar ekki á aðild eða ábyrgð nýja F sem ætla má að nú sé eigandi allra hluta í FF samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dagsettri 9. október 2008. FF mun nú hafa slitið umræddum fjárfestingarsjóði.

Ágreiningslaust er með aðilum að sóknaraðili hafi með óskað eftir innlausn hlutskírteina í peningabréfum F með viðskiptapöntun í einkabanka varnaraðila F þann 4. október 2008 kl. 00:40.

Á greindum tíma hafði stjórn FF ekki tekið ákvörðun um innlausn hlutdeildarskírteina í nefndum fjárfestingarsjóði. Þá hafði ákvörðum þar að lútandi hvorki verið tilkynnt Fjármálaeftirlitinu eða birt opinberlega. Verður ekki ráðið af gögnum málsins að tilkynning um frestun innlausnar hafi birst fyrr en kl. 10.30 þann 7. október 2008. Telur úrskurðarnefndin að eðlilegt hefði verið og í samræmi við góða viðskiptahætti að afgreiða þær beiðnir um innlausnir hlutdeildarskírteina í peningabréfum F sem borist höfðu áður en tilkynning um frestun innlausnar birtist á vef varnaraðila kl. 10.30 hinn 7. október 2008. Er samkvæmt framansögðu engum vafa undirorpið að skylt var að verða við kröfu sóknaraðila um innlausn hlutdeildarskírteina á næsta bankadegi eftir móttöku viðskiptapöntunar eða eigi síðar en 6. október 2008 í nefndum fjárfestingarsjóði, sbr. 1. mgr. 10. gr. reglna sjóðsins.

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108, 2007 hvíldi sú skylda á varnaraðila F að leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir sóknaraðila, m.a. með tilliti til hraða, svo og að gera ráðstafanir sem miðuðu að sanngjarnri og skjótri framkvæmd fyrir mæla sóknaraðila, sbr. 1. mgr. 18. gr. laganna. Þá var varnaraðila skylt að gera ráðstafanir, sem miðuðu að sanngjarnri og skjótri framkvæmd fyrir mæla sóknaraðila, sbr. 1. mgr. 19. gr. laganna.

Varnaraðili F annaðist eins og fyrr segir kaup og sölu hlutdeildarskírteina í peningabréfum F, svo og vörslu og umsjá eigna sjóðsins. Kom varnaraðili fram gagnvart viðskiptavinum sem viðsemjandi þeirra. Má og draga í efa að sóknaraðili hafi fremur en aðrir viðskiptavinir gert raunverulegan greinarmun á varnaraðila annars vegar og dótturfélagi hans, FF, hins vegar. Gagnvart sóknaraðila getur heldur ekki skipt máli hvort ekki var orðið við beiðni þeirra um innlausn áður nefndra hlutdeildarskírteina vegna atvika er vörðuðu varnaraðila F eða FF.

Með hliðsjón af öllu framanrituðu, svo og meginreglu 5. gr. laga nr. 108, 2007, 19. gr. laga nr. 30, 2003 og 19. gr. laga nr. 161, 2002, verður að gera varnaraðila F að bæta sóknaraðila það tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim sökum að ekki var orðið við beiðni hans um innlausn hlutdeildarskírteina í peningabréfum F.

Upplýst er í málinu að markaðsvirði hlutdeildarskírteina sóknaraðila var kr. 14.621.454 þann 6. október 2008, en fyrir þau fékk hann greiddar kr. 10.052.511 hinn 28. október 2008.

Mismunurinn er kr. 4.568.943 sem varnaraðila F verður gert að bæta sóknaraðila. Rétt þykir að sóknaraðili verði eins settur og ef innlausn hlutdeildarskírteina hans hefði farið fram 6. október 2008 í samræmi við beiðni hans. Verður varnaraðila því gert að greiða sóknaraðila verðmæti þeirra þann dag að frádregnum innborgunum.

Rétt þykir að greiða sóknaraðila vexti samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 6. október 2008 til 8. mars 2010, en þá var liðinni mánuður frá því að sóknaraðili lagði fram kvörtun til úrskurðarnefndar. Verður

varnaraðila gert að greiða sóknaraðila dráttarvexti frá þeim tíma eins og nánar greinir í úrskurðinum.

Hvað varðar kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila FF verður ekki séð af gögnum þeim sem liggja fyrir nefndinni að sóknaraðili hafi krafist greiðslu frá varnaraðila FF vegna málsins. Því eru ekki uppfyllt skilyrði 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti með fjármálafyrirtæki þar sem segir að það sé skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Því verður að vísa kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila FF frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, F greiði sóknaraðila M kr. 14.621.454, ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 6. október 2008 til 8. mars 2010, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun kr. 10.052.511 sem greidd var 29. október 2008.

Kröfu sóknaraðila, M, um að varnaraðili, FF, greiði honum kr. 4.568.943, auk eðlilegra áunninna vaxta er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 26. nóvember 2010.

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Sérálit Áslaugar Árnadóttur

Undirrituð lýsir sig sammála niðurstöðu meirihluta nefndarinnar hvað varðar frávísun á kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila FF.

Varnaraðili F er nú undir slitameðferð á grundvelli XII. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 44/2009. Því gilda um varnaraðilann ákvæði 102. gr. laga nr. 161/2002, en þar segir að við slit fjármálafyrirtækis gildi sömu reglur og við gjaldþrotaskipti um gagnkvæma samninga þess og kröfur á hendur því að öðru leyti en því að dómsúrskurður um að það sé tekið til slita leiði ekki sjálfkrafa til þess að kröfur á hendur því falli í gjalddaga. Í 4. mgr. 102. gr. er svo tekið fram að ákvæði XVIII. kafla og 5. þáttar laga um gjaldþrotaskipti o.fl. gildi um meðferð krafna á hendur fjármálafyrirtæki við slit þess. Þá segir í 1. mgr. 103. gr. laganna að slitastjórn ráðstafi hagsmunum fjármálafyrirtækis eftir sömu reglum og gilda um bústjórn skiptastjóra við gjaldþrotaskipti, með ákveðnum frávikum sem tilgreind eru í greininni.

Í XVIII. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, er fjallað um meðferð krafna á hendur þrotabúi. Þar segir í 116. gr. að dómsmál verði ekki höfðað í héraði gegn þrotabúi nema mælt sé sérstaklega fyrir um heimild til þess í lögum eða um sakamál sé að ræða þar sem krafist er refsiviðurlaga. Þá segir í 117. gr. laganna að aðili sem vilji halda uppi kröfu á hendur þrotabúi og geti ekki fylgt henni eftir vegna ákvæða 116. gr. skuli lýsa henni fyrir skiptastjóra.

Þrátt fyrir að í 116. gr. sé ekki fjallað sérstaklega um úrskurðarnefndir leiðir það af framangreindum ákvæðum að kröfum byggðum á niðurstöðum úrskurðarnefnda verður ekki komið fram á hendur þrotabúi nema með því að lýsa kröfu fyrir skiptastjóra/slitastjórnar. Ef ágreiningur verður um afstöðu

skiptastjóra/slitastjórnar er samkvæmt skýrum ákvæðum laganna aðeins hægt að fá úr þeim ágreiningi skorið fyrir dómstólum.

Í málinu liggur fyrir að sóknaraðili hefur lýst kröfu á F og er krafa hans nú til meðferðar hjá slitastjórn bankans. Ef varnaraðili unir ekki niðurstöðu slitastjórnarinnar getur hann á grundvelli 120. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. lýst yfir mótmælum sínum. Ef slitastjórn tekst ekki að jafna ágreininginn skal hún beina málefninu til héraðsdóms eftir ákvæðum 171. gr. sömu laga og fer um meðferð málsins samkvæmt ákvæðum XXIV. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Af framangreindu er ljóst að ákvörðun kröfu sóknaraðila í máli þessu á hendur varnaraðila F verða samkvæmt lögum ekki leystar nema af slitastjórn varnaraðila eða dómstólum. Því telur undirrituð að það heyrir ekki undir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki að fjalla um framangreinda kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila F.

Reykjavík, 26. nóvember 2010.

Áslaug Árnadóttir

Ár 2010, mánudaginn 28. júní 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Guðlaug Brynja Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 4/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækið F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 11. febrúar 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. febrúar 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dags. 8. mars 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. mars 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust þann 18. mars 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 2. og 28. júní 2010.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili gerði bílasamning við FF þann 22. mars 2007 vegna leigu á bifreið. Leigutími var til 2. apríl 2014 og skyldi fjöldi greiðslna vera 84. Kaupverð hins leigða var kr. 1.946.000, stofngjald kr. 49.897 og sammingsverð kr. 1.995.897. Mánaðarleg leiga miðað við ISK var kr. 27.840. Um vexti segir í samningnum: „*Vextir eru óverðtryggðir vextir bílasamninga samkv. ákvörðun FF á hverjum tíma. Vextir miðast við myntkörfuna SJF3 sem er samsett úr JPY 50% og CHF 50%. Endanleg fjárhæð á myntkörfunni ræðst af útgreiðsludegi sammings.*“

Þann 27. mars 2007 tók FF upp nafnið F.

Þann 27. apríl 2009 sendi sóknaraðili tölvupóst til starfsmanns varnaraðila þar sem hann óskaði eftir upplýsingum um það hvernig afborgun af myntkörfuláni væri reiknuð út. Sóknaraðili ítrekaði beiðnina með tölvupósti þann 4. maí 2009, en kveðst ekki hafa fengið svar við umræddum tölvupóstum. Þann 11. janúar 2010 sendi sóknaraðili tölvupóst til varnaraðila með skjali sem sýnir þróun vaxta fyrir bílasamninga um nokkurra mánaða skeið. Í tölvupóstinum kemur fram að hann telji að vaxtaþróunin sé ekki í samræmi við samning hans við varnaraðila og óskar hann eftir viðbrögðum frá honum. Sóknaraðili ítrekar fyrirspurnina með tölvupósti þann 20. janúar 2010 til starfsmanns varnaraðila. Þar óskar hann einnig eftir afriti af tilteknum greiðsluseðlum fyrir bílasamning sinn.

Þann 21. janúar 2010 sendir starfsmaður varnaraðila sóknaraðila tölvupóst þar sem fram kemur að vaxtaálag varnaraðila sé breytilegt og stjórnist af

markaðsaðstæðum á fjármálamörkuðum, sem ráði annars vegar millibankavöxtum (1 mánaða LIBOR) og hins vegar þeim vaxtakjörum sem varnaraðili nýtur hjá fjármögnunaraðilum sínum, og af samkeppnisumhverfi félagsins á bílalanamarkaði á Íslandi, sem stýri því hvert álag varnaraðila ofan á grunnvexti (1 mánaða LIBOR) sé hverju sinni. Bendir varnaraðili á að í útreikningum sínum miði sóknaraðili við 12 mánaða LIBOR vexti, sem séu að öllum líkindum miðaðir við fast álag, en ekki breytilegt og af þessu skýrist munur á útreikningum. Þann 22. janúar 2010 fékk sóknaraðili senda umbeðna greiðsluseðla frá varnaraðila.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 11. febrúar 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að varnaraðili „framfylgi ákvæðum í samningi varðandi vaxtaþróun. Það hefur í för með sér að samninginn þarf að endurreikna og gera upp við undirritaðan í samræmi við það.“ Telur hann að vaxtaþróun varnaraðila sé ekki í takt við það sem segir í samningi og að vaxtaálag hans sé mjög hátt m.a. í samanburði við önnur fjármálafyrirtæki með sambærilega samninga. Ekki sé mögulegt fyrir viðskiptamenn varnaraðila að gera sér grein fyrir þróun vaxtaálags. Þá hegði vextir varnaraðila sér ekki á sama hátt og LIBOR vextir og tilkynni varnaraðili viðskiptamönnum sínum ekki um breytingar á vaxtaálagi. Vaxtaákvörðun sé því tekin algerlega einhliða af lánveitanda að því er virðist án hámarks á leyfilegu álagi. Telur sóknaraðili þetta fela í sér ósanngjarna viðskiptahætti.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kvörtun sóknaraðila verði vísað frá á grundvelli þess að kröfugerð hans sé óskýr og lúti ekki að tiltekinni fjárhagslegri eða tölulegri kröfugerð þannig að ómögulegt sé að sjá hvaða fjárkröfur sóknaraðili sé í raun að gera á hendur varnaraðila. Telji sóknaraðili að varnaraðila beri að „leiðrétta“ samning og endurgreiða eða eftir atvikum lækka eftirstöðvar bílasamnings á þeim grunni að vextir hafi verið ranglega reiknaðir beri honum að tilgreina fjárhæð og útreikningsgrundvöll með skýrum hætti svo að unnt sé að taka efnislega afstöðu til kröfunnar, enda eigi það ekki undir úrskurðarnefndina að forma tölulegar kröfur sóknaraðila á hendur varnaraðila. Telur varnaraðili því að vísa beri kröfum sóknaraðila frá úrskurðarnefndinni með vísan til b- og e-liða 6. gr. samþykktar nefndarinnar, sbr. og 5. gr. samþykktanna þar sem sóknaraðili hafi aldrei lagt tilgreindar fjárkröfur fyrir varnaraðila sem hann hafi getað tekið efnislega afstöðu til.

Varnaraðili telur einnig að umrætt mál eigi ekki undir lögsögu nefndarinnar þar sem úrlausn málsins snúi að meintum brotum á lögum um neytendalán nr. 121/1994 og lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 sem heyrir undir Neytendastofu.

Til vara gerir varnaraðili þá kröfu að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Byggir hann varakröfu sína á því að skýrt sé kveðið á um það í samningnum við hvaða vexti beri að miða og séu vextir reiknaðir út miðað við gildandi vaxtaskrá hverju sinni. Sé þetta í samræmi við ákvæði laga sem heimili að aðilar geti samið um að vextir séu að nokkru eða öllu leyti breytilegir. Þá telur varnaraðili að ákvæði umrædds bílasamnings um heimild til að endurreikna vexti í samræmi við breytingar á LIBOR vöxtum á þeim erlendu gjaldmiðlum sem gengistryggingin miðast við feli ekki í sér að

vextir samningsins skuli jafngilda LIBOR vöxtum, enda séu það vextir á millibankamarkaði í London sem standi ekki almennum lántakendum til boða. Með tilvísun í LIBOR í samningnum sé í raun átt við breytingar á þeim LIBOR vöxtum sem varnaraðili þarf að greiða sínum lánveitendum, þ.m.t. álag á LIBOR. Hækkun á vöxtum varnaraðila megi rekja til þess að lánveitendur félagsins hækki vaxtakjör til félagsins og er því hafnað að vaxtabreytingar séu ósanngjarnar og brjóti gegn sanngjörnum viðskiptaháttum. Er vaxtaútreikningi sóknaraðila mótmælt sem röngum þar sem hann virðist miða við 12 mánaða LIBOR og vexti Íslandsbanka sem byggir á öðrum forsendum en vextir varnaraðila. Þá vísar varnaraðili í að hann birti tilkynningar um vaxtabreytingar á vefsíðu lántakenda og sé það í samræmi við ákvæði laga. Loks vísar varnaraðili í ákvörðun Neytendastofu í máli nr. 1/2010 þar sem fjallað var um kvörtun vegna gengistryggs bílasamnings þar sem fjallað var um vaxtaskilmála varnaraðila í sambærilegum bílasamningi.

VI.

Niðurstaða.

Ágreiningur í máli þessu snýr að útreikningi vaxta á bílasamningi sóknaraðila við varnaraðila um leigu á Honda Accord bifreið með skráningarnúmerið UE-118, en í samningnum var kveðið á um að vextir skyldu vera „óverðtryggðir vextir bílasamninga samkv. ákvörðun Sjóvá fjármögnunar á hverjum tíma. Vextir miðast við myntkörfuna SJF3 sem er samsett úr JPY 50% og CHF 50%.“ Snúa kröfur sóknaraðila að því að varnaraðili „framfylgi ákvæðum í samningi varðandi vaxtaþróun. Það hefur í för með sér að samninginn þarf að endurreikna og gera upp við undirritaðan í samræmi við það.“

Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár. Því hefur nefndin ekki heimildir til að þvinga varnaraðila til að „framfylgja ákvæðum í samningi um vaxtaþróun.“ Þá verður að telja að krafa sóknaraðila um að „...samninginn þarf að endurreikna og gera upp við undirritaðan í samræmi við það“ sé svo óskýr að hún sé ekki tæk til úrskurðar, sbr. ákvæði e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina, en þar segir að nefndin fjalli ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar.

Í ljósi framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá úrskurðarnefndinni.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, M, um að varnaraðili, F, „framfylgi ákvæðum í samningi varðandi vaxtaþróun. Það hefur í för með sér að samninginn þarf að endurreikna og gera upp við undirritaðan í samræmi við það.“ er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 28. júní 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

Ár 2010, föstudaginn 10. september 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Guðlaug Brynja Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 5/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 15. febrúar 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. febrúar 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 10. mars 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. mars 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust þann 10. maí 2010. Þann 11. maí og 9. júní 2010 bárust nefndinni viðbótarathugasemdir frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 28. júní og 2. september 2010.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili keypti ásamt eiginkonu sinni fasteign í Reykjavík þann 10. apríl 2007. Voru kaupin m.a. fjármögnuð með húsnæðisláni frá gamla F. Þann 6. febrúar 2008 greiddu lántakar 1.367.182 kr. inn á lánið umfram afborganir. Þá greiddu þau með sama hætti 2.300.000 kr. inn á lánið þann 14. október 2008.

Þann 5. desember 2009 kynnti varnaraðili lausnir fyrir viðskiptavini bankans sem miðuðu að því að létta greiðslubyrði þeirra vegna íbúðarlána. Í lausn númer 3 felst að boðið er upp á leiðréttingu á höfuðstól innlendra íbúðarlána sem eru með veðhlutfall yfir 110% af markaðsvirði eignar.

Í janúar 2010 var fasteignamat fasteignar sóknaraðila 20.700.000 kr. og var veðsetningarhlutfall um 105.5% af fasteignamati og því lægra en þau 110% sem þarf til að hægt sé að sækja um lausn þrjú hjá varnaraðila.

Þann 12. janúar 2010 sendi sóknaraðili bankastjóra og umboðsmanni viðskiptavina F erindi þar sem hann fór þess á leit að bankinn endurskoðaði stefnu sína og miðaði niðurfærslu skulda við að skuldunautar hefðu ekki greitt inn á húsnæðislán sín umfram það sem upphaflegir lánasamningar sögðu til um og að greiðslurnar hafi í stað þess verið lagðar inn á verðtryggðan reikning. Þá fer hann fram á að bankinn niðurfæri húsnæðislán sitt og eiginkonu sinnar um a.m.k. 3.300.000 kr.

Þann 20. janúar 2010 svaraði framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs varnaraðila erindi sóknaraðila á þá leið að varnaraðili hefði kynnt leiðir vegna skuldavanda heimilanna þann 5. desember 2009 en að greiðslur þær sem sóknaraðili

hefði innt af hendi hefðu átt sér stað meira en einu ári áður og því geti varnaraðili ekki komið til móts við óskir sóknaraðila. Sóknaraðili svaraði tölvuskeytinu þann 21. janúar 2010 og óskaði eftir upplýsingum um það hvaða úrræði stæðu viðskiptavinum til boða sem hefðu greitt aukalega inn á húsnæðislán sín fyrir 5. desember 2009 og þess vegna væri veðsetningarhlutfall fasteigna þeirra fyrir neðan 110%, en annars hefði veðsetningarhlutfallið verið fyrir ofan þetta mark. Framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs varnaraðila svaraði erindinu sama dag þar sem hann ítrekaði synjun á erindinu. Þann 25. janúar 2010 sendi sóknaraðili framkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs varnaraðila annan póst þar sem hann ítrekaði ósk um svör. Barst honum svar sama dag þar sem fram kom að viðmiðunardagsetning væri sú dagsetning þegar úrræðin hefðu verið kynnt.

Þann 26. janúar barst varnaraðila svar frá umboðsmanni viðskiptavina hjá varnaraðila þar sem fram kom að hún hefði rætt mál hans við stjórnendur varnaraðila og að afstaða þeirra væri sú sama og afstaða framkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs að draga verði mörkin við þann dag þegar lausnirnar voru kynntar.

III.

Umkvörtunarefni.

Kröfur sóknaraðila eru að varnaraðili miði niðurfærslu skulda við að sóknaraðili hafi ekki greitt inn á húsnæðislán sitt umfram það sem upphaflegir lánasamningar sögðu til um og að greiðslurnar hafi í stað þess verið lagðar inn á verðtryggðan reikning. Miðað við forsendur útreikninga sóknaraðila í erindi sem sent var varnaraðila fer sóknaraðili fram á niðurfærslu á núverandi stöðu húsnæðisláns síns um a.m.k. 3.330.000 kr.

Telur sóknaraðili að varnaraðili hafi ekki gætt jafnræðis og sanngirni varðandi lausnir á skuldavanda heimilanna. Þá telur hann að endanleg ákvörðun stjórnenda bankans hafi ekki verið vel rökstudd og að löng afgreiðsla málsins bendi til þess að úrlausnir bankans hafi ekki verið þaulhugsáðar áður en þær voru tilkynntar. Sóknaraðili bendir á að bankinn og stjórnvöld hafi hvatt til þess að lántakar greiddu hratt niður lán sín.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Bendir varnaraðili á að umrædd úrræði fyrir viðskiptavinum bankans hafi verið auglýst 5. desember 2009 og 1. júlí 2010. Líkt og í öðrum viðskiptum séu umrædd tilboð ekki afturvirk. Þar sem veðsetningarhlutfall sóknaraðila sé undir 110% sé hans eins settur og aðrir þeir lántakendur innlendra íbúðalána sem hafa orðið fyrir því að lán þeirra hafi hækkað vegna verðbólgu, þó að ekki sé yfir 110% af verðmæti hinnar veðsettu fasteignar. Það mundi því leiða til ójafnræðis á milli sóknaraðila og annarra aðila í sambærilegri stöðu ef orðið yrði við kröfum hans.

Þá bendir varnaraðila á að sóknaraðili hafi nýtt sér þann möguleika að greiða inn á höfuðstól láns án uppgreiðslugjalds og hafi þar með lækkað mánaðarlega greiðslubyrði sína. Þá hafi sóknaraðili með innborgunum sínum komið í veg fyrir ákveðna hækkun á höfuðstól lánsins, enda hafi vísitala neysluverðs hækkað úr 286,2 stigum í febrúar 2008 í 360,9 stig í febrúar 2010. Varnaraðili bendir einnig á að bankanum hafi aldrei borist beiðni frá sóknaraðila um að greiða umræddar fjárhæðir inn á verðtryggðan reikning og því séu kröfur hans um að miða við að greiðslurnar hefði í stað þess að vera greiddar inn á höfuðstól lánsins verið lagðar inn á

verðtryggðan reikning óraunhæfar. Bendir varnaraðili á að í gildi séu reglur Seðlabanka Íslands nr. 492/2001 um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, þar sem fram komi í 2. gr. að ekki megi verðtryggja innlán nema innstæða sé bundin í 36 mánuði eða lengur. Í ljósi þess sé krafa sóknaraðila óraunhæf. Því hafnar varnaraðili kröfum sóknaraðila.

VI.

Niðurstaða.

Ágreiningur í máli þessu snýr að því hvort að varnaraðila sé skylt að færa niður skuldir sóknaraðila á grundvelli lausna fyrir viðskiptavinum varnaraðila sem kynntar voru 5. desember 2009.

Umræddar lausnir sem varnaraðili býður viðskiptavinum sínum miða að því að lækka höfuðstól íbúðarlána og léttu greiðslubyrði og býður varnaraðili þannig viðskiptavinum sem uppfylla ákveðin skilyrði lækkun á höfuðstól íbúðarlána. Umrædd tilboð varnaraðila eru umfram lagaskyldu hans sem fjármálafyrirtækis og verður ekki séð að varnaraðili hafi brotið gegn fyrirmælum laga eða reglna við afgreiðslu erindis sóknaraðila.

Með vísan til þess sem að framan er rakið þykir ekki verða hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknar á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 10. september 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

Ár 2010, föstudaginn 10. september 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Guðlaug Brynja Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 6/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru Salóme M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 23. febrúar 2010 með kvörtun lögmanns f.h. sóknaraðila, dagsettri 18. febrúar 2010. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. febrúar 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 19. mars 2010. Var bréfið sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. mars 2010, og gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Ekki bárust athugasemdir frá sóknaraðila. Þann 1. júlí 2010 var málið sent FF og bankanum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við kvörtunina. Með bréfi FF dags. 9. júlí 2010 sendi bankinn athugasemdir sínar auk skilmála fyrir debetkort sem nefndin hafði óskað eftir. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 28. júní og 10. september 2010.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili kveður seðlaveski sínu hafa verið stolið úr handtösku hennar þann 4. september 2009, þegar hún var að fara í gegn um vegabréfaskoðun í Búkarest í Rúmeníu. Í seðlaveskinu voru debet- og kreditkort hennar. Sóknaraðili kveðst hafa uppgötvað þjófnaðinn um kl. 10 að íslenskum tíma þann 6. september og hafi hún þá þegar tilkynnt F um þjófnaðinn. Var kortunum lokað kl. 10:13 þann 6. september. Fyrir þann tíma hafi þeir aðilar sem stálu kortunum náð að taka út alls 260.688 kr. af kreditkortinu og 588.292 kr. af debetkortinu. Um var að ræða annars vegar 10 úttektir í skóversluninni SC Good Way International Bucarest í Búkarest, samtals að fjárhæð 776.226 kr. og hins vegar 8 úttektir úr hraðbanka, samtals að fjárhæð 72.754 kr. Þjófnaðurinn var kærður til rúmensku lögreglunnar og var varnaraðila sent afrit kærunnar.

Þann 15. október 2009 fékk sóknaraðili sent afrit af bréfi varnaraðila til FF þar sem fram kom að það væri niðurstaða varnaraðila að varnaraðili hefði engan bakfærslurétt og því væri sóknaraðili ábyrg fyrir færslunum. Sóknaraðili mótmælti afstöðu varnaraðila með bréfi, dags. 28. október 2009 og afturkallaði samhliða

heimild FF til að greiða úttektir af kreditkorti frá F sjálfkrafa af bankareikningi hennar.

Lögmaður sóknaraðila sendi svo varnaraðila bréf, dags. 11. nóvember 2009, þar sem mótmælt var afstöðu félagsins. Með bréfi, dags. 18. nóvember 2009 ítrekaði varnaraðili afstöðu sína og hafnaði kröfum sóknaraðila.

III.

Umkvörtunarefni.

Kröfur sóknaraðila eru aðallega að úrskurðað verði að henni sé óskilt að greiða erlendar úttektir, samtals að fjárhæð 848.980 kr. sem teknar voru út af kredit- og debetkorti hennar í Búkarest í Rúmeníu þann 5. og 6. september 2009. Til vara krefst sóknaraðili þess að sér verði einungis gert skylt að greiða 150 evrur, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum, af umkrafinni fjárhæð til varnaraðila.

Sóknaraðili kveðst ekki hafa látið öðrum leyninúmer sitt í té eða geymt það með kortunum. Geti hún ekki borið ábyrgð á þeirri misnotkun sem átti sér stað á kortum hennar og örugglega ekki hjá samstarfsaðila F skóversluninni SC Good Way International Bucarest, sem virðist í engu hafa virt þær öryggisreglur sem gilda um notkun F-korta og hann hefur skuldbundið sig til að fara eftir í samningum sínum við F.

Þá bendir sóknaraðili á að í almennum viðskiptaskilmálum söluaðila, þ.e. samstarfsaðila F, komi fram að þeim sé heimilt að taka við greiðslukortum samkvæmt viðskiptaskilmálum og samstarfssamningi við F. Þannig skuldbindi söluaðilar sig til þess að fara í einu og öllu eftir verklags- og vinnureglum F og taka fulla ábyrgð á starfsfólki sínu. Vísar sóknaraðili um þetta til ákvæða 7.0 í viðskiptaskilmálum. Telur sóknaraðili að ef starfsmenn skóverslunarinnar hefðu farið eftir framangreindum reglum hefði blasað við að um misnotkun var að ræða.

Sóknaraðili bendir einnig á ákvæði 9.0 í skilmálunum, en þar segir m.a. segi að óheimilt sé með öllu að gefa út fleiri en eina sölunótu fyrir hverjum einstökum viðskiptum. Í þessu tilviki hafi sölunótur hjá skóversluninni verið tíu og numið tæpum 800.000 kr., með 10 viðskiptum á innan við klukkustund. Einnig bendir sóknaraðili á ákvæði 11.0 þar sem fjallað er um úttektarmörk og að afgreiðslubúnaður söluaðila hafi stýringu til að minnka áhættu af misnotkun. Ennfremur að söluaðili skuldbindi sig til að hlíða reglu þ. á m. um úttektarmörk og nauðsynlegt eftirlit, geri hann það ekki hafi F heimild til að greiða ekki söluaðila eða endurkrefja hann um fjárhæðina ef korthafi innir ekki greiðslu af hendi til félagsins eða útgefanda greiðslukortsins.

Sóknaraðili segir það óskiljanlega niðurstöðu að F hafi ekki bakfærslurétt vegna augljóslegrar misnotkunar kortsins og bersýnilegrar vanrækslu söluaðila við að framfylgja skyldum sínum. Bendir sóknaraðili á að undirskriftir á úttektunum séu greinilegt krass, sem hefði sérstaklega átt að vekja athygli söluaðila þar sem um útlending og margar og háar upphæðir hafi verið að ræða.

Sóknaraðili telur að ábyrgðin í málinu liggja hjá söluaðila sem sé í viðskiptasambandi við varnaraðila og að varnaraðili hafi bakfærslurétt gagnvart umræddum söluaðila. Því eigi sóknaraðili ekki að bera framangreint tjón.

Sóknaraðili ber einnig fyrir sig að ákvæði c- og d-liða 3. gr. almennra viðskiptaskilmála varnaraðila, þar sem segir að persónulegt innsláttarnúmer komi í stað undirskriftar korthafa á sölunótu og að korthafi beri ábyrgð á öllum færslum sem gerðar eru með PIN númeri hans séu bersýnilega ósanngjörn í skilningi 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 og því sé ekki hægt að byggja á þeim í þessu máli. Þá eigi

ákvæðin aðeins við um úttektir úr hraðbanka, en ekki við úttektir úr skóverslun í tilviki sóknaraðila.

Loks bendir sóknaraðili á að samkvæmt 9. gr. viðskiptaskilmála varnaraðila beri korthafi sjálfsábyrgð að fjárhæð 150 evrur vegna notkunar óviðkomandi aðila áður en kort er tilkynnt glatað en jafnframt að hann sé ábyrgur fyrir allri notkun ef um stórfellt gáleysi eða svik korthafa sé að ræða. Telur sóknaraðili að ljóst sé að hún hafi ekki sýnt af sér neins konar gáleysi eða svik í málinu og varnaraðili geti því ekki byggt á því að hún sé ábyrg fyrir notkun umfram 150 evrur.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Bendir varnaraðili á að almennir viðskiptaskilmálar söluaðila við varnaraðila eigi ekki við í þessu máli þar sem umræddir viðskiptaskilmálar eigi aðeins við um þá söluaðila sem varnaraðili hefur gert samstarfssamning við. Varnaraðili tekur fram að hann hafi ekki gert samstarfssamning við rúmenska söluaðilann, en að það sé hlutverk færsluhirðis hins rúmenska söluaðila að kveða á um skyldur hans í samningi þeirra á milli.

Þá bendir varnaraðili á að hægt sé að gera aðrar úttektir en hraðbankaúttektir með því að nota PIN-númer. Slíkt sé hægt að gera í sjálfsafgreiðslutækjum þar sem korthafi slær inn PIN-númer til að samþykkja greiðsluna. Samkvæmt ákvæði 3.4 í korthafaskilmálum FF sé korthafi ábyrgur fyrir öllum úttektum sem staðfestar séu með PIN-númeri og samkvæmt ákvæði 3.7 sé korthafi ábyrgur fyrir varðveislu kortsins þannig að óviðkomandi aðili geti ekki komist yfir það, enda beri honum að gæta þess á sama örugga hátt og peninga, tékka og annarra verðmæta. Varnaraðili kveður óumdeilt að PIN-númer hafi verið notað við framkvæmd færslna af korti sóknaraðila og örgjörvi kortanna lesinn. Hafi PIN-númer verið slegin inn í fyrstu tilraun í öll skiptin sem bæði kortin voru notuð. Því beri sóknaraðili ábyrgð á færslunum.

Varnaraðili mótmælir því að ákvæði 3.4 í kortaskilmálunum séu bersýnilega ósanngjörn í skilningi 36. gr. samningalaganna nr. 7/1936 og bendir á að ákvæðin séu í samræmi við alþjóðareglur F og hafi ákvæðin og beiting þeirra verið staðfest í fyrri úrskurðum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili hafnar því einnig að sóknaraðili eigi aðeins að bera 150 evru sjálfsábyrgð enda hafi kortaskilmálum ekki verið framfylgt.

VI.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila í málinu snýst um átján úttektir af kredit- og debetkortum sóknaraðila þann 5. og 6. september 2009. Sóknaraðili kveðst ekki bera ábyrgð á úttektunum þar sem kortunum hafi verið stolið þann 4. september 2009.

Samkvæmt 2. másl. b-liðar 3. gr. almennra viðskiptaskilmála varnaraðila skal korthafi, við úttekt á vöru og þjónustu, rita nafn sitt með eigin hendi á sölunótu eða skrá sjálfur sérstakt leynilegt og persónulegt innsláttarnúmer sitt, PIN-númer, fari sölu- eða þjónustuaðili fram á slíkt. Í 3. másl. segir svo að með áritun á sölunótu eða innslætti PIN-númers samþykki korthafi þau viðskipti sem tilgreind séu á sölunótunni. Í c-lið 3. gr. segir að ef kortið er notað í hraðbönkum eða öðrum sjálfsafgreiðslutækjum komi PIN-númer í stað undirskriftar korthafa á sölunótu. Í g-lið 3. gr. segir svo að korthafi sé ábyrgur fyrir varðveislu korts þannig að

óviðkomandi aðili geti ekki komist yfir það, enda beri honum að gæta þess á sama örugga hátt og peninga, tékka eða annarra verðmæta.

Í máli þessu liggur fyrir að 18 úttektir voru framkvæmdar á kort í eigu sóknaraðila frá 4. september til 6. september 2009. Kortunum var lokað kl. 10:13 þann 6. september 2009 eftir að sóknaraðili hafði tilkynnt til varnaraðila að þeim hefði verið stolið. Allar úttektir af kortum sóknaraðila sem áttu sér stað á tímabilinu frá 4. til 6. september 2009 voru staðfestar með persónulegu innsláttarnúmeri sóknaraðila. Kemur slíkt númer í stað undirskriftar sóknaraðila á sölunótur og þegar um er að ræða úttektir í hraðbönkum eða öðrum sjálfsafgreiðslutækjum. Því ber sóknaraðili ábyrgð á öllum þeim úttektum sem framkvæmdar eru með þeim hætti.

Í ljósi framangreinds verður ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 10. september 2010.

Áslaug Árnadóttir

Guðlaug Brynja Ólafsdóttir
Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Sérálit Hildigunnar Hafsteinsdóttur

Hvað varðar lýsingu meirihlutans á málavöxtum og úttektarupphæðum verða ekki gerðar athugasemdir þar að lútandi.

Í d-lið 3. gr. almennra viðskiptaskilmála varnaraðila kemur fram að korthafi beri ábyrgð á öllum færslum sem gerðar eru með PIN númeri. Í 9. gr. sömu skilmála er hins vegar fjallað um ábyrgð korthafa vegna notkunar korts sem tilkynnt hefur verið glatað. Kemur þar fram að korthafi beri sjálfsábyrgð að upphæð 150 evrur vegna notkunar óviðkomandi aðila áður en kort er tilkynnt glatað en jafnframt að hann sé ábyrgur fyrir allri notkun sé um stórfellt gáleysi eða svik korthafa að ræða.

Verður að telja að nokkurt misræmi sé milli þessara tveggja greina. Þá ber og að hafa í huga að um staðlaða samningsskilmála, sem samdir eru einhliða af varnaraðila, er að ræða en engin lög gilda beinlínis um greiðslukort enn sem komið er. Verður því, við meðferð málsins, að hafa í huga ákvæði samningalaga nr. 7/1936, sér í lagi 36. gr., 36. gr. b. og 36. gr. c. Verður að telja að ákvæði d-liðs 3. gr. skilmálanna leggi of þungar byrðar á korthafa og það verði að skoða í samræmi við 9. gr. Í málinu liggur eingöngu fyrir að úttektir fóru fram með PIN númeri en ekki má ráða neitt af gögnum málsins um það hvernig óviðkomandi aðili hefði getað komist yfir það númer en sóknaraðili neitar alfarið að hafa geymt PIN-númer kortanna með kortunum eða látið öðrum númerin í té. Verður að telja ósanngjarnt gagnvart hagsmunum korthafa að hann beri undantekningarlaust ábyrgð á úttektum gerðum með PIN númeri án þess að frekari gögn liggi fyrir.

Samkvæmt tilskipun Evrópubandalagsins um greiðslumiðla nr. 64/2007, en innleiðingu hennar ætti að vera lokið hér á landi en er ekki, er jafnframt ljóst að ekki verður komist hjá því að skoða d-lið 3. gr. í samhengi við 9. gr. í 56. gr. þeirrar tilskipunar, en sú grein fjallar um skyldur korthafa, segir eftirfarandi:

Article 56

Obligations of the payment service user in relation to payment instruments

1. The payment service user entitled to use a payment instrument shall have the following obligations:

(a) to use the payment instrument in accordance with the terms governing the issue and use of the payment instrument; and

(b) to notify the payment service provider, or the entity specified by the latter, without undue delay on becoming aware of loss, theft or misappropriation of the payment instrument or of its unauthorised use.

2. For the purposes of paragraph 1(a), the payment service user shall, in particular, as soon as he receives a payment instrument, take all reasonable steps to keep its personalised security features safe.

Samkvæmt 2. mgr. er því lögð sú skylda á korthafa að hann grípi til raunhæfra aðgerða í því skyni að halda PIN-númeri sínu leyndu.

Í 61. gr. er svo fjallað um ábyrgð korthafa vegna óheimilla úttekta:

Article 61

Payer's liability for unauthorised payment transactions

Article 61

Payer's liability for unauthorised payment transactions

1. By way of derogation from Article 60 the payer shall bear the losses relating to any unauthorised payment transactions, up to a maximum of EUR 150, resulting from the use of a lost or stolen payment instrument or, if the payer has failed to keep the personalised security features safe, from the misappropriation of a payment instrument.

2. The payer shall bear all the losses relating to any unauthorised payment transactions if he incurred them by acting fraudulently or by failing to fulfil one or more of his obligations under Article 56 with intent or gross negligence. In such cases, the maximum amount referred to in paragraph 1 of this Article shall not apply.

Í 2. mgr. þeirrar greinar kemur fram að korthafi beri alla ábyrgð, en ekki einungis upp að 150 evrum, á óheimilum færslum hafi hann, af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, vanrækt skyldur sínar samkvæmt 56. gr. Svo virðist hins vegar sem kortafyrirtæki túlki það sjálfkrafa og einhliða sem stórkostlegt gáleysi eða ásetning ef einhver kemst yfir PIN-númer korthafa. Á þá túlkun verður ekki fallist, og verða færð frekari rök fyrir því hér á eftir. Með hliðsjón af áður nefndi tilskipun verður ekki fallist á að það eitt að færsla hafi átt sér stað með PIN-númeri leiði sjálfkrafa til stórkostlegs gáleysis. Verður jafnframt að ítreka að tilskipunin felur ekki í sér jafnafráttarlausa reglu og er að finna í d-lið 3. gr. skilmála varnaraðila.

Hvað varðar þær færslur sem teknar voru út af debetkorti sóknaraðila þarf að líta til þess að skilmálar FF vegna debetkorta eru að nokkru frábrugðnir skilmálum varnaraðila þegar kemur að kreditkortum. Í þeim fyrrgreindu eru þannig í gr. 6.2. og 6. 3. settar fram ákveðnar reglur sem korthafi skuldbindur sig til að fara eftir við varðveislu PIN-númers. Í gr. 6. 6. kemur svo fram að korthafi beri ábyrgð á tjóni sem kemur til vegna vanrækslu korthafa á varðveislu PIN-númers sbr. gr. 10.2. Í gr. 10.2. er svo að finna ákvæði um sjálfskuldarábyrgð korthafa hafi kort hans verið notað af óviðkomandi aðila. Kemur þar fram að ábyrgðin miðist við 150 evrur nema korthafi

hafi gerst sekur um svik eða stórfellt gáleysi. Við mat á því hvort um stórfellt gáleysi hafi verið að ræða hlýtur að þurfa að miða við reglur þær sem settar eru fram í 6.3. Engin nánari skoðun á því hvernig sóknaraðili varðveitti PIN-númer sitt virðist hins vegar hafa farið fram, hvorki af hálfu FF né varnaraðila. Reglur þær sem settar eru fram í gr. 6.3. hljóta að vera marklitlar ef ætíð er litið svo á að óheimil færsla með PIN-númeri feli í sér stórkostlegt gáleysi af hálfu korthafa.

Ekki verður fallist á túlkun varnaraðila á því hvað teljist stórkostlegt gáleysi. Það að einhver, t.a.m. í verslun (þar sem PIN númera er krafist í auknum mæli), sjái korthafa slá inn PIN númer sitt verður í mesta falli talið einfalt gáleysi en ekki stórkostlegt. Þá er mýmörg dæmi þess erlendis frá að óprúttnir aðilar fylgist með fólki taka út úr hraðbönkum til að komast yfir PIN-númer og sæti svo lagi og steli kortinu sjálfu. Þá ber og að hafa í huga að með aukinni tækni er vel mögulegt fyrir óprúttna aðila að nálgast PIN númer og er slíkt vel þekkt, sér í lagi erlendis. Er því ófært að korthafi beri sjálfkrafa alla ábyrgð á öllum færslum sem gerðar eru með PIN-númeri, enda ekki fallist á að í slíku felist óhjákvæmilega stórkostlegt gáleysi viðkomandi.

Í ljósi þess að notkun PIN-númera færist sífellt í aukana, og þess er ekki langt að bíða að staðfesta þurfi færslur með PIN-númerum hér á landi, hlýtur að vera brýn nauðsyn þess að varnaraðili setji einhvers konar leiðbeiningarreglur varðandi það hvernig heimilt sé að varðveita PIN-númer, en væntanlega er óraunhæft að ætla að þau séu einungis geymd í höfðum korthafa, sér í lagi þeirra sem eru handhafar margra korta. Hins vegar er það svo að í skilmálum varnaraðila er ekki að finna neinar leiðbeiningarreglur um það hvað teljist tilhlýðileg varðveisla PIN-númera. Ef ekki eru til neinar viðmiðunarreglur um það hvernig góður og gegn korthafi skuli geyma PIN-númer sitt hlýtur jafnframt að vera örðugt að sýna fram á stórkostlegt gáleysi.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja að afdráttarlaus regla varnaraðila um að korthafi beri ábyrgð á öllum úttektum sem staðfestar eru með PIN númeri sé ósanngjörn og ekki verði byggt á henni undantekningarlaust eða án samræmistúlkunar við önnur ákvæði þeirra skilmála sem um ræðir. Verður að telja að ekki hafi verið sýnt fram á stórkostlegt gáleysi, sem verður samkvæmt framansögðu að teljast skilyrði ábyrgðar í þessu tilviki, og hlýtur varnaraðili að bera hallann af því.

Að endingu verður ekki hjá því komist að taka undir undrun sóknaraðila á því að varnaraðili telji sig engan bakfærslurétt eiga á hendur SC Good Way International Bucarest, sem þó fór augljóslega ekki eftir neinum varúðar- eða öryggisreglum við úttekt af kortunum, enda vægast sagt ótrúlegt, miðað við upphæðir og færslufjölda, að um hefðbundin skókaup hafi verið að ræða.

Með vísan til alls framangreinds tel ég að fallast eigi á kröfur sóknaraðila í málinu.

Reykjavík, 10. september 2010,

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Ár 2010, föstudaginn 1. október 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Jón Magnússon og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 8/2010**:

M
gegn
lífeyrissjóðnum F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 26. febrúar 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 1. mars 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 25. mars 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 25. mars 2010, og henni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir hennar bárust þann 6. apríl 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 2. og 24. september og 1. október 2010.

II.

Málsatvik.

Þann 2. september 2008 undirritaði sóknaraðili samning við varnaraðila um viðbótarlífeyrissparnað. Þann 30. september sama ár er bókað að lífeyrissjóður X hafi fært 1.393.580 kr. frá sjóðnum. Greiðslan barst til F þann 1. október 2008, en samkvæmt tölvupósti frá starfsmanni F barst skilagreining ekki fyrr en nokkrum dögum síðar og þegar flytja átti fjárhæðina inn í sjóðinn hafði sjóðnum verið lokað tímabundið vegna óvissuástands á fjármálamörkuðum. Fjárhæðin var flutt inn í sjóðinn þann 5. nóvember 2008, en færslan var miðuð við 1. október 2008.

Þann 5. nóvember 2008 gerði sóknaraðili samning við FF og lífeyrissjóðinn F um breytta ávöxtunarleið þannig að sparnaður hennar yrði fluttur frá leið A í lífeyrissjóðnum F á verðtryggða lífeyrisbók. Einnig óskaði sóknaraðili eftir því að eign og réttindi sem hún hafði áunnið sér yrðu færð yfir í hið nýja ávöxtunarform. Séreignasparnaður sóknaraðila var fluttur inn á verðtryggðan reikning í desember 2008. Í janúar 2009 kveðst sóknaraðili hafa tekið eftir því að búið hafi verið að lækka fjárhæðina um meira en 30%, en það er skerðing sem er sambærileg við skerðingu fjármuna sem voru í sjóðnum við lokun hans þann 9. október 2008.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að skerðing séreignasparnaðar hennar „verði gerð afturkræf, vextir uppfærðir og rétt til að færa allar sparnað og aðrar inneignir til annarrar bankastofnunar...“.

Telur sóknaraðili að lífeyrissjóðurinn F hafi skert lífeyrissparnað hennar með afturvirkum hætti þar sem að lífeyrissparnaður hennar hafi ekki verið færður til sjóðsins fyrr en í nóvember 2008 og hafi því ekki verið í sjóðnum á þeim tíma þegar skerðing varð á eignum hans. Því sé óeðlilegt að sparnaður hennar skerðist eins og féð hefði legið í sjóðnum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kvörtuninni verði vísað frá úrskurðarnefndinni þar sem að samkvæmt samþykktum nefndarinnar fjalli úrskurðarnefndin ekki um ágreining sjóðsfélaga við lífeyrissjóði.

Til vara vísar varnaraðili til þess að greiðsla með inneign sóknaraðila hafi borist varnaraðila þann 1. október 2008 og hafi verið kominn í vörslu hans áður en til lokunar sjóðsins kom þann 9. október 2008. Því hafi rétt hafi verið orðin sjóðsfélagi frá þeim degi og því geti varnaraðili ekki fallist á að greiða sóknaraðila kröfu hennar.

VI.

Niðurstaða.

Í 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um starfssvið nefndarinnar. Samkvæmt greininni geta viðskiptamenn fjármálafyrirtækja sem eiga aðild að nefndinni snúið sér til nefndarinnar með kvartanir vegna viðskipta við þau. Samkvæmt a-lið greinarinnar tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining á milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila.

Kröfum sóknaraðila í máli þessu er beint gegn lífeyrissjóðnum F, en sjóðurinn er almennur lífeyrissjóður, sem starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Varnaraðili er því ekki fjármálafyrirtæki og á því ekki aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti með fjármálafyrirtæki. Breytir það engu þar um að varnaraðili sé með rekstrarsamning við FF.

Samkvæmt framansögðu er það utan starfssviðs nefndarinnar að fjalla um framangreindan ágreining sóknaraðila við varnaraðila og er því óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 1. október 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson
Jón Magnússon

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2010, föstudaginn 8. október, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 9/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 11. mars 2010 með kvörtun lögmanna f.h. sóknaraðila, dagsettri 8. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 12. mars 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Þann 19. mars 2010 barst nefndinni bréf frá lögmanni sóknaraðila, dags. 17. mars 2010, þar sem fram kemur að varnaraðili hafi fallist á kröfur sóknaraðila að hluta með bréfi dags. 12. mars 2010. Varnaraðili svaraði bréfi úrskurðarnefndarinnar svo með bréfi, dags. 17. maí 2010. Var bréfið sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. maí 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Bárust athugasemdir frá lögmanni sóknaraðila þann 28. maí 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 10. september, 1. og 8. október 2010.

II.

Málsatvik.

Þann 2. júlí 2008 veitti sóknaraðili varnaraðili handveð í reikningi sóknaraðila til tryggingar öllum skuldum sóknaraðila gagnvart varnaraðila, sbr. handveðsyfirlýsingu sem dagsett er þennan dag. Undir handveðsyfirlýsinguna rituðu tveir af fimm stjórnarmönnum sóknaraðila.

Þann 16. júní 2008 sótti M um bankaábyrgð hjá varnaraðila að fjárhæð 565.000 GBP til ábyrgðar til handa Royal Bank of Scotland (RBS), en ætlunin var að sóknaraðili fengi 500.000 GBP að láni frá RBS og var ætlunin að leggja fjárhæðina ásamt 65.000 GBP vöxtum inn á reikning sem handveðsettur hafði verið varnaraðila. Þrír aðilar virðast rita undir umsóknina, samkvæmt prókúru frá M. Hafnaði RBS því að veita sóknaraðila lán, en veitti þess í stað X Ltd. lán að fjárhæð allt að 500.000 GBP vegna fasteignakaupa í Miami í Flórída, þann 27. júní 2008. Lánið átti að endurgreiða í einu lagi þann 30. júní 2011.

Þann 16. júlí 2008 gaf F út ábyrgðaryfirlýsingu í þágu Royal Bank of Scotland (RBS), þess efnis að varnaraðili ábyrgðist greiðslur til RBS ef greiðslufall yrði hjá sóknaraðila gagnvart RBS.

Þann 31. júlí 2008 sótti sóknaraðili um breytingu á ábyrgð varnaraðila gagnvart RBS. Snéri breytingin að því að nafn breyttist í X Ltd og heimilisfang á Íslandi yrði fellt niður. Undir umsóknina ritaði einn stjórnarmanns sóknaraðila, sem jafnframt er framkvæmdastjóri X Ltd. Sama dag gerði varnaraðili umrædda breytingu á ábyrgð sinni.

Þann 7. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hluthafafundar í sóknaraðila og skipaði skilanefnd yfir bankanum. Þann 9. október sama ár tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda varnaraðila til nýja F. Á grundvelli þeirrar ákvörðunar standa innstæður í nýja F. enn til tryggingar skuldum veðsala við varnaraðila. Þann 29. apríl 2009 skipaði héraðsdómur Reykjavíkur slitastjórn yfir varnaraðila.

Þann 27. nóvember 2009 sendi lögmaður sóknaraðila bréf til varnaraðila þar sem óskað var eftir því að sóknaraðila yrði afhent innstæða bankareiknings sem félagið setti að handveði 2. júlí 2008. Með bréfi, dags. 14. desember 2009, ítrekaði lögmaður sóknaraðila kröfuna gagnvart varnaraðila. Krafan var enn ítrekuð þann 25. febrúar 2010.

Þann 7. desember 2009 gerði RBS kröfu um greiðslu á grundvelli ábyrgðar Fvegna X Ltd. RBS lýsti hins vegar ekki kröfu í bú varnaraðila vegna ábyrgðarinnar, en kröfulýsingarfresti lauk þann 30. október 2009.

Þann 11. mars barst úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki kvörtun sóknaraðila.

Með bréfi, dags. 12. mars 2010, barst lögmanni sóknaraðila svar frá slitastjórn varnaraðila. Í bréfinu kemur fram að innstæða á reikningi sé 143.203.638 kr. að viðbættum 268.161 kr. í áunna vexti. Í bréfinu kemur fram að þrátt fyrir að RBS hafi ekki lýst kröfu í bú varnaraðila sé mögulegt á grundvelli 118. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. að RBS geti komið kröfu sinni að sem almennri kröfu í slitameðferð bankans. Þá segir í bréfinu að ekki sé útilokað að greitt verði upp í almennar kröfur í slitameðferð varnaraðila. Með tilliti til þess geti slitastjórn varnaraðila ekki orðið við beiðni sóknaraðila að öllu leyti heldur telji slitastjórnin nauðsynlegt að halda eftir 14.000.000 kr. til að verja sig gagnvart mögulegu tjóni ef RBS komi kröfu sinni að og almennir kröfuhafar fái greitt upp í sínar kröfur. Jafnframt kemur fram í bréfinu að slitastjórnin telji rétt að samhliða ráðstöfun innstæðunnar verði yfirdráttarskuld sóknaraðila við nýja F gerð upp.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að félaginu verði afhent innstæða bankareiknings sem félagið setti að handveði til tryggingar skuldum þess við F.

Byggir sóknaraðili kröfu sína á því að félagið standi ekki í neinni skuld eða ábyrgðum við varnaraðila og því beri varnaraðila að aflétta handveðinu og innstæða á umræddum reikningi eigi að greiðast sóknaraðila. Telur sóknaraðili að þegar ábyrgð Fvar breytt þann 31. júlí 2008 hafi ábyrgðaraðili orðið X Ltd. í stað sóknaraðila. Þessu til stuðnings vísar sóknaraðili til bréfs varnaraðila til RBS þar sem fram kemur að nafn umsækjanda ábyrgðarinnar sé X Ltd.

Telur sóknaraðili að varnaraðili beri ábyrgð á brotalömmum í skjalagerð enda sé um að ræða sérfróðan aðila sem sá sjálfur um að fylla út eyðublöðin. Í ljósi þessa telur

sóknaraðili að umræddar ábyrgðarumsóknir geti ekki leitt til neinnar skuldar eða ábyrgðar af hálfu sóknaraðila gagnvart varnaraðila, hvorki nú né síðar, enda felist í skjalagerð varnaraðila að sóknaraðili hafi aldrei tekist á hendur bakábyrgð gagnvart varnaraðila á láni RBS til X Ltd. Því hafi varnaraðili með vísan til 2. tölul. handveðsyfirlýsingarinnar engar forsendur til að synja um afléttingu á veði sóknaraðila, en í 2. tölul. segi að innstæða á umræddum reikningi sé sett að handveði til tryggingar skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem M stendur í við veðhafa.

Í bréfi sóknaraðila, dags. 17. mars 2010, kemur fram að þrátt fyrir ákvörðun slitastjórnar varnaraðila um að verða við beiðni sóknaraðila að hluta standi kröfur sóknaraðila enn óhaggaðar að því er varðar þann hluta innstæðu á umræddum reikningi sem slitastjórnin hefur ákveðið að halda eftir.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili bendir á að þann 29. apríl 2009 hafi héraðsdómur Reykjavíkur skipað slitastjórn yfir bankann í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, og að í samræmi við ákvæði þeirra laga og laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, skuli fara með allar kröfur á hendur bankanum eins og um kröfur á hendur þrotabúi sé að ræða. Það sé því hlutverk slitastjórnar varnaraðila að taka afstöðu til kröfu sóknaraðila og hafi slitastjórnin þegar gert það. Verði ágreiningur um afstöðu slitastjórnar ekki jafnaður fyrir úrskurðarnefndinni þar sem skýrt sé kveðið á um það í lögum að ef ekki takist að jafna ágreining um afstöðu slitastjórnar beri að beina ágreiningnum til dómstóla. Því beri nefndinni að vísa málinu frá.

VI.

Niðurstaða.

Kröfur sóknaraðila í málinu eru að félaginu verði afhent innstæða bankareiknings sem félagið setti að handveði til tryggingar skuldum þess við F.

Í handveðsyfirlýsingu, dags. 2. júlí 2008, segir að innstæða á bankareikningi sé sett að handveði til tryggingar greiðslu á: „skuldum þeim sem M (hér eftir nefndur veðsali) nú eða síðar, á hvaða tíma sem er, stendur í við veðhafa...“. Það er því ljóst að á grundvelli umræddrar handveðsyfirlýsingar stendur innstæða á reikningi aðeins til tryggingar á skuldum sóknaraðila, en ekki annarra fyrirtækja.

Þrátt fyrir það er ekki unnt að fallast á kröfur sóknaraðila í málinu, þar sem kröfum um afhendingu innstæðu á bankareikningi í nýja F er beint að varnaraðila, F, en umrædd innstæða er á reikningi hjá nýja F. Því verður ekki hjá því komist að hafna kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 8. október 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2010, 29. október er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Guðlaug B. Ólafsdóttir og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 10/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

I.

Málsmeðferð

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar. Málið barst úrskurðarnefnd þann 12. mars. 2010 með kvörtun sóknaraðila dagsettri þ. 10. mars s.á. Var kvörtunin send varnaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 12. mars 2010 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Bárust þær með bréfi varnaraðila dagsettu 30. mars 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi dags. 6. apríl og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Bárust þær með bréfi sóknaraðila dags. 15. apríl 2010. Nefndin óskaði eftir viðbótarupplýsingum frá varnaraðila 15. október 2010. Bárust þær með bréfi sóknaraðila 26. október sl. Formaður úrskurðarnefndar vék sæti í málinu vegna vanhæfis og tók varaformaður við málinu. Vegna mikils málafjölda hjá nefndinni hefur því miður dregist að kveða upp úrskurð í málinu. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar, 2. júní, 8., 15. og 29. október 2010.

II.

Málsatvik

Sóknaraðili stofnaði reikning í nafni ófjárráða sonar síns í janúar 2006 í útibúi varnaraðila og greiddi mánaðarlega kr. 3000 inn á reikninginn um fjögurra ára skeið. Þann 25. janúar 2010 óskaði sóknaraðili þess í tölvupósti til varnaraðila að fá taka allt út af reikningnum. Varnaraðili hafnaði kröfu sóknaraðila þar sem reikningurinn væri bundinn fram að 18 ára afmælisdegi barnsins og því væri varnaraðila ekki heimilt að opna reikninginn.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðili krefst þess sem forráðamaður að fá að fullan aðgang að reikningi ófjárráða sonar síns. Þegar umræddur reikningur hafi verið stofnaður hafi sóknaraðila aldrei verið gert ljóst af hálfu varnaraðila að reikningurinn væri lokaður til 18 ára aldurs barnsins. Aldrei hafi verið gerður neinn samningur um þennan reikning eða skrifleg undirskrift þar sem getið er um binditíma reiknings. Aldrei komi fram skilmálar

reikningsins, hvorki í greiðsluþjónustu né við upphaf innborgunar. Þegar umræddur reikningur hafi verið stofnaður hafi þjónustufulltrúi sóknaraðila upplýst sóknaraðila að um sparnaðarreikning væri að ræða og heimilt væri að taka út af reikningi ef á þyrfti að halda. Sóknaraðili byggir á því að honum hafi aldrei verið gert ljóst að sparnaðarreikningurinn sem er á nafni sonarins væri bundinn til margra ára og ekki sé hægt að taka út af honum. Í greiðsluþjónustu sé sagt „innlagt á sparnaðarreikning“ og á heimasíðu bankans komi fram að ávallt sé heimilt að taka út af sparnaðarreikningi. Ekki séu neinar upplýsingar um umræddan reikning í heimabanka sem séu sóknaraðila aðgengilegar og séu misvísandi um hvort bankinn er að tala um framtíðarreikning eða sparnaðarreikning eins og komi fram í texta við innborgunarfærslu á reikninginn þar sem talað sé um sparnaðarreikning. Bankinn hafi lagt fram stofnskírteini sem virðist vera af útprentun af heimasíðu bankans en ekki ljósrit af stofnskírteini sem sóknaraðili hafi undirritað eða fengið afhent. Sóknaraðili telur að enginn samningur sé fyrir hendi um stofnun reikningsins og að hann honum hafi ekki verið gerðir ljósir skilmálar sem giltu um reikninginn.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að nefndin hafni kröfu sóknaraðila. Varnaraðili vísar á bug þeirri fullyrðingu sóknaraðila að við stofnun Framtíðarreiknings sonar sóknaraðila hafi skýrt verið tekið fram af hálfu varnaraðila að heimilt yrði að taka út af reikningnum. Sú fullyrðing eigi vart við rök að styðjast og sé ekki studd neinum gögnum. Þvert á móti komi fram í framlögðum tölvupóstsamskiptum milli sóknaraðila og starfsmanns varnaraðila að sóknaraðila sé ljóst að umræddur reikningur sé bundinn en óskað sé eftir sérstakri undanþágu þar frá. Það hafi ekki verið fyrir en varnaraðili hafi verið búinn að hafna þeirri beiðni sem sóknaraðili bendi á að starfsmaður sóknaraðila hafi heimilað úttekt. Haft hafi verið samband við starfsmann þann sem sóknaraðili benti á og hafi hann fullyrt að slíkt vilyrði hafi aldrei verið veitt.

Varnaraðili kveður binditíma framtíðarreiknings til 18 ára aldurs hafa verið áberandi í öllu kynningarefni bankans þar sem framtíðarreikningur varnaraðila sé kynntur. Á heimasíðu varnaraðila komi fram að einungis reikningseigandi sjálfur geti leyst út innstæðu við 18 ára aldur. Á það sé einnig sérstaklega bent að um verðtryggðan innlánsreikning sé að ræða en samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands sé einungis heimilt að verðtryggja innlánsfé sé innstæðan bundin í 36 mánuði eða lengur. Frá þeim tíma sem varnaraðili hafi byrjað að bjóða upp á Framtíðarreikning hafi einnig um þá gilt sérstakar verklagsreglur sem starfsmönnum sé gert að fylgja.

Í verklagsreglunum komi fram að framtíðarreikningur sé bundinn til 18 ára aldurs reikningseiganda, hægt sé að stofna reikninginn til 15 ára aldurs reikningseiganda, aðeins reikningseigandi megi taka út af reikningnum þegar innstæðan verður laus við 18 ára aldur og að einungis sé hægt að taka einu sinni af hverjum reikningi sem þá sé eyðilagður.

Við stofnun framtíðarreiknings sé gefið út stofnskírteini sem viðskiptavinur fær afhent. Skilmálar reikningsins eru ritaðir innan á stofnskírteinið þar sem skýrt komi fram að binditími sé til 18 ára aldurs reikningseiganda.

V.

Niðurstaða:

Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að sóknaraðila hafi verið það ljóst að reikningurinn var bundinn og að ekki yrði tekið út af reikningnum án undanþágu frá varnaraðila, sbr. tölvupóstur til varnaraðila dags. 25. janúar 2010. Ágreiningurinn snýst um það hvort sóknaraðila hafi verið það ljóst við stofnun reikningsins að reikningurinn væri bundinn til 18 ára aldurs reikningseiganda og innistæðan þannig ekki laus til útborgunar fyrr en á afmælisdegi reikningseiganda. Varnaraðili hefur lagt fram ljósrit af skilmálum sem fylgja stofnskírteini Framtíðarreiknings. Þar kemur fram að reikning má stofna í útibúi, Netbanka eða þjónustuveri. Í skilmálunum er kveðið á kjör og skilmála reikningsins. Þar kemur m.a. fram að allar innborganir ásamt vöxtum og verðbótum eru bundnar til 18 ára aldurs reikningseiganda og að þá megi einungis reikningseigandi eða þeir sem haf til þess gilt umboð taka út af reikningnum. Jafnframt kemur fram að reikningurinn verði eyðilagður við fyrstu úttekt eftir að reikningseigandi hefur náð 18 ára aldri. Fram hefur komið að reikningur þessi var stofnaður í útibúi varnaraðila. Í gögnum málsins kemur einnig fram að sóknaraðili fékk yfirlit um reikninginn reglulega þar sem fram kemur að um Framtíðarreikning er að ræða.

Af framangreindu leiðir að sóknaraðila mátti vera það ljóst að reikningurinn var bundinn til 18 ára aldurs.

ÚRSKURÐARORÐ:

Kröfum sóknaraðila er hafnað.

Reykjavík, 29. október 2010.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug B. Ólafsdóttir
Jóhann Tómas Sigurðarson

Ár 2010, 3. desember er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Guðlaug B. Ólafsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 11/2010**

M
gegn
Fjármálafyrirtækið F

og kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

I.

Málsmeðferð

Málsaðilar eru M hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hinsvegar

Málið barst úrskurðarnefnd þann 6. apríl 2010 með kvörtun sóknaraðila dagsettri sama dag. Var kvörtunin send varnaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. apríl 2010 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Engar athugasemdir bárust frá varnaraðila innan veitts frests og sendi nefndin ítrekun til varnaraðila þ. 19. maí 2010 til framkvæmdastjóra slitastjórnar VBS sem þá bað um frest og var veittur frestur til 31. maí 2010. Þ. 9. júní 2010 var enn á ný send ítrekun og barst svar varnaraðila í tölvuskeyti dags. 9. júní 2010. Með bréfi sóknaraðila dags. 9. júlí 2010 ítrekaði sóknaraðili kröfur sínar í málinu. Þ. 13. september. 2010 óskaði nefndin eftir frekari gögnum frá sóknaraðila í málinu og bárust þau nefndinni þ. 12. október 2010. Formaður úrskurðarnefndar vék sæti í málinu vegna vanhæfis og tók varaformaður við málinu. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar, 2. september, 15. október, 5. 12. og 26. nóvember 2010 og 3. desember.

II.

Málsatvik

Sóknaraðili gerði þann 27.7.2007 vörslusamning við varnaraðila, svonefndan samning um öryggisvörslu. Samkvæmt samningnum mun varnaraðili annast kaup og sölu verðbréfa eftir sannanlegum fyrirmælum sóknaraðila (vörsluþega) Samkvæmt samningnum skal frumkvæði í verðbréfaviðskiptum alfarið í höndum vörsluþega. Þann 27.8.2007 voru skv. yfirliti keypt þrjú veðskuldabréf í landi A (hér eftir Abréfin) hvert að nafnvirði 2.700.000 með gjalddaga 20.8.2008 tryggð með 2. veðrétti í landi A. Einnig var samkvæmt yfirliti keypt eitt veðskuldabréf þann 29.8.2007 tryggt með 2. veðrétti í B (hér eftir Bbréfið) að nafnvirði 2000.000.- kr. Markaðsvirði keyptrá bréfa var kr. 8.792.006. Stóðu þá eftir inn á gjaldmiðlareikningi sóknaraðila hjá varnaraðila kr. 207.994. Þ. 14.11.2007 var Bbréfið selt og í staðinn m.a. keypt hlutabréf í C kr. 1.045.200 þ.a. inneign sóknaraðila á vörslureikningi eftir þau viðskipti voru kr. 1.093.466. Á árinu 2008 fékk sóknaraðili samtals innborgaðar kr. 500.000.

Rétt fyrir gjalddaga 20.8.2008 kom í ljós að ekki var hægt að greiða bréfin á gjalddaga en sóknaraðila tjáð að honum yrðu greidd bréfin fljótlega og þá með dráttarvöxtum.

Þann 17.11. 2008 voru Abréfin seld og í staðinn keypt eitt Abréf tryggt með 1. veðrétti að nafnvirði kr. 5.000.000. Einnig var keypt veðskuldabréf tryggt með 1. veðrétti í D (hér eftir Dbréfið), að nafnvirði kr. 1.700.000 (markaðsvirði kr. 1.641.080). Þann 5.2.2009 var Dbréfið selt fyrir kr. 1.698.358. Á árinu 2009 fékk sóknaraðili samtals innborgaðar kr. 3.750.000.

Þann 30.12.2009 sendi sóknaraðili skriflega kröfu til varnaraðila um riftun viðskipta og uppgjör. Með bréfi 25. 2. 2010 sendi varnaraðili höfnun á kröfu sóknaraðila um riftun og uppgjör.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðili krefst þess að hann verði eins settur og viðskiptin hefðu aldrei farið fram. Sóknaraðili krefst þess aðallega að varnaraðili greiði sóknaraðila kr. 6.360.564 með vöxtum skv. 4. gr. laga nr. 38, 2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2010 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 9. febrúar 2010 til greiðsludags gegn afhendingu á veðskuldabréfi að nafnvirði kr. 5.000.000.- tryggt með 1. veðrétti í landspildu úr landi A svo og inneign sína á gjaldmiðlareikningi kr. 236.658 skv. yfirliti frá 15.12.2009 ásamt dráttarvöxtum. Þá er gerð krafa um endurgreiðslu á umsýslupóknun kr. 41.104 um síðustu áramót með vöxtum skv. 4. gr. laga nr. 38, 2001 um vexti og verðtryggingu en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 9. febrúar 2010 til greiðsludags. Gengið er út frá því að inneign á gjaldmiðlareikningi sé tafarlaus til útborgunar. Til vara krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila upphaflega innborgaða fjárhæð þ. 22.8.2007 kr. 9.000.000.- með vöxtum skv. 4. gr. laga nr. 38, 2001 um vexti og verðtryggingu frá 22. 8. 2007 til 6. febrúar 2010 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags gegn afhendingu sama veðskuldabréfs og greinir í aðalkröfu og að frádregnum innborgunum kr. 300.000.- þ. 18. 6. 2008, kr. 200.000.- þ. 8.9.2008, kr. 500.000.- þ. 2.1. 2009 og kr. 3.250.000.- þ. 5.8.2009. Þá er gerð í varakröfu sama krafa og varðandi endurgreiðslu á umsýslupóknun.

Sóknaraðili telur að verulega hafi skort á upplýsingagjöf frá varnaraðila. Sóknaraðili hafi meðal annars ekki verið upplýstur um skipulag í A, verðmæti þess og hversu mikið hvíldi á veðréttinum. Þegar upprunalegu Abréfin voru keypt hafi ein af þeim forsendum samþykkis sóknaraðila fyrir kaupunum verið sú að verkefnið væri komið í deiliskipulag hjá sveitarstjórn. Verðmætið hafi miðast við markaðsverð byggingarréttar landsins og hafi matið miðast við deiliskipulagstillögu arkitekta í sveitarstjórn. Á þeim tíma sem kaup sóknaraðila hafi farið fram hafi ekki verið búið að samþykkja framangreint deiliskipulag. Það liggja því fullljóst fyrir að varnaraðila hafi mátt vera ljóst að verðmæti landsins í verkefninu A væri á þeim tíma ekki það sama og ef samþykki á deiliskipulagstillögu lægi fyrir af hálfu sveitarstjórnarinnar. Einnig hafi varnaraðili setið báðu megin borðsins með því að eiga aðild að sem skuldari veðskuldabréfsins í gegnum dótturfélag sitt, E, sem muni eiga töluverðan hlut í útgefanda bréfsins, eignarhaldsfélagsins G. Þá muni varnaraðili hafa verið talinn kröfuhafi en ekki sóknaraðili eins og sóknaraðili hafi talið, þ.e. ef skuldabréfið hafi nokkru sinni verið til, en sóknaraðili hafi hvorki séð frumrit né afrit bréfsins.

Sóknaraðili hafi talið að varnaraðili kæmi fram sem hefðbundinn miðlari en ekki sem beinn aðili að málinu sem slíku.

Sóknaraðili kveður að þegar veðskuldabréfin í verkefninu A hafi verið komin á gjalddaga hafi honum verið tjáð að varnaraðili gæti ekki greitt sóknaraðila út skuldabréfin. Hann hafi því verið tilneyddur af sóknaraðila til að kaupa annað bréf í landi A. Það liggi nú fullljóst fyrir að varnaraðili hafi einungis verið að gæta hagsmuna sinna vegna framangreinds hagsmunaárekstrar. Að auki hafi kunnur brotamaður verið einn af aðaleigendum G. en hefði sóknaraðila verið það kunnugt hefði hann aldrei lagt fjármuni í verkefni er tengdist slíkum manni.

Sóknaraðili telur að hefði hann fengið allar þær upplýsingar sem lágu fyrir við upphaf viðskipta hefði hann aldrei gengið til viðskipta við varnaraðila. Varnaraðili hafi setið beggja megin borðsins m.a. með því að hafa skuldaraaðild með eignarhaldi sínu á E. Hafi varnaraðili þannig ekki verið í stöðu til að leggja sjálfstætt og hlutlægt mat, sem hér koma til álita og skoðunar.

Varnaraðila hafi brotið freklega gegn laga- og starfsskyldum sínum gagnvart sóknaraðila sem eigi að leiða til riftunar á viðskiptum þeirra þannig að aðilar skuli vera jafnsettir og viðskiptin hefðu aldrei farið fram. Sóknaraðili vísar jafnframt til úrskurða Úrskurðarnefndar nr. 9/2009 og 10/2009 sem fordæmi fyrir niðurstöðu í máli þessu, sbr. og 4. gr. þágildandi laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003 og 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Krafa um endurgreiðslu umsýsluþóknunar byggir sóknaraðili á því að vinnubrögð F í tengslum við mál sóknaraðila hafi verið með þeim hætti að bankinn eigi engan rétt til slíkrar þóknunar.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Með bréfi dags. 25. febrúar hafnaði varnaraðili kröfum sóknaraðila. Varnaraðili kveður veðskuldabréf þau sem sóknaraðili keypti þ. 27.08.2007 hafi verið veðskuldabréf útgefin af fjárfestingafélaginu G og tryggð með 2. veðrétti í jörð úr landi A. Fyrir hafi legið verðmat á landinu sem hafi tekið mið af fyrirliggjandi tillögu að deiliskipulagi. Samkvæmt matinu hafi ekki verið miðað við að deiliskipulagið hefði verið samþykkt. Á þeim tíma hafi legið fyrir að við tvöföldun Suðurlandsvegar kæmi ný brú yfir Ölfusá sem myndi fara inn á jörðina og vegarstæðið myndi fara yfir hluta af jörðinni. Dótturfélag varnaaðila E hafi verið eigandi að 28% hlut í félaginu og því ekki farið með yferráð í því. Hlutafé E hafi verið að nafnvirði 140.000.- kr. sem hafi verið heildarframlag E til félagsins. Ekki hafi á þeim tíma verið um að ræða viðskipti með fjármálagerninga sem voru eign bankans eða dótturfélags hans, heldur fjármálagerninga útgefnum af þriðja aðila, þ.e. fjárfestingafélaginu G og sem voru tryggðir með veði í fasteign þriðja aðila.

Þegar ljóst hafi verið að framangreind veðskuldabréf fengjust ekki greidd á gjalddaga hafi bankinn ákveðið að bjóðast til að kaupa framangreind veðskuldabréfa af sóknaraðila þegar að samþykki sóknaraðila hafi legið fyrir. Hafi það verið gert í gegnum miðlun markaðsviðskipta bankans þar sem sóknaraðili hafi fengið önnur veðskuldabréf í eigu bankans. Ákvörðunin um að bjóða sóknaraðila framangreind bréf hafi bygggt á því að leysa sóknaraðila sem eiganda veðskuldabréfa sem tryggð voru með 2. veðrétti í landi A, undan þeim vandkvæðum sem fólst í eign þeirra á því umhverfi sem hafi ríkt á

fjármálamörkuðum. Ástæðan hafi ekki verið sú að auka líkur á að E, sem eiganda 28% hlutabréfa fengi hlutafé sitt endurgreitt að einhverju leyti.

Bréfin sem sóknaraðili hafi samþykkt að fá í staðinn fyrir framangreind veðskuldabréf í 2. veðrétti hafi annars vegar verið veðskuldabréf sem tryggt var með 1. veðrétti í D, og hafi það þegar verið greitt og hins vegar veðskuldabréf útgefið af A, tryggt með 1. veðrétti í Alandi, sem tengist ekki félaginu G. Það land sé deiliskipulagt land, nærri miðbæ og hafi gatnagerð verið nær lokið þegar sóknaraðili keypti veðskuldabréfið. Félagið E hafi verið eigandi að 20% hlut í félaginu en stærstur hluti í eigu annarra aðila. Jafnframt hafi legið fyrir að gerður hafi verið kaupsamningur um lóðirnar og fyrir hafi legið að veðskuldabréfin yrðu greidd að fullu á gjalddaga. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu kaupverðsins hafi legið fyrir bankaábyrgð frá Z. Ef ekki hefði komið til gjaldþrots sparisjóðsins hefðu skuldabréfin að mati varnaraðila fengist að fullu greidd. Bréfið sé nú tryggt með 1. veðrétti í framangreindu landi og fyrir liggja að stofna eigi einkahlutafélag sem verði í eigu þeirra sem eigi veðskuldabréfin sem tryggð eru með 1. veðrétti í landinu. Þetta félag, samþykki eigendur veðskuldabréfanna að gæta hagsmuna sinna sameiginlega, muni í framhaldinu leysa til sín landið og selja síðan þegar hagstætt verð fáið allt í samræmi við samþykktir og hluthafasamkomulag félagsins. Varnaraðili sé eigandi að veðskuldabréfum sem tryggð eru með 2. veðrétti í landinu. Að svo stöddu geti bankinn ekki varið 2. veðrétt, vegna skorts á aðgengi að fjármagni og greitt út veðskuldabréf tryggð með 1. veðrétti. Varnaraðili geti því að svo stöddu ekki keypt veðskuldabréf af sóknaraðila.

V.

Niðurstaða

Ágreiningur í máli þessu er vegna skuldabréfaviðskipta í nafni sóknaraðila á grundvelli samnings aðila um svonefnda öryggisgæslu, dags. 27. júlí 2007. Sóknaraðili heldur því fram að hann hafi ekki verið upplýstur um eignarhlutdeild og þar með hagsmuni dótturfélags varnaraðila í útgefanda veðskuldabréfa sem varnaraðili keypti í nafni sóknaraðila þ. 27. ágúst 2007 og síðar í veðskuldabréfi sem varnaraðili keypti í stað fyrrnefndra þriggja veðskuldabréfa í nafni sóknaraðila í nóvember 2008.

Fram kemur í gögnum málsins að E, dótturfélag varnaraðila var eigandi 28% hlutafjár í útgefanda veðskuldabréfa dags. 27. ágúst 2007 og að E var einnig eigandi 20% hlutafjár í útgefanda veðskuldabréfs sem útgefið var í nóvember 2008.

Í 13. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 33, 2003, sem í gildi voru þegar umrædd 3 skuldabréf voru keypt í nafni sóknaraðila 27. ágúst 2007 var mælt fyrir um skyldu fjármálafyrirtækis til að sýna fram á að komið væri í veg fyrir hagsmunaárekstra í verðbréfaviðskiptum með skýrum aðskilnaði einstakra starfssviða þess, svonefndum kínamúrum. Í 14. gr. laganna var mælt fyrir um skyldu fjármálafyrirtækja til að gæta að tilteknum atriðum í tengslum við m.a. viðskipti aðila fjárhagslega tengdum fjármálafyrirtækjum. Skyldi þá fyllsta trúverðugleika fjármálafyrirtækis gætt, svo að fullur trúnaður ríkti gagnvart fjárhagslega ótengdum viðskiptavinum. Þá skyldu slík viðskipti sérstaklega skráð og stjórn viðkomandi fyrirtækis fá kerfisbundnar upplýsingar um þau og hafa eftirlit með þeim. Þá er þess einnig að geta að samkvæmt 6. gr. laga nr. 33, 2003 skyldi fjármálafyrirtæki gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum sínum. Samkvæmt 1. málsl. 15. gr. laganna hvíldi sú skylda á fjármálafyrirtækjum að sýna fram á að ákvæðum 6., 13. og 14. gr. laganna væri fylgt með því að setja reglur þar að lútandi,

sem staðfestar skyldu af Fjármálaeftirlitinu. Reglur varnaraðila þessa efnis liggja ekki frammi í málinu.

Í 9. gr. þágildandi laga nr. 33, 2003 var að finna ákvæði þess efnis að fjármálafyrirtæki skyldi tryggja bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla eins og við ætti hverju sinni. Þá var í 4. gr. mælt fyrir um góða viðskiptavenju og skyldi fjármálafyrirtæki starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfavíðskiptum með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Sambærilegt ákvæði er að finna í 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161, 2002.

Núgildandi lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 tóku gildi þ. 1. nóvember 2007 og gilda þau því um víðskipti með seinna veðskuldabréfið. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. gildandi laga um verðbréfavíðskipti nr. 108, 2007, skal fjármálafyrirtæki gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina þess. Þá skal fyrirtækið greina hagsmunaárekstra milli þess sjálfs annars vegar og viðskiptavina þess hins vegar, svo og milli viðskiptavina fyrirtækisins, sbr. 1. og 2. tölul. 2. mgr. 8. gr. Í þeim tilvikum þar sem ráðstafanir fjármálafyrirtækis samkvæmt 1. mgr. 8. gr. þykja ekki veita fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmuna víðskiptavina sé nægjanlega gætt skal fjármálafyrirtæki upplýsa viðkomandi víðskiptavini um eðli og ástæður hagsmunaárekstranna áður en til víðskipta er stofnað við þá, sbr. 3. mgr. 8. gr. Telja verður að þau efnisatriði sem mælt er fyrir um í 8. gr. gildandi laga teljist til eðlilegra og heilbrigðra víðskiptahátta, sem varnaraðila hafi verið skylt að starfa í samræmi við, sbr. 4. gr. þágildandi laga nr. 33, 2003.

Eins og mál þetta liggur fyrir úrskurðarnefndinni verður að telja að verulega hafi skort á upplýsingagjöf varnaraðila áður en til umræddra víðskipta kom. Hefði það verið í samræmi við góða og eðlilega víðskiptahætti að varnaraðili gerði sóknaraðila ítarlega grein fyrir hagsmunum sínum af umræddum verðbréfavíðskiptum, þ.á m. að hann væri kröfuhafi samkvæmt öllum útgefnum skuldabréfum áhvílandi á 1. og 2. veðrétti nefnds lands A, svo og hversu stóran hlut dótturfélag varnaraðila ætti í útgefanda bréfanna. Þá skorti mjög á aðra upplýsingagjöf varnaraðila eins og fyrr er rakið og eðlilegt hefði verið í ljósi aðstæðna. Með hliðsjón af öllu því sem að framan er rakið er það niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að varnaraðili hafi með háttsemi sinni farið á svig við eðlilega og heilbrigða víðskiptahætti og hagsmuni sóknaraðila, sbr. 4. gr. þá gildandi laga um verðbréfavíðskipti nr. 33, 2003 og 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161, 2002.

Í samræmi við framangreinda niðurstöðu þykir rétt að sóknaraðili verði eins settur og ef aldrei hefði orðið af kaupum hans á nefndum 3 veðskuldabréfum þann 27. ágúst 2007 og nefndu veðskuldabréfi þann 17. nóvember 2008.. Verður varnaraðila því gert að greiða sóknaraðila kr. 9.000.000.- , sem er heildarkaupverð umræddra bréfa sem keypt voru þ. 28. ágúst 2007. Rétt þykir að fjárhæðin beri almenna vexti samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 27. ágúst 2007 til 7. maí 2010, en þá var liðinn mánuður frá því að varnaraðila var kynnt kvörtun og kröfugerð sóknaraðila með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 6. apríl 2010. Verður varnaraðila því gert að greiða sóknaraðila dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. síðastgreindra laga frá 7. maí 2010 til greiðsludags. Til frádráttar kröfu sóknaraðila komi innborganir varnaraðila, kr. 300.000.- þ. 18. 6. 2008, kr. 200.000.- þ. 8.9.2008, kr. 500.000.- þ. 2.1.2009 og kr. 3.250.000 þ. 5.8.2009 auk þess sem sóknaraðili skal framselja til varnaraðila 1 veðskuldabréf, sem hann fékk við uppgjör aðila, að fjárhæð kr. 5.000.000, útgefið af A til varnaraðila tryggt með 1. veðrétti í landspildu úr landi A. Jafnframt er fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu á

umsýsluþóknun kr. 41.104 um síðustu áramót með vöxtum skv. 4. gr. laga nr. 38, 2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2010 til 7. maí 2010 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 7. maí 2010 til greiðsludags.

ÚRSKURÐARORÐ:

Varnaraðili, F, greiði sóknaraðila, M, kr. 9.000.000, auk vaxta samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 27. ágúst 2007 til 6. maí 2010, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 7. maí 2010 til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum varnaraðila, kr. 300.000.- þ. 18. 6. 2008, kr. 200.000.- þ. 8.9.2008, kr. 500.000.- þ. 2.1.2009 og kr. 3.250.000 þ. 5.8.2009, og gegn framsali sóknaraðila til varnaraðila á einu veðskuldabréfi, að höfuðstóli kr. 5.000.000, útgefnu af A til varnaraðila, tryggðum með 1. veðrétti í landspildu úr landi A. Auk þess greiði sóknaraðili varnaraðila kr. 41.104 með vöxtum skv. 4. gr. laga nr. 38, 2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2010 til 6. maí 2010 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 7. maí 2010 til greiðsludags.

Reykjavík, 3. desember 2010.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug Ólafsdóttir
Jóhann Tómas Sigurðsson

Ár 2010, föstudaginn 24. september 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Guðlaug Brynja Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 12/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 12. apríl 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 31. mars 2010. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 12. apríl 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 7. maí 2010. Var bréfið sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. maí 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir frá lögmanni sóknaraðila bárust þann 17. maí 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 10. og 24. september 2010.

II.

Málsatvik.

Þann 21. maí 2008 gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar greiðslu skuldabréfs X, að fjárhæð kr. 4.400.000, útgefnu af A, til gamla F.

Undirritun sóknaraðila sem ábyrgðarmanns er að finna á lánsúmsókn. Á lánsúmsókninni er eftirfarandi texti:

„Ef skuldaábyrgð eða veð er sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu einstaklings, ber fjármálafyrirtæki samkvæmt „Samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga“ (dags. 1. nóv. 2001) að meta greiðslugetu greiðanda, nema ábyrgðarmaður óski skriflega eftir því að það verði ekki gert. Samkvæmt samkomulaginu er þó ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000,-. Þó er hjónum eða fólki í óvígðri sambúð heimilt að leysa fjármálafyrirtæki undan skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. Undirritaðir hafa kynnt sér upplýsingabækling bankans um sjálfskuldarábyrgðar.“

Neðan við umræddan texta er gert ráð fyrir að hakað sé við það hvort að ráðgert sé að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán greiðanda hjá bankanum og að ábyrgðarmanni hafi verið kynntar þær ráðagerðir. Þá eru reitir um að ekki sé óskað eftir greiðslumati eða að greiðslumat hafi verið framkvæmt og

hvort að niðurstöður þess bendi til að greiðandi geti efnt skuldbindingar sínar eða ekki. Á umræddri lánsúmsókn hefur ekki verið hakað í neinn af þessum reitum og liggja ekki fyrir upplýsingar um að mat á greiðslugetu greiðanda hafi farið fram.

Vanskil urðu á skuldabréfinu og hefur varnaraðili hafið innheimtu skuldarinnar hjá sóknaraðila á grundvelli áðurgreindrar ábyrgðaryfirlýsingar.

Sóknaraðili kveðst hafa sent fyrirspurn/kvörtun til varnaraðila vegna málsins þann 3. mars 2010 en varnaraðili hafi ekki svarað þrátt fyrir ítrekaðar óskir.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun móttækinni 12. apríl 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ábyrgðaryfirlýsing, dags. 21. maí 2008, til tryggingar skuldabréfi að fjárhæð 4.400.000 kr., útgefnu af A, verði felld úr gildi.

Kveður sóknaraðili varnaraðila ekki hafa staðið við skyldur sínar, samkvæmt samkomulagi sem Samtök banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna, Samband Íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða, Neytendasamtökin og viðskiptaráðherra gerðu árið 2001 um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, þar sem að ekki hafi farið fram mat á greiðslugetu greiðanda sem ábyrgðarmanni hafi verið kynnt áður en hann tókst á hendur ábyrgðina. Þá telur sóknaraðili að varnaraðili hafi ekki staðið við skyldur sínar um veitingu upplýsinga á grundvelli samkomulagsins. Bendir sóknaraðili sérstaklega á að reitir á lánsúmsókn um greiðslumat skuldara séu auðir eða útfylltri með núlli. Þá sé ekki hakað við reiti í lánsúmsókninni um að skuldabréfinu sé ætlað að greiða upp eldra lán skuldara við bankann, sem þó hafi verið raunin.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Byggir varnaraðili andmæli sín á því að umrædd skuldbinding hafi að mestu orðið til vegna viðskiptasambands lántaka og sóknaraðila en ekki í tengslum við veitingu skuldabréfaláns til A. Vísar varnaraðili sérstaklega til víxils að fjárhæð 3.000.000 kr. þar sem útgefandi er sóknaraðili, en lántaki er greiðandi, og tilkynningar um greiðsluábyrgð, dags. 25. febrúar 2008, eftir kaup á víxlinum.

Varnaraðili styður einnig staðhæfingar sínar um viðskiptasamband lántaka og sóknaraðila á þeirri staðreynd að framangreindur víxill hafi verið afhentur útfylltur og hafi varnaraðili hvergi komið að gerð hans þó hann hafi útvegað lántaka víxileyðublaðið. Því hafi aðeins verið um að ræða formbreytingu fullgildrar kröfu á hendur sóknaraðila við útgáfu skuldabréfsins, að því leyti sem skuldabréfinu var ráðstafað til greiðslu víxilsins.

Varnaraðili felst á að með skuldabréfinu hafi verið greiddar aðrar skuldir lántaka sem ekki sé vitað að sóknaraðili hafi ábyrgst eða hafi tengst viðskiptasambandi þeirra. Felst varnaraðili því á lækkun ábyrgðarinnar sem nemur hlut þessara skulda, en gerir kröfu um að ábyrgð standi sem nemur hlut víxilsins í kröfunni, eða fyrir 68,51% af eftirstöðvum skuldabréfsins ásamt sama hlutfalli af áföllnum og áfallandi vöxtum, dráttarvöxtum og innheimtukostnaði til greiðsludags.

VI.

Niðurstaða.

Í málinu krefst sóknaraðili þess að ábyrgðaryfirlýsing, dags. 21. maí 2008, til tryggingar skuldabréfi X að fjárhæð 4.400.000 kr., sem A gaf út til varnaraðila, verði felld úr gildi. Byggir sóknaraðili kröfu sína á því að ekkert greiðslumat hafi farið fram og að varnaraðili hafi ekki staðið við skyldur sínar um veitingu upplýsinga á grundvelli samkomulagsins. Þá bendir sóknaraðili á að ekki hafi verið hakað við reiti í lánsúmsókn um að skuldabréfi hafi verið ætlað að greiða upp eldra lán skuldara við bankann, þó að það hafi verið raunin.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett 1. nóvember 2001, tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nema meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Ekki liggja fyrir nein gögn um það að varnaraðili hafi metið greiðslugetu A, útgefanda skuldabréfs X. Verður því að miða við að greiðslumat hafi ekki farið fram. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera allan halla af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hvort að sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið.

Ekki verður fallist á það með varnaraðila að ekki hafi þurft að framkvæma greiðslumat þar sem umrædd skuldbinding hafi að mestu orðið til vegna viðskiptasambands lántaka og sóknaraðila, en ekki í tengslum við lántöku lántaka hjá bankanum. Í 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. segir að ef ráðgert sé að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán skuldara hjá fjármálafyrirtæki skuli ábyrgðarmaður staðfesta skriflega að honum hafi verið kynnt um þær ráðagerðir. Var það ekki gert í þessu tilviki.

Í ljósi framangreinds verður að telja að rétt sé að ógilda ábyrgð sóknaraðila á umræddu skuldabréfi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð M á skuldabréfi X útgefnu af A til F er ógild.

Reykjavík, 24. september 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

Ár 2010, föstudaginn 29. október 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 13/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 13. apríl 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. apríl 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 17. maí 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. maí 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir frá sóknaraðila bárust þann 27. maí 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 10. september, 22. og 29. október 2010.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili tók lán hjá gamla F í lok janúar 2008. Varnaraðili tók umræddan lánasamning yfir þann 9. október 2008. Upphafleg lánsfjárhæð var 22.765.000 jen, eða jafnvirði 13.797.867 kr.

Sóknaraðili kveðst hafa óskað eftir því að greiða lánið upp í lok júní 2008. Hafi henni þá verið eindregið ráðlagt að bíða með uppgreiðslu á láninu til haustsins þar sem hagstæðara væri að halda láninu og geyma féð sem hún hefði annars notað til uppgreiðslu í peningabréfum. Kveðst hún hafa treyst þeirri ráðgjöf og farið eftir henni, en það hafi komið henni í koll þar sem lánið hafa hækkað mjög og sparifé í peningabréfum rýrnað um 31,2% eða 5.724.833 kr. Segist sóknaraðili að óskum hennar um að greiða lánið á meðalgengi frá lántökudegi sumarið 2009 hafi verið hafnað. Þá hafi einnig verið hafnað ósk hennar um að greiða lánið á genginu 1,0.

Í tölvupósti frá umboðsmanni skuldara hjá varnaraðila, dags. 29. mars 2010 kemur fram að núverandi starfsmenn einkabankapjónustu F staðfesti að fyrrverandi starfsmaður einkabankapjónustu gamla F hafi staðfest að hafa veitt sóknaraðila þá ráðgjöf að fá „myntveltu til að brúa ákveðið bil í fasteignaviðskiptum“. Enn fremur hafi hann staðfest að sóknaraðila hafi verið ráðlagt að fjárfesta og nýta vaxtamun þegar hún fengi peninga vegna sölu á fasteign í stað þess að greiða upp lánið. Kemur fram í tölvupóstinum að bankinn geti ekki orðið við kröfum sóknaraðila, en að hægt

sé að bjóða henni 20% afslátt af láninu miðað við gengi uppgjörsdags og að lánið verði greitt upp.

Þann 7. október 2008 greip Fjármálaeftirlitið inn í rekstur gamla F á grundvelli laga nr. 125/2008 og tók yfir vald hluthafafundar í bankanum, vék félagsstjórn frá störfum og skipaði skilanevnd yfir bankanum. Þann 9. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda gamla F.

Sóknaraðili vísaði málinu til úrskurðarnefndarinnar 13. apríl 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Krafa sóknaraðila er tvíþætt. Í fyrsta lagi krefst hún þess að fá að greiða upp lán sitt hjá varnaraðila miðað við höfuðstólsfjárhæð lánsins á gengi íslensku krónunnar í júnílok 2008, samtals 17.121.304 kr. Í öðru lagi krefst hún þess að fá bætta rýrnun á peningabréfum sem sparifé hennar var bundið í, samtals að fjárhæð 5.724.833 kr.

Sóknaraðili styður kröfur sínar við það að bankinn hafi viðurkennt að hafa ráðlagt henni að greiða ekki lánið upp og að geyma sparifé sitt í peningabréfum með þeim afleiðingum að lán hennar hafi hækkað umtalsvert og hún hafi tapað hluta af sparnaði sínum. Því telji hún eðlilegt að bankinn axli ábyrgð á afleiðingum ráðgjafarinnar á fjárhag hennar.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá nefndinni. Til vara krefst varnaraðili þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Aðalkröfu sína byggir varnaraðili á því að krafa sóknaraðila byggist á ætluðum mistökum starfsmanna gamla F en F geti ekki borið ábyrgð á þeim. Því eigi að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni.

Varakröfu sína byggir varnaraðili á því að umrædd ráðgjöf hafi átt sér stað hjá gamla F í júní 2008, en varnaraðili hafi eignast umrætt lán þann 9. október 2008. Í málinu liggja ekki fyrir hvort að sóknaraðili hafi lýst kröfu í þrotabú gamla F vegna málsins eða hver meðferð slíkrar kröfu, hafi hún verið gerð, hafi verið hjá slitastjórn gamla F. Sóknaraðili hafi ekki lýst yfir skuldajöfnuði gagnvart varnaraðila vegna kröfu á hendur gamla F, en slíkt væri ekki mögulegt fyrr en bótaskylda gamla F væri staðreynd.

Varðandi kröfu vegna rýrnunar peningamarkaðssjóða gamla F sé ljóst að varnaraðili geti hvorki borið ábyrgð vegna ráðgjafar starfsmanna gamla F né vegna starfsemi umrædds verðbréfasjóðs sem rekstrarfélagið FF hafi borið ábyrgð á.

Í ljósi þessa beri að hafna kröfum sóknaraðila.

VI.

Niðurstaða.

Í málinu krefst sóknaraðili þess í fyrsta lagi að fá að greiða upp lán sitt hjá varnaraðila miðað við höfuðstólsfjárhæð lánsins á gengi íslensku krónunnar í júnílok 2008, samtals 17.121.304 kr. Í öðru lagi krefst hún þess að fá bætta rýrnun á peningabréfum sem sparifé hennar var bundið í, samtals að fjárhæð 5.724.833 kr. Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá, en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Sóknaraðili beinir kröfum sínum gegn F en F var stofnaður eftir hrun gamla F í október 2008. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 9. október 2008 var nánar tilgreindum eignum og skuldum gamla F ráðstafað til F. Samkvæmt 5. tölul. ákvörðunar FME tók F við starfsemi sem gamli F hafði haft með höndum og tengdist hinum framseldu eignum kl. 9:00 þann 9. október 2008. Samkvæmt ákvörðuninni tók nýi bankinn við réttindum og skyldum samkvæmt vörslu- og eignastýringarsamninga við viðskiptavinum gamla F frá sama tíma. Markmið ákvörðunarinnar var að tryggja áframhaldandi þjónustu við viðskiptavinum bankans.

Krafa sóknaraðila lýtur að því að henni verði bætt tjón sem hún telur sig hafa orðið fyrir vegna ráðgjafar starfsmanns gamla F í júní 2008. Þegar metið er hvort að slík skaðabótakrafa hafi flust frá gamla F til F með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þarf í fyrsta lagi að kanna hvað kemur fram í ákvörðuninni. Í öðru lagi þarf að kanna tilgang aðgerðarinnar og þeirra laga sem hún var byggð á.

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 9. október 2008 er kveðið á um framsal á tilteknum, nánar tilgreindum, réttindum og skyldum gamla F til F. Verður ekki ráðið af ákvörðuninni að hún feli í sér almennt framsal kröfuréttinda. Því verður að telja að kröfur vegna tjóns sem starfsmenn gamla F kunna að hafa valdið viðskiptavinum bankans hafi ekki verið fluttar yfir til varnaraðila með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 9. október 2008 um ráðstöfun eigna og skulda gamla F. Því ber varnaraðili, F, ekki ábyrgð á tjóni því sem sóknaraðili kveðst hafa orðið fyrir og verður því ekki fallist á kröfur hennar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 29. október 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2010, föstudaginn 1. október 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 14/2010**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru Thelma M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 13. apríl 2010 með kvörtun lögmanns, f.h. sóknaraðila, dagsettri 13. apríl 2010. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. apríl 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 12. maí 2010. Var bréfið sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 17. maí 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir lögmannsins bárust þann 20. maí 2010. Frekari gagna var óskað frá lögmanni sóknaraðila þann 24. september og bárust þau 27. september 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 2. og 24. september og 1. október 2010.

II.

Málsatvik.

Þann 10. janúar 2008 gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar greiðslu skuldabréfs A að fjárhæð „kr. 12.000.000 króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í eftirtaldri mynt: JPY 100%“ útgefnu af X, til FF.

Þegar sóknaraðili gekkst í ábyrgðina hafði ekki verið framkvæmt mat á greiðslugetu lántaka.

Samkvæmt frásögn sóknaraðila kom lántaki á heimili hennar sex dögum síðar, eða þann 16. janúar 2008, með niðurstöðu fasteignalánamats sem hann kvað FF hafa unnið í tilefni lánveitingarinnar og óskaði undirritunar sóknaraðila til staðfestingar þess.

Sóknaraðili undirritaði skjalið, sem ber heitið „Niðurstöður fasteignalánamats“. Í matinu kemur fram að greiðslugeta lántaka teljist næg og að fjármögnun teljist takast. Í matinu er ekki greint neitt kaupverð fasteignar. Í skjalinu er ábyrgðarmönnum sérstaklega bent á að kynna sér stöðu vanskila ef einhver eru. Þá segir í matinu að það miðist við núverandi fjárhagsstöðu greiðanda og sé samkvæmt henni áætlun um greiðslugetu hans. Ýmislegt nú ófyrirséð geti valdið því að greiðslugeta greiðanda breytist til hins betra eða verra frá því sem nú er ætlað að verði. Loks segir í matinu: „Framangreindar upplýsingar um skuldir og fjárhagsstöðu

greiðanda eru að hluta til frá honum sjálfum komnar. Að því leyti eru forsendur mats á greiðslugetu hans og niðurstöðuályktanir dregnar af þeim upplýsingum á hans ábyrgð. Þær eru því án ábyrgðar FF.“

Skuldabréfalánið átti að greiða í einu lagi þann 15. desember 2009. Gat lántaka ekki greitt lánið og er það í vanskilum. Hefur sóknaraðili verið krafinn um greiðslu skuldarinnar.

Sóknaraðili kveðst hafa óskað eftir því munnlega við varnaraðila að sjálfskuldarábyrgð hennar yrði felld niður. Í bréfi FF til sóknaraðila, dags. 11. febrúar 2010, er beiðni hennar um að fella niður ábyrgð sóknaraðila hafnað. Í bréfinu segir að það hafi verið niðurstaða Fagráðs FF að samþykkja að gegn 20.000.000 kr. eingreiðslu frá sóknaraðila eða 21.000.000 kr. í formi íbúðarláns til allt að 40 ára samkvæmt skilmálum bankans, tryggt með 1. veðrétti í fasteign hennar falli ábyrgðin niður.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun móttækinni 13. apríl 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ábyrgðaryfirlýsing, dags. 10. janúar 2008, til tryggingar skuldabréfi að fjárhæð 12.000.000 kr., útgefnu af X, verði felld úr gildi.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því að þegar hún undirritaði ábyrgð á skuldabréfaláninu hafi ekki legið fyrir mat á greiðslugetu lántaka og sé það andstætt ákvæðum 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Í öðru lagi byggir sóknaraðili á því að greiðslumat það sem framkvæmt var og kynnt sóknaraðila sex dögum eftir undirritun skuldabréfsins hafi verið bæði rangt að efni til og villandi um aðrar tryggingar FF fyrir efndum lántaka á greiðslu lánsins. Í fyrsta lagi hafi komið skýrlega fram að lánið væri ætlað til að lána til fasteignakaupa og að bankinn mundi taka veð sem sé innan 30% veðmarka í fasteign lántaka. Því hafi sóknaraðili mátt gera ráð fyrir því að lánið yrði einnig veðsett í fasteign lántaka. Í öðru lagi sé ranglega greint frá skuldum lántaka og greiðslubyrði.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá nefndinni. Byggir varnaraðili á því að ákvæði 5. gr. samþykta úrskurðarnefndarinnar séu ekki uppfyllt, en þar segir að það sé skilyrði fyrir meðferð nefndarinnar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði mál fyrir fjármálafyrirtæki. Kveður varnaraðili sóknaraðila aldrei hafa beint kröfu til FF um að sjálfskuldarábyrgð hennar verði felld niður með öllu. Sú krafa sóknaraðila sem hafnað hafi verið þann 11. febrúar 2010 hafi falið í sér að sóknaraðili innti af hendi greiðslu að fjárhæð kr. 12.000.000 inn á umrætt lán, en lántaki mundi taka að sér greiðslu eftirstöðva lánsins og ábyrgð sóknaraðila yrði í kjölfarið felld niður.

Til vara krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Byggir varnaraðili á því að greiðslumat hafi sannanlega verið framkvæmt og þrátt fyrir að það sé dagsett fimm dögum eftir dagsetningu sjálfskuldarábyrgðarinnar hafi sóknaraðili undirritað niðurstöðu greiðslumatsins án fyrirvara. Með því hafi hún staðfest það að hún hafi fengið afhent, kynnt sér og skilið mat á greiðslugetu lántaka og samþykkt það

sem fullnægjandi fyrir sig auk þess sem hún hafi staðfest að hún hafi kynnt sér upplýsingabækling FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila.

Að því er varðar fullyrðingar sóknaraðila um að efni greiðslumats hafi verið rangt og villandi bendir varnaraðili á það að í greiðslumatinu sé að finna fyrirvara þar sem fram komi að upplýsingar um fjárhagsstöðu og skuldir greiðanda séu að hluta til frá honum sjálfum komnar og að því leyti séu forsendur greiðslumats og ályktanir eða niðurstöður sem dregnar séu af þeim upplýsingum á ábyrgð greiðanda og án ábyrgðar varnaraðila.

VI.

Niðurstaða.

Í málinu krefst sóknaraðili þess að ábyrgðaryfirlýsing, dags. 10. janúar 2008, til tryggingar skuldabréfi að fjárhæð 12.000.000 kr., sem X gaf út til FF verði felld úr gildi.

Varnaraðili krefst aðallega frávísunar á kröfum sóknaraðila frá nefndinni á grundvelli þess að ekki séu uppfyllt skilyrði 5. gr. samþykktu úrskurðarnefndarinnar þar sem sóknaraðili hafi aldrei beint kröfu til FF um að sjálfskuldarábyrgð hennar verði felld niður með öllu, heldur hafi krafa hennar falið í sér að sóknaraðili innti af hendi greiðslu að fjárhæð kr. 12.000.000 inn á umrætt lán, en lántaki mundi taka að sér greiðslu eftirstöðva lánsins og ábyrgð sóknaraðila yrði í kjölfarið felld niður.

Í 5. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki segir að það sé skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndarinnar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði mál fyrir fjármálafyrirtæki. Í máli þessu liggur fyrir að sóknaraðili beindi munnlegri kröfu til varnaraðila varðandi umrædda ábyrgðaryfirlýsingu. Í skriflegu svari varnaraðila kemur fram að beiðni hennar um að fella niður ábyrgð sóknaraðila hafi verið hafnað. Verður að telja að með því hafi varnaraðili hafnað kröfum sóknaraðila um niðurfellingu ábyrgðarinnar, þ.e. um þá kröfu sem hún hefur uppi í máli þessu, og því séu skilyrði 5. gr. samþykktu úrskurðarnefndarinnar uppfyllt og nefndinni beri að fjalla efnislega um málið.

Í ljósi framangreinds kemur til skoðunar hvort að gætt hafi verið ákvæða samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett 1. nóvember 2001 þegar sóknaraðili gekkst í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar greiðslu skuldabréfs nr. A að fjárhæð kr. 12.000.000 króna útgefnu af X til FF Íslands hf.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í málinu liggur fyrir að þegar sóknaraðili ritaði undir sjálfsskuldarábyrgð til tryggingar greiðslu umrædds skuldabréfs hafði ekki verið framkvæmt mat á greiðslugetu lántaka í samræmi við ákvæði samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á

skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt tryggja að sóknaraðili gæti kynnt sér niðurstöðu mats á greiðslugetu X áður en hún gekkst í ábyrgðina. Verður varnaraðili að bera allan halla af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram áður en sóknaraðili gekkst í ábyrgðina.

Það að mat á greiðslugetu X var lagt fyrir sóknaraðila sex dögum eftir undirritun hennar á ábyrgðaryfirlýsinguna, breytir því ekki að framkvæmd varnaraðila var ekki í samræmi við samkomulag um notkun ábyrgða. Enda liggja ekki fyrir gögn sem staðfesta að sóknaraðila hafi verið gefinn kostur á að hætta við að gangast í sjálfskuldarábyrgð vegna umrædds skuldabréfs áður en hún „staðfesti niðurstöður fasteignalánamats“ sem greiðandi skuldabréfsins lagði fyrir hana til undirritunar.

Í ljósi framangreinds verður að telja að rétt sé að ógilda ábyrgð sóknaraðila á umræddu skuldabréfi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð M á skuldabréfi A útgefnu af X til FF er ógild.

Reykjavík, 1. október 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2010, föstudaginn 12. nóvember 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Guðlaug Brynja Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 15/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 23. apríl 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. apríl 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 26. maí 2010 með bréfi frá lögmanni varnaraðila. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 28. maí 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir frá sóknaraðila bárust þann 8. júní 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 24. september, 15. október og 5. og 12. nóvember 2010.

II.

Málsatvik.

Þann 8. ágúst 2007 gaf sóknaraðili út skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum að fjárhæð 289.631 svissneskir frankar og 28.636.884 japönskum jenum, samtals að jafnvirði 30.000.000 kr. Sama dag setti sóknaraðili gamla F, með handveðsyfirlýsingu, að handveði vörslureikning nr. X til tryggingar á skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldabréfi í erlendum myntum með sömu fjárhæðum og umrætt skuldabréf.

Var skuldabréfið skráð með tveimur númerum í kerfi gamla F, en samkvæmt upplýsingum frá F er tölvukerfið þannig uppsett að hver og ein mynt í einu skuldabréfi fær sérstakt lánsnúmer, þótt skuldabréfið sé einungis eitt. Fékk lán sóknaraðila númerin Y og Z.

Í október 2007 óskaði sóknaraðili eftir skuldaraskiptum á framangreindu láni þannig að greiðandi yrði A. Samþykkti gamli F skuldaraskiptin. Samhliða áritun um skuldaraskipti setti A gamla F að handveði vörslureikning nr. X til tryggingar á skuld á grundvelli CU lána nr. Y og Z, útgefnum 8. ágúst 2007 ásamt vöxtum, verðbótum, gengismun, dráttarvöxtum, innheimtukostnaði og öðrum kostnaði. Handveðsyfirlýsinguna, sem dagsett var 15. október 2007, undirritar sóknaraðili fyrir hönd A. Einnig undirritar sóknaraðili yfirlýsinguna um samþykki veðsala.

Sóknaraðili kveðst hafa greitt lánin upp þann 31. október 2007. Liggja fyrir í málinu tvö skjöl sem bera fyrirsögnina „greiðsla á láni“ þar sem fram kemur að lán Y og Z hafi verið uppgreidd. Neðst á skjölunum er athugasemd, þar sem stendur „skuldaraskipti“. Lánin voru greidd upp með andvirði tveggja lána gamla F til A. Númer þeirra lána voru N og NN. Á skjölum frá gamla F vegna lánveitinganna kemur fram að um skuldaraskipti sé að ræða. Á skjali varðandi lán N að fjárhæð 289.631 svissneska franka, segir „skuldaraskipti. var lán nr. Y og á skjali varðandi lán N“ að fjárhæð 28.636.884 japönsk jen segir „skuldaraskipti. var lán nr. NN“.

Þann 26. nóvember 2007 gaf A út handveðsyfirlýsingu til tryggingar á skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum við gamla F og setti að handveði vörslureikning nr. XX. Svo virðist sem gamli F hafi í lok maí 2008 ógilt handveðsyfirlýsinguna frá 26. nóvember 2007. Nafni A var síðar breytt í B, en það var stofnað í maí 2008.

Þann 5. október 2008 sendir gamli F tölvupóst til sóknaraðila þar sem segir m.a.: „Við árlega yfirferð á tryggingum hér hjá bankanum kom í ljós að handveðsyfirlýsingar þær sem hér voru skráðar hjá okkur voru ekki fullnægjandi að mati bankans. Því vil ég biðja þig að undirrita meðfylgjandi pappíra og senda til mín.“ Samkvæmt handveðsyfirlýsingunum átti vörslureikningur sóknaraðila nr. X að vera til tryggingar öllum skuldum og fjárskuldbindingum B. Þegar pósturinn var sendur var komið veðkall og komu fleiri í kjölfarið. Með tölvupósti frá 13. október 2008 neitaði sóknaraðili að skrifa undir nýja handveðsyfirlýsingu.

F tók yfir réttindi og skyldur gamla F í málinu, sbr. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda gamla F til F frá 14. október 2008.

Í tölvupósti frá 5. nóvember 2008 kemur fram af hálfu varnaraðila að handveðsyfirlýsing frá 8. ágúst 2007 sé ógild, en að bankinn telji að í stað hennar hafi komið handveðsyfirlýsing frá 15. október 2007. Taldi sóknaraðili að handveðsyfirlýsingin frá 15. október 2007 hefði verið felld niður á sama tíma og yfirlýsingin frá 8. ágúst 2007, en varnaraðili kveður yfirlýsinguna vera í fullu gildi.

Fyrir lok árs 2008 kveður sóknaraðili F hafa breytt lánanúmerum aftur í fyrra horf. Í málinu liggja fyrir greiðsluseðlar sem B fékk í maí 2009. Þar er númer skuldabréfs gefið upp Y á öðrum greiðsluseðlinum og Z á hinum. Er útgáfudagur sagður 8. ágúst 2007. Mótmeæti sóknaraðili því og hafa verið uppi deilur á milli aðila um málið síðan. Í bréfi til bankans dags. 12. maí 2009 krafðist sóknaraðili þess að varnaraðili viðurkenndi án tafar að handveðsyfirlýsing frá 15. október 2007 væri úr gildi fallin og tryggi ekki lán þau er B skuldar bankanum. Jafnframt að lán þau sem B skuldar bankanum séu ekki undir réttum lánanúmerum. Þann 8. mars krafðist sóknaraðili þess í tölvupósti til varnaraðila að öll erlend hlutabréf hans og allir erlendir hlutabréfasjóðir á vörslureikningi nr. X yrðu færðir yfir á vörslureikning nr. XXX sem einnig er í eigu sóknaraðila.

Sóknaraðili skaut málinu til úrskurðarnefndarinnar þann 23. apríl 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst „viðurkenningar á því að [varnaraðila] beri, að kröfu [sóknaraðila], að færa alla erlenda hlutabréfaeign og erlenda hlutabréfasjóði [sóknaraðila] á vörslureikningi nr. X yfir á annan vörslureikning [sóknaraðila] nr. XXX hjá [varnaraðila]. Um er að ræða 1.093 hluti í BIDU, 9.000 hluti í EEM og 2.403 hluti í FXI, en hér eru notuð viðskiptatákn á hlutabréfamarkaði í USA eins og

skráð eru hjá [varnaraðila]. Einnig er um að ræða 17.850,2290 hluti í FF og 18.546,5385 hluti í FFF.“

Rök sóknaraðila fyrir kröfu sinni eru þau að bankinn geti ekki byggt á handveðsyfirlýsingu frá 15. október 2007 og eigi því bankinn ekki veð í vörslureikningi nr. X.

Telur sóknaraðili að varnaraðili geti ekki byggt á því að lánin hafi fengið önnur númer vegna tölvukerfis bankans, enda hefði bankinn á þeim tíma sem breytingarnar voru gerðar geta óskað eftir því að fá nýja handveðsyfirlýsingu. Það hafi bankinn hins vegar ekki gert.

Þá bendir sóknaraðili á að ef bankinn hefði talið handveðsyfirlýsingu frá 15. október 2007 gilda hefði verið óþarfi að fá handveðsyfirlýsingu frá 26. nóvember 2007 undirritaða.

Leggur sóknaraðili áherslu á að bankanum hafi verið fullkunnugt um allar aðstæður og forsendur í málinu og hafi bankinn sjálfur útbúið alla pappíra og öll gögn málsins.

Telur sóknaraðili að varnaraðili hafi á eigin ábyrgð vanrækt að sýna fullnægjandi aðgæsluskyldu í tengslum við frágang veðskjala til tryggingar á skuldum B við bankann. Þannig hafi bankinn vanrækt að tryggja sér fullnægjandi tryggingu fyrir endurgreiðslu lána sem komu í stað CU lána nr. Y og Z. Ný lán hafi verið tryggð með handveðsyfirlýsingu útgefinni þann 26. nóvember 2007, sem bankinn hafi fellt úr gildi á eigin ábyrgð í lok maí 2008. Eftir það hafi bankinn ekki haft neitt veð fyrir umræddum lánnum.

Telur sóknaraðili að hann skuldi varnaraðila ekkert og hafi engar fjárskuldbindingar við bankann. Því eigi bankinn engar kröfur eða önnur fjárréttindi sem tryggð eru með eignum sóknaraðila, hvorki vörslureikningi nr. X né öðrum eignum og því beri varnaraðila skylda til að verða við kröfu sóknaraðila um að erlend hlutabréfaeign og erlendir hlutabréfasjóðir sóknaraðila verði fluttir yfir á frjálsan vörslureikning.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Byggir varnaraðili á því að engin breyting hafi orðið á eiginlegri skuld samkvæmt upprunalegu skuldabréfi við skuldaraskipti sem framkvæmd voru. Sé því um að ræða sama skuldabréfið. Hafi framkvæmdin hjá bankanum verið sú að skuldaraskiptin hafi verið „keyrð inn í kerfið“ fyrir hverja mynt og á móti felld úr kerfi á fyrri greiðanda. Til þess að hægt hafi verið að halda hinu erlenda láni á sama lánsnúmeri hafi þurft að framkvæma ákveðnar breytingar á tölvukerfi bankans og hafi lánið því tímabundið verið skráð á önnur lánsnúmer. Það hafi síðar verið lagfært.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðila hafi verið fullkunnugt um það, hvaða lán hið veðsetta vörslusafn tryggði, enda sé hann löggiltur endurskoðandi. Þá sé honum kunnugt um að við skuldaraskiptin hafi lánið ekki verið greitt upp eins og hann heldur fram heldur hafi verið skipt um greiðanda á láninu, að hans beiðni. Einnig hafi honum verið kunnugt um að skilyrði þess að skuldin yrði flutt af honum persónulega yrði flutt yfir á A, nú B, væri að umrætt vörslusafn yrði áfram til tryggingar skuldinni.

Varnaraðili byggir á því að tímabundin yfirfærsla láns milli lánanúmera vegna tölvukerfa gangi ekki framur raunverulegum skuldabréfum, sem eru undirrituð og skjalfest. Rafræn skráning sé einungis til hagkvæmi og gangi ekki framur skrifuðum

samningum aðila. Telur varnaraðili ljóst að það hafi verið markmið aðila, með samningi sínum, að framangreint vörslusafn væri til tryggingar hinu útgefna skuldabréfi. Það hafi verið ósk sóknaraðila og hafi hann skrifað undir skjöl þar að lútandi.

Telur varnaraðili að lánanúmer séu ekki hluti af samningssambandi aðila, enda verði slík númer í flestum tilvikum til í tölvukerfum banka, eftir að viðskiptamaður hefur undirritað lánaskjöl. Verði að horfa til efnis umfram form og horfa til þess um hvað samið var um. Formskráning lána í tölvukerfi raski ekki samningssambandi aðila og gangi ekki framar þeim samningum sem aðilar sömdu um.

VI.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila í málinu lýtur að því hvort varnaraðili njóti handveðs í vörslureikningi sóknaraðila nr. X á grundvelli handveðsyfirlýsingar, dags. 15. október 2007, sem sóknaraðili undirritaði fyrir hönd A og um samþykki veðsala. Umrætt handveð var gefið út til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á CU lánum nr. Y og Z, útgefnum 8. ágúst 2007, ásamt vöxtum, verðbótum, gengismun, dráttarvöxtum, innheimtukostnaði og öðrum kostnaði.

Þann 31. október 2007 urðu skuldaraskipti á lánunum. Í skjölum frá gamla F sem liggja fyrir nefndinni kemur fram að lán Y og Z hafi verið greidd upp með andvirði tveggja lána F númer N og NN til A. Á skjölunum frá gamla F kemur fram að um skuldaraskipti hafi verið að ræða. Nafni A var síðar breytt í B.

Þann 26. nóvember 2007 gaf A út handveðsyfirlýsingu til tryggingar á skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum við gamla F og setti að handveði vörslureikning nr. XX. Svo virðist sem gamli F hafi í lok maí 2008 ógilt þessa handveðsyfirlýsingu.

Síðari hluta árs 2008 kveður sóknaraðili F hafa breytt lánanúmerum aftur í númer þau sem voru á upphaflegu lánunum.

Varnaraðili heldur því fram að vörslureikningur sóknaraðila nr. X standi að handveði til tryggingar skuldum B á grundvelli lánssamninga N og NN, sem bankinn síðar breytti númerunum á í Y og Z. Sóknaraðili mótmælir þessu og krefst þess að öll erlend hlutabréfaeign og erlendir hlutabréfasjóðir sínir verði færðir af vörslureikningi nr. X yfir á vörslureikning sinn nr. XXX hjá varnaraðila.

Fyrir liggur handveðsyfirlýsing, dagsett 15. október 2007, undirrituð af sóknaraðila fyrir hönd A. Einnig undirritar sóknaraðili yfirlýsinguna um samþykki veðsala. Þar setur A vörslureikning nr. X til tryggingar á skuld á grundvelli CU lána nr. Y og Z, útgefnum 8. ágúst 2007 ásamt vöxtum, verðbótum, gengismun, dráttarvöxtum, innheimtukostnaði og öðrum kostnaði. Af umræddri handveðsyfirlýsingu verður ekki ráðið að henni hafi verið ætlað að taka til skulda eða annarra fjárskuldbindinga félagsins. Stendur hún því samkvæmt orðanna hljóðan aðeins til tryggingar skuld á grundvelli CU lána nr. Y og Z.

Það var varnaraðili sem sá um skjalagerð við skuldaraskipti á lánunum og gaf þeim ný lánsnúmer. Verður að telja að varnaraðili verði sjálfur að bera ábyrgð á því að umrædd handveðsyfirlýsing, sem hann útbjó, sé orðuð með þeim hætti að hún taki til lána með ákveðnum lánsnúmerum, en vísi ekki til skuldabréfs sem lá að baki lánunum.

Í tölvupósti frá gamla F frá 5. október 2008 kemur fram að bankinn telur handveðsyfirlýsingar sem skráðar eru hjá honum ekki fullnægjandi og var sóknaraðili beðinn að undirrita nýja handveðsyfirlýsingu, en samkvæmt henni átti

vörslureikningur sóknaraðila nr. X að vera til tryggingar öllum skuldum og fjárskuldbindingum B. Þær skýringar varnaraðila að um hafi verið að ræða tímabundna yfurfærslu láns milli lánanúmer vegna tölvukerfa, eru ekki trúverðugar, enda hefur þá umrædd tímabundin yfurfærsla staðið rúmlega eitt ár og var lánsnúmerunum ekki breytt aftur fyrr en að sóknaraðili hafði neitað að undirrita nýja handveðsyfirlýsingu.

Því verður ekki talið að vörslureikningur sóknaraðila nr. X standi til tryggingar skuld B samkvæmt N og NN. Skiptir þar ekki máli þó að varnaraðili hafi rúmu ári eftir skuldaraskiptin breytt lánanúmerum aftur í lánanúmer þau sem voru á upprunalegri skuld sóknaraðila við gamla F. Aðrar skuldir sóknaraðila virðast ekki tryggðar með veði í vörslureikningi nr. X. Á hann því rétt á að fá erlenda hlutabréfaeign og erlenda hlutabréfasjóði á vörslureikningi nr. X afhent sér eða að þeim verði ráðstafað með hverjum þeim öðrum hætti sem hann kys. Er varnaraðila því skylt að verða við kröfu um færslu tilgreindra hlutabréfa og hlutabréfasjóða inn á vörslureikning sóknaraðila nr. XXX hjá varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðila, F, er skylt að kröfu sóknaraðila, M, að færa alla erlenda hlutabréfaeign og erlenda hlutabréfasjóði á vörslureikningi sóknaraðila nr. X hjá varnaraðila á vörslureikning nr. XXX hjá varnaraðila.

Reykjavík, 12. nóvember 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

Ár 2010, föstudaginn 3. desember 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 16/2010**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 26. apríl 2010 með kvörtun sóknaraðila dagsettri 25. apríl 2010. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. apríl 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 20. maí 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. maí 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Ekki bárust athugasemdir frá sóknaraðila.

Nefndin óskaði eftir frekari gögnum frá sóknaraðila og varnaraðila. Varð varnaraðili við beiðninni, en sóknaraðili sendi nefndinni ekki umbeðin gögn.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 22. október, 5., 12. og 26. nóvember og 3. desember 2010.

II.

Málsatvik.

Þann 10. september 2007 veitti sóknaraðili ásamt eiginkonu sinni veð á þriðja veðrétti í fasteignum þeirra, tveimur nánar tilgreindum spildum og íbúð, samkvæmt tryggingarbréfi nr. A. Fasteignirnar voru veðsettar til tryggingar á skilvísun og skaðlausum greiðslum á öllum skuldum og fjárskuldbindingum X við FF allt að 20 m.kr. Sóknaraðilar kveða X þá hafa verið í 50% eigu sonar þeirra. Tveir aðilar rita undir tryggingabréfið fyrir hönd A, Y og Z.

Sóknaraðili kveður veðleyfið hafa verið veitt í tengslum við 20 milljón króna lán sem X tók hjá FF. Fyrir nefndina hafa ekki verið lögð nein skjöl um lántöku að fjárhæð 20 m.kr., hins vegar liggur fyrir nefndinni skuldabréf í erlendri mynt að fjárhæð 6.100.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar 20% í japönskum jenum, 20% í evrum og 60% í svissneskum frönskum. Er skuldabréfið undirritað af X þann 11. september 2007.

Þann 10. apríl 2008 var undirritaður viðauki við tryggingabréfið sem fól það í sér að tryggingabréfið skyldi framvegis einnig standa til tryggingar öllum skuldum Z. Y undirritar viðaukann fyrir hönd X, en Z undirritar viðaukann sem nýr aðili. Sóknaraðili og eiginkona hans samþykktu viðaukann sem veðsalar.

Ekki liggja fyrir gögn um að farið hafi fram mat á greiðslugetu Z við gerð viðaukans.

Varnaraðili tók yfir réttindi og skyldur FF samkvæmt skuldabréfinu í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 9. október 2008. Af fyrirliggjandi gögnum má ráða að þann 30. desember 2008 og þann 4. september 2009 hafi verið gerðar skilmálabreytingar á lánsamningi X frá 11. september 2007.

Af frásögnum lögmanns sóknaraðila í fylgiskjölum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að snemma árs 2010 hafi legið fyrir að X og Z ættu í greiðsluferfiðleikum.

Þann 8. febrúar 2010 sendi lögmaður sóknaraðila bréf til varnaraðila þar sem fram kemur að sóknaraðili og eiginkona hans telji það bersýnilega ósanngjarnt að varnaraðili byggi rétt á tryggingabréfi sem sóknaraðili og eiginkona hans undirrituðu og að sóknaraðili telji að víkja beri því til hliðar.

Í bréfi varnaraðila til lögmanns sóknaraðila, dags. 3. mars 2010, segir að ágreiningslaust sé að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat af hálfu FF þegar viðauki var gerður við tryggingarbréf A og nýjum aðila, Z bætt inn á bréfið. Því skorti á að reglum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga væri fylgt. Því lýsir varnaraðili sig reiðubúinn í bréfinu til að fella umræddan viðauka niður þannig að eftir standi tryggingabréfið í sinni upphaflegu mynd, til tryggingar skuldum X. Hins vegar hafnar varnaraðili kröfum sóknaraðila um að tryggingabréfið verði fellt niður og því aflýst.

Sóknaraðili svaraði ekki bréfi varnaraðila.

Sóknaraðili skaut málinu til úrskurðarnefndarinnar þann 25. apríl 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Í kvörtun sóknaraðila til nefndarinnar koma ekki fram neinar kröfur eða upplýsingar um yfir hverju er kvartað. Þá kemur hvorki fram í kvörtuninni rökstuðningur fyrir kvörtun né fylgir henni skrá yfir skjöl og gögn sem fylgja kvörtun. Af fylgigögnum með kvörtun virðist mega ráða að sóknaraðili geri kröfu um að tryggingabréfi A verði vikið til hliðar og varnaraðili aflýsi formlega þeirri þinglýstu kvöð sem hvílir á fasteigninni á grundvelli umrædds tryggingarbréfs.

Í gögnum málsins kemur fram að varnaraðili hafi lýst sig reiðubúinn til að fella niður viðauka við framangreint tryggingabréf þar sem nýjum aðila var bætt inn á bréfið. Einnig kemur fram að sóknaraðili hafi ekki svarað þessu boði varnaraðila og í gögnum frá sóknaraðila er ekki tekin afstaða til umrædds boðs varnaraðila.

Í bréfi frá lögmanni sóknaraðila og eiginkonu hans til varnaraðila frá 8. febrúar 2010 kemur fram rökstuðningur fyrir þeim kröfum sem sóknaraðili gerði þá á hendur varnaraðila. Þar segir að helsta ástæðan fyrir því að tryggingabréfið skuli ógilt og kvöðinni aflýst af fasteign sóknaraðila og eiginkonu hans lúti að því hvernig varnaraðili hafi ekki sinnt venjubundinni skyldu sinni til þess að láta fara fram greiðslumat á lántökum sem veðinu var ætlað að tryggja. Varðandi þetta vísar lögmaðurinn til samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 2001, sem varnaraðili sé aðili að. Segir í bréfinu að samkvæmt 3. gr. samkomulagsins sé fjármálafyrirtækjum skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemi hærri fjárhæð en 1.000.000 kr. Því hafi legið fyrir skilyrðislaus skylda á varnaraðila til að framkvæma greiðslumatið og því haldi tryggingarbréfið, sem veitt veð til tryggingar á 20.000.000 kr. í fasteign sóknaraðila og eiginkonu hans, ekki.

Kemur fram í bréfinu að sóknaraðili og eiginkona hans telji að þau geti byggt á reglum líkt og um þriðja manns loforð væri að ræða. Af þeim sökum hafi þau mátt treysta því að brot á reglunum hefðu í för með sér einhverjar réttarverkanir og í þessu tilviki ógildingu tryggingarbréfsins. Einnig kemur fram í bréfinu að sóknaraðili og eiginkona hans telji í raun að þau hafi verið þvinguð til að veita veðleyfi til tryggingar skuldbindingum X við FF í stað Z við FF. Því eigi 3. gr. umrædds samkomulags við í þessu tilviki. Allt bendi til að til lánsins hafi ekki verið stofnað í þágu rekstrar X þar sem það hafi ekki á neinn hátt tengst atvinnurekstri Z.

Í bréfinu bendir lögmaður sóknaraðila og eiginkonu hans einnig á að gera verði miklar kröfur til þeirra sem starfi í bankageiranum, enda séu þeir oft í yfirburðastöðu gagnvart viðsejendum sínum. Verði varnaraðili að bera hallan af þeirri ákvörðun sinni að fylgja ekki þeim vönduðu vinnubrögðum sem hann hafði undirgengist með aðild sinni að samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Með vísan til samkomulagsins og 36. gr. samningalaga sé ábyrgðarskuldbinding sóknaraðila og eiginkonu hans ógildanleg, enda verði að telja bersýnilega ósanngjarnt að varnaraðili geti hagnast á því að reglum sé ekki fylgt, þannig að ábyrgðarmaður eða sá er veiti veð í þágu þriðja aðila sitji í súpunni.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Kröfum sínum um frávísun til stuðnings vísar varnaraðili til e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Bendir varnaraðili á að málskotsblað sóknaraðila sé hvergi nærri útfyllt með fullnægjandi hætti og þar sé þess hvorki getið hvers krafist sé né yfir hverju sé kvartað, heldur látið nægja að vísa í fylgiskjöl. Telur varnaraðili framlagningu slíkra gagna ekki leysa sóknaraðila undan þeirri skyldu að gera skýrlega grein fyrir kröfum sínum og rökstuðningi á málskotseyðublaði.

Til stuðnings varakröfum sínum um að hafna skuli kröfum sóknaraðila vísar varnaraðili til þess að umrætt tryggingabréf, sem varnaraðili telur líklegt að sóknaraðili krefjist ógildingar og aflýsingar á, hafi upphaflega verið gefið út til tryggingar skuldum einkahlutafélagsins X og því hafi bankanum hvorki verið skylt að framkvæma greiðslumat né heimilt að upplýsa sóknaraðila um fjárhagsstöðu félagsins, sbr. 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þá telur varnaraðila að ekkert hafi komið fram sem bendi til annars en að sóknaraðili hafi gengist í ábyrgð með veðsetningu fasteignar sinnar með fúsum og frjálsum vilja og verði hann að bera ábyrgð á þeim gjörðum sínum. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi ekki svarað tilboði sóknaraðila frá 3. mars 2010 um að fella niður viðauka við framangreint tryggingabréf þar sem nýjum aðila var bætt inn á bréfið.

VI.

Niðurstaða.

Þegar sóknaraðili skaut málinu til úrskurðarnefndarinnar fyllti hann ekki út eyðublað um kvörtun til nefndarinnar nema um nafn sitt, kennitölu og heimilisfang og um heiti fjármálafyrirtækis. Í reit þar sem greina á kröfur sóknaraðila segir í eyðublaðinu: „Greina skal skýrlega hvers er krafist, svo sem fjárhæð kröfu, vextir, kostnaður, viðurkenning á réttindum, lausn undan skyldu eða annað sem gæti átt við.“

Þennan reit fyllti sóknaraðili út með orðunum „Sjá fylgiskjöl“. Aðra reiti eyðublaðsins um kvörtun, rökstuðning eða fylgiskjöl fyllti sóknaraðili ekki út. Af fylgiskjöllum má þó ráða hvaða kröfur sóknaraðili gerir á hendur varnaraðila. Virðast kröfur hans vera að tryggingabréfi A verði vikið til hliðar og varnaraðili aflýsi formlega þeirri þinglýstu kvöð sem hvílir á fasteigninni á grundvelli umrædds tryggingabréfs. Hins vegar hefur sóknaraðili ekki tekið afstöðu til boðs varnaraðila um að fella niður viðauka við framangreint tryggingabréf þar sem nýjum aðila var bætt inn á bréfið.

Þó fallast megi á það með varnaraðila að kröfur sóknaraðila séu ekki skýrar verður að telja að þær séu ekki svo óskýrar að það varði frávísun á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, enda má ráða af gögnum málsins og kvörtun sóknaraðila hvaða kröfur hann gerir.

Af fylgigögnum með kvörtun má ráða að sóknaraðili byggji kröfur sínar aðallega á því að varnaraðili hafi ekki sinnt venjubundinni skyldu sinni til þess að láta fara fram greiðslumat á lántökum sem veðinu var ætlað að tryggja, sbr. samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 2001, þar sem kveðið sé á um það að fjármálafyrirtækjum sé skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemi hærrí fjárhæð en 1.000.000 kr.

Í tryggingabréfinu sem gefið var út 10. september 2007 kemur fram með skýrum hætti að útgefandi þess er X. Kemur nafn Z hvergi fyrir í tryggingabréfinu. Í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga segir í 2. gr.: „*Einnig tekur samkomulagið til þess er einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings.*“ Af orðalagi ákvæðisins og heiti samkomulagsins er ljóst að því er einungis ætlað að ná til ábyrgða á skuldum einstaklinga. Tekur það því ekki til ábyrgða á skuldum einkahlutafélags. Verður ekki séð annað en að umrætt tryggingabréf hafi verið skýrt um að það væri gefið út af einkahlutafélagi en ekki einstaklingi og því er ekki hægt að verða við kröfum sóknaraðila um beitingu á umræddu samkomulagi.

Viðauki sá sem gerður var við umrætt tryggingabréf þann 10. apríl 2008 fól það hins vegar í sér að tryggingabréfið skyldi framvegis einnig standa til tryggingar öllum skuldum Z. Er óumdeilt að fyrir gerð viðaukans fór ekki fram mat á greiðslugetu Z. Eins og áður segir kveður 2. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, sem varnaraðili er aðili að, á um það að samkomulagið taki til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings. Því hefði FF borið á grundvelli 3. og 4. gr. samkomulagsins að láta meta greiðslugetu Z og tryggja að sóknaraðili og eiginkona hans gætu kynnt sér niðurstöðu greiðslumatsins áður en þau veittu veð í fasteignum sínum til tryggingar greiðslu á skuldum Z. Því verður að telja að rétt sé að fella niður viðaukann við framangreint tryggingabréf þar sem kveðið var á um að tryggingabréfið standi einnig til tryggingar öllum skuldum Z, eins og varnaraðili hefur boðist til að gera.

Í fylgigögnum með erindi sóknaraðila kemur einnig fram að sóknaraðili og eiginkona hans telji í raun að þau hafi verið þvinguð til að veita veðleyfi til tryggingar skuldbindingum X við FF í stað Z við FF. Því eigi 3. gr. samkomulags við í þessu tilviki.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um annað en að sóknaraðili og eiginkona hans hafi ritað undir tryggingabréfið sem veðsalar af fúsum og frjálsum vilja. Eins og áður segir er tryggingabréfið mjög skýrt um það að útgefandi þess sé einkahlutafélag og kemur nafn sonar þeirra ekki fyrir í bréfinu. Verður því að hafna þessari málsástæðu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, um að tryggingabréfi A verði vikið til hliðar og varnaraðili, F, aflýsi formlega þeirri þinglýstu kvöð sem hvílir á fasteigninni á grundvelli umrædds tryggingarbréfs, er hafnað. Viðauki við framangreint tryggingabréf, frá 10. apríl 2008, þar sem kveðið er á um að tryggingabréfið standi einnig til tryggingar öllum skuldum Z skal felldur niður.

Reykjavík, 3. desember 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2010, föstudaginn 8. október 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Guðlaug Brynja Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 17/2010**:

**M og
N
gegn
Fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 29. apríl 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 5. maí 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 1. júní 2010. Var bréfið sent sóknaraðilum með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. júní 2010, og þeim gefin kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust þann 7. júní 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 2. og 24. september og 1. og 8. október 2010.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðilar tóku húsnæðislán hjá gamla F þann 6. maí 2008. Varnaraðili hefur nú tekið yfir umræddan lánasamning. Lánið var skuldabréfalán að fjárhæð 41.700.000 kr. og var tiltekið að lánið skiptist eftir ákveðnum hlutföllum í evrur, japönsk jen og svissneska franka, en fjárhæð einstakra mynta var ekki tiltekin. Greiða skyldi afborganir af skuldabréfinu á þriggja mánaða fresti. Grunnvextir hvernar myntar á lántökudegi voru tilgreindir í skuldabréfinu. Þá segir í skuldabréfinu að í vexti af höfuðstól skuldarinnar, eins og hann er á hverjum tíma, beri skuldara að greiða breytilega vexti eins og þeir séu ákveðnir af gamla F á hverjum tíma og taki það jafnframt til kjörvaxta hvernar myntar og vaxtaálags. Breytilegir kjörvextir bankans voru á lántökudegi 7,45%, þ.e. grunnkjörvextir 4,95% og vaxtaálag 2,5%. Einnig segir að bankanum sé heimilt að breyta vöxtum á þriggja mánaða fresti til samræmis við þá vexti sem gilda gagnvart nýjum sambærilegum og/eða hliðstæðum lánnum. Þá segir að ákveði bankinn að breyta vaxtaálagi skuldabréfsins verði skuldara tilkynnt um það bréflaga, en vilji skuldari ekki una breytingunni sé honum heimilt að greiða skuldina upp með óbreyttu vaxtaálagi innan mánaðar frá dagsetningu

tilkynningar. Samkvæmt skuldabréfinu ber að greiða vexti eftirá, á sama tíma og afborganir. Þar kemur einnig fram að skuldara sé heimilt að greiða upp skuldina á gjalddögum.

Varnaraðili hefur skuldfært afborganir af umræddu láni auk vaxta af reikningi sóknaraðila N. Byggjast vextirnir á ákvæðum skuldabréfsins. Sóknaraðilar telja að varnaraðili hafi ekki heimild til að innheimta vexti á grundvelli umrædds ákvæðis og sendi þau varnaraðila því bréf, dags. 29. desember 2009, þar sem fram kom sú afstaða þeirra að umrædd skuldfærsla ætti sér ekki stoð í skilmálum skuldabréfsins. Þann 1. mars 2010 skuldfærði varnaraðili afborgun á láninu, ásamt vöxtum, af reikningi sóknaraðila án þess að hafa svarað erindi þeirra. Ítrekuðu sóknaraðilar beiðni sína um svör og þann 14. apríl 2010 barst sóknaraðilum tölvupóstur frá varnaraðila. Þar vísar varnaraðili til dreifibréfs, dags. 25. mars 2010, þar sem upplýst er að hann hafi ákveðið að breyta vaxtaskilmálum umrædds skuldabréfs og annarra sambærilegra skuldabréfa. Sóknaraðilar sendu varnaraðila tölvupóst samdægurs þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvaða heimildum varnaraðili byggði rétt sinn til einhliða breytingar á samningsskilmálum skuldabréfsins. Jafnframt kom fram að sóknaraðilar féllust ekki á breytinguna. Varnaraðili svaraði erindi sóknaraðila með bréfi, dags. 29. apríl 2010. Í bréfinu kemur fram að með skilmálabreytingu sem tók gildi 1. apríl 2010 séu lántaka með skýrum hætti gerð grein fyrir því með hvaða hætti kjörvextir bankans eru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytast. Þá kemur fram í bréfinu að breytingin sé gerð til þess að bregðast við tilmælum Neytendastofu nr. 6/2009. Einnig kemur fram í bréfinu að kjörvextir verði framvegis birtir á heimasíðu bankans og telur bankinn að umrædd skilmálabreyting sé alfarið til hagsbóta fyrir viðskiptavinum og að bankinn telji hana í samræmi við lög og meginreglur neytendaréttar.

III.

Umkvörtunarefni.

Kröfur sóknaraðila eru að viðurkennt verði „að varnaraðila sé bannað að innheimta vexti af húsnæðisláni (skuldabréfi) sóknaraðila dags. 6. maí 2008 og ber númerið X. Þá krefjast sóknaraðilar viðurkenningar á því að varnaraðila sé skylt að endurgreiða þeim þá vexti sem greiddir hafa verið, að viðbættum vöxtum skv. 18. gr. vaxtalaga nr. 38/2001.“

Rökstuðningur sóknaraðila fyrir kröfum þeirra er að Neytendastofa hafi með ákvörðun frá 12. mars 2009, sem staðfest hafi verið af áfrýjunarnefnd neytendamála, komist að þeirri niðurstöðu að varnaraðili hafi brotið gegn ákvæðum 6. og 9. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994 með því að tilgreina ekki með hvaða hætti vextir væru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breyttust. Segja sóknaraðilar að varnaraðili hafi ákveðið að una fyrrgreindri niðurstöðu, sbr. tölvupóst til þeirra og dreifibréf varnaraðila, dags. 25. mars 2010. Af þessu leiði að vaxtaákvæði í umræddu skuldabréfi séu ólögmat og varnaraðila sé því bannað að nota það í viðskiptum sínum við sóknaraðila.

Telja sóknaraðilar að varnaraðili hafi ekki heimild til að breyta samningsskilmálum fyrirbyggjandi skuldabréfs einhliða og hafi sóknaraðilar mótmælt breytingunni. Þegar af þessari ástæðu telja sóknaraðilar að skilmálabreyting varnaraðila hafi ekki gildi að lögum.

Með vísan til framangreinds telja sóknaraðilar að varnaraðila skorti heimild til að innheimta vexti af láni sem þau tóku þann 6. maí 2008 þar sem heimildarákvæði til vaxtaákvörðunar brjóti í bága við lög nr. 121/1994. Þá hafi varnaraðili ekki öðlast rétt

á síðari stigum til að reikna vexti af umræddu láni enda sé einhliða breyting á samningsskilmálum skuldabréfs sóknaraðila óheimil.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði vísað frá nefndinni í heild eða að hluta. Til vara fer varnaraðili fram á að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til niðurstöðu Neytendastofu í ákvörðun nr. 6/2009 þar sem segir: „Í ljósi framangreinds og með vísan til 26. gr. laga um neytendalán, nr. 121/1994, þykir Neytendastofu rétt að banna notkun gamla F á því ákvæði skilmála lánsamninga við neytendur sem kvartað er yfir í máli þessu. Frá birtingu ákvörðunar þessarar skal gamla F því breyta skilmálum sínum í samræmi við ákvæði laga um neytendalán.“

Kveðst varnaraðili hafa breytt skilmálum lána sinna til samræmis við ákvæði laga um neytendalán í kjölfar ákvörðunarinnar og ekki notast við ákvæði um vexti líkt og það sem er í skuldabréfi sóknaraðila frá því að ákvörðun Neytendastofu var birt. Varnaraðili hafi að vísu lækkað vexti lánanna einhliða enda hafi sú breyting verið talin samræmast lögum um neytendalán þar sem hún sé neytendum til hagsbóta.

Varnaraðili styður kröfu sína um frávísun á kröfum sóknaraðila við a-lið 6. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, þar sem fram kemur að nefndin fjalli ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld. Samkvæmt 25. gr. laga um neytendalán, nr. 121/1994 sé það hlutverk Neytendastofu að annast eftirlit með ákvæðum laganna. Neytendastofa hafi fjallað um þau ákvæði laganna sem deilt sé um í málinu og komist að niðurstöðu og geti nefndin því ekki fjallað um ágreining vegna þeirra.

Þá bendir varnaraðili á b-lið 6. gr. samþykktu nefndarinnar þar sem segir að nefndin fjalli ekki un kröfu viðskiptamanns sem ekki verði metin til fjár. Kröfu sóknaraðila um að varnaraðila sé bannað að innheimta vexti af húsnæðisláni sóknaraðila sé ekki hægt að meta til fjár og því verði að vísa henni frá.

Kröfur sínar um að kröfum sóknaraðila verði hafnað byggir varnaraðili á því að það komi hvergi fram í ákvörðun Neytendastofu að varnaraðila sé óheimilt að innheimta vexti af fasteignaláni sem sóknaraðilar tóku þann 6. maí 2008, enda fjalli ákvörðun Neytendastofu einungis um ætlað brot á upplýsingaskyldu varnaraðila við lántaka. Neytendastofa hafi í ákvörðun sinni farið fram á að varnaraðili breytti skilmálum sínum til samræmis við ákvæði laga um neytendalán og varnaraðili hafi orðið við því og breytt umræddum skilmálum. Telur varnaraðili kröfu sóknaraðila um að bannað sé að innheimta vexti af láninu ekki eiga sér neina stoð í lögum, ákvörðun Neytendastofu eða skilmálum lánsins, enda verði ekki séð að sóknaraðilar hafi talið sig vera að taka vaxtalaust lán þegar þau tóku umrætt húsnæðislán árið 2008.

Varnaraðili fer einnig fram á að hafnað verði kröfu sóknaraðila um að varnaraðila sé skylt að endurgreiða þeim vexti sem greiddir hafa verið, enda sé enginn grundvöllur fyrir þessari endurgreiðslukröfu. Skýrt komi fram í lánaskjali því sem sóknaraðilar undirrituðu að skuldabréfið beri vexti og ákvörðun Neytendastofu hafi ekki skert heimild varnaraðila til að innheimta vexti af íbúðarlánum í erlendri mynt. Ákvörðun Neytendastofu nái aðeins til hluta ákvæðis skuldabréfa lána í erlendri mynt um vexti, en ekki hafi verið deilt um það ákvæði skilmálana sem felur í sér að vexti beri að greiða eftir á, á sama tíma og afborganir. Hafi varnaraðila ekki verið bannað að notast við það ákvæði skilmála lánsins. Telur varnaraðili ekki að ætlað brot á upplýsingaskyldu til lántaka geti leitt til þess að vaxtataka á grundvelli lánasamnings

sem gerður var við sóknaraðila teljist ósanngjörn. Því séu ekki efni til að víkja umþrættum ákvæðum skilmála lánsins til hliðar á grundvelli 36. gr. samningalaganna, enda sé ekki orsakasamband á milli ætlaðs brots á upplýsingaskyldu annars vegar og þess að samningur hafi orðið ósanngjarn hins vegar.

VI.

Niðurstaða.

Ágreiningur í máli þessu snýr að því hvort að varnaraðila sé heimilt að innheimta vexti á grundvelli láns tengt gengi erlendra mynta sem sóknaraðilar tóku hjá varnaraðila í maí 2008. Sóknaraðilar gera tvíþættar kröfur í málinu. Annars vegar krefjast þau þess „að varnaraðila sé bannað að innheimta vexti af húsnæðisláni (skuldabréfi) sóknaraðila dags. 6. maí 2008 og ber númerið X.“ Hins vegar krefjast sóknaraðilar „viðurkenningar á því að varnaraðila sé skylt að endurgreiða þeim þá vexti sem greiddir hafa verið, að viðbættum vöxtum skv. 18. gr. vaxtalaga nr. 38/2001.“

Samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins áttu sóknaraðilar greiða breytilega vexti eins og þeir væru ákveðnir af varnaraðila á hverjum tíma og skyldi það taka jafnt til kjörvaxta hvernar myntar og vaxtaálags. Þá var varnaraðila veitt heimild til að breyta vöxtunum á þriggja mánaða fresti til samræmis við þá vexti, sem giltu gagnvart nýjum sambærilegum og/eða hliðstæðum lánnum.

Með úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 6/2009, uppkveðnum 25. september 2009, staðfesti nefndin ákvörðun Neytendastofu, dagsetta 12. mars 2009, um að varnaraðili hefði brotið gegn ákvæðum 6. og 9. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994 með því að tilgreina ekki í skilmálum myntkörfuláns samnings með hvaða hætti vextirnir væru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breyttust. Með úrskurðinum hafði Neytendastofa bannað varnaraðila að notast við eftirgreindan skilmála í lánsamningum við neytendur: „*Í vexti af höfuðstól skuldar þessarar eins og hann er á hverjum tíma, ber skuldara að greiða breytilega vexti eins og þeir eru ákveðnir af gamla F á hverjum tíma og tekur það jafnt til kjörvaxta hvernar myntar og vaxtaálags. Gamla F er heimilt að breyta vöxtum á 3ja mánaða fresti til samræmis við þá vexti sem gilda gagnvart nýjum sambærilegum og/eða hliðstæðum lánnum.*“

Með úrskurði í máli 22/2009, dags. 22. desember 2009, komst úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki að þeirri niðurstöðu að ekki væru efni til annars en að fallast á framangreinda niðurstöðu Neytendastofu og áfrýjunarnefndar neytendamála um gildi framangreinds ákvæðis í skuldabréfum, sem stafa frá varnaraðila. Því telur nefndin að í skuldabréfi því sem mál þetta snýst um og inniheldur sambærilegt ákvæði hafi varnaraðili ekki tilgreint með nægilegum hætti með hvaða hætti vextir af lánnum væru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir gætu breyst. Hafi ákvæði skuldabréfanna að þessu leyti því brotið gegn ákvæðum 6. og 9. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994 og því séu efni til að víkja umræddu ákvæði til hliðar, sbr. 36. gr. og 36. gr. c. laga nr. 7, 1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Að fenginni framangreindri niðurstöðu standa eftir ákvæði skuldabréfsins um þá vexti sem sóknaraðilar skuldbundu sig til að greiða af því láni sem tekið var, enda hefur framangreind niðurstaða ekki áhrif á skyldu til greiðslu vaxta yfirleitt.

Í ljósi þess er hvorki unnt að fallast á kröfur sóknaraðila um að „varnaraðila sé bannað að innheimta vexti af húsnæðisláni (skuldabréfi) sóknaraðila dags. 6. maí 2008 og ber númerið X.“ né kröfur sóknaraðila um viðurkenningu á því „að varnaraðila sé skylt að endurgreiða þeim þá vexti sem greiddir hafa verið, að

viðbættum vöxtum skv. 18. gr. vaxtalaga nr. 38/2001.“ Verður því ekki hjá því komist að hafna kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M og N, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 8. október 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

Ár 2010, föstudaginn 29. október 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 19/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 20. maí 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 19. maí 2008. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. maí 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 20. júní 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 22. júní 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir frá sóknaraðila bárust þann 10. september 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 22. og 29. október 2010.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili gerði gjaldmiðlaskiptasamning við varnaraðila þann 27. febrúar 2008. Samningurinn átti að gilda til 2. mars 2009. Þann dag átti sóknaraðili að greiða varnaraðila 753.975 svissneska franka gegn móttöku á 50.000.000 kr. frá varnaraðila. Samið var um framvirkt gengi 66,315. Sama dag veitti hann varnaraðila handveð í innstæðu nánar tilgreinds reiknings í Netbankanum. Hæfi sóknaraðila til að gera gjaldmiðlaskiptasamning var metið þann 22. febrúar 2008. Á grundvelli þess mats og samskiptum við sóknaraðila taldi varnaraðili hann vel hæfan til að gera framvirkan gjaldmiðlasamning. Sóknaraðili undirritaði skjal sem ber heitið samþykki viðskiptamanns þann 25. febrúar 2008. Þann 27. febrúar 2008 undirritaði sóknaraðili fylgiskjal með samningi um gjaldmiðlaskipti þar sem hann lýsir því yfir að hann geri sér grein fyrir því að gjaldmiðlaskiptasamningurinn fæli í sér töluvert mikla áhættu. Einnig segir í yfirlýsingunni að sóknaraðili geri sér að fullu grein fyrir því að þeir peningar sem hann lagði inn sem tryggingu fyrir samningnum geti tapast að fullu og að hann áskilji sér engan rétt til að eiga kröfu á varnaraðila vegna þessa. Sóknaraðili tók einnig lán í japönskum jenum og svissneskum frönkum þann 25. febrúar 2008. Af gögnum málsins virðist sóknaraðili hafa verið með 12 virk gengistryggð lán hjá varnaraðila.

Í bréfi lögmanns sóknaraðila frá 9. febrúar 2009 kemur fram að sóknaraðili telji umræddan gjaldmiðlaskiptasamning ógildan eða ógildanlegan og að bankanum sé ekki heimilt að ganga að fjármunum á reikningi sem settur var að handveði til

tryggingar réttum efndum. Í bréfi varnaraðila, dags. 23. febrúar 2009, mótmælir varnaraðili þeim skilningi og kemur fram í bréfinu að varnaraðili hyggist gera upp samninginn í samræmi við efni hans þann 1. mars 2009 og ganga þá að hinni handveðsettu fjárhæð til greiðslu inn á samninginn, þar sem fyrirsjáanlegt tap sé á samningnum.

Sóknaraðili lýsti kröfu við slitameðferð varnaraðila, með kröfulýsingu dags. 21. október 2009. Þar gerði hann m.a. kröfu um ógildingu lánsamnings nr. X, gjaldmiðlaskiptasamnings og greiðslu af handveðsreikningi. Slitastjórn varnaraðila hafnaði kröfum sóknaraðila og hefur ágreiningur vegna málsins ekki verið jafnaður.

Sóknaraðili sendi kvörtun til nefndarinnar þann 20. maí 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Krafa sóknaraðila er eftirfarandi: „Ógildingar á gjaldmiðlasamninga sem voru teknir af einstaklingum, með íslensku krónunni, þar sem bankarnir tóku stöðu á móti. Ógildingar á lán í erlendri mynt sem voru veitt til að taka gjaldmiðlasamninga. Ógildingu á handveð reiknings til tryggingar gjaldmiðlasamningunum.“

Sóknaraðili rökstyður kröfu sína með því að varnaraðili hafa hvatt viðskiptavini til að taka gjaldmiðlaskiptasamninga og þá stöðu með krónunni á meðan bankarnir og m.a. starfsmenn varnaraðila hafi tekið stöðu á móti krónunni.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá nefndinni. Til vara krefst varnaraðili þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Aðalkröfu sína byggir varnaraðili á því að kröfur og greinargerð sóknaraðila séu óljósar og með öllu ófullnægjandi. Þá verði kröfur sóknaraðila ekki með beinum hætti metnar til fjár. Einnig séu kröfur sóknaraðila með öllu ósamrýmanlegar. Rökstuðningur sé lítill sem enginn og ekki annað en ósannaðar dylgjur og getgátur. Því teljist málið vart tækt til úrskurðar og beri að vísa því frá nefndinni með vísan til b- og e- liða samþykktar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi lýst kröfu við slitameðferð varnaraðila, með kröfulýsingu dags. 21. október 2009. Þar gerði hann m.a. kröfu um ógildingu lánsamnings nr. X, gjaldmiðlaskiptasamnings og greiðslu af handveðsreikningi. Slitastjórn varnaraðila hafnaði kröfum sóknaraðila og hefur ágreiningur vegna málsins ekki verið jafnaður. Því beri að vísa málinu frá nefndinni með vísan til d-liðar samþykktar nefndarinnar.

Varnaraðili mótmælir harðlega fullyrðingum sóknaraðila um að varnaraðili hafi hvatt viðskiptavini til þess að taka gjaldmiðlaskiptasamninga og taka þá stöðu með íslensku krónunni á meðan bankarnir, m.a. starfsmenn varnaraðila, tóku stöðu á móti íslensku krónunni. Varnaraðili hafi vandað mjög til allrar samningagerðar við sóknaraðila og fullnægt þeim skilyrðum sem fram koma í lögum nr. 108/2007. Því hafi engir annmarkar verið á gjaldmiðlaskiptasamningi milli sóknaraðila og varnaraðila.

VI.

Niðurstaða.

Í málinu gerir sóknaraðili kröfur um: „Ógildingar á gjaldmiðlasamninga sem voru teknir af einstaklingum, með íslensku krónunni, þar sem bankarnir tóku stöðu á móti. Ógildingar á lán í erlendri mynt sem voru veitt til að taka gjaldmiðlasamninga. Ógildingu á handveð reiknings til tryggingar gjaldmiðlasamningunum.“

Í e-lið 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki segir að nefndin fjalli ekki um mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Verður að telja að kröfur sóknaraðila um ógildingu á gjaldmiðlasamningum teknum af einstaklingum, ógildingu á lánum í erlendri mynt sem tekin voru í þeim tilgangi að taka gjaldmiðlaskiptasamninga og ógildingu á handveðsreikningi til tryggingar gjaldmiðlaskiptasamningum séu það óljósar og óskýrar að þær séu ekki tækar til úrskurðar.

Í ljósi framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 29. október 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2010, föstudaginn 5.nóvember 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 20/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 25. maí 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 18. maí 2010. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. maí 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 23. júní 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 28. júní 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust þann 11. júlí 2010. Frekari gagna var óskað frá sóknaraðila og bárust þau 28. október 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 22. og 29. október og 5. nóvember 2010.

II.

Málsatvik.

Með samkomulagi, dags. 27. maí 2009, greiddi A sóknaraðila skuld sína við sóknaraðila. Skuldin var tilkomin vegna sjálfskuldarábyrgðar M á C-skuldabréfi, stíluðu á handhafa en útgefnu af A sem skuldara með sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila og B að fjárhæð 2.000.000 kr. til tíu ára. Í samkomulaginu kemur fram að skuldin sé greidd annars vegar með trévinnumélum í eigu A, en samkvæmt samkomulaginu er áætlað verðmæti trévinnuméllanna 1.200.000 kr., og hins vegar með framsali afreikninga A frá Alliance vegna sölu trygginga. Var áætlað verðmæti þeirrar greiðslu 1.300.000 kr. Í samkomulaginu kom fram að umræddar trévinnuméllar væru í umboðssölu hjá J í Hafnarfirði. Sóknaraðili segir hins vegar að vélarnar hafi verið geymdar í fasteign í eigu D, en það félag hafði afsalað trévinnumélum til A með samkomulagi, dags. 26. ágúst 2008, eftir að gamli F eignaðist Spildu úr landi R sem var í eigu D ásamt fasteignum. Fékk sóknaraðili því vélarnar ekki afhentar við kaupin.

Sóknaraðili kveður A hafa fengið leyfi frá varnaraðila til að geyma vélarnar áfram í umræddu húsnæði, en varnaraðili segir slíkt leyfi ekki hafa verið veitt.

Sóknaraðili kveðst hafa verið kominn með kaupanda að vélunum. Hefur hann lagt fram yfirlýsingu, dags. 28. október 2010, frá G þess efnis að hann hafi ætlað að kaupa umræddar trésmíðavélar af sóknaraðila snemma árs 2009 fyrir 2.200.000 kr.

Vélarnar hafi verið geymdar í húsnæði D á Kjalarnesi og hafi kaupverðið verið miðað við tækjalista sem sóknaraðili hafi lagt fram.

Þegar sóknaraðili ætlaði að ganga frá sölunni á vélunum og afhenda kaupanda þær segir hann að komið hafi í ljós að varnaraðili hafi selt T umrædda fasteign og telji T að umræddar trésmíðavélar hafi fylgt með í kaupunum.

Af gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina má ráða að varnaraðili hafi afsalað T fasteign með fastanúmer Y með afsal dagsettu þann 19. janúar 2009. Í afsalinu er eigninni lýst sem atvinnuhúsnæði sem skilgreint sé sem eldishús fyrir lax/silung en hafi verið nýtt sem trésmíðaverkstæði. Áður, eða þann 3. september 2008, hafði kaupsamningur milli H og T verið undirritaður af hálfu gamla F þar sem T seldi atvinnuhúsnæði að S. Var m.a. greitt fyrir þá eign með eignarhlut í Spildu úr D á Kjalarnesi, fastanúmer Z. Gamli F var afsalshafi Spildu úr D við gerð kaupsamningsins og var gerningurinn því undirritaður af bankanum.

Í málinu liggur einnig fyrir yfirlýsing N, stjórnarmanns T dags. 29. október 2009, þar sem fram kemur að umrædd fasteign hafi verið seld sem trésmíðaverkstæði og hafi allar vélar sem í húsnæðinu voru fylgt með í kaupunum og séu þær því eign T.

Sóknaraðili kvartaði fyrst yfir málinu til varnaraðila 3. desember 2009. Í því bréfi fór hann bauð varnaraðila að skuldajafna verðmæti vélanna og yfirdrætti á myntvultureikningi nr. X. Varnaraðili hafnaði kröfu sóknaraðila um skuldajöfnun með tölvupósti þann 18. janúar 2010. Er afstaða bankans ítrekuð í síðari tölvupóstum.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar þann 25. maí 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að varnaraðili greiði honum tapað sölumandvirði véla, að fjárhæð 2.200.000 kr., auk fullra vaxta, sbr. reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 1. júní 2009 til greiðsludags. Til vara krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að greiða honum 1.200.000 kr. með vöxtum, sbr. reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 1. júní 2009 til greiðsludags.

Sóknaraðili rökstyður kröfur sínar með því að varnaraðili hafi selt T húsnæði og hafi umræddar trévinnuvélar, sem voru í húsnæðinu þegar salan fór fram, fylgt með í kaupunum þar sem annað var ekki tekið fram í samningum. Vísar sóknaraðili til þess að „samkvæmt íslenskum skattalögum og öllum alþjóðlegum stöðlum og hefðum“ fari sala fram við afhendingu þess selda. Því hafi varnaraðili selt T umræddar trésmíðavélar þar sem hann hafi afhent þær með húsnæðinu.

Því telur sóknaraðili að varnaraðila beri að bæta sér það tjón sem hann hafi orðið fyrir vegna þess að hann gat ekki selt umræddar vélar.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Bendir varnaraðili á að hann hafi aldrei haldið því fram að umræddar trésmíðavélar séu eða hafi verið í eigu varnaraðila og hafi öllum samningsaðilum átt að vera það ljóst þegar kaupsamningur var gerður um fasteignina. Beri hvorki kaupsamningurinn né afsalið það með sér að vélarnar hafi átt að fylgja með í kaupunum. Því sé rétt að líta til ákvæða laga nr. 40/2002 um fasteignakaup um fylgifé

fasteigna og hafi umræddar vélar ekki verið fylgifé fasteignarinnar, sem hafi verið skilgreint sem eldihús fyrir lax/silung hjá Landskrá fasteigna.

Þá hafnar varnaraðili því að A hafi gert samning við varnaraðila um geymslu vélanna, enda hafi sóknaraðili ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings. Verði ábyrgð á því að A kaus að taka tækin ekki úr húsi D ekki felld á varnaraðila, heldur beri A alla ábyrgð á því og síðar sóknaraðili.

Varnaraðili bendir einnig á að N, stjórnarmaður T, sem undirritað yfirlýsingu félagsins um kaup á vélunum, hafi hvorki setið í stjórn né varastjórn félagsins þegar kaupsamningur var gerður um Spildu úr R eða þegar eigninni var afsalað til félagsins. Því sé aðkoma hans að sölu fasteignarinnar óljós.

Telur varnaraðili ljóst að trésmíðavélunum hafi aldrei verið ætlað að fylgja Spildu úr R þegar eignin var seld. Þá telur varnaraðili að það hafi verið vanræksla eiganda vélanna að hafa ekki fjarlægt þær úr fasteigninni og það sé því á engan hátt á ábyrgð bankans að núverandi eigandi fasteignarinnar neiti að láta þær af hendi. Allan ágreining um eignarhald vélanna hljóti því sóknaraðili og fyrrsvarsmenn T að þurfa að leysa sín á milli, án atbeina gamla F. Því eigi sóknaraðili enga kröfu á hendur varnaraðila vegna vélanna og sé þess því krafist að bæði aðal og varakröfu sóknaraðila verði hafnað.

VI.

Niðurstaða.

Í málinu krefst sóknaraðili þess aðallega að varnaraðili greiði honum tapað söluandvirði véla, að fjárhæð 2.200.000 kr., auk fullra vaxta, sbr. reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 1. júní 2009 til greiðsludags. Til vara krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að greiða honum 1.200.000 kr. með vöxtum, sbr. reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 1. júní 2009 til greiðsludags. Varnaraðili krefst þess að aðal- og varakröfum sóknaraðila verði hafnað.

Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina má ráða að trévinuvélar þær sem deilt er um í málinu hafi verið í eigu D til 26. ágúst 2008, en þá veitti félagið A með samkomulagi „leyfi til að fara með matsmanni frá J og taka þau tæki og tól út úr húsi R3 og skuldajafnast andvirðið sem greiðsla upp í vanskil.“ Í umræddu samkomulagi er ekki að finna nánari skilgreiningu á þeim „tækjum og tólum“ sem afsöluð eru A, né hefur nefndin fengið lista yfir umrædd tæki. Sóknaraðili tók svo vélar þær, sem hann krefst greiðslu fyrir af varnaraðila í máli þessu, upp í skuld frá A með samkomulagi, sem dagsett er þann 27. maí 2009. Í samkomulaginu segir að A greiði hluta skuldar sinnar við sóknaraðila með „trévinuvélum í eigu A, sem nú eru í umboðssölu hjá J í Hafnarfirði, áætlað verðmæti kr. 1.200.000“. Vélarnar eru ekki skilgreindar nánar í samkomulaginu, né fylgir því listi yfir vélarnar. Sóknaraðili hefur sent nefndinni myndir af ýmsum trésmíðavélum, en þrátt fyrir óskir nefndarinnar, hefur hann ekki lagt fram lista yfir umræddar vélar.

Af framangreindu er ljóst að umræddar vélar hafa aldrei verið í eigu varnaraðila. Sóknaraðili hefur heldur ekki sýnt fram á með óyggjandi hætti að varnaraðili hafi veitt A heimild til að geyma vélarnar í húsnæði á Spildu úr landi R.

Af gögnum málsins er einnig ljóst að meira en fjórum mánuðum áður en sóknaraðili eignaðist umræddar vélar, eða þann 19. janúar 2009, hafði varnaraðili selt T það húsnæði sem vélarnar virðast hafa verið geymdar í. Því var varnaraðili ekki eigandi húsnæðis þess sem sóknaraðili segir vélarnar hafa verið í þegar hann keypti þær. Samkvæmt afsalinu er eigninni lýst þannig að um sé að ræða „atvinnuhúsnæði

fnr. Y, samtals 747 fm. eignin skiptist í 247 fm ósamþykkt íbúðarhúsnæði og 500 fm atvinnuhúsnæði sem skilgreint er sem eldishús fyrir lax/silung en hefur verið nýtt sem trésmíðaverkstæði.“ Ekki hafa verið lögð fyrir nefndina gögn sem sýna fram á að varnaraðili hafi selt umræddar trévinnuvélar með fasteigninni.

Í málinu hefur sóknaraðili hefur hvorki sýnt fram á að varnaraðili hafi verið eigandi að umræddum vélum né að varnaraðili hafi afsalað umræddum vélum með einhverjum hætti. Þá hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á að sala varnaraðila á fasteigninni hafi hindrað sóknaraðili í að ná fram rétti sínum gagnvar seljanda vélanna eða vörsluaðila þeirra. Því verður ekki talið að sóknaraðili eigi kröfur á varnaraðila vegna vélanna. Er kröfum sóknaraðila gegn varnaraðila því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M gegn F er hafnað.

Reykjavík, 5. nóvember 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2011, föstudaginn 29. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 21/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 25. maí 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 21. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. maí 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi, dags. 21. júní 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. júní 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Bárust athugasemdir frá sóknaraðila þann 2. júlí 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 22. október, 5. og 26. nóvember 2010, 28. janúar, 3., 11. 18. mars og 15. og 29. apríl 2011.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili var eigandi hlutdeildarskírteina í peningamarkaðssjóði B, Peningabréf ISK. Tengiliður sóknaraðila í B var C, verðbréfamiðlari og annaðist hann öll viðskipti með fjármálagerninga sóknaraðila.

Sjóðurinn starfaði í samræmi við ákvæði III. kafla A laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30/2003. Varnaraðili F, var rekstrarfélag sjóðsins og var daglegur rekstur og framkvæmdastjórn sjóðsins í höndum þess félags. Varnaraðili var dótturfélag B, en bankinn fór með vörslu og umsjá eigna nefnds fjárfestingarsjóðs, sbr. reglur sjóðsins, og annaðist einnig kaup og sölu hlutdeildarskírteina, sbr. útboðslýsingu. Varnaraðili er nú dótturfélag í eigu nýja B.

Sunnudaginn 5. október 2008 kl. 23.57 óskaði sóknaraðili eftir því við C með tölvupósti að hann innleysti öll hlutdeildarskírteini í sjóðnum og að söluandvirði yrði lagt inn á þar tilgreindan reikning í B. Fékk hann svar frá C í tölvupósti kl. 12:34 þar sem fram kemur að sjóðirnir séu lokaðir þann daginn og að hann geti ekki innleyst fyrir sóknaraðila hlutdeildarskírteini hans í peningamarkaðssjóði. Miðað við dagsgengi hlutdeildarskírteina sem síðast gildi áður en lokað var fyrir innlausn þeirra 6. október 2008 nam eignarhlutur sóknaraðila í sjóðnum 17.187.263 kr.

Að morgni mánudagsins 6. október var haldinn fundur hjá stjórn F þar sem ákveðið var að loka fyrir viðskipti með hlutdeildarskírteini í ýmsum sjóðum, þ.á m. Peningabréfum B ISK. Lauk fundi stjórnarinnar kl. 10.00. Kveður varnaraðili ákvörðun hafa verið tekna á fundinum um frestun innlausna. Sama dag kl. 09.59 sendi Fjármálaeftirlitið F rafpóst þar sem fram kom að stofnunin myndi ekki taka stjórnvaldsákvörðun um frestun innlausnar hlutdeildarskírteina verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og yrði F að meta það hvort það þjónaði hagsmunum skírteinishafa að fresta innlausn á sjóðum félagsins. Væri svo yrði F að senda tilkynningu til stofnunarinnar og auglýsa frestun innlausnar á heimasíðu sinni (heimasíðu B). Með rafpósti kl. 11.04 var Fjármálaeftirlitinu tilkynnt að ákveðið hefði verið að loka tímabundið fyrir viðskipti með áðurgreinda sjóði, þ.m.t. Peningabréf B ISK. Samkvæmt upplýsingum frá varnaraðila birtist tilkynning um tímabundna frestun innlausnar á vef varnaraðila þann 6. október 2008 kl. 12.11. Var ekki opnað fyrir viðskipti með hlutdeildarskírteini umræddan dag.

Hinn 17. október 2008 beindi Fjármálaeftirlitið þeim tilmælum til rekstrarfélaga verðbréfa- og fjárfestingasjóða að grípa til aðgerða sem væru til þess fallnar að peningamarkaðssjóðum félaganna yrði slitið og eigendum hlutdeildarskírteina greiddar út eignir í formi innlána í hlutfalli við eign hvers og eins þannig að jafnræðis yrði gætt.

Í bréfi B til sóknaraðila, dagsettu 28. október 2008, kemur fram að stjórn varnaraðila F hafi tekið ákvörðun um að slíta öllum peningamarkaðssjóðum í rekstri félagsins og fyrir liggi að útgreiðsluhlutfall fyrir Peningabréf B ISK sé 68,8%. Virði hlutar sóknaraðila sé því 11.816.550 kr. og fékk sóknaraðili þá fjárhæð greidda inn á innlánsreikning í B í kjölfarið.

Þann 11. mars 2010 sendi sóknaraðili varnaraðila bréf þar sem þess var krafist að umrætt tjón yrði bætt í ljósi þess að óskað hefði verið eftir innlausn á hlutdeildarskírteinum í sjóðnum áður en tilkynnt var um lokun hans og almenna frestun innlausnar. Varnaraðili hefur ekki svarað erindinu. Sóknaraðili lýsti einnig kröfu vegna sömu fjárhæðar og krafist er hér á hendur B og hefur kröfunni verið hafnað samkvæmt upplýsingum sóknaraðila.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 21. maí 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að varnaraðila verði gert að greiða honum 5.370.713 kr., ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 6. október 2008 til 11. apríl 2010, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt gerir sóknaraðili kröfu um málskostnað fyrir nefndinni.

Um aðild að kröfunni vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi verið rekstrarfélag Peningamarkaðssjóðs B samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði. Hafi varnaraðili séð um daglegan rekstur og framkvæmdastjórn sjóðsins og tekið ákvarðanir um fjárfestingar hans. Hafi félagið gert sérstakan vörslusamning við B, sem nú sé í slitameðferð. Telur sóknaraðili að þó varnaraðili hafi falið B einstök verkefni varðandi sjóðinn þá sé skýrt kveðið á um það í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 30/2003 að slík útvistun hafi engin áhrif á ábyrgð

rekstararfélag, varnaraðila í máli þessu, gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina. Skipti í því sambandi engu máli þótt B kunnir að bera óskipta ábyrgð með varnaraðila.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því að varnaraðila beri að bæta sóknaraðila það tjón sem hann hefur orðið fyrir þar sem hlutdeildarskírteini í sjóðnum Peningabréf ISK voru ekki innleyst í samræmi við skýra sölubeiðni. Til stuðnings kröfu sinni vísar sóknaraðili til 2. mgr. 53. gr. laga nr. 30/2003 og 1. mgr. 10. gr. reglna fyrir Peningabréf B ISK, þar sem kveðið sé á um að viðskipti með hlutdeildarskírteini í Peningabréfum B ISK skuli fara fram samdægurs berist ósk um viðskipti fyrir kl. 16:00. Þar sem sóknaraðili hafi óskað eftir innlausn allra hlutdeildarskírteina sinna kl. 23.57 þann 5. október hafi varnaraðila og/eða vörsluaðila borið að hlutast til um innlausn að morgni þann 6. október, eða a.m.k. þann dag. Varnaraðili hafi ekki tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um tímabundna lokun fyrir viðskipti fyrr en kl. 11.04 þann 6. október og því hafi varnaraðila borið að innleysa hlutdeild sóknaraðila þann 6. október. Ekki stoði fyrir varnaraðila að bera fyrir sig almenna lokun, enda sé skýrt kveðið á um það í 2. mgr. 53. gr. laga nr. 30/2003 að almenn frestun á innlausn hlutdeildarskírteina skuli tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins og skuli auglýst opinberlega. Hafi varnaraðili ekki tilkynnt Fjármálaeftirlitinu né auglýst frestun opinberlega áður en sölubeiðni barst frá sóknaraðila.

Sóknaraðili vísar einnig til 1. mgr. 18. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, en á grundvelli þess ákvæðis hafi varnaraðila borið að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir sóknaraðila, m.a. með tilliti til umbeðinna viðskipta, sbr. einnig 1. mgr. 19. gr. sömu laga. Jafnframt vísar sóknaraðili til 5. gr. laga nr. 108/2007 um að fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi.

Loks vísar sóknaraðili til þess að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 6. október 2008 um að stöðva viðskipti með fjármálagerninga útgefna af tilteknum fjármálafyrirtækjum hafi engin áhrif á réttarstöðu sóknaraðila enda hafi ákvörðun eftirlitsins ekki tekið til hlutdeildarskírteina í Peningabréfum ISK.

Því telur sóknaraðili að varnaraðila beri að bæta honum það tjón sem hann hafi orðið fyrir af þeim sökum að ekki var orðið við beiðni um innlausn hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Telur sóknaraðili einsýnt að varnaraðili hafi valdið sér tjóni sem sé bótaskýlt á grundvelli lagareglna og ólögfesta skaðabótareglna. Kveður sóknaraðili tjónið nema mismun á andvirði peningabréfa þann 6. október 2008 og þeirrar útgreiðslu sem sóknaraðili fékk við slit sjóðsins þann 29. október 2008, alls 5.370.713 kr.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Byggir varnaraðili kröfu sína á því að mikil óvissa hafi verið á fjármálamörkuðum mánudaginn 6. október 2008 og því verið erfitt að verðmeta undirliggjandi eignir sjóða og gæta jafnræðis meðal hlutdeildarskírteinishafa. Hafi F af þeim sökum ákveðið að loka fyrir viðskipti í tilteknum sjóðum. Af því leiði að aldrei hafi verið opnað fyrir viðskipti með hlutdeildarskírteini 6. október 2008, enda hafi frestunin tekið gildi um leið og ákvörðun stjórnar lá fyrir, sem hafi verið fyrir kl. 10.00 mánudaginn 6. október. Hafi ákvörðunin verið tekin á grundvelli 2. mgr. 27. gr. laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30/2003. Þá vísar varnaraðili einnig til

53. gr. laga nr. 30/2003 um frestun innlausn hlutdeildarskírteina. Bendir varnaraðili á að ákvæði laga nr. 30/2003 um innlausn hlutdeildarskírteina byggji á því sjónarmiði að rekstraraðila sjóðs verði skapaðar aðstæður til að tryggja jafnræði hlutdeildarskírteinishafa. Frestuninni sé ætlað að tryggja rétt allra hlutdeildarskírteinishafa og því sé sjóðum kleift að bregðast skjótt við þegar aðstæður á markaði breytast. Verði að skilja umrætt ákvæði þannig að frestun taki gildi um leið og ákvörðun stjórnar liggur fyrir og verði ekki séð að ákvæði um tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins og opinbera auglýsingu fresti réttaráhrifum ákvörðunar um frestun innlausnar hlutdeildarskírteina, enda væri það beinlínis í andstöðu við tilgang ákvæðisins.

Varnaraðili bendir á að umræddum sjóði hafi verið lokað með löglegum og réttum hætti mánudaginn 6. október og hafi engar innlausnir hlutdeildarskírteina átt sér stað eftir lokun sjóðsins föstudaginn 3. október og hafi ekki verið unnt að innleysa hlutdeildarskírteini eftir það tímamark. Því verði að hafna kröfum sóknaraðila.

VI. Niðurstaða.

Í málinu krefst sóknaraðili skaðabóta að fjárhæð 5.370.713 kr., ásamt nánar tilgreindum vöxtum og dráttarvöxtum, úr hendi varnaraðila fyrir tjón sem hann hafi orðið fyrir af þeim sökum að ekki var orðið við beiðni hans um innlausn hlutdeildarskírteina hans í sjóðnum Peningabréf B ISK. Telur sóknaraðili að varnaraðili hafi valdið sér tjóni sem sé bótaskyld á grundvelli lagareglna og ólögfesta skaðabótareglna og nemi tjónið mismun á andvirði peningabréfa hinn 6. október 2008 og þeirrar útgreiðslu sem sóknaraðili fékk við slit sjóðsins hinn 29. október 2008.

Peningabréf B ISK var fjárfestingarsjóður sem rekinn var á grundvelli III. kafla laga nr. 30/2003 af varnaraðila. B var vörsluaðili sjóðsins. Um var að ræða fjárfestingarsjóð, sbr. 1. gr. reglna sjóðsins. Um sjóðinn giltu því m.a. ákvæði III. kafla laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Að morgni 6. október 2008 stöðvaði Fjármálaeftirlitið viðskipti með fjármálagerninga, útgefna af tilteknum hlutafélögum. Sú ákvörðun tók ekki til hlutdeildarskírteina í fjárfestingarsjóðnum sem útgefin voru af varnaraðila. Sama dag kl. 09.59 sendi Fjármálaeftirlitið F rafpóst þar sem fram kom að stofnunin myndi ekki taka stjórnvaldsákvörðun um frestun innlausnar hlutdeildarskírteina verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og yrði F að meta það hvort það þjónaði hagsmunum skírteinishafa að fresta innlausn á sjóðum félagsins. Væri svo yrði F að senda tilkynningu til stofnunarinnar og auglýsa frestun innlausnar á heimasíðu sinni (heimasíðu B).

Varnaraðili tók í framhaldinu ákvörðun um að fresta innlausn hlutdeildarskírteina í greindum sjóði og var ákvörðun um það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu með rafpósti kl. 11.04 hinn 6. október 2008, sbr. áskilnað 3. málsliðar 2. mgr. 53. gr. áðurnefndra laga. Fallast má á að fyrir hendi hafi þá verið sérstakar ástæður sem réttlætt hafi slíka frestun, sbr. 2. mgr. 53. gr. nr. 30/2003 og 2. mgr. 10. gr. reglna sjóðsins.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt að ákvarðanir um frestun innlausnar í málinu hafi verið til samræmis við ákvæði 27. og 53. gr. laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30/2003. Í ákvæðum 27. gr. og 3. mgr. 53. gr. laganna er kveðið á um að frestun á innlausn skuli þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega. Ekki er í lögnum skýrt sérstaklega hvað teljist opinber auglýsing í þessum efnunum og slíkt verður heldur ekki ráðið af athugasemdum við

greinina. Að mati úrskurðarnefndar fullnægir birting tilkynningar á vefsíðu B, sem annaðist m.a. kaup og sölu hlutdeildarskírteina, skilyrðum laganna að þessu leyti. Samkvæmt útskrift af þeirri vefsíðu, sem er meðal gagna í málinu, kemur fram að tilkynning um frestun innlausna, m.a. að því er varðaði Peningabréf B ISK, hafi verið birt klukkan 12:10:21 hinn 6. október 2008. Gögn um birtingu tilkynningar á þeim tíma hafa ekki áður verið lögð fyrir nefndina í sambærilegum málum sem hún hefur fengið til meðferðar, en byggt verður á því hér að um rétta tímasetningu sé að ræða og að frestunin hafi því verið tilkynnt opinberlega á áður nefndum tíma.

Verður hér byggt á því að ofangreind skilyrði þurfi að vera fyrir hendi, þ.e. að frestun sé tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og að hún sé auglýst opinberlega, til þess að ákvörðun um frestun innlausnar taki gildi gagnvart viðskiptavinum varnaraðila, sbr. 27. gr. og 53. gr. laga nr. 30/2003. Er sá skilningur í samræmi við tilmæli Fjármálaeftirlitsins til F frá 6. október 2008 sem liggja fyrir í gögnum málsins. Slík túlkun sækir jafnframt stoð í reglur sjóðsins en þar er skýrt tekið fram í 3. mgr. 10. gr. að frestun skuli þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Þá samrýmist þessi túlkun, þ.e. að ákvörðun taki ekki gildi fyrr en viðskiptavinir eiga þess kost að kynna sér hana, þ.e. við opinbera birtingu, markmiðum um aukna neytendavernd og gagnsæi í fjármálaviðskiptum.

Ágreiningslaust er með aðilum að sóknaraðili hafi óskað eftir innlausn hlutdeildarskírteina í sjóðnum með rafbréfi til tengiliðs síns í B hinn 5. október kl. 23:57. Á greindum tíma hafði stjórn varnaraðila ekki tekið ákvörðun um frestun innlausna hlutdeildarskírteina í nefndum fjárfestingarsjóði. Þá hafði ákvörðun þar að lútandi hvorki verið tilkynnt Fjármálaeftirlitinu eða birt opinberlega. Telur úrskurðarnefndin að eðlilegt hefði verið og í samræmi við góða viðskiptahætti að afgreiða þær beiðnir um innlausnir hlutdeildarskírteina í peningabréfum B ISK sem borist höfðu áður en tilkynning um frestun innlausnar birtist á vef B kl. 12:10:21 hinn 6. október 2008. Er samkvæmt framansögðu álit nefndarinnar það að skylt hafi verið að verða við kröfu sóknaraðila um innlausn hlutdeildarskírteina á næsta bankadegi eftir móttöku viðskiptapöntunar eða eigi síðar en 6. október 2008, sbr. 1. mgr. 10. gr. reglna sjóðsins. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 hvíldi sú skylda á varnaraðila að leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir sóknaraðila, m.a. með tilliti til hraða, svo og að gera ráðstafanir sem miðuðu að sanngjarnri og skjótri framkvæmd fyrir mæla sóknaraðila, sbr. 1. mgr. 18. gr. laganna. Þá var varnaraðila skylt að gera ráðstafanir, sem miðuðu að sanngjarnri og skjótri framkvæmd fyrir mæla sóknaraðila, sbr. 1. mgr. 19. gr. laganna. Breytir það ekki þessari niðurstöðu þó frestun hafi verið tilkynnt opinberlega um hádegisbil hinn 6. október 2008, enda er það mat nefndarinnar að varnaraðila hafi borið að verða við tilmælum þeirra viðskiptavina sem kröfðust innlausnar fyrir það tímamark.

Með hliðsjón af öllu framanrituðu, svo og meginreglu 5. gr. laga nr. 108/2007, 19. gr. laga nr. 30/2003 og 19. gr. laga nr. 161/2002, verður að gera varnaraðila að bæta sóknaraðila það tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim sökum að ekki var orðið við beiðni hans um innlausn hlutdeildarskírteina í Peningabréfum B ISK.

Hvað varðar tölulega kröfu sóknaraðila, er á því byggt af hálfu varnaraðila að hinn 6. október 2008 hafi mikil óvissa ríkt á fjármálamörkuðum og hafi verið erfitt að meta undirliggjandi eignir í sjóðum. Í úrslausnum héraðsdóms Reykjavíkur, t.a.m. í máli E-12977/2009, þar sem einnig var deilt um uppgjör vegna slita á Peningabréfum B ISK, en atvik voru þó að ýmsu leyti frábrugðin, er það jafnframt álit dómsins að erfitt sé að sýna fram á nákvæmt tjón þar eð hæpið sé að innlausnarverð hefði haldist óbreytt frá 6. október 2008. Hins vegar var það niðurstaða dómsins í því máli að

greiðsluskylda varnaraðila væri ekki fyrir hendi og því reyndist ekki nauðsyn til að ákvarða bótafjárhæð. Hér má einnig nefna dóm Hæstaréttar í máli 22/2011 en þar er nokkuð fjallað um þetta atriði, en því máli var vísað frá dómi. Í þessum málum var því ekki tekin afstaða til bótafjárhæðar. Í framangreindum málum reyndi heldur ekki á þá málsástæðu að beiðni um innlausn hefði borist fyrir tilkynningu um lokun sjóða eða frestun innlausnar. Hafa málin því ekki fordæmisgildi að þessu leyti.

Hægt er að fallast á að erfitt sé að gera sér fulla grein fyrir hvað innlausnarverð hlutdeildarskírteina sóknaraðila hefði verið hefði innlausn verið framkvæmd með réttum hætti hinn 6. október 2008. Þó þarf að líta til þess að í málinu liggur fyrir yfirlit yfir verðbréfaeign sóknaraðila hinn 6. október 2008, og verður ekki annað séð en að það yfirlit stafi frá varnaraðila eða B. Samkvæmt því yfirliti er eign sóknaraðila í Peningabréfum B kr. 17.187.263 kr. Þar eð varnaraðili hefur ekki lagt fram aðrar tölur hvað þetta varðar er óhjákvæmilegt að miða við þá tölu við úrlausn málsins.

Með vísan til þessarar niðurstöðu þykir rétt að sóknaraðili verði eins settur og ef innlausn hlutdeildarskírteina hans hefði farið fram í samræmi við beiðni þar um hinn 6. október 2008. Verður varnaraðila því gert að greiða sóknaraðila verðmæti þeirra þann dag að frádregnum innborgunum sem fram fóru 29. sama mánaðar.

Enn fremur þykir rétt að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila vexti samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu, frá 6. október 2008 til 11. apríl 2010, en þann dag var liðinn mánuður frá því sóknaraðili krafði varnaraðila sannanlegu um greiðslu. Jafnframt verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðila dráttarvexti samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Uppkvaðning úrskurðar hefur dregist nokkuð vegna anna nefndarinnar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, F greiði sóknaraðila, M, kr. 17.187.263, ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. sbr. 4 gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 6. október 2008 til 11. apríl 2010, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun að upphæð 11.816.550.

Geir Arnar Marelsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Sérálit

Að morgni 6. október 2008 stöðvaði Fjármálaeftirlitið viðskipti með fjármálagerninga, útgefna af tilteknum hlutafélögum, þar á meðal B. Tók sú ákvörðun ekki til hlutdeildarskírteina í fjárfestingarsjóðnum Peningabréf B ISK. Á stjórnarfundum varnaraðila, sem lauk fyrir kl. 10 sama dag var tekin ákvörðun um að fresta innlausn hlutdeildarskírteina í umræddum sjóði. Var ákvörðunin tilkynnt Fjármálaeftirlitinu með rafpósti kl. 11.04 þann 6. október 2008. Samkvæmt upplýsingum frá varnaraðila birtist tilkynning um frestun tímabundna frestun innlausnar á vef varnaraðila þann 6. október 2008 kl. 12.11. Var ekki opnað fyrir viðskipti með hlutdeildarskírteini umræddan dag.

Í 53. gr. laga nr. 30/2003 er fjallað um innlausn hlutdeildarskírteina fjárfestingarsjóða. Í 1. mgr. kemur fram að hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða séu innlausnarskyld og að um innlausn fjárfestingarsjóða fari samkvæmt reglum sjóðs. Í 2. mgr. segir að fjárfestingarsjóðum sé heimilt samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Skal frestunin vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Verður frestun einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Í 2. mgr. segir jafnframt að frestun á innlausn skuli þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og auglýst opinberlega.

Í 1. mgr. 10. gr. reglna fyrir Peningabréf B ISK segir að fyrir endanlegan gjalddaga sé F skuldbundinn til að innleysa hlutdeildarskírteini að kröfu eiganda á því kaupengi, sem gildir á innlausnardegi í samræmi við ákvæði laga og reglna þar um. Þá segir í málsgreininni að viðskipti með hlutdeildarskírteini í Peningabréfum B ISK skuli fara fram samdægurs berist ósk um viðskipti fyrir kl. 16.00. Í 2. mgr. segir að F hf. sé heimilt undir sérstökum kringumstæðum að fresta innlausn hlutdeildarskírteina og skuli sú frestun vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Ekki megi beita frestun nema sérstakar ástæður og hagsmunir mæli með því. Í ákvæðinu kemur fram að sem dæmi um slík tilvik megi nefna lokun kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði eða sjóðurinn standi frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki sé unnt að mæta þeim nema með sölu eigna sem gæti tekið einhvern tíma.

Í málinu liggur fyrir að sunnudaginn 5. október 2008 kl. 23.57 óskaði sóknaraðili eftir því með tölvupósti til starfsmanns B að hann innleysti öll hlutdeildarskírteini í sjóðnum Peningabréf B ISK. Einnig liggur fyrir að eftir að ekki var opnað fyrir viðskipti í umræddum fjárfestingarsjóð þann 6. október, en stjórn sjóðsins tók ákvörðun um það fyrir kl. 10.00 þann 6. október 2008. Því var aldrei opnað fyrir innlausn hlutdeildarskírteina eftir að umrædd beiðni barst var og voru engar innlausnarbeiðnir sem bárust eftir kl. 16.00 föstudaginn 3. október 2008 afgreiddar.

Tilgangur ákvæða laga um frestun á innlausn er sá að tryggja sem jafnasta stöðu eigenda hlutdeildarskírteina. Í athugasemdum við 2. mgr. 53. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2003 er vísað til þess að sömu sjónarmið gildi og um 27.–28. gr. um innlausnarskyldu í verðbréfasjóðum. Í athugasemdum við 27. gr. frumvarpsins segir að ákvæði um innlausn séu efnislega óbreytt frá 2. og 3. mgr. 19. gr. laga nr. 10/1993. Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 10/1993 sagði svo um þetta ákvæði:

„Komi til frestunar samkvæmt ákvæðinu skal hún vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Ákvæðið er undantekning frá meginreglu frumvarpsins um innlausn að kröfu eigenda hlutdeildarskírteina og ber að túlka þannig að til frestunar

á innlausn geti eingöngu komið mæli sérstakar aðstæður með því með tilliti til hagsmuna eigenda skírteinanna, enda sé verðbréfasjóður ófær um að uppfylla skyldur sínar til innlausnar. Sem dæmi um slík tilvik má nefna lokun kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti verðbréfasjóður staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna sem tekið gæti einhvern tíma. Líta ber á heimildir til frestunar á innlausn sem tímabundnar og skulu samþykktir hafa að geyma nánari ákvæði um slíkar heimildir.“

Þá segir einnig í athugasemdum:

„Loks er í 2. mgr. gert ráð fyrir því að frestun innlausnar hlutdeildarskírteina sé tilkynnt bankaeftirliti og eftirlitsaðilum í þeim ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins þar sem hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðsins hafa verið sett á markað. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega. Í þessu sambandi er höfð hliðsjón af reglum Evrópubandalagsins á þessu sviði og dönskum lögum. Er þessi krafa eðlileg með tilliti til trausts og öryggis verðbréfamarkaðarins í heild og hagsmuna almennings.“

Í frumvarpi efnahags- og viðskiptaráðherra sem lagt var fyrir Alþingi 4. desember 2009 um um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði (þingskjal 295, 259. mál) var lagt til að sett yrðu ný heildarlög, sem kæmu í stað laga nr. 30/2003. Afgreiðslu frumvarpsins var ekki lokið á 138. löggjafarþingi. Þrátt fyrir að frumvarpið hafi ekki orðið að lögum varpar umfjöllun í greinargerð ljósi á túlkun á ákvæðum laga nr. 30/2003 um innlausnarskyldu. Fjallað er um innlausnarskyldu í 27. gr. frumvarpsins. Þar segir í 4. mgr.:

„Frestun á innlausn tekur gildi þegar Fjármálaeftirlitinu berst tilkynning rekstrarfélags þess efnis. Fjármálaeftirlitið skal birta á heimasíðu sinni tilkynningu um frestun innlausna.“

Í athugasemdum við 27. gr. (en sambærilegar tillögur eru lagðar til varðandi innlausn hlutdeildarskírteina fjárfestingasjóða í 58. gr.) segir m.a. í frumvarpinu:

*„...Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, og var tekið efnislega óbreytt upp í frumvarp til gildandi laga nr. 30/2003, sagði um innlausnarskylduna:...“ „Nefndin telur rétt í ljósi þeirra atburða sem dundu yfir íslenskt fjármálalíf haustið 2008 að leggja til nokkrar breytingar á þessari grein. Áréttað er í 2. mgr. 27. gr. að frestun á innlausn skuli ekki standa lengur en nauðsyn krefur. **Jafnframt er lagt til að bætt verði við nýrri málsgrein, 4. mgr., er varðar hvenær frestun á innlausn tekur gildi, þ.e. þegar Fjármálaeftirlitinu berst tilkynning rekstrarfélags þess efnis. Í október 2008 frestuðu rekstrarfélög verðbréfasjóða innlausn á mörgum sjóðum en upp komu álitamál er vörðuðu hvenær frestun á innlausn tók gildi og þykir því rétt að taka af öll tvímæli um það.“***

Í ljósi alls framangreinds verður að telja að það sé ekki skilyrði fyrir því að innlausn taki gildi samkvæmt lögum nr. 30/2003 að Fjármálaeftirlitinu hafi borist tilkynning um það. Því verður að telja að varnaraðili hafi farið að ákvæðum laga nr. 30/2003 og reglna fyrir Peningabréf B ISK þegar ákvörðun var tekin um frestun innlausnar hlutdeildarskírteina í sjóðnum og að sú ákvörðun hafi tekið gildi fyrir kl. 10 þann 6. október 2008, áður en opnað var fyrir innlausn hlutdeildarskírteina.

Samkvæmt upplýsingum varnaraðila var ekki opnað fyrir viðskipti með hlutdeildarskírteini í umræddum sjóði mánudaginn 6. október 2008. Því var síðast opið fyrir viðskipti með hlutdeildarskírteini í sjóðnum föstudaginn 3. október 2008, tveimur dögum áður en að sóknaraðili lagði fram beiðni um sölu. Í ljósi þess verður ekki séð að fyrir liggi hvert innlausnarverð hlutdeildarskírteina hefði verið þann 6. október 2008 ef opnað hefði verið fyrir viðskipti þann dag. Verður ekki talið að hægt

sé að miða við að sóknaraðili hefði fengið sama andvirði fyrir peningabréf sín ef opnað hefði verið fyrir innlausn þeirra þann 6. október og hann hefði fengið hefði hann óskað innlausnar fyrir lokun viðskipta þann 3. október 2008.

Í ljósi framangreinds er ekki hægt að fallast á að varnaraðili sé bótaskyldur gangavart sóknaraðila. Verður því að hafna kröfum sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, um að varnaraðili, F, greiði honum 5.370.713 kr., ásamt vöxtum og dráttarvöxtum er hafnað.

Reykjavík, 29. apríl 2011.

Áslaug Árnadóttir

Oddur Ólason

Ár 2010, föstudaginn 3. desember 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Guðlaug Brynja Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 22/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 2. júní 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 28. maí 2010. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. júní 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 14. júní 2010 með. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. júní 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir frá sóknaraðila bárust þann 2. júlí 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 22. og 29. október, 12. og 26. nóvember og 3. desember 2010.

II.

Málsatvik.

Þann 17. október 1995 gaf sóknaraðili út skuldabréf X að fjárhæð 484.000 kr. til varnaraðila. Tókst A á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldarinnar. Þá gaf sóknaraðili út annað skuldabréf Y til varnaraðila þann 23. október 1995, að fjárhæð 903.000 kr. Tókust B og C á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldarinnar.

Síðari hluta árs 2009 var sóknaraðili kominn í greiðsluferfiðleika og voru m.a. framangreind lán að hluta til í vanskilum. Sóttu varnaraðili og eiginkona hans um greiðsluáðlögun, en drógu síðan þá umsókn til baka og sóttu um sértæka skuldaaðlögun. Var sparisjóður, sem er þeirra aðalviðskiptabanki, umsjónaraðili sértæku skuldaaðlögunarinnar. Gerði sparisjóður ítarlegt greiðslumat fyrir sóknaraðila og eiginkonu hans og gerði tillögur um greiðslu skulda sem samkomulagið nær til. Voru drög að samningi um sértæka skuldaaðlögun fyrir sóknaraðila og konu hans send til annarra kröfuhafa þann 13. janúar 2010. Varnaraðili var meðal kröfuhafa sem fengu drögin send. Þann 8. mars var samningur um sértæka skuldaaðlögun undirritaður. Kemur fram í athugasemdum að varnaraðili hafi ákveðið að ganga frekar á ábyrgðarmenn á sínum lánnum og tilheyri þau því ekki samningnum.

Að sögn sóknaraðila hafði sparisjóðsstjóri varnaraðila samband við ábyrgðarmenn á framangreindum lánnum hjá varnaraðila um miðjan febrúar og bauð þeim að greiða 50% af eftirstöðvum lánanna gegn því að ábyrgð þeirra félli niður. Gengu ábyrgðarmennirnir að tilboði varnaraðila. Gerði A samkomulag við varnaraðila þann 19. febrúar 2010 um að greiða 250.000 kr. inn á eftirstöðvar láns þess sem hann

hafði gengist í sjálfsskuldarábyrgð fyrir, en eftirstöðvar lánsins voru á þeim tíma 642.237 kr. Við greiðsluna féll varnaraðili frá frekari kröfum á hendur A vegna skuldabréfsins. Þann 17. febrúar 2010 gerðu B og C samkomulag við varnaraðila um að greiða 250.000 kr. hvor inn á eftirstöðvar láns þess sem þeir höfðu gengist í sjálfsskuldarábyrgð fyrir, en eftirstöðvar lánsins voru á þeim tíma 1.232.588 kr. Við greiðsluna féll varnaraðili frá frekari kröfum á hendur B og C vegna skuldabréfsins.

Í mars sendi varnaraðili sóknaraðila greiðsluseðla vegna eftirstöðva lánanna og hafa sóknaraðila síðar borist fleiri greiðsluseðlar vegna þeirra.

Sóknaraðili skaut málinu til úrskurðarnefndarinnar þann 2. júní 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst niðurfellingar á eftirstöðvum lána nr. X og Y hjá varnaraðila. Kveður hann eftirstöðvar láns nr. X nema 273.517 kr. þann 21. maí 2010 og séu þrír gjalddagar gjaldfallnir. Þá kveður hann eftirstöðvar láns nr. Y nema 449.174 kr. og séu þar einnig þrír gjalddagar gjaldfallnir.

Rökstyður sóknaraðili kröfu sína með því að varnaraðili hafi brotið samkomulag um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun sem fulltrúar fjármálastofnana skrifuðu undir þann 31. október 2009. Átelur sóknaraðili verklag varnaraðila við vinnslu málsins. Þá telur sóknaraðili að málið hafi verið alltof lengi í meðförum varnaraðila, en um mánuður hafi liðið frá því að sparisjóðsstjórinn fékk öll gögn til sín þar til hann hafði samband við ábyrgðarmenn. Um mánaðarmótin febrúar/mars hafi varnaraðili gefið afsvar við samningnum um sértæka skuldaaðlögun, en aðrir kröfuhafar hafi svarað innan skamms tíma. Fari þetta gegn ákvæðum samkomulagsins, en þar segi að umsjónaraðili skuli leitast við að ljúka afgreiðslubeiðni um sértæka skuldaaðlögun innan þriggja vikna frá því að lántaki hefur lagt fram öll gögn til kröfuhafa.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að málinu verði vísað frá nefndinni.

Kemur fram í erindi varnaraðila að aldrei hafi komið til greina af hálfu varnaraðila að taka þátt í sértækri skuldaaðlögun sóknaraðila. Mikil réttarfarsleg óvissa ríki um mörg atriði í sértækri skuldaaðlögun varðandi t.d. skattgreiðslu af afskrifuðum kröfum, dómur sé fallinn gagnvart ábyrgðaraðilum, almenna mismunun gagnvart skuldurum, ýmis atriði varðandi eignarrétt og jafnræðisreglu stjórnarskrár og fleira.

VI.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila í málinu lýtur að því hvort að varnaraðila hafi verið heimilt að standa utan við sértæka skuldaaðlögun sem aðrir kröfuhafar sóknaraðila samþykktu í mars 2010. Þá telur sóknaraðili að varnaraðila sé ekki heimilt að innheimta eftirstöðvar tveggja skuldabréfa sem gefin voru út 1995, þar sem hann hafi þegar kafið ábyrgðarmenn um greiðslu hluta eftirstöðvanna og fellt niður ábyrgðir þeirra. Krefst sóknaraðili niðurfellingar á eftirstöðvum skuldabréfanna en þær voru þegar kvörtun var send nefndinni 273.517 kr. annars vegar og 449.174 kr. hins vegar.

Þann 31. október 2009 tóku gildi lög, nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Í 2. gr.

laganna er kveðið á um það að í samningi milli kröfuhafa og skuldara um eftirgjöf skulda eða breytingu á skilmálum skuldabréfa og lánessamninga skuli fyrst og fremst horft til þess að laga skuldir að greiðslugetu og eignastöðu viðkomandi einstaklings eða heimilis. Skuli miðað að því að hámarka gagnkvæman ávinning samningsaðila af því að gefa eftir tapaðar kröfur og komast hjá óþarfa kostnaði og óhagræði. Þá er í ákvæðinu heimild fyrir eftirlitsskylda aðila á fjármálamarkaði til að móta með samkomulagi sín á milli samræmdar verklagsreglur um skuldaaðlögun sem gildi tímabundið. Við gildistöku laganna, þann 31. október 2009, gerðu Samtök fjármálafyrirtækja, fyrir hönd aðildarfyrirtækja sinna, Íbúðalánasjóður og Landssamtök lífeyrissjóða, fyrir hönd aðildarsjóða sinna og slitastjórn SPRON með sér tímabundið samkomulag um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga. Skrifaði Guðjón Guðmundsson framkvæmdastjóri undir samkomulagið fyrir hönd Sambands íslenskra sparisjóða. Í viðauka nr. 1 við samkomulagið er listi yfir þá aðila sem falla undir samkomulagið og er varnaraðili þar á meðal.

Í 7. gr. samkomulagsins segir að umsjónaraðili skuli leitast við að ljúka afgreiðslubeiðni um sértæka skuldaaðlögun innan þriggja vikna frá því að lántaki hefur lagt fram öll gögn til kröfuhafa. Ákvæðið felur því ekki í sér skyldu til að ljúka málum er varða sértæka skuldaaðlögun innan ákveðinna tímamarka eða setur viðurlög við því sé farið sé framúr þeim viðmiðunum sem fram koma í samkomulaginu. Verður því ekki talið að varnaraðili hafi brotið framangreint samkomulag um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun með því að svara ekki fyrr en mánuði eftir að öll gögn höfðu borist honum.

Í 7. gr. segir einnig að sértæk skuldaaðlögun komist á þegar hlutaðeigandi kröfuhafar og lántaki hafa undirritað samninginn. Þá segir í greininni að hver kröfuhafi taki ákvörðun um skuldaaðlögun á eigin ábyrgð. Í samkomulaginu er hvergi kveðið á um að óheimilt sé að einn kröfuhafi standi fyrir utan samkomulag um sértæka skuldaaðlögun. Því verður að telja að slíkt sé heimilt, enda var sóknaraðila og öðrum aðilum að samkomulaginu kunnugt um að varnaraðili hygðist standa utan við samkomulagið þegar skrifað var undir það.

A annars vegar og B og C hins vegar tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslum skulda þeirra sem deilt er um í máli þessu. Ekki liggja fyrir gögn um annað en að umræddar sjálfskuldarábyrgðir hafi enn verið í fullu gildi þegar varnaraðili ákvað að ganga að ábyrgðarmönnunum og semja við þá um greiðslu, enda lágu þá fyrir vanefndir af hálfu sóknaraðila.

Við meðferð málsins kallaði nefndin eftir frekari gögnum frá varnaraðila um stöðu skuldabréfanna. Sendi varnaraðili nefndinni umbeðnar upplýsingar. Þá upplýsti varnaraðili í bréfi, dags. 19. nóvember 2010: „... að stjórn Sparisjóðsins samþykkti að afskrifa eftirstöðvar lánanna og var það gert þann 26.10.2010.“ Hins vegar liggur ekki fyrir ákvörðun um að hætta innheimtu eftirstöðva lánanna eða fella eftirstöðvar skulda sóknaraðila niður. Því er ekki unnt að fallast á kröfur sóknaraðila um niðurfellingu á eftirstöðvum skuldanna og verður því að hafna kröfum hans.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 3. desember 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

Ár 2011, föstudaginn 7. janúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Guðlaug Brynja Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 23/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 2. júní 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 28. maí 2010. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. júní 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör frá lögmanni varnaraðila bárust þann 28. júní 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 1. júlí 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust þann 12. júlí 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 8. október og 3. desember 2010 og 7. janúar 2011.

II.

Málsatvik.

Þann 27. júlí 2007 gerði sóknaraðili bílasamning nr. X við varnaraðila vegna leigu á bifreiðinni Y, skráð 11. júlí 2007. Leigutími var frá 27. júlí 2007 til 5. ágúst 2014 og skyldi fjöldi greiðslna vera 84. Kaupverð hins leigða var kr. 5.594.437, innborgun kr. 539.800 og stofngjald kr. 129.606. Samningsverð var kr. 5.184.243. Mánaðarleg leiga miðað við ISK var kr. 75.633. Um vexti segir í samningnum: „Vextir eru óverðtryggðir vextir bílasamninga samkv. ákvörðun F á hverjum tíma. Vextir miðast við myntkörfuna AVI sem er samsett úr EUR 29%, USD 14%, JPY 19% og CHF 38%. Endanleg fjárhæð á myntkörfunni ræðst af útgreiðsludegi samnings.“

Þann 26. apríl 2010 sendi sóknaraðili varnaraðila bréf þar sem hann krafðist þess að lán hans á grundvelli bílasamningsins bæri breytilega vexti sem miðuðust við LIBOR vexti að viðbættu föstu álagi sem miðaðist við mismun á vegnu meðaltali einsmánaða LIBOR vaxta miðað við gengiskörfu þá sem tilgreind var í samningnum á undirritunardegi samningsins og þeim vöxtum sem tilgreindir eru í sama samningi og giltu á undirritunardegi. Þá krafðist hann þess að varnaraðili greiddi honum mismun vaxta sem innheimtir höfðu verið af samningnum og vaxta sem miðast við eins mánaða LIBOR vexti að viðbættu föstu álagi og dráttarvöxtum.

Varnaraðili svaraði ekki erindi sóknaraðila.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 28. maí 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir kröfur um: „að lánið beri breytilega vexti sem miðist við LIBOR vexti að viðbættu föstu álagi sem miðast við mismun á vegnu meðaltali eins mánaða LIBOR vaxta miðað við gengiskörfu þá er tilgreind er í framangreindum bílasamningi [varnaraðila] á undirritunardegi samningsins og þeim vöxtum sem tilgreindir eru í sama samningi og giltu á undirritunardegi.“ Þá gerir sóknaraðili einnig kröfu um: „að [varnaraðili] endurgreiði honum mismun vaxta sem innheimtir hafa verið af framangreindum samningi og vaxta sem miðast við eins mánaða LIBOR vexti að viðbættu föstu álagi samkvæmt framangreindu að viðbættum dráttarvöxtum.“

Rökstuðningur fyrir kröfu sóknaraðila byggir á því að varnaraðili hafi brotið gegn 6., 9. og 15. gr. laga um neytendalán og sé því bótaskyldur gagnvart sér. Því til stuðnings bendir sóknaraðili á að í lánssamningi komi ekkert fram um það hvernig vextir breytist eða við hvað breyting þeirra eigi að miðast, einungis sé kveðið á um að þeir skuli breytast samkvæmt ákvörðun varnaraðila hverju sinni. Í grein 3.4 í almennum skilmálum samningsins komi fram að leigusala sé heimilt að endurreikna leigugjald það sem gengistryggt er samkvæmt breytingum á LIBOR vöxtum. Af því sé einungis hægt að draga þá ályktun að vextir séu breytilegir í hlutfalli við LIBOR vexti. Einnig telur sóknaraðili að breytingar á vöxtum á lánstímanum séu ekki í hlutfalli við breytingar á LIBOR vöxtum. Í því sambandi bendir hann á að veruleg hækkun hafi orðið á vöxtum á tímabilinu 1. janúar – 1. maí 2008 en þá hafi LIBOR vextir í umræddum myntum staðið í stað eða lækkað lítilsháttar. Þá hafi vextir varnaraðila hækkað verulega umfram hækkun LIBOR vaxta í október 2008.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili telur ekki ástæðu til að tefla fram athugasemdum vegna kvörtunar sóknaraðila þar sem að varnaraðili hefur ákveðið á grundvelli dóma Hæstaréttar í málum nr. 153/2010 og 92/2010 að endurreikna bílasamning sóknaraðila án tengsla við gengi erlendra gjaldmiðla, í samræmi við niðurstöðu dóma Hæstaréttar. Þá telur varnaraðili, með sömu rökum, ekki ástæðu til að úrskurðarnefndin fjalli efnislega um kvörtun sóknaraðila.

VI.

Niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um vexti gengistryggðs bílasamnings. Er um að ræða samning sem er hliðstæður samningum þeim sem fjallað er um í dómum Hæstaréttar frá 16. júní 2010 í málum nr. 153/2010 og 92/2010. Í þeim málum komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að bílasamningarnir væru í raun lán í skilningi VI. kafla laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Taldi Hæstiréttur að lög nr. 38/2001 heimiluðu ekki að lán í íslenskum krónum væru verðtryggð með því að binda þau við gengi erlendra gjaldmiðla og að reglur 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 væru ófrávíkjanlegar, sbr. 2. gr. laganna, og yrði því ekki samið um grundvöll verðtryggingar, sem ekki væri stöð fyrir í lögum. Því var talið að ákvæði samningsins um gengisbindingu væru óskuldbindandi. Í dómi Hæstaréttar frá 16. september 2010 í máli nr. 471/2010 var fjallað um það hvaða áhrif það, að ákvæði um gengistryggingu í samningi væru ógild,

hefði á vexti af gengistryggðu láni. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að vaxtakjör þau sem mælt var fyrir um í samningi aðila gætu ekki komið til álita nema í tengslum við gengistryggingu lánsins, sem nú væri ljóst að hefði verið óheimil. Því væru skuldbindingar lántaka að öllu leyti í íslenskum krónum og algerlega óháðar tengingu við hinar erlendu myntir, sem aðilar gengu út frá við gerð sammingsins. Því taldi Hæstiréttur óhjákvæmilegt að ógildi ákvæðisins um gengistryggingu leiddi til þess að líta yrði með öllu framhjá ákvæðum sammingsins um vaxtahæð, en miða þess í stað við 4., sbr. 3. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, en samkvæmt ákvæðinu skyldu vextir í slíkum tilvikum vera jafnháir vöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir eru samkvæmt 10. gr. laganna.

Pá voru samþykktar á Alþingi þann 18. desember 2010 breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu. Í lögnum er m.a. mælt fyrir um það í ákvæði til bráðabirgða X að um uppgjör samninga hliðstæðum samningi þeim sem fjallað er um í máli þessu skuli fara samkvæmt 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu, en þar segir að ef sammingsákvæði um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti teljist ógild skuli peningakrafan bera vexti skv. 1. másl. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu.

Af framangreindu er ljóst að ekki er hægt að verða við kröfum sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum M er hafnað.

Reykjavík, 7. janúar 2011.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

Ár 2011, föstudaginn 14. janúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Guðlaug Brynja Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 24/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 3. júní 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 1. júní 2010. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. júní 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 8. september 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. september 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Ekki bárust athugasemdir frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 7. og 14. janúar 2011.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili kveðst hafa haft af því spurnir í janúar 2010 að nágrannajörðin A kynni að vera í sölumeðferð að kröfu varnaraðila. Hafði sóknaraðili samband við útibússtjóra varnaraðila á B til að kanna hvort sala jarðarinnar væri í bígerð. Fékk hann þau svör að ekkert væri að gerast í málinu og að R bóndi í A væri þinglýstur eigandi jarðarinnar. Af þessu dró sóknaraðili þá ályktun að óþarft væri að aðhafast frekar í málinu þar sem engin breyting væri fyrirsjáanleg á eignarhaldi og búsetu í A.

Um miðjan febrúar 2010 bárust sóknaraðila upplýsingar um að varnaraðili hefði krafist sölumeðferðar á jörðinni og að samþykkt hefði verið tilboð í jörðina frá C í D. Óskaði sóknaraðili þá eftir fundi með útibússtjóra varnaraðila á B þar sem hann óskaði eftir skýringum á því af hverju sóknaraðila hefði ekki verið gert kleift að bjóða í jörðina. Útibússtjórinn sagðist ekkert hafa haft með málið að gera og vísaði á fasteignasalan sem sá um sölu eignarinnar.

Eftir þetta óskaði sóknaraðili eftir fundi með C og gerði honum tilboð um yfirtöku á tilboði hans í jörðina auk greiðslu skaðabóta fyrir að falla frá tilboðinu. Hafnaði hann tilboði sóknaraðila.

Þann 10. maí 2010 sendi sóknaraðili úrskurðarnefndinni erindi varðandi málið. Afrit þess var sent til bankastjóra varnaraðila. Þann 26. maí sendi úrskurðarnefndin sóknaraðila svar þar sem fram kom að til að málið yrði tekið til meðferðar þyrfti að senda nefndinni frekari upplýsingar og greiða málskotsgjald. Undirritað málskotsneyðublað ásamt málskotsgjaldi barst nefndinni 3. júní 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að sala og söluferli jarðarinnar A verði dæmd ógild og að jörðin verði auglýst og seld hæstbjóðanda.

Bendir sóknaraðili á að vegna nálægðar jarðar hans og jarðarinnar A hafi hann hagsmuni af málinu og hafi útibússtjóra varnaraðila á B mátt vera ljós áhugi hans á jörðinni ef um sölu hennar yrði að ræða.

Sóknaraðili segir að ef jörðin hefði verið auglýst hefði hann gert í hana tilboð enda séu umtalsverðir hagsmunir í húfi sem geti ráðið miklu um þróun búsetu í þessum hluta sveitarinnar.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni.

Kröfum sínum til stuðnings vísar varnaraðili til a-liðar 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefndina þar sem fram komi að nefndin taki til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila. Sóknaraðili málsins eigi ekki í samningssambandi við varnaraðila og að auki sé hann ekki aðili að kvörtunarefni málsins og hafi ekki lagt fram umboð eiganda jarðarinnar til málarekstursins. Því telur varnaraðili að kröfur sóknaraðila uppfylli ekki áskilnað a-liðar 3. gr. samþykktanna um að teljast varða viðskiptasamband fjármálafyrirtækis og viðskiptamanns, enda sé samningssamband milli aðila.

Varnaraðili vísar einnig til e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir nefndina sem kveður á um að nefndin fjalli ekki um mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Telur varnaraðili kröfugerð sóknaraðila á engan hátt uppfylla þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt framangreindu ákvæði. Þannig sé krafa sóknaraðila um að „sala og söluferli verði dæmt ógilt og jörðin auglýst og seld hæstbjóðanda“ óljós og ruglingsleg. Þá bendir varnaraðili á að eigandi jarðarinnar hafi sjálfur selt eign sína. Það hafi vissulega verið gert að tilmælum varnaraðila, en eigandi hafi sjálfur haft allar formlegar eignarheimildir þegar ákvörðunin var tekin og hafi bankinn því ekki tók á að ógilda sölumeðferðina.

Loks vísar varnaraðili til b-liðar 6. gr. samþykktanna þar sem fram kemur að nefndin fjalli ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verði metin til fjár, en varnaraðili bendir á að ekki verði séð að sóknaraðili hafi fjárhagslegra hagsmuna að gæta við úrlausn málsins.

VI.

Niðurstaða.

Í 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 8. júní 2000 er fjallað um starfssvið nefndarinnar. Samkvæmt greininni geta viðskiptamenn fjármálafyrirtækja sem eiga aðild að nefndinni snúið sér til nefndarinnar með kvartanir vegna viðskipta við þau. Samkvæmt a-lið greinarinnar tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining á milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila.

Í máli þessu krefst sóknaraðili þess að sala og sölufurli jarðarinnar A verði dæmd ógild og að jörðin verði auglýst og seld hæstbjóðanda. Sóknaraðili, sem er eigandi jarðar í nágrenni A, kom ekki að sölu á jörðinni og er hann ekki í samningssambandi við varnaraðila. Varnaraðili var heldur ekki beinn aðili að sölnunni. Því fellur það utan starfssviðs nefndarinnar að fjalla um framangreint mál og er því óhjákvæmilegt þegar af þeirri ástæðu að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 14. janúar 2011.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

Ár 2010, mánudaginn 13. desember 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 25/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 10. júní 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 9. júní 2010. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. júní 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 22. júní 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 5. júlí 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust þann 7. júlí 2010. Frekari gögn bárust bæði frá sóknar- og varnaraðila að beiðni nefndarinnar.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 2. september, 5., 12. og 26 nóvember og 13. desember 2010.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili átti félagið A ásamt eiginkonu sinni N. Sóknaraðili átti einnig félagið B. Gamli F fjármagnaði rekstur og fjárfestingar A. Tryggingar vegna viðskiptanna voru í fasteignum og hlutabréfum, en einnig voru sóknaraðili, eiginkona hans og faðir í miklum sjálfskuldar ábyrgðum. Þann 9. janúar 2003 var gert árangurslaust fjárnám hjá B og þann 28. apríl 2003 var félagið gjaldþrota. Þann 13. desember 2004 var gert árangurslaust fjárnám hjá A Þann 28. febrúar 2005 var félagið gjaldþrota. Félögin höfðu bæði verið í umtalsverðri skuld við gamla F. Samkvæmt upplýsingum varnaraðila voru skuldir A við gamla F þann 1. janúar 2004 123.132.798 kr. og skuldir B 49.767.227 kr. á sama tíma.

Þann 22. mars 2001 gaf A út tryggingabréf þar sem tvær fasteignir að R voru veðsettar til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum félagsins að fjárhæð allt að 20 milljónum króna. Sóknaraðili og eiginkona hans voru þá þinglýstir eigendur fasteignanna og undirrita þau tryggingabréfi sem slíkir. Þann 9. október sama ár er tryggingabréfið áritað um að fasteignirnar að R séu leystar úr veðböndum og að tekið sé veð í T. Þann 10. janúar 2003 var tryggingabréfið áritað um að fasteignin T væri leyst úr veðböndum en tekið veð í S. Sóknaraðili og eiginkona hans voru þinglýstir eigendur að umræddri fasteign við S.

Við sölu S voru þann 21. janúar 2004 lagðar inn á reikning bankans nr. X 29.347.900 kr. frá fasteignasölnunni Fasteignamarkaðnum, sem annaðist söluna. Af upphæðinni voru 9.473.672 kr. greiddar inn á reikning B, 13.156.063 kr. var varið til greiðslu skulda sóknaraðila, m.a. íbúðalán sem hvíldi á eigninni, 218.165 fóru inn á tékkareikning A og 2 x 3.250.000 kr. voru greiddar inn á tvö lán A nr. Y og Z sem voru að eftirstöðvum 19.184.929 kr. Þegar þau voru afskrifuð 31. mars 2005.

Sóknaraðili kveðst frá árinu 2004 hafa reynt að fá upplýsingar um ráðstöfun gamla F á fjármunum vegna sölu S, en án árangurs þar til umboðsmaður viðskiptavina tók til starfa hjá bankanum. Þá hafi hann fengið upplýsingar sem liggi til grundvalla kröfum sem hann hafi gert á hendur varnaraðila. Varnaraðili hafnaði kröfum þeim sem sóknaraðili hefur uppi í máli þessu þann 19. janúar 2010. Þann 4. júní 2010 lýsti sóknaraðili yfir skuldajöfnun á eftirstöðvum skuldabréfs nr. V að upphæð 5.563.091 kr. á móti kröfum hans á hendur varnaraðila að fjárhæð 9.473.672 kr. ásamt áföllnum dráttarvöxtum og kostnaði frá 21. janúar 2004, samtals 34.343.192 kr.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar þann 9. júní 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Krafa sóknaraðila í málinu er: „*Endurgreiðsla á kr. 9.473.672 ásamt með áföllnum dráttarvöxtum og kostnaði frá 21. janúar 2004, samtals kr. 34.343.192 að frádreginni skuldajöfnun á skuldabréfi í bankanum frá þessum sama tíma að upphæð kr. 5.563.091. Heildarkrafan er því kr. 28.780.101.*“

Sóknaraðili rökstyður kvörtun sína með því að gamla F hafi ekki verið heimilt að ráðstafa fjármunum, vegna sölu á íbúðarhúsnæði sóknaraðila að S á árinu 2004, að eigin geðþótta, þar sem þær skuldir sem tryggingabréfið stóð til tryggingar á hafi verið greiddar upp. Umrætt tryggingabréf hafi upphaflega verið á fasteigninni T og þegar sú eign hafi verið seld hafi allar skuldir sem tryggingabréfið var til tryggingar á verið greiddar upp og hafi tryggingabréfið verið flutt á heimili sóknaraðila til að „geyma“ kostnað við þinglýsingu. Kveður sóknaraðili gamla F hafa á þeim tíma aflétt bréfinu enda fengið allar sínar kröfur greiddar við sölu á fasteigninni T.

Sóknaraðili kveður varnaraðila vera aðila að málinu þrátt fyrir að gerðir þær sem um er deilt hafi verið framkvæmdar af gamla F en ekki varnaraðila. Vísar hann um það til dóms héraðsdóms Reykjavíkur frá 7. apríl og ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins frá U um ráðstöfun eigna og skulda gamla F.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði vísað frá.

Rökstyður varnaraðili kröfu um frávísun með því að atvik þau sem sóknaraðili byggir á hafi orðið í gamla F fyrir ríflega sex árum og geti varnaraðili ekki borið ábyrgð á því.

Þá telur varnaraðili að sóknaraðili geti ekki gert endurgreiðslukröfuna þar sem hann skorti til þess lögvarða hagsmuni. Kveður varnaraðili sóknaraðila ekki gera neinn greinarmun á skuldbindingum félaganna og persónulegum skuldum og megi glöggt greina það á skuldajafnaðarkröfu hans. Þá telur varnaraðili að það geti einungis verið í höndum þrotabús A sem heyri undir skiptastjóra búsins að gera þessa kröfu, sbr. heimild til endurupptöku gjaldþrotaskipta í 164. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Því ætti úrskurðarnefndin að vísa málinu frá.

VI.
Niðurstaða.

Í málinu krefst sóknaraðili endurgreiðslu vegna ráðstöfunar gamla F á fjármunum sem lagðir voru inn á reikning bankans vegna sölu fasteignarinnar S á árinu 2004. Varnaraðili krefst þess að málinu verði vísað frá.

Sóknaraðili beinir kröfum sínum gegn F, en F var stofnaður þann eftir að Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar í gamla F og skipaði skilanefnd yfir bankanum í október 2008. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá U var nánar tilgreindum eignum og skuldum gamla F ráðstafað til F. Samkvæmt 5. tölul. ákvörðunar FME tók F (þá FF) við starfsemi sem gamli F hafði haft með höndum og tengdist hinum framseldu eignum kl. 9:00 þann U. Markmið ákvörðunarinnar var að tryggja áframhaldandi þjónustu við viðskiptavini bankans.

Krafa sóknaraðila lýtur að gerðum gamla F á árinu 2004. Þegar metið er hvort að slík krafa hafi flust frá gamla F til F með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þarf í fyrsta lagi að kanna hvað kemur fram í ákvörðuninni. Í öðru lagi þarf að tilgang aðgerðarinnar og þeirra laga sem hún var byggð á.

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá U er kveðið á um framsal á tilteknum, nánar tilgreindum, réttindum og skyldum gamla F til F. Verður ekki ráðið af ákvörðuninni að hún feli í sér almennt framsal kröfuréttinda. Því verður að telja að kröfur vegna ráðstöfunar gamla F á fjármunum vegna sölu á fasteign á árinu 2004 hafi ekki verið fluttar yfir til varnaraðila með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá U um ráðstöfun eigna og skulda gamla F. Því ber varnaraðili, F, ekki ábyrgð á kröfum þeim sem sóknaraðili hefur uppi í málinu og verður því ekki fallist á kröfur hans.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F er hafnað.

Reykjavík, 13. desember 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2010, föstudaginn 13. desember 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 27/2010**:

**M og
N
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 30. júní 2010 með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 24. júní 2010. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 1. júlí 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 30. júlí 2010. Var bréfið sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. ágúst 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir lögmanns sóknaraðila bárust þann 19. ágúst 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 5., 12. og 26. nóvember og 3. og 13. desember 2010.

II.

Málsatvik.

Þann 17. október 2007 gaf A ehf. út tryggingabréf nr. X til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum félagsins við GF allt að 30.500.000 kr. Með tryggingabréfinu var GF veðsett, á 1. veðrétti, fasteign sóknaraðila í Reykjavík. Tryggingabréfið er undirritað af stjórnarmanni í A fyrir hönd útgefanda. Sóknaraðilar undirrituðu jafnframt tryggingabréfið sem veðsalar.

Varnaraðili tók yfir réttindi og skyldur GF samkvæmt tryggingabréfinu í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 9. október 2008.

Þann 21. desember 2009 sendi lögmaður sóknaraðila, fyrir þeirra hönd, bréf til varnaraðila þar sem þess var krafist að aflétt yrði veðsetningu á húseign þeirra við samkvæmt tryggingabréfi nr. X. Með bréfinu fylgdi yfirlýsing sóknaraðila, dags. 18. desember 2009, þar sem sóknaraðilar segja upp ábyrgð sinni samkvæmt framangreindu tryggingabréfi.

Varnaraðili svaraði bréfinu þann 13. janúar 2010. Í bréfi varnaraðila kemur fram að einhliða uppsögn veðsala á ábyrgð samkvæmt tryggingabréfi sé ekki gild, enda standi skilmálar tryggingabréfsins ekki til þess að slíkri uppsögn verði komið við. Þá hafnaði varnaraðili þeirri kröfu sóknaraðila um að veðsetningunni yrði aflétt.

Með bréfi, dags. 19. janúar 2010, krafðist lögmaður sóknaraðila þess að varnaraðili léti sóknaraðilum í té afrit af þeim innanhúsreglum eða leiðbeiningarreglum bankans sem giltu um gerð slíkra ábyrgðarskuldbindinga og afrit af greiðslumati, hafi það farið fram, og aðrar upplýsingar um hvernig staðið hafi verið að gerð umrædds veðgernings.

Í svari varnaraðila frá 12. febrúar 2010 er afstaða varnaraðila til krafna sóknaraðila ítrekuð. Þá segir að verklagsreglur varnaraðila er varða ábyrgðir vegna veittra lána séu byggðar á samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og séu samhljóða samkomulaginu þegar um ábyrgðir vegna útlána til einstaklinga sé að ræða.

Með bréfi, dags. 16. mars 2010, óskaði lögmaður sóknaraðila eftir því að fá upplýsingar um heildarfjárhæð þeirra fjárskuldbindinga sem tryggðar eru með framangreindu tryggingabréfi. Þann 24. apríl var beiðnin ítrekuð og fylgdi þá með bréfinu skjal undirritað af stjórnarmanni fyrir hönd A ehf. þar sem hann heimilar varnaraðila að veita sóknaraðilum og lögmanni þeirra upplýsingar um veðsetningu fasteignarinnar og öll viðskipti sem tengdust umræddri veðsetningu.

Með tölvupósti frá 3. maí 2010 sendi varnaraðili lögmanni sóknaraðila umbeðnar upplýsingar.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar þann 24. júní 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess aðallega að veðsetning húseignar sóknaraðila samkvæmt tryggingabréfi nr. X, dags. 17. október 2007 að fjárhæð allt að 30.500.000 kr. verði metin ógild og að veðinu verði létt af fasteign sóknaraðila í Reykjavík.

Til vara krefjast sóknaraðilar viðurkenningar á uppsögn þeirra á ábyrgðarskuldbindingu sinni samkvæmt tryggingabréfinu, sem send var varnaraðila með bréfi, dags. 21. desember 2009.

Sóknaraðilar rökstyðja kröfur sínar með því að óskýrir skilmálar tryggingabréfsins og aðstæður allar séu þannig að þrátt fyrir að útgefandi tryggingabréfsins sé A ehf. beri eigi að síður að beita ákvæðum um samkomulag um ábyrgðarskuldbindingar einstaklinga og/eða 36. gr. samningalaga til að láta ógilda samningsskilmála og þannig aflétta veði af húseign sóknaraðila.

Benda sóknaraðilar á að í hinum stöðluðu skilmálum tryggingabréfsins vísi bankinn sjálfur til samkomulags um skuldir einstaklinga. Þrátt fyrir þetta orðalag hafi bankinn hafnað því að samkomulagið eigi við. Hafi varnaraðili sérþekkingu á þessu sviði og hafi hann útbúið hina stöðluðu skilmála og eigi að bera hallan af því að skilmálar tryggingabréfsins séu óskýrir að þessu leyti.

Sóknaraðilar telja að beita hefði átt samkomulagi um ábyrgðarskuldbindingar einstaklinga vegna umrædds tryggingabréfs þar sem að allt hafi bent til að um væri að ræða ábyrgð vegna persónulegra skuldbindinga stjórnarmanns í A ehf, en ekki skuldbinda félags í hans eigu. Sóknaraðilar hafi verið 84 ára og 91 árs þegar þau undirrituðu tryggingabréfið sem veðsalar. Kveður lögmaður sóknaraðila þau ekki hafa gert sér grein fyrir eðli tryggingabréfsins og talið að þau væru að veita veð vegna persónulegra skuldbindinga stjórnarmannsins sem er barnabarn þeirra. A ehf. hafi ekki haft neinn eiginlegan atvinnurekstur með höndum heldur sé fyrirtækið skráð sem eignarhaldsfélag. Hafi félagið aldrei átt neitt, nema um stundarsakir haldið utan um persónulegar fjárfestingar stjórnarmannsins, sem var eini eigandi þess.

Sóknaraðilar telja á mælisvert að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat vegna útgáfu tryggingabréfsins. Eini eigandi félagsins hafi á þeim tíma og sé enn í vanskilum við bankann. Félagið sjálft hafi verið eignalaust og skuldað 6,3 m.kr. Hafi bankanum því mátt vera ljóst að hvorki stjórnarmaðurinn/barnabarnið né A ehf. hefðu staðist greiðslumat hefði slíkt mat verið framkvæmt. Því hafi allri áhættunni verið velt yfir á sóknaraðila sem nú hafi fengið tilkynningu um greiðslufall vegna kröfu sem tryggingabréfið stendur til tryggingar á og er rúmar 16 m.kr., en aðrar kröfur varnaraðila á hendur Magant ehf. er skuldabréf að fjárhæð 8,7 m.kr.

Sóknaraðilar telja að bankinn hafi í reynd fengið þau til að taka ábyrgð á einkaskuldbindingum stjórnarmannsins/barnabarnsins án þess að beita ákvæðum samkomulags um ábyrgðarskuldbindingar einstaklinga. Beri þetta vott um afar óeðlilega og óréttmæta viðskiptahætti af hálfu bankans, ekki síst þegar lítið sé til hás aldurs sóknaraðila. Andvirði yfirdráttarláns sem bankinn veitti hafi verið notað til að kaupa hlut í félagi, sem síðar mun hafa verið færður yfir á nafn stjórnarmannsins/barnabarnsins. Hafi þetta verið gert samkvæmt ráðleggingum bankans og telja sóknaraðilar að ætlunin hafi verið að sniðganga samkomulag um ábyrgðarskuldbindingar einstaklinga. Í ljós þess og skilmála tryggingabréfsins telja sóknaraðilar að með vísan til 36. gr. samningalaga beri að ógilda ábyrgðarskuldbindingu þeirra samkvæmt tryggingabréfinu og aflétta þegar veðinu af húseign þeirra.

Sóknaraðilar telja að sá starfsmaður bankans sem hafi afgreitt lánið væri í vinskap við eiganda A ehf. og megi rekja ástæður fyrir því að reglur hafi verið brotnar til þess. Sóknaraðilar kveðast þó ekki vera í aðstöðu til að kanna málið frekar.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að bæði aðal- og varakröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili hafnar því með öllu að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi gilt um útgáfu tryggingabréfs nr. X. Tryggingabréfið hafi verið útgefið af einkahlutafélaginu A, og standi til tryggingar skuldbindingum þess. Þegar af þeim sökum sé ljóst að samkomulagið nái ekki samkvæmt efni sínu til tryggingabréfsins, sbr. nafn samkomulagsins og 2. gr. þess. Þá vísar varnaraðili til fyrri úrskurða úrskurðarnefndarinnar, sérstaklega í máli nr. 21/2004. Þar sem framangreint samkomulag gildi ekki um tryggingabréfið telur varnaraðili einsýnt að ekki verði byggt á því að reglur samkomulagsins hafi verið brotnar við útgáfu bréfsins.

Þá bendir varnaraðili á að við útgáfu bréfsins í október 2007 hafi ekki gilt neinar reglur um gerð greiðslumats við útlán til lögaðila. Þá komi ákvæði 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki í veg fyrir að upplýsingar um fjárhagsstöðu viðskiptavina verði veittar ábyrgðarmönnum án sérstaks skriflegs samþykkis viðkomandi aðila. Því hafi F hvorki verið heimilt né skylt að upplýsa sóknaraðila um fjárhagsstöðu A ehf. þegar þeir heimiluðu veðsetningu fasteignar sinnar til tryggingar skuldum félagsins.

Varnaraðili vísar því alfarið á bug að skilmálar umrædds tryggingabréfs séu óskýrir og ósanngjarnir. Hafnar varnaraðili því að 10. gr. tryggingabréfsins gefi til kynna að samkomulagið gildi um það og að bankanum hafi borið að fara að reglum þess, en texti ákvæðisins geti með engu móti falið í sér að samkomulagið gildi um tryggingabréfið, enda hljóti slíkt að ráðast af því hvort bréfið stendur til tryggingar skuldum einstaklings eða lögaðila. Þá komi hvergi fram að samkomulagið gildi um

Þetta tiltekna tryggingabréf, enda sé það tilgreint skýrlega að A ehf. sé útgefandi bréfsins og nafn stjórnarmanns/barnabarns sé hvergi að finna á bréfinu. Því hafnar varnaraðili því alfarið að tryggingabréfið hafi verið óskýrt að því er varðar skilmála og útgefanda bréfsins og því brjóti skilmálar þess ekki í bága við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Varnaraðili hafnar því að tryggingabréfinu hafi raunverulega verið ætlað að tryggja skuldir stjórnarmanns/barnabarns sjálfs og vísar um það til gagna málsins, þar sem m.a. kemur fram að viðskiptavinur sé félag í eigu stjórnarmannsins/barnabarnsins. Það að félagið hafi haft lítinn sem engan rekstur leiði ekki til þess að tryggingabréfinu hafi verið ætlað að tryggja skuldir persónulega, enda algengt að eignarhaldsfélög stundi enga aðra starfsemi en fjárfestingar sem framkvæmdar eru utan atvinnurekstrar.

Varnaraðili bendir á að hvergi í gögnum málsins komi fram að bankinn hafi ráðlagt stjórnarmanninum að kaupa hlut í félagi í nafni A ehf. og færa svo á eigin nafn eins og sóknaraðilar halda fram. Ekki sé hægt að leggja staðhæfinga af þessu tagi til grundvallar nema hún sé sannreynd með einhverjum hætti. Hafnar varnaraðili því alfarið að ætlunin hafi verið að sniðganga ákvæði samkomulagsins enda séu áskanirnar úr lausu lofti gripnar.

Þá telur varnaraðili vandséð hvernig meintur kunningskapur stjórnarmannsins/barnabarnsins og starfsmanns bankans hefði átt að hafa áhrif á afgreiðslu málsins líkt og sóknaraðilar halda fram, enda hafi engar reglur verið brotnar við útgáfu tryggingabréfsins.

Að því er varakröfu sóknaraðila varðar bendir varnaraðili á að skilmálar tryggingabréfsins standi ekki til þess að slíkri einhliða uppsögn verði komið við.

Á grundvelli framangreinds krefst varnaraðili þess að aðal- og varakröfu sóknaraðila verði hafnað.

VI.

Niðurstaða.

Í málinu krefjast sóknaraðilar þess aðallega að veðsetning húseignar þeirra samkvæmt tryggingabréfi nr. X, dags. 17. október 2007 að fjárhæð allt að 30.500.000 kr. verði metin ógild og að veðinu verði létt af fasteign sóknaraðila í Reykjavík. Til vara krefjast sóknaraðilar viðurkenningar á uppsögn þeirra á ábyrgðarskuldbindingu sinni samkvæmt tryggingabréfinu, sem send var varnaraðila með bréfi, dags. 21. desember 2009.

Sóknaraðilar byggja aðalkröfu sína aðallega á því að skilmálar tryggingabréfsins og aðstæður allar hafi verið þannig að beita eigi ákvæðum um samkomulag um ábyrgðarskuldbindingar einstaklinga og/eða 36. gr. samningalaga til að láta ógilda samningsskilmála og aflétta veði af húseign sóknaraðila.

Í tryggingabréfi því sem deilt er um í málinu kemur fram með skýrum hætti að útgefandi þess er A ehf. Kemur nafn stjórnarmanns/barnabarns hvergi fyrir í tryggingabréfinu. Þá verður ekki talið að ákvæði í 10. lið tryggingabréfsins um að F sé aðili að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga leiði til þess að sóknaraðilar geti dregið þá ályktun að samkomulagið gildi um viðkomandi tryggingabréf þó það sé gefið út af fyrirtæki. Því verður ekki séð annað en að umrætt tryggingabréf hafi verið skýrt um að það væri gefið út af einkahlutafélagi en ekki einstaklingi. Í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga segir í 2. gr.:

„Einnig tekur samkomulagið til þess er einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings.“

Af orðalagi ákvæðisins og heiti samkomulagsins er ljóst að því er einungis ætlað að ná til ábyrgða á skuldum einstaklinga. Tekur það því ekki til ábyrgða á skuldum einkahlutafélags, óháð því að það hafi haft umfangslíttinn rekstur með höndum og átt litlar eignir. Því er ekki hægt að verða við kröfum sóknaraðila um beitingu á umræddu samkomulagi. Þá verður ekki séð að umrætt atriði leiði til þess að hægt sé að ógilda ábyrgð sóknaraðila á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Í öðru lagi byggja sóknaraðilar á því að þau hafi verið 84 ára og 91 árs þegar þau undirrituðu tryggingabréfið sem veðsalar. Kveðast þau ekki hafa gert sér grein fyrir eðli tryggingabréfsins og talið að þau væru að veita veð vegna persónulegra skuldbindinga stjórnarmanns, sem er barnabarn þeirra.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um annað en að sóknaraðilar hafi ritað undir tryggingabréfið sem veðsalar af fúsum og frjálsum vilja. Þá hefur ekki verið sýnt fram á það að sóknaraðilum hafi ekki á þeim tíma er tryggingabréfið var undirritað verið ljós sú áhætta, sem fólst í að setja fasteign sína að veði til tryggingar á skuld A ehf. við varnaraðila. Þá hafa varnaraðilar ekki lagt fram nein læknisfræðileg gögn sem sýna fram á að sóknaraðilar hafi á umræddum tíma verið ófær um að veðsetja eign sína eða gera sér grein fyrir þýðingu þess. Þá hefur heldur ekki verið leitt í ljós að varnaraðili hafi gert eða mátt gera sér grein fyrir slíku. Verður því að hafna þessari málsástæðu sóknaraðila.

Sóknaraðilar halda því í þriðja lagi fram að ámælisvert sé að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat vegna útgáfu tryggingabréfsins, en bankanum hafi mátt vera ljóst að hvorki stjórnarmaður/barnabarn né A ehf. hefðu staðist greiðslumat hefði slíkt mat verið framkvæmt.

Í október 2007, þegar umrætt tryggingabréf var gefið út, voru ekki í gildi samkomulag, lög eða reglugerðir sem skylduðu F til að framkvæma greiðslumat á einkahlutafélagi. Því bar bankanum ekki á þeim tíma að láta fara fram greiðslumat í tengslum við útgáfu tryggingabréfsins. Það að slíkt ákvæði hafi verið lögfest síðar með lögum nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn breytir því ekki.

Varakröfu sína um viðurkenningu á uppsögn sóknaraðila á ábyrgðarskuldbindingu sinni samkvæmt tryggingabréfinu, sem send var varnaraðila með bréfi, dags. 21. desember 2009 hafa sóknaraðilar ekki stutt sérstökum rökum. Ekki verður séð að í skilmálum umrædds tryggingabréfs sé heimild fyrir veðsala til að segja einhliða upp veðsetningunni. Því verður ekki talið að slík uppsögn geti leyst þau frá skyldum sínum.

Úrskurðarnefndin kallaði eftir upplýsingum frá varnaraðila um ákvæði útlánareglna F um veðsetningu íbúðarhúsnæðis og sjálfskuldarábyrgðir. Í útlánareglum F frá 1. nóvember 2003 er bærust frá varnaraðila er kveðið á um það í grein 3.4.12 að almennt skuli ábyrgðarmaður ekki vera yngri en 20 ára og að jafnaði ekki eldri en 70 ára. Í svari frá varnaraðila við spurningum nefndarinnar kemur fram að ákvæði 3.4.12 í útlánareglum F gildi einungis um sjálfskuldarábyrgðir og einfaldar ábyrgðir, en ekki um lánsveð. Í reglum um veðsetningu íbúðarhúsnæðis sé ekki að finna ákvæði um aldursmörk veðsala. Þá sé ekki til að dreifa frekari reglum um hámarksaldur ábyrgðarmanna eða veðsala lánsveða. Því hafi bankinn ekki vikið frá meginreglu útlánareglanna við útgáfu tryggingabréfs þess sem um ræðir í máli þessu.

Af þessu er ljóst að á þeim tíma sem tryggingabréfið var gefið út voru ekki í gildi neinar reglur sem mæltu fyrir um hámarksaldur veðsala.

Í ljósi framangreinds er kröfum sóknaraðila hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M og N gegn F er hafnað.

Reykjavík, 13. desember 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2010, föstudaginn 28. janúar 2011, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 28/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækjunum GF og
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og GF og F, hér eftir nefndir varnaraðilar, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 30. júní 2010 með kvörtun A, f.h. sóknaraðila, dagsettri 28. júní 2010. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 1. júlí 2010, var kvörtunin send varnaraðilum og þeim gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila F bárust þann 26. júlí 2010. Var bréfið sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. júlí 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir lögmannsins bárust þann 11. ágúst 2010. Svör varnaraðila GF bárust þann 14. september 2010. Var bréfið sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. september 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir lögmannsins bárust þann 29. september 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 5. og 26. nóvember 2010 og 7., 14. og 28. janúar 2011.

II.

Málsatvik.

Á árinu 2007 gaf sóknaraðili út þrjár handveðsyfirlýsingar til GF. Í fyrsta lagi var um að ræða handveðsyfirlýsingu nr. X, dagsetta 7. mars 2007, þar sem sóknaraðili setti varnaraðila að handveði innstæðu í vörslu fjárstýringar bankans að fjárhæð 300.000.000 kr. sem var sérgreind fjárhæð í tímabundinni ávöxtun hjá bankanum með auðkennið L. Innstæðan var sett að handveði til tryggingar skaðlausri greiðslu á öllum skuldum sóknaraðila við GF. Í öðru lagi var um að ræða handveðsyfirlýsingu nr. Y frá 14. ágúst 2007 þar sem sóknaraðili setti GF að handveði Peningabréf GF að nafnverði 1.499.634,84 kr. til tryggingar skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem B stóð í eða stofnaði til við bankann, hvort sem um væri að ræða víxilskuldir, víxilábyrgðir, yfirdrátt á tékkareikningi, skuldabréf, innlenda eða erlenda lánessamninga, erlend

endurlán, reikningslán, afurðalán, afleiðuviðskipti eða hvers konar aðrar skuldir við bankann. Í þriðja lagi var um að ræða handveðsyfirlýsingu nr. Z dagsetta 6. nóvember 2007 þar sem sóknaraðili setti að handveði Peningabréf GF að nafnverði 734.796,83 kr. til tryggingar skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem sóknaraðili stóð í eða stofnaði til við bankann, hvort sem um væri að ræða víxilskuldir, víxilábyrgðir, yfirdrátt á tékkareikningi, skuldabréf, innlenda eða erlenda lánessamninga, erlend endurlán, reikningslán, afurðalán, afleiðuviðskipti eða hvers konar aðrar skuldir við bankann.

Þann U tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hluthafafundar í GF og skipaði skilanevnd yfir bankanum. Í kjölfarið var F stofnaður, en með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá V var nánar tilgreindum eignum og skuldum GF ráðstafað til F.

Sóknaraðili fékk tvær tilkynningu frá varnaraðila GF, dagsettar febrúar 2010, um að krafa félagsins vegna afleiðuviðskipta væri í vanskilum og næmu vanskilin 868.836.700 kr. Í öðru bréfinu kemur einnig fram að sóknaraðili hafi með handveðsyfirlýsingu, dagsettri 14. ágúst 2008, sett að handveði til tryggingar skuldum sóknaraðila við varnaraðila GF eign sína í Peningabréfum GF að nafnverði 1.499.634,84 kr. Í bréfinu kemur fram að sjóðnum Peningabréfum GF hafi verið slitið og greiðsla innt af hendi til eigenda hlutdeildarskírteina. Segir að veðsetningin nái einnig til þeirrar útgreiðslu og standi því nú til tryggingar innstæða á reikningum, nú að fjárhæð 18.103.191 kr. ásamt áföllnum vöxtum. Í hinu bréfinu segir að sóknaraðili hafi með handveðsyfirlýsingu, dagsettri 7. mars 2007, sett að veði innstæðu sem afhent hafi verið til tímabundinnar ávöxtunar hjá varnaraðila GF að fjárhæð 200.000.000 kr. ásamt áföllnum vöxtum. Var skorað á sóknaraðila að greiða þá fjárhæð sem í vanskilum var en yrði það ekki gert innan nánar tilgreinds frests mundi varnaraðili leita fullnustu í innstæðum sem myndast hefðu vegna eignar í Peningabréfum GF. Þá fékk sóknaraðili sama dag tilkynningu frá varnaraðila GF um að krafa bankans á B vegna afleiðuviðskipta væri í vanskilum og næmu vanskilin 65.405.733 kr. Kemur fram í bréfinu að verði krafan ekki greidd verði gengið að veði, sem sóknaraðili setti til tryggingar skuldum B við GF með handveðsyfirlýsingu dagsettri 14. ágúst 2007, í eign félagsins í Peningabréfum GF að nafnverði 1.499.634,84 kr. Í bréfinu kemur fram að sjóðnum Peningabréfum GF hafi verið slitið og greiðsla innt af hendi til eigenda hlutdeildarskírteina. Segir að veðsetningin nái einnig til þeirrar útgreiðslu og standi því nú til tryggingar innstæða á reikningum, nú að fjárhæð 33.765.895 kr. ásamt áföllnum vöxtum.

Þáverandi lögmaður sóknaraðila ritaði varnaraðila GF bréf þann 9. mars 2009 þar sem fram kom að sóknaraðili mundi ekki ganga frá eða semja um greiðslu en óskað var eftir viðræðum við GF um úrlausn á ágreiningi aðila. Þann 16. apríl 2010 sendi lögmaður sóknaraðila tölvubréf til varnaraðila F þar sem mótmælt var flutningi innstæðu bundins reiknings frá F til GF.

Þann 5. maí ritaði lögmaður sóknaraðila varnaraðila F bréf, með afriti til GF, þar sem mótmælt var millifærslu á samtals 252.155.376 kr. frá varnaraðila F til varnaraðila GF á tímabilinu 7. – 21. apríl 2010. Taldi félagið engar heimildir vera fyrir millifærslunni.

Þann 12. maí rituðu lögmennt sóknaraðila varnaraðila GF bréf þar sem skorað er á bankann að leggja fram gögn sem sýni fram á að umræddir fjármunir séu sérgreindir til tryggingar skuldbindingum félagsins vegna afleiðusamninga. Séu slík gögn ekki fyrir hendi er þess krafist að fjármunirnir verði lagðir inn á fjárvörslureikning lögmannna sóknaraðila.

Varnaraðili GF svaraði erindi sóknaraðila með bréfi, dags. 26. maí 2010, þar sem kröfum félagsins er hafnað og krafist greiðslu á eftirstöðvum skuldarinnar.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 28. júní 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst afhendingar á 252.155.376 kr. sem varnaraðili F millifærði til varnaraðila GF í þrennu lagi 7., 13. og 21. apríl 2010.

Sóknaraðili rökstyður kröfu sína með því að í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá V um rástöfun eigna og skulda GF hafi falið í sér að innlendir innstæður skyldu flytjast til F. Jafnframt segi í ákvörðuninni að F taki við öllum tryggingaréttindum, þ.m.t. öllum veðréttindum. Í forsendum Fjármálaeftirlitsins fyrir skiptingu efnahagsreiknings milli gömlu og nýju bankanna komi svo fram að afleiðusamningar skuli ekki færðir yfir í nýju bankana.

Segir sóknaraðili að farið hafi verið eftir þessi í tilviki sóknaraðila og innstæður og tryggingaréttindi færð til varnaraðila F, en afleiðusamningar skildir eftir hjá varnaraðila GF. Í apríl 2010 hafi svo verið vikið frá ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins þegar innstæður sóknaraðila að fjárhæð 252.155.376 kr. voru fluttar til varnaraðila GF. Ekki sé heimild til framangreindra millifærslna í ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins eða lögum. Millifærslurnar séu gegn vilja sóknaraðila og til greiðslu krafna sem sóknaraðili hafa ítrekað mótmælt og hafnað greiðslu á. Þá hafi varnaraðili GF, ekki sýnt fram á að hann eigi nokkurn tryggingarétt í viðkomandi fjármunum.

Þá telur sóknaraðili að skilanefnd GF teljist lægra sett stjórnvald undir Fjármálaeftirlitinu og beri nefndinni því að fara að skýrum fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins.

Sóknaraðili telur ennfremur að þær þrjár handveðsyfirlýsingar sem sóknaraðili gaf út til varnaraðila GF á árinu 2007 séu fallnar úr gildi. Umræddir fjármálagerningar sem settir voru að handveði hafi verið innleystir í kjölfar bankahrunsins og hafi andvirði þeirra verið lagt inn á innstæðureikninga sóknaraðila, ekki hafi verið gerðar sérstakar handveðsyfirlýsingar um þá reikninga og þá fjármuni og ekki sé kveðið á um það í fyrri handveðsyfirlýsingum að þær nái til útgreiðslu hinna veðsettu fjármálagerninga. Handveðsyfirlýsingarnar séu því fallnar niður og feli ekki í sér nein tryggingaréttindi fyrir hvorugan varnaraðila. Af skýru orðalagi yfirlýsinganna liggja jafnframt skýrt fyrir að þær feli ekki í sér að fjármunirnir hafi verið sérgreindir til tryggingar fyrir meintar afleiðuskuldir sóknaraðila, heldur til tryggingar öllum skuldum sóknaraðila gagnvart GF. Þar sem allir fjármunir sóknaraðila og öll tryggingaréttindi hafi verið færð til varnaraðila F með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins sé skýrt að varnaraðili GF hafi engan rétt til að krefjast eða taka við umræddum fjármunum. Því séu millifærslurnar óheimilar og beri varnaraðila GF að skila þeim aftur til sóknaraðila.

Lögmenn sóknaraðila sendu úrskurðarnefndinni frekari athugasemdir eftir að þeim höfðu borist athugasemdir varnaraðila. Með athugasemdunum fylgdu bréf GF til B, dags. 11. ágúst 2010, og bréf lögmanna B og M til GF, dags. 1. september 2010. Segir í athugasemdunum að samskiptin varði þau málefni sem fjallað sé um með beinum hætti og sýni fram á fortakslausa framkomu þrotabúsins í garð sóknaraðila, þ.e. að ráðstafa hluta þeirra fjármuna sem hér um ræðir upp í skuld þriðja aðila, þvert

gegn betri vitund um að viðkomandi skuldbinding var ógild og vitandi um að um millifærslu fjármuna frá F til þrotabúsins er deilt fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Óskar sóknaraðili þess að „þessari háttsemi þrotabúsins verði bætt á listann yfir þau atriði sem [sóknaraðili] kvartar yfir og gerir athugasemd við í upprunalegu kvörtun sinni þann 28. júní sl.“

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Í erindi varnaraðila F til nefndarinnar kemur fram að með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá V um ráðstöfun eigna og skulda GF til F hafi F tekið við öllum tryggingarréttindum GF þ.m.t. öllum veðréttindum, ábyrgðum og öðrum sambærilegum réttindum sem tengjast kröfum bankans. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá W var ákveðið að réttindi og skyldur samkvæmt afleiðusamningum skyldu verða eftir í gamla bankanum. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá Þ var ákveðið að F skyldi standa GF skil á sérgreindum tryggingum viðskiptamanna, m.a. vegna afleiðusamninga sem ekki fluttust yfir í F. Skilanefnd GF hafi með beiðni dagsettri 12. mars 2010 óskað eftir að F afhenti GF veðandlag það sem fjallað er um í máli þessu. Hafi verið fallist á beiðnina á grundvelli framangreindra ákvarðana Fjármálaeftirlitsins.

Varnaraðili GF bendir á að í 2. tölulið ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins frá V um ráðstöfun eigna og skulda GF segi að F taki við öllum tryggingarréttindum bankans, þ.m.t. öllum veðréttindum sem tengjast kröfum bankans. Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá W um breytingu á framangreindri ákvörðun komi fram að F skuli standa GF skil á sérgreindum tryggingum viðskiptamanna eftir því sem við á vegna kröfuréttinda of afleiðusamninga sem ekki fluttust til F. Því hafi ætlun Fjármálaeftirlitsins verið sú að afleiðuviðskipti viðskiptavina bankans og tryggingaráðstafanir tengdar slíkum viðskiptum skyldu ekki færast yfir til F.

Varnaraðili GF telur að þeir fjármálagerningar sem sóknaraðili setti að handveði til tryggingar skuldum félagsins og B við bankann með undirritun á handveðsyfirlýsingu hafi verið til tryggingar fyrir skuldum félagsins við veðbréfasvið bankans þar sem veðsetningarinnar var óskað af hálfu félagsins. Þannig hafi tryggingin verið skilgreind innan bankans og þar af leiðandi hafi hún verið sérgreind fyrir m.a. afleiðuskuld sóknaraðila við bankann. Þess utan segi beinlínis í handveðsyfirlýsingum nr. Y og Z að fjármálagerningarnir séu til tryggingar skaðlausri greiðslu á skuldum vegna m.a. afleiðuviðskipta sóknaraðila við bankann. Því sé ljóst að handveðsyfirlýsingarnar hafi verið gefnar út sem tryggingar vegna afleiðuviðskipta sóknaraðila við bankann og verið sérgreindar sem slíkar.

Varnaraðili GF telur fráleitt að tryggingarréttindi bankans hafi fallið niður í kjölfar þess að handveði samkvæmt handveðsyfirlýsingu nr. X hafi verið aflétt að hluta og að handveð samkvæmt handveðsyfirlýsingu nr. Y og Z, þ.e. hlutdeildarskírteini í sjóðnum Peningabréf GF, hafi verið innleyst í kjölfar slita á sjóðnum og andvirði innlausnarinnar verið lagt inn á sparisjóðsreikninga í nafni hlutdeildarskírteinishafa hjá varnaraðila F. Bendir varnaraðili á að í handveðsyfirlýsingu nr. X segi að handveðsetning samkvæmt yfirlýsingunni gildi frá og með undirritun hennar og þar til sú skuld og allur kostnaður sem handveðið eigi að tryggja sé að fullu greiddur. Jafnframt segi í handveðsyfirlýsingunni að veðsala sé óheimilt að afturkalla eða fella úr gildi yfirlýsinguna meðan umræddar skuldir og allur kostnaður vegna þeirra hafi ekki verið greiddur að fullu. Því sé ljóst að

handveðsyfirlýsingin hafi ekki getað fallið niður fyrr en þær skuldir, þ.m.t. skuldir vegna afleiðuviðskipta, sem hún átti að tryggja væru að fullu greiddar. Það að bankinn hafi samþykkt að aflétta hluta handveðsins sé ekki með nokkru móti hægt að túlka með þeim hætti að réttarvernd handveðsins hafi fallið niður.

Hvergi í handveðsyfirlýsingum nr. Y og Z sé minnst á það að veðsetningin falli niður við það eitt að form viðkomandi tryggingar breytist með einhverjum hætti. Þar segi þvert á móti að sé hið veðsetta húsbréf nái handveðrétturinn jafnframt til endurgreiðslna samkvæmt reglum þeim sem gilda um útdrátt slíkra bréfa á hverjum tíma, meðan skuldin og það sem handveðið á að tryggja sé ekki að fullu greitt og að sama gegni um hvers konar endurgreiðslur af öðrum tegundum handveðsettra fjármálagerninga. Því sé gert ráð fyrir að veðrétturinn nái til hvers konar endurgreiðslu sem stafi af hinum veðsettu fjármálagerningum. Því sé eðlilegt túlkun á handveðsyfirlýsingunum sú að innstæða sóknaraðila á reikningum félagsins hjá F, þ.e. andvirði hinna innleystu hlutdeildarskírteina skuli teljast veðsett með sama hætti og hlutdeildarskírteinin voru áður.

Loks hafnar varnaraðili GF því alfarið að hann teljist lægra sett stjórnvald sem lúti stjórn æðra setts stjórnvalds, Fjármálaeftirlitsins, en bendir á að skilanevnd bankans lúti hins vegar eftirliti Fjármálaeftirlitsins á grundvelli laga n. 87/1998 um opinbert eftirlit á fjármálastarfsemi.

VI.

Niðurstaða.

Í kvörtun sóknaraðila til nefndarinnar eru gerðar eftirfarandi kröfur: „*Kærandi krefst afhendingar 252.155.376 kr. sem F millifærði til GF í þrennu lagi þann 7., 13. og 21. apríl 2010.*“ Athugasemdum sem sóknaraðili sendin nefndinni 29. september 2010, eftir að honum höfðu borist athugasemdir varnaraðila, fylgdu bréf GF til B, dags. 11. ágúst 2010, og bréf lögmanna B og M til GF, dags. 1. september 2010. Segir í athugasemdunum að samskiptin varði þau málefni sem fjallað sé um með beinum hætti og sýni fram á fortakslausa framkomu þrotabúsins í garð sóknaraðila, þ.e. að ráðstafa hluta þeirra fjármuna sem hér um ræðir upp í skuld þriðja aðila, þvert gegn betri vitund um að viðkomandi skuldbinding var ógild og vitandi um að um millifærslu fjármuna frá F til þrotabúsins er deilt fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Óskar sóknaraðili þess í lok athugasemdanna að „*þessari háttsemi þrotabúsins verði bætt á listann yfir þau atriði sem [sóknaraðili] kvartar yfir og gerir athugasemd við í upprunalegu kvörtun sinni þann 28. júní sl.*“

Í eyðublaði fyrir kvartanir til úrskurðarnefndarinnar kemur fram að greina skuli þar skýrlega hvers er krafist, svo sem fjárhæð kröfu, vextir, kostnaður, viðurkenning á réttindum, lausn undan skyldu eða annað sem gæti átt við. Í 9. gr. samþykktu fyrir nefndina segir að eftir móttöku kvörtunar skuli nefndin senda gögn sem kvörtuninni fylgja til viðkomandi fjármálafyrirtækis og annarra sem málið kann að varða sérstaklega. Af 2. mgr. 9. gr. má ráða að það sé gert til að veita fjármálafyrirtæki möguleika á að senda nefndinni mótmæli eða athugasemdir við kvörtun. Í framkvæmd hefur sá háttur verið hafður á að þessar athugasemdir viðkomandi fjármálafyrirtækja hafa verið senda sóknaraðila og honum gefinn kostur á að koma fram athugasemdum. Hafa þær athugasemdir ekki verið sendar fjármálafyrirtækjum.

Í ljósi framangreinds verður ekki talið að sóknaraðili geti komið fram nýjum kröfum fyrir nefndina með athugasemdum við athugasemdir varnaraðila. Þá er í

umræddu tilviki ekki ljóst hvort að sóknaraðili er að setja fram nýjar kröfur þegar hann óskar eftir að „þessari háttsemi þrotabúsins verði bætt á listann yfir þau atriði sem [sóknaraðili] kvartar yfir“. Getur nefndin því aðeins tekið afstöðu til þeirra krafna sem fram koma í kvörtun sóknaraðila sem dagsett er 28. júní 2010, þ.e. hvort að sóknaraðili eigi rétt á afhendingu 252.155.376 kr. sem F millifærði til GF í þrennu lagi þann 7., 13. og 21. apríl 2010.

Ágreiningur málsaðila varðandi framangreinda kröfu lýtur að því annars vegar hvort að varnaraðilar hafi átt handveðrétt í innstæðum sóknaraðila á grundvelli þriggja handveðsyfirlýsinga og hins vegar að því hvort að heimilt hafi verið að færa tryggingarréttindin frá varnaraðila F til varnaraðila GF.

Í málinu liggur fyrir að sóknaraðili gaf út þrjár handveðsyfirlýsingar til GF á árinu 2007.

Í fyrsta lagi var um að ræða handveðsyfirlýsingu nr. X, dagsetta 7. mars 2007, þar sem sóknaraðili setti varnaraðila að handveði innstæðu í vörslu fjárstýringar bankans að fjárhæð 300.000.000 kr. sem var sérgreind fjárhæð í tímabundinni ávöxtun hjá bankanum með auðkennið L. Þann 10. maí 2007 var veði aflétt að hluta og sóknaraðila afhentar 100.000.000 kr.

Sóknaraðili heldur því fram að framangreind handveðsyfirlýsing sé fallin úr gildi þar sem umræddur fjármálagerningur hafi verið innleystur og andvirði hans lagt inn á innstæðureikning sóknaraðila. Ekki verður séð að aðrar breytingar en aflétting að hluta hafi orðið á formi innstæðu þeirrar sem sett var að handveði þann 7. mars 2007 og verður því að telja að enn sé fyrir hendi handveðréttur í umræddri innstæðu að fjárhæð 200.000.000 kr.

Í öðru lagi var um að ræða handveðsyfirlýsingu nr. Y, dagsetta 14. ágúst 2007, þar sem sóknaraðili setti GF að handveði Peningabréf GF að nafnverði 1.499.634,84 kr. til tryggingar á greiðslu skulda B og í þriðja lagi var um að ræða handveðsyfirlýsingu nr. Z, dagsetta 6. nóvember 2007, þar sem sóknaraðili setti að handveði Peningabréf GF að nafnverði 734.796,83 kr. til tryggingar skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem sóknaraðili stóð í eða stofnaði til við bankann. Sjóðnum Peningabréf GF var slitið í október 2008 og var andvirði hlutdeildarskírteina í sjóðnum lagt inn á sparisjóðsreikninga hjá varnaraðila F í nafni hlutdeildarskírteinishafa. Var andvirði framangreindra hlutdeildarskírteina lagt inn á reikninga nr. S og T.

Sóknaraðili heldur því fram að framangreindar handveðsyfirlýsingar séu úr gildi fallnar þar sem umræddir fjármálagerningar sem settir voru að handveði hafi verið innleystir og andvirði þeirra lagt inn á innstæðureikninga sóknaraðila og ekki hafi verið gerðar sérstakar handveðsyfirlýsingar um þá reikninga og þá fjármuni og ekki sé kveðið á um það í fyrri handveðsyfirlýsingum að þær nái til útgreiðslu hinna veðsettu fjármálagerninga. Fyrir liggur að andvirði hlutdeildarskírteina í Peningamarkaðssjóði var lagt inn á innstæðureikninga í október 2008 og hafa innstæðurnar ekki verið til ráðstöfunar fyrir sóknaraðila. Verður að telja að handveðréttur sá sem varnaraðili F naut í hlutdeildarskírteinunum hafi við slit sjóðsins færst yfir á andvirði þeirra á innstæðureikningum. Ekki verður séð að nauðsynlegt hafi verið að sóknaraðili samþykkti þá færslu með undirritun nýrra handveðsyfirlýsinga, enda er það meginregla veðréttar að veðréttindi geti við tilteknar aðstæður flust af veðsettri eign yfir á fjármuni sem komi í hennar stað án þess að leita þurfi samþykkis veðsala.

Verður því að telja að varnaraðili F hafi notið handveðréttar í innstæðum á reikningi með auðkennið L og í innstæðum á reikningum nr. S og T hjá varnaraðila F.

Í málinu er einnig deilt um það hvort að heimilt hafi verið að færa umrædd tryggingarréttindi frá varnaraðila F til varnaraðila GF.

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá V var öllum eignum GF ráðstafað til F, nú F. Í 2. tölulið ákvörðunarinnar kemur fram að F taki einnig við öllum tryggingarréttindum GF, þar með talið veðréttindum. Þann W tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um að breyta ákvörðuninni frá V að því er varðaði afleiðusamninga og voru réttindi og skyldur samkvæmt þeim því flutt til baka til gamla bankans. Samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá Þ átti F að standa GF skil á sérgreindum tryggingum viðskiptamanna, m.a. vegna afleiðusamninga sem ekki fluttust yfir í F. Af þessu er ljóst að samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skyldu sérgreindar tryggingar vegna afleiðusamninga sem fluttar höfðu verið til F fluttar aftur til GF.

Handveðsyfirlýsing nr. X var gefin út til tryggingar skaðlausri greiðslu á öllum skuldum sóknaraðila við GF hverju nafni sem þær nefnast. Handveðsyfirlýsingar nr. Y og Z voru gefnar út annars vegar til tryggingar skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem B stóð í eða stofnaði til við bankann og hins vegar til tryggingar skaðlausri greiðslu á skuldum sóknaraðila við bankann. Í báðum handveðsyfirlýsingunum segir að umræddir fjármálagerningar séu settir að handveði til tryggingar: „hvort sem það eru víxilskuldir, víxilábyrgðir, yfirdráttur á tékkareikningi, skuldabréf, innlendir eða erlendir lánasamningar, erlent endlán, reikningslán, afurðalán, afleiðuviðskipti eða hvers konar aðrar skuldir við bankann, þar með talda ábyrgðir, er bankinn hefir tekist eða kann að takast á hendur“ vegna skuldara/veðsala.

Af framangreindu er ljóst að umræddar handveðsyfirlýsingar voru í öllum tilvikum gefnar út til tryggingar á greiðslu allra skulda veðsala eða skuldara. Í tveimur handveðsyfirlýsingana er tilgreint sérstaklega að veðið standi m.a. til tryggingar vegna afleiðuviðskipta. Í málinu liggur einnig fyrir að kröfur GF á hendur sóknaraðila vegna afleiðuviðskipta nema 868.836.700 kr. og á hendur B nema kröfur GF vegna afleiðuviðskipta 65.405.733 kr. Ekki liggja fyrir upplýsingar um skuldir sóknaraðila við F. Það er því ljóst að umræddar handveðsyfirlýsingar stóðu til tryggingar kröfum varnaraðila vegna afleiðuviðskipta. Verður því að telja að um hafi verið að ræða sérgreindar tryggingar viðskiptamanns í skilningi ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins frá Þ og því hafi verið að heimilt að flytja umrædd tryggingarréttindin frá varnaraðila F til varnaraðila GF. Verður því að hafna kröfum sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M gegn F og GF er hafnað.

Reykjavík, 28. janúar 2011.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2010, föstudaginn 26. nóvember 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Guðlaug Brynja Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 30/2010:**

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 23. ágúst 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 18. ágúst 2010. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. ágúst 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 27. september 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. september 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust þann 12. október 2010. Óskað var eftir viðbótarupplýsingum frá varnaraðila og bárust þær 12. nóvember 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 29. október, 12. og 26. nóvember 2010.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili var til skamms tíma handhafi aukakorts af greiðslukorti eiginmanns hennar, N. Voru kortin gefin út af varnaraðila og var um að ræða vildargullkort og svokallað fjölskyldukort. Úttektarheimild á kortinu var 50.000 kr. á mánuði. Samkvæmt skilmálum skyldi reikningsyfirlit fjölskyldukorts sent til aðalkorthafa. Þá segir í skilmálum með kortinu að allar úttektir fjölskyldukorthafa séu gerðar í umboði aðalkorthafa og á hans ábyrgð og sé aðalkorthafi ábyrgur fyrir greiðslum á öllum úttektum og raðgreiðslusamningum fjölskyldukorthafa. Í skilmálunum segir einnig að handhafi fjölskyldukorts beri á sama hátt ábyrgð á greiðslu úttekta sinna með kortinu með aðalkorthafa (in solidum).

Þann 4. júní 2010 barst sóknaraðila innheimtubréf frá lögfræðideild varnaraðila, dags. 2. júní 2010, þar sem hún var krafín um greiðslu á samtals 1.240.154 kr. auk áfallandi vaxta. Í bréfinu er eftirfarandi texti:

Lýsing heimildarskjals:

Fylgiskjal	Tilv.	Útgáfudagur	Gjaldd.	Upphæð
X1		21.08.2009	02.09.2009	915.537,00
X2		21.08.2009	02.09.2009	34.787,00
X1		22.09.2009	02.10.2009	32.437,00
X1		21.10.2009	02.11.2009	6.545,00
X2		21.10.2009	02.11.2009	4.450,00
X1		20.11.2009	02.12.2009	6.545,00

Lýsing kröfu:

Visakort nr. Y og fjölskyldukort nr. Z

Krafan sundurliðast nú þannig:

Höfuðstóll	1.000.301,00
Dráttarvextir til 02.06.2010	130.020,00
Málkostnaður	87.516,00
Virðisaukaskattur	22.317,00
Samtals	<hr/> 1.240.154,00

Í bréfinu kemur fram að samrit sé sent til aðalskuldara N.

Í kjölfar móttöku bréfsins hafði eiginmaður sóknaraðila í samband við varnaraðila og óskaði skýringa á innheimtu kröfunnar og heimilda varnaraðila til að innheimta kröfuna hjá sóknaraðila. Í svari frá varnaraðila sem sent var með tölvupósti þann 10. júní 2010 segir: „*Þetta er fjölskyldukort og þá eru þið bæði greiðendur af þessu korti, skiptir ekki máli hver tekur út af því.*“ Eiginmaður varnaraðila mótmælti því að sóknaraðili hefði tekist á hendur ábyrgð á greiðslum á aðalkorti en starfsmaður varnaraðila stóð fast á því að svo væri. Þann 15. júní barst N tölvupóstur frá lögfræðisviði bankans þar sem fram kom að sóknaraðili bæri ábyrgð in solidum með aðalskuldara á hluta skuldarinnar. Eftirfarandi texti var í bréfinu:

Lýsing heimildarskjals:

VISA

Fylgiskjal	Tilv.	Útgáfudagur	Gjaldd.	Upphæð
X2		21.08.2009	02.09.2009	34.787,00
X2		21.10.2009	02.11.2009	4.450,00

Krafan sundurliðast nú þannig:

Höfuðstóll	39.237,00
Dráttarvextir til 15. 06. 2010	5.225,00
Innheimtuþóknun	15.115,00
Virðisaukaskattur	3.854,00
Samtals	<hr/> 63.431,00

Í tölvupóstum dags. 15. júní frá eiginmanni sóknaraðila kemur fram að sóknaraðili hafi aldrei verið rukkuð um úttektir af fjölskyldukorti sínu og gerir hann því athugasemdir við að henni verði gert að greiða innheimtukostnað og dráttarvexti af skuldinni. Sama dag innti sóknaraðili af hendi tvær greiðslur til varnaraðila. Annars vegar greiðslu að fjárhæð 39.237 kr. vegna höfuðstóls skuldarinnar og hins vegar

greiðslu að fjárhæð 5.225 kr. vegna dráttarvaxta, en sú greiðsla var innt af hendi með fyrirvara um réttmæti upphæðarinnar, þar sem sóknaraðili taldi að henni beri ekki að greiða vexti þar sem greiðsludrátturinn varðaði atvik sem væru henni óviðkomandi. Þá hafnaði sóknaraðili kröfu bankans um greiðslu innheimtuþóknunar að fjárhæð 15.115 kr. og virðisaukaskatts á þá þóknun að fjárhæð 3.854 kr., enda hafi engin tilraun verið gerð til að krefja sóknaraðila um umræddar greiðslur fyrr en með bréfi dags. 2. júní 2010.

Með tölvupósti dags. 21. júní 2010 ítrekaði varnaraðili að skuld sóknaraðila hefði ekki verið greidd að fullu, en stæðu eftir 18.969 kr.

Sóknaraðili skaut málinu til úrskurðarnefndarinnar þann 18. ágúst 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Kröfur sóknaraðila eru: „að Úrskurðarnefndin beiti úrræðum sínum svo bankinn hætti frekari innheimtu á áðurgreindum innheimtukostnaði á hendur mér. Þá er óskað eftir því að nefndin hlutist til um að bankinn endurgreiði mér mismun dráttarvaxtanna sem þegar hafa verið greiddir með fyrirvara og almennra vaxta, sem ég fellst á að greiða. Loks er óskað eftir því að nefndin beiti úrræðum sínum – áminningum eða sektum – vegna tilrauna bankans til þess að krefja mig um greiðslur sem ég ber enga ábyrgð á.“

Rökstyður sóknaraðili kröfur sínar með því að varnaraðila sé óheimilt að krefjast innheimtuþóknunar að fjárhæð 18.969 kr. og vísar hún því til stuðnings í 6. gr. reglugerðar nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar. Þá bendir hún á að fyrir 4. júní hafi varnaraðili ekki upplýst hana um að aðalkorthafi væri í vanskilum eða gefið henni færi á að greiða umrædda skuld. Þá megi rekja greiðsludráttinn frá 4. til 15. júní alfarið til varnaraðila sem hafi um margra daga skeið reynt með ámælisverðum hætti að krefja sóknaraðila um greiðslu á skuld sem hún bar enga ábyrgð á.

Sóknaraðili telur eðlilegt að hún greiði vexti af skuldinni en telur óeðlilegt að hún sé krafín um dráttarvexti af skuld sem hún hafi ekki verið krafín um greiðslu á áður.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá nefndinni vegna þess að kröfugerð sóknaraðila sé svo óljós og óskýr að erfitt sé að gera sér grein fyrir hverjar kröfur hans séu og verjast þeim. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Kröfu um frávísun styður varnaraðili þeim rökum að málatilbúnaður sóknaraðila sé svo óskýr og óljós að málið sé ekki tækt til úrskurðar hjá úrskurðarnefndinni, sbr. e-liður 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þannig sé ómögulegt að skilja hvað sóknaraðili sé að fara fram á eða hvaða úrræðum hún óski eftir að verði beitt þegar hún krefst þess að nefndin beiti úrræðum sínum svo bankinn hætti frekari innheimtu. Þá telur varnaraðili að krafa um endurgreiðslu dráttarvaxta að frádregnum vöxtum sé óljós þar sem engin fjárhæð sé tiltekin og því eigi varnaraðili erfitt með að verjast kröfunni. Í þriðja lagi sé ekki hægt að skilja kröfur sóknaraðila um að nefndin beiti áminningum eða sektum. Því telur

varnaraðili að málatilbúnaður fullnægi undir engum kringumstæðum þeim kröfum sem gerðar eru til málatilbúnaðar í samþykktum úrskurðarnefndarinnar.

Varðandi varakröfu sína um að kröfum sóknaraðila verði hafnað telur varnaraðili að einungis ein krafa sóknaraðila geti mögulega verið tæk til efnismeðferðar, þ.e. krafan um endurgreiðslu á mismun dráttarvaxta og almennra vaxta. Rökstuðningur varnaraðila fyrir að hafna beri þeirri kröfu er að í umsókn um umrætt fjölskyldukort hafi hún hakað í og sett upphafsstafi sína við glugga þar sem segi að sóknaraðili geti veitt banka sínum heimild til að gjaldfæra viðskiptareikning sinn í banka R höfuðbók S reikning nr. T fyrir mánaðarúttekt sinni á síðasta degi greiðslufrests og ábyrgist jafnframt að næg innstæða sé fyrir hendi. Umræddur reikningur sé í eigu aðalkorthafa, eiginmanns sóknaraðila og hafi hann samþykkt ofangreint með undirritun sinni. Með undirritun sinni á umsókn um fjölskyldukort hafi sóknaraðili samþykkt kortaskilmálana, m.a. að aðalkorthafi fái reikningsyfirlit sóknaraðila og að aðalkorthafi sé greiðandi af fjölskyldukorti sóknaraðila, þrátt fyrir það að sóknaraðili sé ábyrgur að fullu fyrir úttektum á fjölskyldukorti sínu.

Þá kemur fram hjá varnaraðila að þegar aðalkorthafi hafi hætt að greiða af aðalkorti og fjölskyldukorti hafi varnaraðila verið heimilt að loka báðum kortunum og hafi það verið gert þann 28. október 2009. Hafi aðalkorthafa verið tilkynnt um á lokun. Sóknaraðila hafi mátt vera ljóst, þegar fjölskyldukorti var lokað, og hann gat ekki lengur notað það til greiðslu, að ekki hafði verið greitt af fjölskyldukorti. Varnaraðili kveðst hafa sent sóknaraðila innheimtubréf þegar vanskil aðalkorthafa höfðu staðið í nokkra mánuði og ljóst þótti að aðalkorthafi myndi ekki standa skil á skuldbindingum sínum, enda hafi hann tilkynnt varnaraðila að hann væri hættur að greiða af skuldbindingum sínum.

Varnaraðili kveður þá venju hafa skapast hjá fjármálafyrirtækjum að krefja ekki fjölskyldukorthafa um greiðslu skuldar fjölskyldukorthafans fyrr en ljóst þyki að aðalkorthafi muni ekki standa skil á skuldinni. Þar sem sóknaraðili hafi ákveðið að treysta á aðalkorthafa að greiða af fjölskyldukorti sínu og samþykkt viðskiptaskilmála VISA um að aðalkorthafi fengi allar tilkynningar um fjölskyldukort og úttektir sé það á hennar ábyrgð að fylgjast með því að aðalkorthafi, sem jafnframt er maki sóknaraðila og býr undir sama þaki og hún, greiddi fyrir úttektir á fjölskyldukorti. Því sé það tómlæti af hálfu sóknaraðila að kanna hvorki hver ástæða fyrir lokun kortsins var né hvort að aðalkorthafi væri að standa við að greiða fyrir úttektir á fjölskyldukorti.

Varnaraðili bendir á að í skilmálum VISA sé heimild fyrir varnaraðila til að krefjast dráttarvaxta frá gjalddaga. Gildi þessir skilmálar einnig um fjölskyldukorthafa og hafi varnaraðili á grundvelli þeirra fulla heimild til að krefjast dráttarvaxta frá eindaga sem sé sá sami og gjalddagi fyrir úttektir á fjölskyldukorti.

Þá kveður varnaraðili að sóknaraðili hefði átt að sjá af sundurliðun í innheimtubrési hvaða úttektir væru úttektir hennar. Starfsmaður varnaraðila hafi gert mistök í upphafi samskipta við maka sóknaraðila að segja að sóknaraðili væri ábyrgur fyrir úttektum á aðalkorti og hafi varnaraðili beðist velvirðingar á því í símtali við hann.

Varnaraðili bendir á að í b-lið 6. gr. skilmála VISA segi skýrt að það beri að greiða fyrir úttektir tímabils að fullu í síðasta lagi 2. dag hvers mánaðar. Aðalkorthafa og fjölskyldukorthafa hafi því verið fullkunnugt um hvenær gjalddagi kortsins var, enda hafi þau skuldbundið sig til að hlíta viðskiptaskilmálum VISA með undirritun á kortaumsókn.

Loks bendir varnaraðili á að reglugerð nr. 37/2009 taki ekki til löginnheimtu, sbr. 3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar og því komi hún ekki til álita í málinu. Því sé innheimtuþóknun og virðisaukaskattur á hana í fullu samræmi við ákvæði laga og reglugerða.

VI.

Niðurstaða.

Í málinu gerir sóknaraðili eftirfarandi kröfur: „að Úrskurðarnefndin beiti úrræðum sínum svo bankinn hætti frekari innheimtu á áðurgreindum innheimtukostnaði á hendur mér. Þá er óskað eftir því að nefndin hlutist til um að bankinn endurgreiði mér mismun dráttarvaxtanna sem þegar hafa verið greiddir með fyrirvara og almennra vaxta, sem ég fellst á að greiða. Loks er óskað eftir því að nefndin beiti úrræðum sínum – áminningum eða sektum – vegna tilrauna bankans til þess að krefja mig um greiðslur sem ég ber enga ábyrgð á.“

Þó fallast megi á það með varnaraðila að kröfur sóknaraðila séu ekki skýrar verður að telja að þær séu ekki svo óskýrar að það varði frávísun á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, enda má ráða af gögnum málsins og kvörtun sóknaraðila hvaða kröfur hún gerir.

Sóknaraðili gerir í fyrsta lagi kröfu um að felldur verði niður innheimtukostnaður að fjárhæð 18.969 kr. og virðisaukaskattur af honum af kröfu þeirri sem bankinn átti á hendur sóknaraðila og hún greiddi þann 15. júní 2010. Rök sóknaraðila fyrir kröfum sínum eru að innheimtuaðgerðum hafi ekki verið beint gegn henni fyrr en í júní 2010 og hafi hún þá greitt kröfuna strax og hún fékk réttar upplýsingar um fjárhæð hennar frá varnaraðila. Þá vísar sóknaraðili í 6. gr. reglugerðar nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa samþykkt að innheimtuseðlar yrðu sendir til aðalkorthafa. Þá telur varnaraðili að innheimtulög eða reglugerð nr. 37/2009 taki ekki til innheimtuaðgerða varnaraðila þar sem um lögfræðiinnheimtu hafi verið að ræða.

Í 1. gr. innheimtulaga nr. 95/2008 segir að lögin gildi um frum- og milliinnheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi, en gildi ekki um löginnheimtu. Í ákvæðinu er skýrt hvað átt er við með hugtökunum. Þar segir að með fruminnheimtu sé átt við innheimtuviðvörðun skv. 7. gr. Með milliinnheimtu sé átt við innheimtuaðgerðir sem hefjast eftir að skuldari hefur fengið innheimtuviðvörðun skv. 7. gr. og áður en löginnheimta hefst. Á þeim tíma er innheimtubrэф varnaraðila var sent skilgreindu innheimtulög löginnheimtu sem innheimtumeðferð á grundvelli réttarfarslaga, en breyting á 1. gr. laganna tók gildi 19. júní 2010. Í 1. og 2. mgr. 7. gr. laganna er fjallað um innheimtuviðvörðun. Þar kemur fram að eftir gjalddaga kröfu skuli kröfuhafi eða innheimtuaðili senda skuldara eina skriflega viðvörðun þess efnis að vænta megi frekari innheimtuaðgerða verði krafa eigi greidd innan tíu daga frá sendingu viðvörðunar. Veita má lengri frest til greiðslu. Þá er kveðið á um það hvað koma skal fram í innheimtuviðvörðun. Er m.a. kveðið á um það að fram skuli koma upplýsingar um að greiðslufall skuldara geti leitt til málshöfðunar eða annarra innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga og aukins kostnaðar fyrir skuldara.

Í skýringum við 7. gr. frumvarps til innheimtulaga segir: “Hugtakið skuldari er hér notað í víðri merkingu þannig að senda þarf viðvörðunina öllum þeim sem kröfuhafi eða innheimtuaðili hyggst beina innheimtuaðgerðum að, t.d.

ábyrgðarmönnum.” Þá segir: “Ekki er skylt að senda innheimtuviðvörðun vegna viðskiptabréfakrafna eða annarra krafna þar sem farið er beint í aðför eða nauðungaruppboð á grundvelli heimildar í lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. þar sem segir að innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga falli ekki undir gildissvið laganna. Ef ekki er hins vegar farið beint í þessar aðgerðir með sendingu greiðsluáskorunar heldur sent innheimtubríf gilda almennar reglur laganna um viðvörðun, sbr. nánar það sem segir í athugasemdum við 1. gr.”

Af ákvæðum laganna og skýringum í greinargerð er ljóst að í öllum tilvikum, nema þegar um er að ræða viðskiptabréfakröfur eða aðrar kröfur þar sem farið er beint í aðför eða nauðungaruppboð á grundvelli heimildar í lögum, skal kröfuhafi eða innheimtuaðili senda öllum þeim sem hann hyggst beina innheimtuaðgerðum að skriflega innheimtuviðvörðun. Þar sem ljóst er að krafa sú sem fjallað er um í máli þessu er ekki þess eðlis að hægt sé að fara beint í aðför eða nauðungaruppboð vegna hennar á grundvelli heimildar í lögum er ljóst að varnaraðila bar að senda sóknaraðila innheimtuviðvörðun áður en löginneimta hófst með tilheyrandi kostnaði. Er það í samræmi við markmið innheimtulaganna, en um það segir í almennum athugasemdum við frumvarp til laganna: *“Markmiðið með frumvarpinu er einkum að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. ákvæði um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörðun, og draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara vegna innheimtuaðgerða á frumstigi, t.d. með því að takmarka í reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja hann um. Með viðvörðun væri stefnt að því að skuldarar almennt ættu kost á að greiða skuld sína innan stutts frests með lágmarkskostnaði er grundvallaðist á ákvörðun í reglugerð áður en til innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga yrði gripið.”*

Því var varnaraðila óheimilt að krefja sóknaraðila um hærri innheimtukostnað vegna fyrsta innheimtubrúfs sem beint var til hennar vegna kröfunnar en 900 kr., sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl.

Sóknaraðili gerir í öðru lagi kröfu um að varnaraðili endurgreiði henni mismun dráttarvaxta sem hún hefur þegar greitt með fyrirvara og almennra vaxta, sem hún telur eðlilegt að hún greiði. Rökstyður sóknaraðili kröfur sínar með því að fyrir 4. júní hafi varnaraðili ekki upplýst hana um að aðalkorthafi væri í vanskilum eða gefið henni færi á að greiða umrædda skuld. Þá megi rekja greiðsludráttinn frá 4. til 15. júní alfarið til varnaraðila sem hafi um margra daga skeið reynt með ámælisverðum hætti að krefja sóknaraðila um greiðslu á skuld sem hún bar enga ábyrgð á.

Varnaraðili telur sóknaraðila hafi átt að vera fullkunnugt um hvenær greiða bæri fyrir úttektir hvers tímabils, enda hafi hún skuldbundið sig til að hlíta viðskiptaskilmálum VISA með undirritun á kortaumsókn. Þá hafi sóknaraðila mátt vera ljóst, þegar fjölskyldukorti var lokað, og hún gat ekki lengur notað það til greiðslu, að ekki hafði verið greitt af fjölskyldukorti. Varnaraðili bendir einnig á að í skilmálum VISA sé heimild fyrir varnaraðila til að krefjast dráttarvaxta frá gjalddaga. Gildi þessir skilmálar einnig um fjölskyldukorthafa og hafi varnaraðili á grundvelli þeirra fulla heimild til að krefjast dráttarvaxta frá eindaga sem sé sá sami og gjalddagi fyrir úttektir á fjölskyldukorti.

Í málinu liggur fyrir að varnaraðili undirritaði þann 15. ágúst 2006 korthafasamning vegna fjölskyldukorts. Þar staðfestir hún m.a. með undirritun sinni að hún hafi kynnt sér viðskiptaskilmála VISA og samþykkt þá að öllu leyti. Í b-lið 6. gr. kortaskilmála VISA segir: *“Útgefandi sendir korthöfum mánaðarlega reikningsyfirlit yfir úttektir tímabils, sem gjaldfalla á næsta eindaga og ber að greiða viðkomandi útgefanda að fullu í síðasta lagi 2. dag hvers mánaðar en sé sá dagur*

almennur lokunardagur banka og sparisjóða færist eindaginn til næsta afgreiðsludags. Hafi greiðsla ekki borist innan þess tíma skulu greiðast dráttarvextir frá eindaga til greiðsludags, eins og þeir eru auglýstir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.”

Ákvæðið er í samræmi við 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Í ljós framangreinds verður að telja að varnaraðila hafi verið heimilt að innheimta dráttarvexti af umræddri kröfu frá eindaga til greiðsludags.

Í þriðja lagi krefst sóknaraðili þess að „nefndin beiti úrræðum sínum – áminningum eða sektum – vegna tilrauna bankans til þess að krefja mig um greiðslur sem ég ber enga ábyrgð á.“

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er samkvæmt samþykktum fyrir nefndina ætlað að taka til meðferðar réttarágreiðing milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptavina hins vegar. Þá er nefndinni ætlað að fjalla um ágreining um yfirfærslur milli viðskiptareikninga á milli lands skv. 13. gr. laga nr. 87/1992. Nefndin hefur ekki heimild til að beiða áminningum eða sektum gagnvart fjármálafyrirtækjum og verður því að hafna kröfu sóknaraðila um það.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðila, F, er óheimilt að krefja sóknaraðila, M um hærri innheimtukostnað vegna innheimtubrúfs sem beint var til hennar vegna kröfu um greiðslu kreditkortaskuldar en 900 kr.

Kröfum sóknaraðila, M, um að varnaraðili, F, endurgreiði henni mismun dráttarvaxta og almennra vaxta og kröfum um álagningar sekta eða beitingu áminningar er hafnað.

Reykjavík, 26. nóvember 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

Ár 2010, föstudaginn 22. október 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Guðlaug Brynja Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 31/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 23. ágúst 2010 með ódagsettri kvörtun sóknaraðila. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. ágúst 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 14. september 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 17. september 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir frá sóknaraðila bárust þann 21. september 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 15. og 22. október 2010.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili kveður sig og eiginkonu sína hafa rekið lítið fasteignafélag. Hafi félagið og þau persónulega átt nokkrar fasteignir sem á hvíldu lán, hluti þeirra gengistryggður. Á árinu 2007 hafi þau fengið frystingu á einu af lánunum í sex mánuði. Eftir hrun á fjármálamörkuðum haustið 2008 hafi lánin hækkað upp úr öllu valdi og hafi eiginfjárstaða þeirra farið úr 250.000.000 kr. niður í ekki neitt á einu ári. Hafi þau að lokum komist í greiðsluþrot og kveður hann bankana hafa hirt allar eigur þeirra hjóna langt undir raunvirði.

Sóknaraðili kveðst hafa reynt að ná samningum við bankann um frystingu og endurskipulagningu en það hafi ekki gengið eftir.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að „*bætt verði að fullu það tjón og miska tjón sem ólöglegir gjörningar F hafa valdið okkur*“.

Telur sóknaraðili að varnaraðili hafi beitt ólöglegum viðskiptaháttum, þvingunum og ógnunum í krafti valds og fjárhagslegs styrks og hafi bankinn farið offari gegn sóknaraðila og eiginkonu hans.

Rökstyður sóknaraðili kröfur sínar með því að hann og eiginkonu hans gruni að það hafi verið tekin meðvituð ákvörðun innan bankans um að knésetja þau. Þannig hafi þau átt einbýlishús að A sem metið hafi verið á 97.000.000 kr. fyrir hrun fjármálakerfisins. Þau hafi haft möguleika á að selja það á 77.000.000 kr. en bankinn hafi komið í veg fyrir það og þeim hafi verið gert að selja bankanum húsið með yfirtöku skulda og bankinn hafi síðan selt það á 58.000.000 kr. Hafi þau reynt allt hvað þau gátu til að leita samninga við bankann og koma með hugmyndir í samvinnu við umboðsmann skuldara í bankanum um það hvernig þau gætu greitt og gengið frá sínum málum en öllum hugmyndum þeirra hafi verið hafnað án skýringa eða rökstuðnings.

Í athugasemdum sóknaraðila frá 21. september 2010 sundurliðar sóknaraðili kröfu sína á eftirfarandi hátt:

„ <i>Vegna A</i>	<i>60.000.000 kr.</i>
<i>Vegna B</i>	<i>100.000.000 kr.</i>
<i>Vegna C</i>	<i>90.000.000 kr.</i>
<i>Miskabætur vegna eignaupptöku og andlegrar vanlíðan, og mannorðs hnekk</i>	<i>35.000.000 kr.</i>
HEILDARKRAFA	<i>285.000.000 kr.</i>

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni.

Kröfum sínum til stuðnings vísar varnaraðili til e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Telur varnaraðili kröfugerð sóknaraðila á engan hátt uppfylla þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt ákvæðinu, en krafa hans sé óljós og ruglingsleg.

Þá vísar varnaraðili einnig til b-liðar 6. gr. samþykktanna þar sem fram kemur að nefndin fjalli ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár. Þar sem sóknaraðili leggi ekki fram sundurliðaða og ljósa kröfu um fébætur séu hún ekki tæk til umfjöllunar fyrir nefndinni.

VI.

Niðurstaða.

Í málinu krefst sóknaraðili þess að „*bætt verði að fullu það tjón og miska tjón sem ólöglegir gjörningar F hafa valdið okkur*“. Á síðari stigum hefur sóknaraðili lagt fram sundurliðaða kröfu að fjárhæð 285.000.000 kr.

Í e-lið 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki segir að nefndin fjalli ekki um mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Verður að telja að

kröfur sóknaraðila, um að bætt verði að fullu það tjón og miska tjón sem hann telur að F hafi valdið honum með ólöglegum gjörningum, séu það óljósar, illa upplýstar og óskýrar að þær séu ekki tækar til úrskurðar. Breytir sundurliðun kröfu sem fram kemur í bréfi sóknaraðila frá 21. september 2010 ekki þessari niðurstöðu.

Í ljósi framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila um bætur fyrir tjón og miska frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 22. október 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

Ár 2011, föstudaginn 7. janúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Jón Magnússon og Guðlaug Brynja Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 32/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 27. ágúst 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 1. september 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 8. nóvember 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. nóvember 2010, og henni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust þann 16. nóvember 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 2. desember 2010 og 7. janúar 2011.

II.

Málsatvik.

Þann 5. nóvember 2007 gaf A út skuldabréf nr. X til varnaraðila að fjárhæð 2.020.725 kr. Skuldabréfið er tryggt með 1. veðrétti í bifreiðinni R. Þann 15. janúar 2008 urðu skuldaraskipti þegar B tók yfir allar skyldur og skuldbindingar fyrri skuldara. Frá sama tíma tókst M einnig á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna skuldabréfsins. Sóknaraðili skrifaði undir skjal um skuldskeytingu þann 15. janúar og kemur þar fram að í undirskriftinni felist samþykki sjálfskuldarábyrgðaraðila. Á þeim tíma voru eftirstöðvar skuldarinnar 2.281.414 kr. Ekki liggja fyrir nein gögn um að fram hafi farið mat á greiðslugetu skuldara þegar sóknaraðili tókst á hendur sjálfskuldarábyrgðina.

Þar sem ekki fór fram neitt mat á greiðslugetu skuldara taldi sóknaraðili að varnaraðili hefði ekki farið eftir samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá nóvember 2001. Óskaði sóknaraðili eftir því að ábyrgðin yrði felld niður, en varnaraðili hafnaði þeirri kröfu.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 27. ágúst 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Kröfur sóknaraðila eru þær að sjálfskuldarábyrgð hennar á bílasamningi nr. X verði felld niður

Kröfu sína byggir sóknaraðili á því að varnaraðili hafi ekki farið eftir samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, þar sem að ekki hafi farið fram mat á greiðslugetu skuldara eins og skylt er samkvæmt samkomulaginu og því hafi sóknaraðila ekki verið kynntar niðurstöður neins mats á greiðslugetu.

Í erindi sóknaraðila kemur fram að á þeim tíma þegar hún tókst á hendur umrædda sjálfskuldarábyrgð hafi verið í gildi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Samkvæmt 2. gr. samkomulagsins taki það til allra þátta skuldaábyrgða, m.a. sjálfskuldarábyrgðar. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samkomulagsins beri fjármálafyrirtæki að meta greiðslugetu greiðanda ef skuldaábyrgð eða veð er sett til tryggingar, nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að það verði ekki gert. Í 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins sé kveðið á um að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. sé fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en 1.000.000 kr. Því hafi varnaraðila borið að meta greiðslugetu skuldara áður en sóknaraðili tókst á hendur sjálfskuldarábyrgðina, enda hafi eftirstöðvar skuldarinnar verið hærri en 1.000.000 kr.

Þá bendir sóknaraðili á að samkvæmt 4. gr. samkomulagsins hvíli viss upplýsingaskylda á fjármálafyrirtækjum áður en ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð. Kveðst sóknaraðili ekki hafa fengið neinn upplýsingabækling í hendur áður en hún gekkst í ábyrgð og því hafi varnaraðili einnig brotið gegn 4. gr. samkomulagsins. Þar sem hún sé af erlendu bergi brotin sé enn mikilvægara að gera henni grein fyrir þýðingu ábyrgðarinnar, enda sé hún ekki kunnug því ábyrgðarmannakerfi sem verið hafi við lýði hér á landi.

Þá vísar sóknaraðili máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 163/2005 og úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í málum nr. 3/2006, 17/2006, 1/2008 og 3/2008.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili sé aðili að samkomulagi um notkun ábyrgða, en Samtök banka og verðbréfafyrirtækja hafi undirritað það fyrir hönd aðildarféлага sinna. Í nóvember 2006 hafi Samtök fjármálafyrirtækja tekið við þeim réttindum og skuldum sem Samtök banka og verðbréfafyrirtækja höfðu gengist undir og séu því samtökin aðilar að samkomulaginu. Óumdeilt sé að varnaraðili sé aðili að Samtökum fjármálafyrirtækja og því sé félagið skuldbundið til að fara að samkomulaginu.

Sóknaraðili telur að þrátt fyrir að ekki hafi reynt á ábyrgð sóknaraðila, þar sem skuldari hafi yfirleitt staðið í skilum, verði krafa hennar metin til fjár og komi b-liður 6. gr. samþykkt fyrir nefndina því ekki í veg fyrir að nefndin fjalli um kröfuna. Krafan sé orðin til þó að hún sé ekki komin á gjalddaga. Einnig bendir sóknaraðili á að sjálfskuldarábyrgðin geti haft vægi og komið til skoðunar hjá öðrum lánveitendum og fjármálafyrirtækjum þegar tekin er ákvörðun varðandi önnur óskyld mál sóknaraðila.

Í ljós alls framangreinds telur sóknaraðili að hún sé ekki bundin af sjálfskuldarábyrgðinni og því beri að víkja henni til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að málinu verði vísað frá nefndinni á grundvelli b-liðar 6. gr. samþykktu fyrir nefndina.

Bendir varnaraðili á að afar ólíklegt sé að nokkurn tímann muni reyna á sjálfskuldarábyrgðina. Umræddur samningur sé í skilum og eftir dóma Hæstaréttar í málum nr. 92/2010, 145/2010 og 471/2010 verði samningurinn uppreiknaður og muni fjárhæð skuldarinnar lækka til muna. Því muni bifreiðin R standa undir láninu ef svo vildi til að samningurinn færi í vanskil. Því telur varnaraðili að vísa eigi málinu frá nefndinni.

VI.

Niðurstaða.

Sóknaraðili krefst þess að sjálfskuldarábyrgð hennar á bílasamningi nr. X verði felld niður. Byggir sóknaraðili kröfu sína á því að ekki hafi farið fram neitt mat á greiðslugetu skuldara og að varnaraðili hafi ekki staðið við skyldur sínar um veitingu upplýsinga á grundvelli samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Varnaraðili krefst frávísunar á málinu á grundvelli b-liðar 6. gr. samþykktu fyrir nefndina þar sem að enn hafi ekki reynt á ábyrgðina og ólíklegt sé að það muni reyna á hana.

Í b-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki segir að nefndin fjalli ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verði metin til fjár. Skuldabréf það sem sóknaraðili hefur gengist í ábyrgð fyrir og fjallað er um í máli þessu hefur fram að þessu verið í skilum og því hefur ekki fallið nein greiðsluskylda á sóknaraðila vegna þess. Þrátt fyrir það verður að taka undir sjónarmið sóknaraðila um að þó að ekki hafi reynt á ábyrgð sóknaraðila verði krafa hennar metin til fjár í skilningi b-liðar 6. gr. samþykktu fyrir nefndina, enda er ljóst að það getur haft áhrif á fyrirgreiðslu fjármálafyrirtækja og þar með fjárhag sóknaraðila hvort að sjálfskuldarábyrgðin er felld úr gildi eða talin eiga að gilda áfram.

Þegar sóknaraðili gekkst í sjálfsskuldarábyrgð á umræddri skuld var í gildi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett 1. nóvember 2001, og er ekki umdeilt að varnaraðili er aðili að samkomulaginu. Samkomulagið tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nema meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Ekki liggja fyrir nein gögn um það að varnaraðili hafi metið greiðslugetu B, útgefanda skuldabréfs nr. X. Verður því að miða við að greiðslumat hafi ekki farið fram. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu skuldarans, enda voru eftirstöðvar skuldabréfsins á þeim tíma 2.281.414 kr. Verður varnaraðili að bera allan

halla af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hvort að sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir skuldara eftir að hafa kynnt sér matið.

Í ljósi framangreinds verður að telja að víkja beri til hliðar umræddri sjálfskuldarábyrgð sem sóknaraðili gekkst undir þann 15. janúar 2008 með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga með áorðnum breytingum.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð M á skuldabréfi nr. X útgefnu af B til F er vikið til hliðar.

Reykjavík, 7. janúar 2011.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Jón Magnússon

Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

Ár 2011, föstudaginn 11. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Guðlaug Brynja Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 33/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 31. ágúst 2010 með kvörtun lögmanns sóknaraðila dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. september 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 11. október 2010. Var bréfið sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 12. október 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir lögmanns sóknaraðila bárust 5. nóvember 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 26. nóvember og 13. desember 2010, 14. og 28 janúar og 11. febrúar 2011.

II.

Málsatvik.

Þann 22. febrúar 2006 gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð á tveimur skuldabréfum. Skuldabréf X að fjárhæð 2.400.000 kr. var gefið út af dóttur sóknaraðila. Ábyrgðarmenn á bréfinu voru auk sóknaraðila eiginkona sóknaraðila og sambylismaður dóttur sóknaraðila. Skuldabréf Y að fjárhæð 850.000 kr. var gefið út af eiginkonu sóknaraðila. Ábyrgðarmenn á bréfinu voru auk sóknaraðila, dóttir sóknaraðila og sambylismaður hennar. Bæði lánin höfðu einn gjalddaga, þann 10. ágúst 2006. Ekki verður séð af gögnum málsins að greiðslugeta skuldara hafi verið metin þegar lánin voru tekin í samræmi við samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001. Í málinu liggja fyrir tölvupóstsamskipti milli dóttur sóknaraðila og F frá 9. – 16. febrúar 2006 þar sem dóttirin óskar eftir lánaþingreiðslu. Kemur fram í tölvupósti frá F að heildarskuldir hennar við F séu samtals 2.380.000 kr.

Þau lán sem dóttir sóknaraðila og eiginkona sóknaraðila tóku 22. febrúar voru ekki greidd á gjalddaga. Var báðum skuldabréfunum skilmálabreytt þann 14. ágúst 2006 vegna vanskila. Nýr höfuðstóll skuldabréfs X var ákveðinn 2.554.199 kr. og var höfuðstóll skuldabréfs Y ákveðinn 911.417 kr. Gjalddagi var ákveðinn 10. janúar 2007. Undir skilmálabreytingarnar skrifuðu bæði skuldari og ábyrgðarmenn hvors skuldabréfs fyrir sig. Skuldabréfin voru ekki greidd á gjalddaga í janúar 2007.

Þann 13. febrúar 2007 ritaði lögmaður sambýlismanns dótturinnar bréf til varnaraðila þar sem fram kemur að sambýlismaðurinn telji skuldbindingar sínar sem sjálfskuldarábyrgðaraðila óskuldbindandi, þar sem ekki hafi verið fylgt reglum sem felast í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001, en fyrir liggir að ekki hafi farið fram mat á greiðslugetu skuldara þrátt fyrir ótvíræða skyldu.

Kveður sóknaraðili að honum hafi í kjölfarið verið tilkynnt um það af hálfu varnaraðila að sambýlismaðurinn hafi verið leystur undan ábyrgðinni og að skuldin mundi eingöngu falla á sóknaraðila. Mótmælir varnaraðili því að sambýlismaðurinn hafi verið leystur undan ábyrgðinni og segir að erindinu hafi aldrei verið svarað þar sem sóknaraðili hafi ákveðið að greiða skuldina.

Kveðst sóknaraðili hafa farið á fundi með bankastjóra F og reynt að fá ábyrgð sína fellda niður en án árangurs. Þann 8. mars 2007 barst varnaraðila bréf frá sóknaraðila þar sem hann fór þess á leit við stjórn varnaraðila að komið væri til móts við hann með niðurfellingu að öllu leyti eða hluta á lánum í nafni dóttur hans og eiginkonu hans, sem væru á ábyrgð hans og eiginkonu hans.

Hefur varnaraðili lagt fram fundargerð af fundi stjórnar varnaraðila þann 9. mars 2007 þar sem erindi sóknaraðila var tekið fyrir. Segir í fundargerðinni að lánin séu í vanskilum og standi í u.þ.b. 4 milljónum. Samþykkti stjórnin að fela bankastjóra F að skuldbreyta og lengja lánstíma til allt að 15 ára gegn tryggingum í formi fasteignaveðs og/eða ábyrgðarmanns.

Sóknaraðili kveðst hafa verið mjög veikur á umræddum tíma og ekki haft þrek til frekari aðgerða gegn varnaraðila. Því hafi hann þann 24. apríl 2007 tekið tvö lán. Af framlögðum gögnum má sjá að sóknaraðili tók lán A að fjárhæð 2.700.000 kr. þann 24. apríl 2007. Um er að ræða íbúðalán til 40 ára tryggt með veða á 1. veðrétti í fasteign sóknaraðila. Þá liggur fyrir annað veðskuldabréf, B, undirritað sama dag að fjárhæð 1.750.000 kr. tryggt með veða á 3. veðrétti í fasteign sóknaraðila. Þar eru skuldarar tilgreind bæði sóknaraðili og eiginkona hans og undirrita þau bæði skjalið.

Andvirði lánanna var ráðstafað til greiðslu á skuldabréfi í nafni dóttur sóknaraðila að fjárhæð 2.900.000 kr., skuldabréfi á nafni eiginkonu sóknaraðila að fjárhæð 1.000.000 kr., kreditkortaskuld dóttur sóknaraðila að fjárhæð 483.500 kr. og lántökukostnaði að fjárhæð 91.743 kr. Greiddar hafa verið afborganir af lánunum og ekki hefur komið til vanskila á þeim.

Síðla árs 2009 skrifuðu sóknaraðili og eiginkona hans bréf til varnaraðila þar sem þau óskuðu eftir því að umrædd lán sem tekin voru 24. apríl 2007 yrðu felld niður. Þann 26. janúar barst svar frá varnaraðila þar sem fram kom að stjórn F hefði hafnað erindinu á fundi sínum 23. desember 2009.

Vísaði sóknaraðili málinu til úrskurðarnefndarinnar þann 31. ágúst 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þá kröfu með vísan til samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 og almennra reglna kröfu- og samningaréttar um rangar forsendur að skuldabréfalán þau sem sóknaraðili skrifaði undir í apríl 2007, A og B, verði ógilt og að ógilt verði sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfum útgefnum þann 22. febrúar 2006, X og Y. Auk þess er þess krafist að varnaraðili endurgreiði sóknaraðila þá fjármuni sem hann hefur greitt í afborganir af skuldabréfum frá 2007, alls 796.525 kr. af skuldabréfi nr. B og 589.677 kr. af skuldabréfi nr. A, samtals 1.386.202 kr., auk vaxta skv. 4. gr. laga um vexti og

verðtryggingu nr. 38/2001 frá gjalddaga hveftrar greiðslu og til þess dags er mánuður er liðinn frá dagsetningu málskotsins en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga til endurgreiðsludags. Þá er einnig krafist endurgreiðslu afborgana af framangreindum lánum sem greiddar hafa verið á meðan á málarekstri fyrir nefndinni stendur auk dráttarvaxta. Loks er gerð krafa um að varnaraðili greiði málskostnað sóknaraðila samkvæmt mati nefndarinnar auk virðisaukaskatts.

Sóknaraðili rökstyður kröfu sína með því að samkvæmt 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi varnaraðila borið að láta meta greiðslugetu lántakenda á lánum þeim sem sóknaraðili var ábyrgðarmaður fyrir og tekin voru 22. febrúar 2006. Hafi sóknaraðili ekki afþakkað greiðslumat varðandi lægra lánið og ekki verið slíkt heimilt varðandi herra lánið. Þá hafi varnaraðila borið að kynna sóknaraðila greiðslumatið til þess að hann gæti tekið upplýsta ákvörðun í málinu. Þá hafi borið að kynna sóknaraðila upplýsingabækling um skuldaábyrgðir, sbr. 4. gr. samkomulagsins og láta hann vita af því að til stæði að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán skuldara hjá fjármálafyrirtækinu.

Þá gerir sóknaraðili athugasemd við framkomu starfsmanna varnaraðila, sem hann telur að hafi stillt sér upp við vegg og ekki gefið honum neina valkosti aðra en að skrifa undir ný skuldabréf.

Bendir sóknaraðili á úrskurð úrskurðarnefndarinnar nr. 17/2006, þar sem svipaðar aðstæður hafi verið uppi og meiri hluti úrskurðarnefndarinnar hafi talið að varnaraðili hafi gerst brotlegur við samkomulag um notkun ábyrgða á skuldbindingum einstaklinga. Þá er bent á dóm Hæstaréttar í máli nr. 163/2005.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Ef fallist verði að einhverju leyti á kröfu sóknaraðila er þess krafist að endurgreiðslukröfunni verði hafnað að svo stöddu, enda hafi af hálfu sóknaraðila ekki verið gerð nein tilraun til að greina endurgreiðslukröfuna eftir því hvort hún á rót í skuldabréfi sem sóknaraðili var í ábyrgð fyrir vegna dóttur sinnar, eiginkonu sinnar eða greiðslukortaskuld dóttur hans. Þá er þess krafist að ef fallist verði á endurgreiðslukröfu sóknaraðila að einhverju leyti eða öllu verði endurgreiðslan skilyrt við það að sóknaraðili afhendi varnaraðila skilríki fyrir þeim kröfum sem þá rakna við á aðalskuldara.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á því að sóknaraðili sé sjálfur aðalskuldari að skuldabréfum, dags. 24. apríl 2007, og því eigi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 ekki við, sbr. 2. gr. samkomulagsins þar sem gildissvið þess sé afmarkað. Kveður varnaraðili nýtt réttarsamband hafa stofnast við sóknaraðila þegar hann hafi ákveðið, án nokkurra þvingana, að greiða upp skuldir dóttur sinnar og eiginkonu með útgáfu nýrra skuldabréfa. Þannig hafi hann leyst aðra ábyrgðarmenn á bréfunum undan skuldbindingum sínum án þess að varnaraðili ætti þess kost að ganga að þeim. Þá segir varnaraðili að sóknaraðili hafi átt þess kost að dreifa ábyrgðinni á milli ábyrgðarmanna á bréfunum, en ekki verði séð að það hafi verið reynt. Vilji sóknaraðila hafi staðið til þess að greiða skuldir dóttur sinnar og til þess hafi hann tekið lán í eigin nafni. Skuldabréfin sem sóknaraðili gaf út þann 24. apríl 2007 hafi frá upphafi verið í skilum hjá varnaraðila og byggir varnaraðili kröfur sína um efndir á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð, efndir og skuldbindingagildi samninga.

Varnaraðili byggir kröfur sínar einnig á því að skuldabréfin sem gefin voru út 22. febrúar 2006 hafi verið efnd til fullnustu og séu réttaráhrif þeirra því fallin niður. Lok kröfuréttinda miðist fyrst og fremst við greiðslu þeirra þar sem öll kröfuréttindi hafa það markmið að greiðsla sú sem er efni eða andlag kröfuréttinda fari fram. Þegar það hefur gerst sé hlutverki kröfu lokið og hún liðin undir lok. Þegar ábyrgðarmaður efni skuldbindingu gagnvart kröfuhafa sé hann þar með laus og kröfuréttindunum á hendur honum lokið. Að sama skapi losni aðalskuldari undan skuldbindingu sinni gagnvart kröfuhafa. Það liggi því ljóst fyrir að kröfuréttindum samkvæmt skuldabréfunum frá 2006 hafi lokið með uppgreiðslu þeirra.

Varnaraðili bendir á að réttarstaðan sem upp komi, ef skuldabréf sóknaraðila verði ógilt, sé afar flókin og vandséð að upphafleg skuldabréf dóttur sóknaraðila og eiginkonu sóknaraðila, sem greidd hafa verið upp að fullu rakni við, enda hafi sóknaraðili fengið frumrit skuldabréfanna og víxils vegna greiðslukortaskuldar afhent með áritun um uppgreiðslu þegar hann greiddi umræddar skuldir upp með andvirði nýrra lána. Verði skuldabréfunum frá 2007 vikið til hliðar geti varnaraðili ekki átt kröfu á upphaflegu skuldarana af uppgreiddum skuldabréfum frá 2006, en ef ekki hefði komið til uppgreiðslu skuldanna af hálfu sóknaraðila hefði varnaraðili getað gengið að dóttur og eiginkonu sóknaraðila og öðrum ábyrgðarmönnum skuldabréfanna. Jafnframt bendir varnaraðili á að sóknaraðili eigi samkvæmt meginreglum kröfuréttar endurkröfu á hendur dóttur sinni og eiginkonu sem aðalskuldurum í sama mæli og hann hefur staðið aðalskuldara skil á kröfunni. Sé ekki upplýst hvort að sóknaraðili hafi nýtt sér þann rétt sinn. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi á þeim rúmu þremur og hálfu ári sem liðin séu frá uppgreiðslu lánanna hafi sóknaraðili greitt af nýjum skuldabréfum á sínu nafni án nokkurs fyrirvara. Kveður varnaraðili sóknaraðila ítrekað hafa lýst yfir vilja sínum til að koma dóttur sinni til hjálpar.

Varnaraðili bendir einnig á að varnaraðila hafi ekki borið skylda til að greiðslumeta eiginkonu sóknaraðila, sbr. lokamálslið 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, auk þess sem lánsfjárhæðin hafi verið undir 1.000.000 kr. Ekki beri að líta á lánin sem sóknaraðili var í ábyrgð fyrir sem eitt og sama lánið. Bendir varnaraðili á að samkvæmt tölvupósti starfsmanns varnaraðila frá 15. febrúar 2006 hafi heildarskuldir dóttur sóknaraðila við varnaraðila verið 2.300.000 kr. Hún hafi tekið lán að fjárhæð 2.400.000 kr. en móðir hennar hafi tekið lán að fjárhæð 850.000 kr. Það sé því ósannað að lán eiginkonu sóknaraðila hafi runnið til annars en hennar sjálfrar. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi einnig greitt upp greiðslukortaskuld dóttur sinnar að fjárhæð 483.500 kr. með andvirði skuldabréfanna og sé það málinu algjörlega óviðkomandi. Beri því að hafna ógildingunni sjálfskuldarábyrgðarinnar á skuldabréfi eiginkonunnar og greiðslukortaskuld dótturinnar.

Varnaraðili telur kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu á fjárhæð 1.386.202 kr. mjög óskýra og hafi sóknaraðili enga tilraun gert til að greina kröfuna eftir því hvort hún eigi rót í skuldabréfi sem hann var í ábyrgð fyrir vegna dóttur sinnar, eiginkonu eða greiðslukortaskuld dótturinnar. Hafi sóknaraðili ekki reiknað út hverjar afborganir séu af þeirri fjárhæð sem leiði af skuldabréfi því sem dóttirin gaf út og því sé ótækt fyrir nefndina að úrskurða um endurkröfu á öllum afborgunum lánanna þegar fleiri skuldir heyra þar undir en sú sem sóknaraðili gekkst í ábyrgð fyrir árið 2006.

Varnaraðili mótmælir því að sóknaraðili eigi endurkröfurétt vegna afborgana af skuldabréfunum og bendir á að hann hafi greitt af þeim án athugasemda og

fyrirvara um endurgreiðslu í þrjú ár. Vísar varnaraðili um þetta til dóma Hæstaréttar í málum nr. 214/1999 og 204/1985.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili ásamt aðalskuldara og ábyrgðarmönnum hafi skrifað undir skilmálabreytingu á lánum vegna vanskila þeirra í ágúst 2006, án athugasemda um að ábyrgð þeirra stæðist. Þar með hafi þau staðfest ábyrgð sína þrátt fyrir að vita af greiðsluvanda skuldara, en gjalddagi bréfanna var liðinn án þess að komið hefði til greiðslu þeirra. Telur varnaraðili að sóknaraðili hafi tekið upplýsta ákvörðun þegar hann tók ný lán í apríl 2007, enda hafi hann þá þekkt til erfiðrar fjárhagsstöðu dóttur sinnar.

Varnaraðili styður kröfu sína um að ef fallist verði á endurgreiðslukröfu sóknaraðila að einhverju eða öllu leyti verði endurgreiðsla skilyrt á þann veg að jafnhliða endurgreiðslu verði sóknaraðila gert að afhenda varnaraðila skilríki fyrir þeim kröfum, sem þá rakna við á viðkomandi skuldara. Ef endurgreiðsla fari fram er þess krafist að samhliða henni verði sóknaraðila gert að afhenda frumrit skuldabréfa sem hann var í ábyrgð fyrir og honum voru afhent árituð um uppgreiðslu lánanna í apríl 2007. Að öðrum kosti geti varnaraðili ekki innheimt kröfu á aðalskuldara og aðra ábyrgðarmenn.

Varnaraðili mótmælir því að dómur Hæstaréttar í máli nr. 163/2005 og úrskurður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 17/2006 hafi fordæmisgildi í máli þessu. Þá mótmælir varnaraðili fullyrðingum sóknaraðila um að varnaraðili hafi lánað dóttur hans langt umfram greiðslugetu og telur að sýnt hafi verið fram á greiðslugetu í tölvupósti frá 9. febrúar 2006 til starfsmanns F. Þá kveður varnaraðili upplýsingabækling um skuldaábyrgðir hafa legið frammi á skrifstofu varnaraðila á umræddum tíma og hafi allir viðskiptamenn átt þess kost að kynna sér hann.

Þá mótmælir varnaraðili því að hann hafi ekki starfað í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði, sbr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Hafi sóknaraðila verið sýnt fyllsta tillit, honum hafi verið leiðbeint og staðan útskýrð fyrir honum hverju sinni. Þá er því mótmælt að sóknaraðili hafi verið beittur þrýstingi til að skrifa undir ný skuldabréf árið 2007.

VI.

Niðurstaða.

Í málinu er deilt um fjögur skuldabréf. Annars vegar ábyrgð sóknaraðila sem ábyrgðarmanns á tveimur skuldabréfum útgefnum 22. febrúar 2006 og hins vegar gildi tveggja skuldabréfa sem annars vegar sóknaraðili gaf út og hins vegar sóknaraðili og eiginkona hans gáfu út þann 24. apríl 2007.

Óumdeilt er að sóknaraðili, ásamt tveimur öðrum aðilum, gekkst í sjálfskuldarábyrgð á tveimur skuldabréfum þann 22. febrúar 2006. Annars vegar var um að ræða skuldabréf X að fjárhæð 2.400.000 kr. sem gefið var út af dóttur sóknaraðila. Hins vegar var um að ræða skuldabréf Y að fjárhæð 850.000 kr. var gefið út af eiginkonu sóknaraðila.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett 1. nóvember 2001, tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nema meira en 1.000.000 kr. Þá segir í lokamálslið 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins að hjónum eða

fólki í óvígðri sambúð sé heimilt að undanskilja fjármálafyrirtæki frá skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Ekki liggja fyrir nein gögn um það að varnaraðili hafi metið greiðslugetu dóttur sóknaraðila, útgefanda skuldabréfs X eða eiginkonu sóknaraðila, útgefanda skuldabréfs Y, áður en sóknaraðili gekkst í ábyrgð fyrir greiðslu umræddra lána. Þá liggja ekki fyrir gögn um að sóknaraðili hafi óskaði sérstaklega eftir því skriflega að greiðslugeta eiginkonu sóknaraðila yrði ekki metin eða að sóknaraðili hafi undanskilið varnaraðila frá skyldu til greiðslumats á grundvelli hjúskaps þeirra. Verður því að miða við að greiðslumat hafi ekki farið fram.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu dótturinnar og eiginkonunnar. Verður varnaraðili að bera allan halla af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hvort að sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir dóttur sína og eiginkonu eftir að hafa kynnt sér mat á greiðslugetu þeirra. Því hefðu verið fyrir hendi forsendur til að víkja til hliðar ábyrgð sóknaraðila á umræddum skuldabréfum á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, en þar sem kröfurnar hafa verið greiddar að fullu verður ábyrgðinni ekki vikið til hliðar.

Það að skuldari, sóknaraðili og aðrir ábyrgðarmenn hafi þann 14. ágúst 2006 skrifað undir skilmálabreytingarnar skuldabréfanna, þar sem skuldabréfunum var skilmálabreytt vegna vanskila og nýr höfuðstóll ákveðinn breytir því ekki að framkvæmd varnaraðila við öflun skuldaábyrgða þegar skuldabréfin voru gefin út var ekki í samræmi við samkomulag um notkun ábyrgða. Enda liggja ekki fyrir gögn sem staðfesta að sóknaraðili hafi verið gefinn kostur á að hætta við að gangast í sjálfskuldarábyrgð vegna umrædds skuldabréfs áður en hann skrifaði undir skilmálabreytingarnar.

Afgreiðsla varnaraðila á erindi sóknaraðila, sem móttékið var þann 8. mars 2007, þar sem sóknaraðili óskaði m.a. eftir því að varnaraðili felldi niður ábyrgð sóknaraðila og eiginkonu hans á umræddum lánum var ekki í samræmi við framangreint samkomulag um notkun ábyrgða sem varnaraðili var aðili að, en varnaraðili neitaði umleitunum sóknaraðila. Í stað þess var sóknaraðila boðið að skuldbreyta lánunum og lengja lánstíma til allt að 15 ára gegn tryggingum í formi fasteignaveðs og/eða ábyrgðarmanns.

Þann 24. apríl 2007 tók sóknaraðili lán A að fjárhæð 2.700.000 kr. Þá liggur fyrir annað veðskuldabréf, B, undirritað sama dag að fjárhæð 1.750.000 kr. Þar eru skuldarar tilgreind bæði sóknaraðili og eiginkona hans og undirrita þau bæði skjalið.

Andvirði lánanna var ráðstafaði til greiðslu á skuldabréfi í nafni dóttur sóknaraðila að fjárhæð 2.900.000 kr., skuldabréfi í nafni eiginkonu sóknaraðila að fjárhæð 1.000.000 kr., kreditkortaskuld dótturinnar að fjárhæð 483.500 kr. og lántökukostnaði að fjárhæð 91.743 kr. Var þar með lokið greiðslu á skuldabréfum X og Y. Krefst sóknaraðili nú ógildingar á umræddum lánum og endurgreiðslu á afborgunum á þeim. Varnaraðili krefst þess hins vegar að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Af 2. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er ljóst að samkomulagið tekur til allra skuldaábyrgða og þess þegar einstaklingur hefur gefið út

leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings. Það tekur hins vegar ekki til þess þegar einstaklingur tekur sjálfur lán. Því er ljóst að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga á ekki beint við lán A og lán B sem sóknaraðili annars vegar og sóknaraðili og eiginkona hans hins vegar tóku þann 24. apríl 2007.

Í ljósi framangreinds verður því að telja að stofnast hafi gildur samningur milli sóknaraðila og varnaraðila annars vegar og sóknaraðila, eiginkonu hans og varnaraðili hins vegar. Kemur þá næst til skoðunar hvort að víkja megi samningnum til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Í 1. mgr. 36. gr. segir að samningi og öðrum löggerningum megi víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera þá fyrir sig. Í 2. mgr. greinarinnar segir að við mat samkvæmt 1. mgr. skuli líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til.

Skoða þarf lán A og lán B í sitthvoru lagi.

Hvað varðar lán A, þar sem sóknaraðili er einn skuldari, er fjárhæð þess, 2.700.000 kr., nálægt því að vera sú sama og fjárhæð skuldar dóttur sóknaraðila á grundvelli skuldabréfs X, sem var 2.900.000 kr. Ljóst er að varnaraðili átti frumkvæði að útgáfu umrædds skuldabréfs, sbr. fundargerð frá stjórnarfundum 9. mars 2007. Þegar skuldabréfið var gefið út var ekki jafnræði með aðilum og verður að skoða vilja sóknaraðila til samningsgerðar með hliðsjón af því. Þá verður ekki talið að varnaraðili hafi í umræddu máli starfaði í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði, en á fjármálafyrirtækjum hvílir skylda til þess á grundvelli þágildandi ákvæðis 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. nógildandi 1. mgr. 19. gr. laganna. Með því að sóknaraðili tók lán A öðlaðist varnaraðili kröfu á hendur honum, sem hann hefði annars ekki fengið og átti ekki lögvarinn rétt til. Virðist af hálfu varnaraðila ekki hafa verið gerð nein tilraun til að innheimta skuldirnar hjá aðalskuldurum þeirra, dóttur sóknaraðila og eiginkonu sóknaraðila.

Þegar á allt þetta er litið, verður að telja, að atvik við samningsgerðina og staða samningsaðila geri það að verkum, að varnaraðili geti ekki haldið umræddu láni A upp á sóknaraðila. Ber því með skírskotun til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. lög nr. 11/1986, að ógilda skuldabréf A.

Hvað varðar lán Y þá eru lántakar þar bæði sóknaraðili og eiginkona hans. Þar sem ekki kemur annað fram á skuldabréfinu er gengið út frá því að þau beri ábyrgð á láninu in soldium. Ljóst er að það lán var m.a. notað til að greiða niður skuldabréf á nafni eiginkonu sóknaraðila, lán Y, að fjárhæð 1.000.000 kr. og var þar með greiðslu lokið á því skuldabréfi. Það er því ljóst að eiginkona sóknaraðila var ekki að stofna til nýrrar skuldar við varnaraðila með útgáfu þess bréfs og því er ekki unnt að ógilda skuldbindinguna hvað hana varðar, enda hafa ekki verið lagðar fram kröfur þess efnis í málinu.

Hins vegar eiga sömu sjónarmið við um skuldbindingargildi þessa láns og láns A hvað sóknaraðila varðar að því leyti sem lánið var notað til að greiða upp skuldir sem tengdust skuldabréfum þeim sem hann var ábyrgðarmaður fyrir. Verður því að telja, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. lög nr. 11/1986, með sömu rökum og hér að framan að varnaraðili geti ekki haldið umræddu láni Y upp á sóknaraðila að því leyti sem lánið var notað til að greiða upp skuldir sem tengdust skuldabréfum þeim sem hann var ábyrgðarmaður fyrir. Í því sambandi er bent á að fyrir liggur að sóknaraðili notaði 483.500 kr. af

andvirði lánanna til að greiða niður kreditkortaskuld á nafni dóttur sóknaraðila, en sú skuld tengdist ekki þeim skuldabréfum sem gefin voru út þann 22. febrúar 2006.

Ógilding hefur almennt þau réttaráhrif að greiðslur verða ekki inntar af hendi og ef greiðslur hafa farið fram er meginreglan sú að þeim ber að skila aftur. Verður ekki talið að sóknaraðili hafi fyrirgert rétti sínum til endurgreiðslu með því að hafa látið líða tvö og hálf ár frá útgáfu skuldabréfanna í apríl 2007 þar til hann ritaði varnaraðila bréf síðla árs 2009 og óskaði niðurfellingar á umræddum lánum. Ber varnaraðila því að endurgreiða sóknaraðila þær afborganir skuldabréfs A sem greiddar hafa verið. Endurgreiðslufjárhæðin skal bera vexti skv. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá greiðsludegi hvernar afborgunar. Þá skal endurgreiðslufjárhæðin bera dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 30. september 2010 til greiðsludags.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Skuldabréf A gefið út af M þann 24. apríl 2007 skal vera ógilt. Ber F að endurgreiða M þær afborganir umrædds skuldabréfs, sem greiddar hafa verið. Endurgreiðslufjárhæðin skal bera vexti skv. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá greiðsludegi hvernar afborgunar. Þá skal endurgreiðslufjárhæðin bera dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 30. september 2010 til greiðsludags. Skuldbinding M á láni B skal vera ógild að frádregnum 483.500 kr.

Reykjavík, 11. febrúar 2011.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marellsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

Ár 2010, mánudaginn 13. desember 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 34/2010**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 20. september 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 17. september 2010. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. september 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 18. október 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. október 2010, og henni gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir frá sóknaraðila bárust þann 9. nóvember 2010. Varnaraðili gerði athugasemdir við athugasemdir sóknaraðila þann 16. nóvember 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 26. nóvember, 3. og 13. desember 2010.

II.

Málsatvik.

Þann 9. desember 2005 gaf A út skuldabréf til varnaraðila með veði í lausafé og sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð 3.637.770 kr. Samkvæmt skuldabréfinu tókst G á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins. Bifreiðin R var veðsett til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu og undirritaði sóknaraðili skuldabréfið sem veðþoli.

Skilmálum veðskuldabréfsins var breytt þann 15. desember 2005 þegar B urðu skuldari. Undir yfirlýsingu vegna breyttra skilmála ritar sóknaraðili sem sjálfskuldarábyrgðaraðili.

Hefur varnaraðili hafið innheimtuaðgerðir gegn sóknaraðila sem sjálfskuldarábyrgðaraðila á grundvelli umrædds skjals.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að „nefndin staðfesti að meint sjálfskuldarábyrgð [sóknaraðila] sé ekki til staðar, enda ritar [sóknaraðili] á skuldaskjalið sem veðþoli og á yfirlýsingu fh. B sem framkvæmdastjóri.“

Sóknaraðili rökstyður kröfu sína með því að hún riti ekki á skjalið sem sjálfskuldarábyrgðaraðili, heldur sem veðþoli. G riti á skuldaskjalið sem

sjálfskuldarábyrgðaraðili og sé hans getið í meginmáli skjalsins sem sjálfskuldarábyrgðaraðila og sé skjalið samið af varnaraðila. Sóknaraðili hafi aðeins ritað á yfirlýsinguna sem framkvæmdastjóri B og riti G á yfirlýsinguna sem vottur. Umræddri yfirlýsingu hafi ekki verið þinglýst og sé hennar ekki getið í skuldaskjalinu, en því hafi verið þinglýst.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá nefndinni. Til vara krefst varnaraðili þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Aðalkröfu sína byggir varnaraðili annars vegar á því að varnaraðili eigi ekki aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki og því heyri ágreiningur málsaðila ekki undir starfssvið nefndarinnar, sbr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina, en samkvæmt ákvæðinu sé það skilyrði að kvörtun sé vegna viðskipta við fjármálafyrirtæki sem aðild á að nefndinni. Varnaraðili eigi ekki aðild að þeim samtökum sem stóðu að samkomulagi um starfrækslu nefndarinnar og hafi ekki orðið aðili að nefndinni við það að aðild félagsins að Sambandi íslenskra tryggingafélaga færðist yfir til Samtaka fjármálafyrirtækja 1. janúar 2007, enda fari starfsleyfi varnaraðila eftir lögum um váttryggingastarfsemi en ekki lögum um fjármálafyrirtæki. Þá hafi varnaraðili aldrei sótt um að eiga beina aðild að nefndinni, sbr. síðari másl. 1. gr. samþykktu fyrir nefndina. Skylduaðild fjármálafyrirtækja að nefndinni skv. 19. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 hafi ekki þýðingu þar sem varnaraðili teljist ekki fjármálafyrirtæki í skilningi laganna.

Hins vegar byggir frávísunarkrafa varnaraðila á því að ágreiningur sá sem er tilefni kvörtunarinnar sé nú þegar til úrlausnar hjá sýslumanninum í Reykjavík, en aðfararbeiðni varnaraðila gagnvart sóknaraðila hafi verið tekin fyrir hjá sýslumanni 1. október sl. Samkvæmt d-lið 6. gr. samþykktu fyrir nefndina fjalli nefndin ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms. Þótt úrlausn ágreiningsmála hjá sýslumanni teljist ekki beinlínis til dómsathafna í þrengsta skilningi verði ekki fram hjá því litið að úrlausnir sýslumanna um framgang aðfararbeiðna fari eftir réttarfarsreglum sem kveðið sé á um í aðfararlögum nr. 90/1989. Verði því að telja ágreining milli tveggja eða fleiri aðila, sem sé til úrlausnar hjá sýslumanni á grundvelli laga er varða fullnustugerðir verði jafnað við ágreiningsmál sem séu til meðferðar almennra dómstóla í skilningi d-liðs 6. gr. samþykktanna. Bendir varnaraðili á að ágreiningi um ákvarðanir sýslumanns verði skotið til úrlausnar héraðsdómara samkvæmt því sem nánar greinir í 14. kafla laga nr. 90/1989. Að auki geti almennt ekki farið saman að sama ágreiningsefni sé til úrlausnar bæði hjá sýslumanni og nefndinni, slíkt fari í bága við málsmeðferðarreglur réttarfars og stjórnarsýsluréttar.

Varakröfu sína styður varnaraðili við að sóknaraðili hafi með skýrum og ótvíræðum hætti áritað yfirlýsinguna með eignnafni sínu um að hún samþykki að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldinni og eigi staðhæfingar hennar um annað ekki við nokkur rök að styðjast. Þá hafi verið óþarfi að þinglýsa umræddri yfirlýsingu um skuldskeytingu og hafi það enga þýðingu varðandi óskipta ábyrgð B og sóknaraðila á greiðslu skuldarinnar. Því beri að hafna kröfum sóknaraðila fyrir nefndinni.

VI.
Niðurstaða.

Í 1. gr. samþykktá fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 8. júní 2000 segir að úrskurðarnefndin starfi samkvæmt samkomulagi á milli viðskiptaráðuneytisins, Sambands íslenskra viðskiptabanka, Sambands íslenskra sparisjóða, Samtaka verðbréfafyrirtækja, Sambands lánastofnana og Neytendasamtakanna. Þá segir að einstök fyrirtæki geri átt aðild að nefndinni. Í 3. gr. samþykktá fyrir úrskurðarnefndina er fjallað um starfssvið nefndarinnar. Samkvæmt greininni geta viðskiptamenn fjármálafyrirtækja sem eiga aðild að nefndinni snúið sér til nefndarinnar með kvartanir vegna viðskipta við þau. Samkvæmt a-lið greinarinnar tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining á milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila.

Kröfum sóknaraðila í máli þessu er beint gegn F, en F er váttryggingafélag sem starfar samkvæmt starfsleyfi sem gefið er út á grundvelli laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi. Varnaraðili er því ekki fjármálafyrirtæki og á því ekki aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti með fjármálafyrirtæki, enda hefur hann ekki sótt um aðild að nefndinni á grundvelli síðari málsl. 1. gr. samþykktá fyrir nefndina. Ákvæði 19. gr. a laga um fjármálafyrirtæki breyta engu um aðild varnaraðila að nefndinni.

Samkvæmt framansögðu er það utan starfssviðs nefndarinnar að fjalla um framangreindan ágreining sóknaraðila við varnaraðila og er því óhjákvæmilegt þegar af þeirri ástæðu að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 13. desember 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2010, mánudaginn 13. desember 2010, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 35/2010**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 22. september 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 17. september 2010. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. september 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 18. október 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. október 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir frá sóknaraðila bárust þann 9. nóvember 2010. Varnaraðili gerði athugasemdir við athugasemdir sóknaraðila þann 16. nóvember 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 26. nóvember, 3. og 13. desember 2010.

II.

Málsatvik.

Þann 9. desember 2005 gaf A út skuldabréf til varnaraðila með veði í lausafé og sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð 3.637.770 kr. Samkvæmt skuldabréfinu tókst G á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins. Bifreiðin R var veðsett til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu og undirritaði N skuldabréfið sem veðþoli.

Skilmálum veðskuldabréfsins var breytt þann 15. desember 2005 þegar M urðu skuldari. Undir yfirlýsingu vegna breyttra skilmála ritaði N sem sjálfskuldarábyrgðaraðili.

Telur varnaraðili að yfirlýsingin sé skuldbindandi fyrir M og hefur hafið innheimtuaðgerðir gegn sóknaraðila á grundvelli umrædds skjals.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að „*nefndin úrskurði yfirlýsingu dags. 15.12.05 (FSKJ 2) sem óskuldbindandi yfirlýsingu hvað [sóknaraðila] varðar, þar sem samkvæmt lögum félagsins þurfa tveir stjórnarmenn að rita firmað svo skuldbindandi sé.*“

Sóknaraðili rökstyður kröfu sína með því að yfirlýsing vegna breyttra skilmála veðskuldabréfa sé ekki skuldbindandi fyrir sóknaraðila þar sem yfirlýsingin sé ekki

órjúfanlegur hluti skuldaskjals og undirritun á yfirlýsingu f.h. sóknaraðila sé ófullnægjandi á grundvelli laga félagsins. Sóknaraðili hafi ekki undirritað skuldaskjalið. A riti á skuldaskjalið sem útgefandi/aðalskuldari og G riti á skuldaskjalið sem sjálfskuldarábyrgðaraðili og sé hans getið í meginmáli skjalsins sem sjálfskuldarábyrgðaraðila og sé skjalið samið af varnaraðila. Umrædd yfirlýsing sé ekki frágengið skjal og hafi undirritun sóknaraðila aldrei verið kláruð, sbr. lög félagsins, samþykktir þess, 49. gr. laga um einkahlutafélög og 28. gr. laga um verslanaskrá, firmu og prókúru. Yfirlýsingin sé því ekki skuldbindandi fyrir sóknaraðila.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá nefndinni. Til vara krefst varnaraðili þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Aðalkröfu sína byggir varnaraðili annars vegar á því að varnaraðili eigi ekki aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki og því heyri ágreiningur málsaðila ekki undir starfssvið nefndarinnar, sbr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina, en samkvæmt ákvæðinu sé það skilyrði að kvörtun sé vegna viðskipta við fjármálafyrirtæki sem aðild á að nefndinni. Varnaraðili eigi ekki aðild að þeim samtökum sem stóðu að samkomulagi um starfrækslu nefndarinnar og hafi ekki orðið aðili að nefndinni við það að aðild félagsins að Sambandi íslenskra tryggingafélaga færðist yfir til Samtaka fjármálafyrirtækja 1. janúar 2007, enda fari starfsleyfi varnaraðila eftir lögum um váttryggingastarfsemi en ekki lögum um fjármálafyrirtæki. Þá hafi varnaraðili aldrei sótt um að eiga beina aðild að nefndinni, sbr. síðari másl. 1. gr. samþykktu fyrir nefndina. Skylduáðild fjármálafyrirtækja að nefndinni skv. 19. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 hafi ekki þýðingu þar sem varnaraðili teljist ekki fjármálafyrirtæki í skilningi laganna.

Hins vegar byggir frávisunarkrafa varnaraðila á því að ágreiningur sá sem er tilefni kvörtunarinnar sé nú þegar til úrlausnar hjá sýslumanninum í Reykjavík, en aðfararbeiðni varnaraðila gagnvart sóknaraðila hafi verið tekin fyrir hjá sýslumanni 1. október sl. Samkvæmt d-lið 6. gr. samþykktu fyrir nefndina fjalli nefndin ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms. Þótt úrlausn ágreiningsmála hjá sýslumanni teljist ekki beinlínis til dómsathafna í þrengsta skilningi verði ekki fram hjá því litið að úrlausnir sýslumanna um framgang aðfararbeiðna fari eftir réttarfarsreglum sem kveðið sé á um í aðfararlögum nr. 90/1989. Verði því að telja ágreining milli tveggja eða fleiri aðila, sem sé til úrlausnar hjá sýslumanni á grundvelli laga er varða fullnustugerðir verði jafnað við ágreiningsmál sem séu til meðferðar almennra dómstóla í skilningi d-liðs 6. gr. samþykktanna. Bendir varnaraðili á að ágreiningi um ákvarðanir sýslumanns verði skotið til úrlausnar héraðsdómara samkvæmt því sem nánar greinir í 14. kafla laga nr. 90/1989. Að auki geti almennt ekki farið saman að sama ágreiningsefni sé til úrlausnar bæði hjá sýslumanni og nefndinni, slíkt fari í bága við málsmeðferðarreglur réttarfars og stjórnarsýsluréttar.

Varakröfu sína styður varnaraðili við að sóknaraðili hafi greitt 32 fyrstu afborganir af bréfinu og lítils háttar inn á 33. afborgunina, samtals 2.663.327 kr. Engir fyrirvarar hafi verið gerðir þegar greiðslurnar voru inntar af hendi um að sóknaraðili væri ekki greiðandi skuldabréfsins. Þá verði ekki framhjá því litið að í bréfi Fjármálaeftirlitsins til varnaraðila þar sem tilkynnt hafi verið um kvörtun varnaraðila vegna meintra ólögmetra starfshátta varnaraðila, m.a. við innheimtu umrædds

skuldabréfs, komi fram að varnaraðili hafi gert tilraunir til að greiða afborgarnir af umræddu skuldabréfi.

Þá bendir varnaraðili á að ekki fari milli mála að N, framkvæmdastjóri sóknaraðila, hafi ritað undir yfirlýsinguna eiginnaftan og hafi hún gert það í því skyni að skuldbinda sóknaraðila, enda hafi hún ritað „M“ Því beri að hafna kröfum sóknaraðila fyrir nefndinni.

VI.

Niðurstaða.

Í 1. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 8. júní 2000 segir að úrskurðarnefndin starfi samkvæmt samkomulagi á milli viðskiptaráðuneytisins, Sambands íslenskra viðskiptabanka, Sambands íslenskra sparisjóða, Samtaka verðbréfafyrirtækja, Sambands lánastofnana og Neytendasamtakanna. Þá segir að einstök fyrirtæki geri átt aðild að nefndinni. Í 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina er fjallað um starfssvið nefndarinnar. Samkvæmt greininni geta viðskiptamenn fjármálafyrirtækja sem eiga aðild að nefndinni snúið sér til nefndarinnar með kvartanir vegna viðskipta við þau. Samkvæmt a-lið greinarinnar tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining á milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila.

Kröfum sóknaraðila í máli þessu er beint gegn F, en F er váttryggingafélag sem starfar samkvæmt starfsleyfi sem gefið er út á grundvelli laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi. Varnaraðili er því ekki fjármálafyrirtæki og á því ekki aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti með fjármálafyrirtæki, enda hefur hann ekki sótt um aðild að nefndinni á grundvelli síðari málsl. 1. gr. samþykktu fyrir nefndina. Ákvæði 19. gr. a laga um fjármálafyrirtæki breyta engu um aðild varnaraðila að nefndinni.

Samkvæmt framansögðu er það utan starfssviðs nefndarinnar að fjalla um framangreindan ágreining sóknaraðila við varnaraðila og er því óhjákvæmilegt þegar af þeirri ástæðu að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 13. desember 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2011, fimmtudaginn 3. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Guðlaug Brynja Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 36/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 22. september 2010 með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. september 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 25. október 2010. Var bréfið sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. október 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir lögmanns sóknaraðila bárust þann 23. nóvember 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 13. desember 2010, 14. og 21. janúar, 11. febrúar og 4. mars 2011.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili er einn hluthafa í A á Grenivík og situr hann í varastjórn félagsins. Á árinu 2007 veitti gamli F, A tvö lán. Annars vegar lán nr. X sem undirritað var þann 9. maí 2007 af B og C f.h. A að fjárhæð 20.000.000 kr. Hlutfall mynta í láninu var 50% í svissneskum frönkum og 50% í japönskum jenum. Ritar sóknaraðili á skjalið sem vottur að réttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði stjórnarmanna. Hins vegar var um að ræða lán nr. Y sem undirritað var þann 11. júlí 2007 af B og C f.h. A að fjárhæð 8.000.000 kr. Hlutfall mynta í láninu var 20% í evrum, 50% í svissneskum frönkum og 30% í japönskum jenum. Varnaraðili hefur nú tekið yfir umrædda lánasamninga.

Við framangreindar lántökur var gengið út frá því að sóknaraðili mundi leggja fram til tryggingar lánunum innstæðu á innlánsreikningi að fjárhæð 35.000.000 kr. sem handveðsett yrði bankanum. Þannig var tryggingaþekjan um 125% af lánunum. Þann 3. september 2007 setti sóknaraðili gamla F að handveði bankareikning nr. Z til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum A

við veðhafa. Í handveðsyfirlýsingu segir m.a.: „*Falli markaðsverðmæti veðsettra fjármálagerna það mikið að hlutfallið milli eftirstöðva skuldarinnar og verðmæti veðandlagsins uppfyllir ekki lengur útlánareglur veðhafa, eins og þær eru á hverjum tíma, um hámarks láns hlutfall skal veðsali greiða niður skuldina eða leggja fram nýjar tryggingar jafnóðum svo jafnvægi náist milli skuldarinnar og verðmæti veðsins að mati veðhafa. Innan 15 daga frá því að slík beiðni kemur fram, getur veðhafi beitt sömu vanefndaúrræðum og vegna vanskila.*“ Ekki kemur fram nein fjárhæð í skjalinu.

Vorið 2008, í kjölfar veikingar íslensku krónunnar, kallaði bankinn eftir frekari tryggingum á grundvelli tilvitnaðs ákvæðis, enda var tryggingaþekjan komin niður fyrir 95%. Jafnframt segir sóknaraðili að yfirdráttarheimild félagsins hjá bankanum hafi verið felld niður þar til lögð hefði verið fram viðbótartrygging. Sóknaraðili lagði fram viðbótartryggingu þann 6. júní 2008 að fjárhæð 10.000.000 kr. og fór tryggingarþekjan þá í u.þ.b. 120%.

Að sögn sóknaraðila hófu hann og eiginkona hans, N, viðræður við varnaraðila í mars 2009 um framlengingu fyrra skuldabréfalánsins sem var á gjalddaga 5. maí 2009. Kveða þau fulltrúa bankans hafa sagt að best væri að framlengja lánið um eitt ár og hafi þau staðið í þeirri trú að það yrði niðurstaða bankans. Í lok apríl 2009 áttu þau ásamt C, framkvæmdastjóra og hluthafa í útgerðarfélaginu, í því skyni að ganga frá framlengingu lánsins. Segja þau að þeim hafi verið tjáð að málið væri til skoðunar hjá bankanum og skyldu þau ekkert aðhafast fyrr en þeirri skoðun væri lokið. Þann 22. maí 2009 var aftur haldinn fundur í bankanum og var þeim þá tjáð að til athugunar væri að gjaldfella lánið í ljósi þess að ekki væri grundvöllur fyrir rekstri útgerðarfélagsins. Sóknaraðili send varnaraðila bréf þann 27. maí 2009 þar sem þess var krafist að varnaraðili viðurkenndi að ráðgjöf bankans til sóknaraðila hafi verið verulega áfátt þegar hann féllst á að leggja fram handveð vegna lánanna til A. Jafnframt var þess krafist að varnaraðili skilaði sóknaraðila þeim tíu milljónum króna sem hann lagði fram sem viðbótarhandveð auk vaxta sem fallið hefðu á þá fjárhæð. Loks var þess krafist að bankinn héldi áfram viðræðum um farsæla lausn málsins.

Varnaraðili svaraði bréfi sóknaraðila með bréfi, dags. 15. september 2009. Í bréfinu var kröfum sóknaraðila hafnað og skorað á hann að leggja fram nýjar tryggingar eða greiða vanskil vegna hinna gjaldföllnu lána. Yrði það ekki gert mundi varnaraðili nota andvirði veðandlagsins til að lækka skuld A við bankann.

Þann 16. október 2009 var sóknaraðila send greiðsluáskorun frá varnaraðila vegna beggja lánanna. Þegar ekki var orðið við áskoruninni var gengið að handveðinu þann 4. maí 2010. Var andvirðinu ráðstafað til greiðslu á framangreindum lánum A. Var lán nr. X greitt að fullu, en eftirstöðvar láns nr. Y voru 12.607.573 kr. þann 19. október 2010.

Málinu var vísað til úrskurðarnefndarinnar með bréfi sem mótttekið var þann 22. september 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að varnaraðili endurgreiði honum 10.000.000 kr., ásamt áföllnum sammingsvöxtum á tímabilinu 5. júní 2008 til 27. júní 2009 og með dráttarvöxtum frá 28. júní 2009 til greiðsludags. Þá gerir sóknaraðili þá kröfu að varnaraðili greiði honum allan kostnað sem hann hefur haft og muni hafa vegna þessarar kröfugerðar sinnar að viðbættum virðisaukaskatti.

Sóknaraðili rökstyður kröfur sínar með því að varnaraðili hafi brotið gegn ákvæðum 19. gr. laga nr. 161/2002 um að fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við

eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Telur sóknaraðili að varnaraðila hefði borið að benda honum á áhættuna af því að leggja fram handveð í íslenskum krónum sem tryggingu fyrir tveimur gengistryggðum lánum sem að auki veru kúlulán. Segir sóknaraðili að hann hafi hvorki þegar upphaflega handveðið var veitt bankanum, né þegar 10 milljónum króna var bætt við veðið í júní 2008 eða síðar hafi það komið til tals af hálfu bankans að hyggilegt gæti verið að færa innstæðuna á innlenda gjaldeyrisreikninga í bankanum í sömu myntum og hlutföllum og gildi um lánin sem handveðinu var ætlað að tryggja.

Sóknaraðili byggir á því að upplýsingagjöf um mismunandi kosti viðskiptavina sé mjög mikilvæg í starfsemi fjármálafyrirtækja og að öll áhætta sem fjármálafyrirtæki þekkir og varðar beinlínis umrædd viðskipti eigi að liggja ljós fyrir þannig að viðskiptamaður geti tekið vandaða og upplýsta ákvörðun. Hafi varnaraðila því borið að benda sóknaraðila á umtalsverða gengisáhættu og kynna honum aðra kosti sem gætu dregið úr þessari áhættu. Bendir sóknaraðili í þessu sambandi á að bankar séu fagaðilar sem starfi samkvæmt sérstöku leyfi og undir opinberu eftirliti.

Sóknaraðili bendir á að almennt hafi lántakar hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum, a.m.k. einstaklingar verið látnir skrifa undir sérstaka yfirlýsingu þar sem því er lýst yfir að þeir geri sér grein fyrir að gengisáhætta geti verið samfara lántöku með gengistryggðu láni eða láni í erlendri mynt. Telur sóknaraðili að það sama hefði átt að gilda gagnvart einstaklingi sem leggi fram tryggingu fyrir þriðja aðila sem tekur gengistryggt lán.

Sóknaraðili rökstyður einnig kröfu sína með vísan til 1. mgr. 43. gr. danskra laga um fjármálafyrirtæki, nr. 793/2009 og reglna settra á grundvelli þeirra.

Sóknaraðili vísar einnig til skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis til stuðnings því að um það leyti sem hann hafi gefið út handveðsyfirlýsingu, þ.e. í maí 2007 hafi gengi íslensku krónunnar verið mjög hátt skráð gagnvart öllum þeim gjaldmiðlum sem vísað er til í skuldabréfunum sem A gaf út til bankans. Telur sóknaraðili að fyrirrennara varnaraðila hafi verið kunnugt um þetta, þó að ekki sé ljóst að vitneskjan hafi verið komin til stjórnenda útibús bankans á Akureyri sem annaðist samskipti við sóknaraðila.

Að auki vísar sóknaraðili til 16. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 þar sem kveðið sé á um að ef vara eða þjónusta séu þannig úr garði gerð að leiðbeininga sé þörf við mat á eiginleikum þess, t.d. notagildi og endingu, svo og meðferð og hættu sem af vöru eða öðru getur stafað beri að veita fullnægjandi skriflegar leiðbeiningar þegar tilboð sé gefið, samningur gerður eða eftir atvikum við afhendingu.

Loks vísar sóknaraðili til 9. gr. laga um fjárhagslegar tryggingaráðstafanir nr. 46/2005 þar sem kveðið sé á um að ákvæði í samningi um fjárhagslegar tryggingaráðstafanir er varði verðmat fjárskuldbindinga og fullnustu fjárskuldbindinga megi víkja til hliðar í heild eða að hluta eða breyta ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera ákvæðið fyrir sig.

Því telur sóknaraðili ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að varnaraðili beri fyrir sig ákvæði handveðsyfirlýsingarinnar til að leysa til sín hina veðsettu bankainnstæðu.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir kröfu sína í fyrsta lagi á því að í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá U sé að finna tæmandi talningu á þeim eignum og skuldbindingum sem varnaraðili hafi tekið yfir frá gamla F. Í ákvörðuninni komi ekki fram neitt um það að mögulegar kröfur á hendur gamla F séu yfirteknar af varnaraðila. Endurgreiðslukrafa sóknaraðila sé vegna viðbótartryggingar sem hann lagði fram í júní 2008 í starfstíð gamla F. Því eigi krafan ekki undir varnaraðila.

Ef ekki verði fallist á að varnaraðili beri ekki ábyrgð á ráðgjöf og leiðbeiningum til viðskiptavina sem tóku lán og lögðu fram tryggingar hjá gamla F krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað á þeim forsendum að varnaraðili hafi ekki brugðist í ráðgjöf sinni til sóknaraðila, enda hafi engin skylda til slíkrar ráðgjafar verið fyrir hendi.

Bendir varnaraðili á að í 19. gr. laga nr. 161/2002 sé kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Hvergi sé í lögum fjallað um upplýsingaskyldu vegna veðsetninga sambærilegum þeim sem fjallað sé um í þessu máli. Þá verði ekki talið að venja til slíkrar ráðgjafar hafi skapast líkt og sóknaraðili heldur fram, nema síður sé, auk þess sem ekki hafi verið sýnt fram á að bankinn hafi hegðað sér með nokkrum hætti andstætt þeim viðskiptaháttum sem þóttu eðlilegir og viðteknir á þeim tíma sem málið tekur til.

Þá bendir varnaraðili á að ekki hafi verið sýnt fram á að sóknaraðili hafi boðið fram erlenda mynt eða átt umræddar fjárhæðir í erlendri mynt þó að hann hafi vitað að umrædd lán voru í erlendum myntum. Varnaraðili kveðst aldrei hafa haft þá starfsreglu að ráðleggja skuli viðskiptavinum sem setja eign sína að veði að breyta þeirri eign í erlenda mynt þó verið sé að taka lán í erlendri mynt, enda sé ekki gengið út frá því við lánveitinguna að ganga þurfi að veðinu. Þá bendir varnaraðili á að ef sóknaraðili hefði breytt eign sinni í erlenda mynt og íslenska krónan hefði styrkst hefði eign hans rýrnað og hefði slíkt falið í sér áhættu fyrir sóknaraðila sem bankinn sjái ekki ástæðu til að hvetja til.

Varðandi tilvísun til 16. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 telur varnaraðili að ákvæðið eigi fyrst og fremst við um neytendakaup og að ekki verði séð að það eigi við um fjármálaþjónustu. Því verði ekki fallist á að ákvæðið eigi við í málinu.

Tilvísun sóknaraðila til 9. gr. laga nr. 46/2005 um fjárhagslegar tryggingaráðstafanir er einnig alfarið hafnað enda hafi viðskiptavenja ekki verið sönnuð í málinu, né sýnt fram á að bankinn hafi með nokkrum hætti hagað sér á ósanngjarnan hátt gagnvart sóknaraðila.

Varðandi vísun til danskra réttarreglna tekur varnaraðili fram að danskur réttur gildi ekki á Íslandi og að sambærilegar reglur hafi ekki verið settar hérlendis.

Þá bendir varnaraðili á að á umræddum tíma hafi engar reglur verið í gildi sem skylduðu fjármálastofnanir til að leiðbeina ábyrgðarmönnum um rétt þeirra eða mögulega áhættu af ábyrgð þeirra, enda hafi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 2001 ekki náð til ábyrgðar vegna skulda fyrirtækja.

Varnaraðili bendir einnig á að þegar sú viðbótartrygging, sem krafist er endurgreiðslu á hafi verið lögð fram í júní 2008 hafi gengi íslensku krónunnar veikt umtalsvert frá því að lánin voru tekin og hefði sóknaraðili átt að vera meðvitaður um þá mögulegu gengisáhættu sem í fyrirkomulaginu fólst. Hafi sóknaraðili haft val um það hvort bankinn notaði framlagða tryggingu til greiðslu á lánunum eða að hann legði fram viðbótartryggingu og hafi sóknaraðili kosið, þrátt fyrir veikingu krónunnar og að lánið hafi hækkað mikið að leggja fram viðbótartrygginguna án nokkurs

fyrirvara. Þá er bent á að sóknaraðili hafi verið hluthafi í A og hafi hann ásamt öðrum eigendum félagsins staðið að lántökunni. Við lántökuna hafi forsvarsmenn félagsins skrifað undir yfirlýsingu þess efnis að þeim hafi verið kynnt áhættan af lántöku í erlendum myntum og því hafi vinnubrögð bankans verið í fullu samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, reglur og venjur á fjármálamarkaði.

VI.

Niðurstaða.

Ágreiningur í máli þessu snýr að því hvort að varnaraðili hafi veitt sóknaraðila viðeigandi ráðgjöf þegar hann lagði innstæðu að handveði til bankans og þegar hann lagði frekari fjármuni inn á umræddan reikning tæpu ári síðar.

Sóknaraðili beinir kröfum sínum gegn F, en F (þá FF) var stofnaður eftir hrun gamla F í október 2008. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá V var nánar tilgreindum eignum og skuldum gamla F ráðstafað til FF (nú F) Samkvæmt 1. tölul. ákvörðunar FME tók F (þá FF) við öllum eignum gamla F, m.a. kröfuréttindum. Í 2. tölul. ákvörðunar FME segir að FF taki við öllum tryggingaréttindum gamla F, þ.m.t. öllum veðréttindum, ábyrgðum og öðrum sambærilegum réttindum sem tengjast kröfum bankans.

Krafa sóknaraðila lýtur að því að honum verði endurgreiddar þær 10.000.000 kr. sem hann lagði inn á reikning nr. Z í byrjun júní 2008 sem viðbótartryggingu vegna lána nr. X og Y sem A tók hjá gamla F á árinu 2007. Byggir hann endurgreiðslukröfu sína á því að starfsmenn gamla F hafi ekki veitt honum þá ráðgjöf sem bankanum bar að veita þegar hann lagði fram tryggingar í september 2007 og júní 2008. Þegar metið er hvort að krafan hafi flust frá gamla F til F með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þarf í fyrsta lagi að kanna hvað kemur fram í ákvörðuninni. Í öðru lagi þarf að tilgang aðgerðarinnar og þeirra laga sem hún var byggð á.

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá V er kveðið á um framsal á tilteknum, nánar tilgreindum, réttindum og skyldum gamla F til FF. Verður ekki ráðið af ákvörðuninni að hún feli í sér almennt framsal kröfuréttinda. Því verður að telja að kröfur vegna tjóns sem starfsmenn gamla F kunna að hafa valdið viðskiptavinum bankans hafi ekki verið fluttar yfir til varnaraðila með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá V um ráðstöfun eigna og skulda gamla F. Því ber varnaraðili, F, ekki ábyrgð á tjóni því sem sóknaraðili kveðst hafa orðið fyrir og verður því ekki fallist á kröfur hans.

Með vísan til þess sem að framan er rakið verður að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 3. mars 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

Ár 2010, föstudaginn 13. desember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 37/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækjunum F og
GF

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F og GF, hér eftir nefndir varnaraðilar, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 23. september 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 17. sama mánaðar. Með bréfum nefndarinnar, dagsettum 27. september 2010, var kvörtunin send varnaraðilum og þeim gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svar varnaraðila GF barst með bréfi, dags. 22. október 2010. Svar varnaraðila F barst með bréfi, dags. 25. október 2010. Voru bréfin send sóknaraðila með bréfum nefndarinnar, dagsettum 26. október 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Bárust athugasemdir frá sóknaraðila þann 15. nóvember 2010.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 3. og 13. desember 2010.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili var eigandi hlutdeildarskírteina í Peningabréfum GF ISK. Starfaði sjóðurinn í samræmi við ákvæði III. kafla A laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30/2003. D, var rekstrarfélag sjóðsins og var daglegur rekstur og framkvæmdastjórn sjóðsins í höndum þess félags. Varnaraðili GF fór með vörslu og umsjá eigna fjárfestingarsjóðsins, sbr. reglur sjóðsins, og annaðist einnig kaup og sölu hlutdeildarskírteina, sbr. útboðslýsingu.

Sunnudaginn 5. október 2008 kl. 19:59 óskaði sóknaraðili eftir því að öll peningabréf hans yrðu seld og hefur hann lagt fram því til staðfestingar tölvupóst til L, starfsmanns bankans. Klukkan 23:50 sama dag ítrekaði sóknaraðili beiðnina með því að senda tölvupóst á einkabankapjónustu GF með afriti á þjónustufulltrúa sinn. Mánudaginn 6. október kl. 11:16 ítrekaði sóknaraðili beiðnina enn í kjölfar símtals með því að senda tölvupóst til starfsmanns bankans, K.

Markaðsvirði hlutdeildarskírteina sóknaraðila var á þessum tíma kr. 9.425.089.

Kl. 09.30 mánudaginn 6. október var haldinn fundur hjá stjórn D þar sem ákveðið var að loka fyrir viðskipti með hlutdeildarskírteini í ýmsum sjóðum, þ.á m. Peningabréfum GF ISK. Lauk fundi stjórnarinnar kl. 10.00. Sama dag kl. 09.59 sendi

Fjármálaeftirlitið D rafróst þar sem fram kom að stofnunin myndi ekki taka stjórnvaldsákvörðun um frestun innlausnar hlutdeildarskírteina verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og yrði D að meta það hvort það þjónaði hagsmunum skírteinishafa að fresta innlausn á sjóðum félagsins. Væri svo yrði D að senda tilkynningu til stofnunarinnar og auglýsa frestun innlausnar á heimasíðu sinni (heimasíðu varnaraðila GF). Með rafrósti kl. 11.04 var Fjármálaeftirlitinu tilkynnt að ákveðið hefði verið að loka tímabundið fyrir viðskipti með áðurgreinda sjóði, þ.m.t. Peningabréf GF ISK. Tilkynning um tímabundna frestun innlausnar birtist á vef varnaraðila þann U kl. 10.30.

Í tveimur bréfum varnaraðila GF til sóknaraðila, dagsettum W kemur fram að stjórn D hafi tekið ákvörðun um að slíta öllum peningamarkaðssjóðum í rekstri félagsins og fyrir liggi að útgreiðsluhlutfall fyrir Peningabréf GF ISK sé 68,8%. Virði hlutar sóknaraðila sé því annars vegar kr. 5.746.167 og hins vegar kr. 733.750 og fékk sóknaraðili þær fjárhæðir greiddar inn á innlánsreikning í GF þann Þ.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að sóknaraðili hafi fylgt beiðni sinni frekar eftir. Þá liggur fyrir að sóknaraðili lýsti ekki kröfu á hendur GF áður en kröfulýsingarfrestur rann út þann 30. október 2009.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 17. september 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að „GF greiði [sóknaraðila] markaðsvirði eignar hans í Peningabréfum GF eins og það var skráð að morgni 6. október 2008 og bæti [sóknaraðila] það tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim sökum að ekki var orðið við beiðni hans um innlausn eignar hans í Peningabréfum GF. [Sóknaraðili] fer fram á að GF greiði honum markaðsvirði Peningabréfanna eins það var að morgni 6. okt. 2008 þ.e. ISK 9.425.089 að frádreginni greiðslu bankans fyrir bréfin þann 29. okt. 2008 ISK 6.479.917, eða ISK 2.945.172 auk dráttarvaxta af ISK 9.425.089 frá 6. október til 29. október 2008, en af kr. 2.945.172 frá þeim degi til greiðsludags.

Um rök fyrir kröfu sinni vísar sóknaraðili til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í máli nr. 3/2009 sem hann kveður vera sambærilegt máli sínu.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili GF bendir á að þann 29. apríl 2009 hafi héraðsdómur Reykjavíkur skipað slitastjórn yfir bankann í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, og að í samræmi við ákvæði þeirra laga og laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, skuli fara með allar kröfur á hendur bankanum eins og um kröfur á hendur þrotabúi sé að ræða. Slitastjórn GF hafi gefið öllum þeim sem töldu sig eiga kröfur á hendur bankanum kost á að lýsa þeim með innköllun sem birt var þann 30. apríl 2009. Kröfulýsingarfresti í bú bankans hafi lokið sex mánuðum síðar eða þann 30. október 2009. Þeir sem lýsi ekki kröfum innan tilgreinds frests geti ekki fylgt henni eftir gagnvart bankanum nema undantekningar 1.-6. tölul. 118. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. eigi við. Hafi sóknaraðili ekki lýst kröfu sinni fyrir slitastjórn. Því beri nefndinni að vísa málinu frá.

Varnaraðili F kröfugerð sóknaraðila sé ranglega beint að varnaraðila F þar sem bankinn hafi ekki verið stofnaður fyrir en V, þ.e. eftir að tilkynnt var að ákveðið hefði

verið að loka tímabundið fyrir viðskipti með Peningabréf GF. Í 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina sé kveðið á um að viðskiptamenn fjármálafyrirtækja sem aðild eiga að nefndinni geti snúið sér til nefndarinnar með kvartanir vegna viðskipta við fjármálafyrirtæki. Í a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktanna komi fram að nefndin taki til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækja annars vegar og viðskiptamanna hins vegar, enda sé um samningssamband að ræða. Þar sem sóknaraðili geti ekki talist viðskiptamaður í samningssambandi í skilningi ákvæðisins beri að vísa málinu frá.

VI. Niðurstaða.

Í kvörtunareyðublaði úrskurðarnefndarinnar skal í lið 3 tilgreina heiti fjármálafyrirtækis. Í kvörtun sóknaraðila til nefndarinnar kemur fram í þeim dálki: „GF (F)“. Í ljósi þess að óskýrt var hvort kröfur sóknaraðila beindust gegn GF eða F eru bæði fjármálafyrirtækin talin varnaraðilar í máli þessu.

Í erindi varnaraðila F er bent á að ákvæði samþykktu fyrir úrskurðarnefndina séu ekki uppfyllt þar sem sóknaraðili geti ekki talist viðskiptamaður í samningssambandi við varnaraðila.

Atvik þau er deilt er um í málinu og varða Peningabréfum GF urðu þann 5. og 6. október 2008. Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar í bankanum og skipaði skilanevnd yfir honum þann U. Þann V tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda GF til FF (nú F). Verður ekki séð að þau réttindi sem deilt er um í málinu hafi verið flutt til F. Því getur sóknaraðili ekki beint kvörtun gegn F til nefndarinnar um þau atriði sem kvartað er yfir hér og verður að vísa kröfum hans gagnvart F frá nefndinni.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, er það skilyrði fyrir meðferð máls hjá úrskurðarnefndinni að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Í máli þessu liggur ekki fyrir að sóknaraðili hafi haft uppi kröfu á hendur varnaraðila GF um greiðslu þeirra fjárhæða sem hann krefst greiðslu á í máli þessu. Þá liggur fyrir að sóknaraðili lýsti ekki kröfu í bú bankans fyrir lok kröfulýsingarfrests í október 2009 vegna umræddra krafna. Því er ekki uppfyllt það skilyrði 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki fyrir meðferð málsins hjá nefndinni að varnaraðili hafi hafnað kröfu sóknaraðila.

Með vísan til framanritaðs verður þegar af greindri ástæðu að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 13. desember 2010.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2011, 17. febrúar er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Guðlaug B. Ólafsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Jóhann Tómas Sigurðsson.

Fyrir er tekið **mál nr. 38/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

I.

Málsmeðferð

Málsaðilar eru M hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hinsvegar. Málið barst úrskurðarnefnd þann 4. október 2010 með kvörtun sóknaraðila dagsettri sama dag. Var kvörtunin send varnaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. október s.á. og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Bárust þær með bréfi varnaraðila dagsettu 3. desember 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi dags. 8. desember og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Bárust þær með bréfi sóknaraðila dags. 5. janúar 2011. Slitastjórn gamla F var einnig sent afrit af kvörtun sóknaraðila með bréfi dags. 7. október 2010 og boðið að tjá sig um kvörtun sóknaraðila. Með bréfi slitastjórnar dags. 19. október 2010 lýsti slitastjórn því yfir að bankinn hefði sagt upp aðild að úrskurðarnefndinni og að lagaákvæði um skyldu fjármálafyrirtækja til aðildar að nefndinni tækju ekki gildi fyrr en 1. janúar 2011. Taldi slitastjórnin málinu því ekki réttilega beint að bankanum og tjáði sig ekki um málið. Formaður úrskurðarnefndar vék sæti í málinu vegna vanhæfis og tók varaformaður við málinu. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 14. janúar og 17. febrúar 2011.

II.

Málsatvik

Sóknaraðili rak einkahlutafélag. Sóknaraðili tók erlent lán árið 2005 hjá gamla F vegna rekstrarins. Síðar seldi sóknaraðili reksturinn að mestu og keypti hlutabréf í gamla F fyrir 9,9 milljónir. Stuttu fyrir hrun bankanna í október 2008 afhenti sóknaraðili tryggingabréf til tryggingar kr. 3.000.000.- vegna veðkalls sem varnaraðili gerði sóknaraðila vegna lækkunar gengis hlutabréfa í gamla F. Tryggingabréfinu var þinglýst á íbúð sóknaraðila. Sóknaraðili tók annað lán hjá gamla F og var þinglýst tryggingabréfi kr. 2.000.000.- á íbúð sóknaraðila vegna þeirrar skuldar. Varnaraðili krafðist nauðungarsölu á

eigninni vegna vanskila á fyrra tryggingabréfi að fjárhæð 3.000.000.- Þá hefur varnaraðili krafist nauðungarsölu á íbúð sóknaraðila vegna vanskila á erlenda láninu. Þann 10. maí 2010 féllu tveir dómur í Héraðsdómi Reykjaness þar sem sóknaraðili og einkahlutafélag hans voru in solidum dæmd til að greiða kröfur varnaraðila. Sóknaraðili fékk þann 25. janúar 2011 þriggja mánaða frestun á nauðungarsölu samkvæmt bráðabirgðaákvæðum um breytingu á lögum um nauðungarsölu nr. 11/2010.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðili krafðist þess í upphafi að varnaraðili félli frá nauðungarsölu á A, láti af dómsmáli og aflýsi tveimur tryggingabréfum sem hvíla á íbúð sóknaraðila. Þar sem dómur hefur gengið í héraði hefur sóknaraðili breytt kröfu sinni á þá leið að varnaraðili falli frá eða gefi eftir fjárkröfur samanber dóma, að fallið verði frá nauðungarsölu sem varnaraðili fer fram á og að aflýst verði þinglýstum kröfum bankans á fasteign sóknaraðila að A.

Sóknaraðili kveður að viðskiptalegum hagsmunum sínum hafi verið blandað saman við einkahagsmuni sína.

Sóknaraðili byggir á því að útibússtjóri varnaraðila hafi krafist þess að tveimur tryggingabréfum, annars vegar fyrir 2 milljónir króna og hins vegar fyrir 3 milljónir króna, væri þinglýst á einkaíbúð sóknaraðila. Lánin að baki tryggingabréfunum hafi hins vegar verið tekin í tengslum við viðskiptastarfsemi sóknaraðila sem ætíð hafi verið aðskilin frá persónulegum fjármálum enda hafi viðskiptin verið rekin í sérstöku einkahlutafélagi. Sóknaraðili kveður fasteign í eigu einkahlutafélagsins hafi á þessum tíma haft nóg veðrymi til að standa til tryggingar umræddum lánum. Sóknaraðili hafi ekki fengið greiddar leigugreiðslur vegna húsnæðis í eigu einkahlutafélagsins og því þurft að fá fyrirgreiðslu hjá varnaraðila til að geta staðið í skilum við aðra fjármálastofnun. Varnaraðili hafi hins vegar talið hina persónulegu húseign sóknaraðila öruggara veð en húseign þá sem einkahlutafélagið átti. Þarna hafi varnaraðili blandað saman einkahagsmunum sóknaraðila við viðskiptahagsmuni á annarri kennitölu. Sóknaraðila hafi verið það mjög á móti skapi að fallast á að veita veð í sinni persónulegu eign. Sóknaraðili hafi hins vegar fallist á það vegna þess að hann hafi fengið fyrirgreiðslu hjá varnaraðila og hafi þess vegna viljað hafa varnaraðila góðan. Sóknaraðili telur að þar sem lítill fengur sé í því fyrir varnaraðila að selja íbúð sóknaraðila á nauðungarsölu eigi varnaraðili að falla frá kröfum sínum. Sóknaraðili telur jafnframt að hann hafi átt hlutabréf í bankanum sem fyrir hrun voru verðmætari en nam upphæð erlenda lánsins. Sóknaraðili kveður einnig að 10 dögum fyrir hrun hafi verið lokað fyrir sölu á hlutabréfum bankans. Þannig hafi sóknaraðila verið gert ómögulegt að selja bréfin, borga upp erlenda lánið og eiga einhverja hundraðþúsundkalla í afgang. Sóknaraðili telur að það sé ósanngjarnt að varnaraðili krefjist greiðslu á veðkalli vegna 3ja milljóna þegar varnaraðili hafi farið með hlutabréfaeign sóknaraðila úr 9,9 milljónum í 0.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá og til vara að kröfum sóknaraðili verði hafnað.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á því að úrskurðarnefndin fjalli um réttarágreining milli fjármálafyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, sbr. 3. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefndina. Mál þetta sé ekki deila um réttarágreining þar sem réttur varnaraðila í málinu er óumdeildur, sóknaraðila finnst rétturinn bara ekki sanngjarn. Því sjónarmiði hafi sóknaraðili komið að í dómsmáli þar sem fjallað var um málið og dómurinn hafi ekki fallist á að taka það sjónarmið til greina.

Þá byggir varnaraðili á því að úrskurðarnefndin fjalli ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verði metin til fjár, sbr. 6. gr. samþykkt úrskurðarnefndarinnar, einnig fjalli hún ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla, sbr. d-lið 6. gr. og hún fjalli ekki um mál sem eru óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar, sbr. e-lið 6. gr. samþykktanna. Krafa sóknaraðila um að bankinn falli frá nauðungarsölu verði ekki metin til fjár, enda hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á að sú krafa sé vegna þess að skuld sóknaraðila við bankann, að baki sölunni, sé uppgreidd eða ógjaldfallin. Einnig á þetta við um að bankinn láti af dómsmáli, ekki hefur verið sýnt fram á hvernig sú krafa verði metin til fjár. Krafan um að bankinn aflýsi tveimur tryggingabréfum virðist heldur ekki vera krafa metin til fjár enda er því ekki haldið fram að aflýsa eigi vegna uppgreiðslu.

Krafa sóknaraðila sé ágreiningsmál sem hafi verið til meðferðar hjá almennum dómstólum. Þann 10. maí 2010 hafi í Héraðsdómi Reykjaness verið dæmt í máli varnaraðila gegn sóknaraðila. Annars vegar vegna skuldar að baki tryggingabréfi að fjárhæð kr. 2.000.000.- og hins vegar dóm vegna sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingar að fjárhæð kr. 1.750.000.- Í dómunum hafi ekki verið fallist á sýknukröfu sóknaraðila og því ekki ástæða til að fjalla um þá kröfu hjá úrskurðarnefnd. Ágreiningur að baki kröfu að baki tryggingabréfi að fjárhæð kr. 3.000.000.- hefur verið tekin fyrir hjá sýslumanninum í Hafnarfirði þar sem sóknaraðili andmælti fjárnámi og nauðungarsölubeiðni en ekki hafi verið tillit tekið til þeirra athugasemda.

Að lokum telji varnaraðili að krafa sóknaraðila sé svo óljós og óskýr að hún sé ekki tæk til úrskurðar. Ómögulegt sé fyrir varnaraðila að átta sig á því hver grundvöllurinn sé fyrir þessari kröfu eða hver rökstuðningurinn sé. Í grunninn virðist krafan byggja á óánægju sóknaraðila með að hafa keypt hlutabréf í gamla F sem síðar hafi orðið verðlaus fjárfesting en ekki er í raun gerð krafa um skaðabætur. Auk þess virðist krafan byggja á vanskilum á húsaleigu en bæði viðskiptin með fasteignina og húsaleiguna séu varnaraðila óviðkomandi og því ómögulegt að átta sig á því hvers vegna framangreind krafa sóknaraðila sé gerð á þessum grundvelli. Með öllu sé óskiljanlegt á hvaða grundvelli úrskurðarnefnd ætti að fjalla um kvörtun sóknaraðila í heild sinni.

Varakrafa varnaraðila byggir á því að sóknaraðili hafi ekki lagt fram nein efnisleg rök fyrir því af hverju varnaraðili ætti að falla frá nauðungarsölu, gefa eftir fjárkröfur samkvæmt dómum, eða aflýsa kröfum sem hvíli á fasteign sóknaraðila. Rökstuðningur sóknaraðila virðist byggja á því að hann vilji þetta og telji það sanngjarnt af því hann hafi ekki greitt upp erlenda lánið þegar hann átti þess kost, heldur keypt þess í stað hlutabréf í gamla F. Varnaraðili hafnar því að hann hafi ráðlagt honum um kaupin og telur að ekki hafi verið sýnt fram á það. Þótt svo hefði verið þá bæri sóknaraðili sjálfur ábyrgð á afleiðingum þeirrar ákvörðunar. Viðskiptavinir bankans séu alltaf upplýstir um ábyrgð á þeirri áhættu sem kaup á hlutabréfum fylgi. Sóknaraðili hafi auk þess verið upplýstur um

áhættu þegar hann tók lán í erlendri mynt. Sóknaraðili sé menntaður hagfræðingur og löggiltur fasteignasali og ætti því vel að gera sér grein fyrir þeirri áhættu sem felst annars vegar í kaupum á hlutabréfum og hins vegar lántöku í erlendri mynt. Sú fullyrðing sóknaraðila að hann hafi fyrir fall bankans átt hlutabréf sem voru meira virði en lánin stóðu í óstaðfesta og málinu auk þess óviðkomandi. Viðskiptavinum hafi alltaf verið heimilt að selja hlutabréf sín en að sjálfsgöðu hafi ekki verið hægt að selja þann hluta sem veðsettur var til tryggingar skuldinni. Handveðsetning hlutabréfanna komi skýrt fram á yfirlýsingu um handveð sem sóknaraðili undirritaði fyrir hönd C, en það félag var eigandi hlutabréfanna. Bankinn hafi ekki komið í veg fyrir sölu bréfanna ef það fæli í sér uppgreiðslu skuldarinnar og útgreiðslu á mismun. Ekki sé rétt að sóknaraðili hafi ekki verið unnt að selja bréf sín 10 dögum fyrir fall bankans. Lokað hafi verið fyrir viðskipti með hlutabréf í bankanum þ. 6. október 2008 að tilstuðlan Fjármálaeftirlitsins. Auk þess beri varnaraðili ekki skaðabótaábyrgð á atvikum sem áttu sér stað í gamla F enda sé varnaraðili sjálfstæður lögaðili. Úrskurðarnefndin geti því ekki fallist á þessa kröfu sóknaraðila einfaldlega á þeirri forsendu að það sé ekki ósanngjarnt að mati sóknaraðila.

Í öðru lagi er því andmælt að viðskipti sóknaraðila með fasteign að B hafi nokkuð með varnaraðila að gera. Sú ákvörðun sóknaraðila að taka lán hjá varnaraðila til að standa skil á láni hjá annarri fjármálastofnun leiði ekki til þess að varnaraðili falli frá nauðungarsölu. Ákvarðanir sóknaraðila varðandi þessi viðskipti séu varnaraðil óviðkomandi.

Að lokum er vísað til þess að dómur hefur þegar fallist á fjárkröfur varnaraðila og að fjallað sé um nauðungarsölubeiðni hjá sýslumanninum í Hafnarfirði

V.

Niðurstaða

Sóknaraðili krefst í máli þessu að varnaraðili falli frá eða gefi eftir fjárkröfur samkvæmt dómum héraðsdóms. Þá krefst sóknaraðili þess að fallið verði frá nauðungarsölu sem bankinn fer fram á og að aflýst verði þinglýstum kröfum á A.

Samkvæmt a. lið 3. gr. samþykktu um úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki fjallar nefndin um réttarágreining milli aðila. Dómstólar hafa þegar fjallað um ágreining um réttmæti krafna varnaraðila. Með vísan til a. liðar 3. gr. samþykktu um úrskurðarnefnd er kröfum sóknaraðila um að varnaraðili gefi eftir eða falli frá fjárkröfum samkvæmt dómi vísað frá nefndinni.

Með vísan til d. liðar 6. gr. samþykktu um úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er kröfu sóknaraðila um að fallið verði frá nauðungarsölu einnig vísað frá nefndinni þar sem ágreiningur um nauðungarsöluna er til meðferðar hjá Sýslumanninum í Hafnarfirði. Þá hefur sóknaraðili fengið tímabundna frestun á nauðungarsölu samkvæmt samkvæmt bráðabirgðaákvæðum um breytingu á lögum um nauðungarsölu nr. 11/2010.

Kröfu sóknaraðila um að aflýst verði þinglýstum kröfum á A er hafnað þar sem nefndin hefur þegar vísað frá kröfu sóknaraðila um að varnaraðili falli frá fjárkröfum sínum samkvæmt dómum og ágreiningur um nauðungarsöluna er nú til umfjöllunar hjá Sýslumanninum í Hafnarfirði.

ÚRSKURÐARORÐ:

Kröfum sóknaraðila um að varnaraðili falli frá eða gefi eftir dæmdar fjárkröfur er vísað frá. Kröfu sóknaraðila um að aflýst verði þinglýstum kröfum er hafnað.

Reykjavík, 17. febrúar 2011

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Ár 2011, 8. apríl er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Guðlaug Ólafsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Jóhann Tómasson.

Fyrir er tekið **mál nr. 39/2010**

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hinsvegar

Málið barst úrskurðarnefnd þann 19. október 2010 með kvörtun sóknaraðila dagsettri sama dag. Var kvörtunin send varnaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu sama dag og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir varnaraðila bárust í tölvuskeytum þ. 25. október 2010 og þ. 6. janúar 2011. Þ. 18. febrúar óskaði nefndin eftir frekari gögnum sem bárust í tölvupósti frá sóknaraðila þ. 3. mars 2011. Formaður úrskurðarnefndar vék sæti í málinu vegna vanhæfis og tók varaformaður við málinu. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 14. janúar, 17. febrúar, 3. og 18. mars og 8. apríl 2011.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili hefur lýst kröfu í þrotabú varnaraðila, sbr. kröfulýsing dags. 8. október 2010. Samkvæmt málsatvikalýsingu þar keypti sóknaraðili í mars og júní alls sjö veðbréf af fjárfestingarfélaginu A tryggð með 1. veðrétti í 200 hektara landsvæði í B í C. Greiddi sóknaraðili kr. 17.762.782.- fyrir bréfin. Voru þau bréf seld þ. 21.1. 2008 fyrir 19.600.000.- Þ. 25.1.2008 keypti sóknaraðili átta bréf í sama félagi tryggðum á 1. veðrétti að upphæð kr. 19. 268.296.- Staða bréfanna þann 19.4.2010 þegar eignasafnið var fært yfir til D var 28.168.392 og staða þeirra þegar kröfunni er lýst í þrotabú sóknaraðila kr. 29.360.214 að mati sóknaraðila, miðað við 13,5% dráttarvexti frá flutningi til D þess kröfulýsingardags.

Sóknaraðili lýsti kröfu í þrotabú varnaraðila þ. 8. október og þ. 19. október kærði sóknaraðili til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveður viðskipti við varnaraðila hafa farið fram án þess að upplýst væri um veigamikil atriði sem augljóslega skipti máli við mat á fjárfestingu.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðila var veittur kostur á að færa fram athugasemdir. Í tölvupósti frá framkvæmdastjóra slitastjórnar sóknaraðila kom fram að sóknaraðili hafi lýst kröfum í bú varnaraðila og verði tekið á þeim lögum samkvæmt. Frekari athugasemdir voru ekki færðar fram af hálfu varnaraðila.

VI.

Niðurstaða.

Sóknaraðili heldur því meðal annars fram að varnaraðili hafi ekki upplýst um veigamikil atriði sem máli hafi skipt við ákvörðun sóknaraðila um að fjárfestingar í skuldabréfum tryggðum á 1. veðrétti í fasteignum. Þá hafi sóknaraðili ekki staðið við meint viðmið um að lán á 1. veðrétti í tilgreindum fasteignum færi ekki yfir 60% af framkvæmdakostnaði.

Sóknaraðili lagði fram lista af gögnum kröfum sínum til stuðnings. Við skoðun á kröfum og gögnum sóknaraðila reyndist erfitt að sjá hvert umkvörtunarefnið væri eða hvers væri krafist af hálfu nefndarinnar og taldi nefndin því nauðsynlegt að afla frekari gagna hjá sóknaraðila. Í tölvupósti frá nefndinni var óskað eftir tilteknum gögnum. Sóknaraðili sendi þá nefndinni gögn sem telja mörg hundruð blaðsíður án þess að þau væru frekar afmörkuð eða skýrð nánar.

Með vísan til framangreinds þykir málið svo óljóst, illa upplýst og kröfur aðila svo óljósar að vísa verði málinu frá nefndinni á grundvelli e. liðar 6. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um fjármálafyrirtæki. Bent skal á að aðili getur fengið málið til meðferðar á ný hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kæru sóknaraðila er vísað frá á grundvelli e. liðar 6. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um fjármálafyrirtæki.

Reykjavík, 8. apríl 2011.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Ár 2011, 8. apríl er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Guðlaug Ólafsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Jóhann Tómasson.

Fyrir er tekið **mál nr. 40/2010**

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hinsvegar

Málið barst úrskurðarnefnd þann 19. október 2010 með kvörtun sóknaraðila dagsettri sama dag. Var kvörtunin send varnaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu sama dag og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir varnaraðila bárust í tölvuskeytum þ. 25. október 2010 og þ. 6. janúar 2011. Þ. 18 febrúar óskaði nefndin eftir frekari gögnum sem bárust í tölvupósti frá sóknaraðila þ. 3. mars 2011. Formaður úrskurðarnefndar vék sæti í málinu vegna vanhæfis og tók varaformaður við málinu. Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 14. janúar, 17. febrúar, 3. og 18. mars og 8. apríl 2011.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili hefur lýst kröfu í þrotabú varnaraðila, sbr. kröfulýsing dags. 8. október 2010. Samkvæmt málsatvikalýsingu þar keypti sóknaraðili þ. 27.11. 07 eitt veðbréf (skuldabréf) tryggt með 1. Veðrétti í fasteigninni A og greiddi fyrir það kr. 4.558.332, sama bréf var selt þ. 07.07. 2008 fyrir 5.000.000.- og samdægurs var keypt annað bréf fyrir 4.205.743 á 1. veðrétti í sömu eign. Staða þessa bréfs þ. 19.4.10 þegar eignasafnið var flutt til B var 5.710.694 og staða þeirra þegar kröfunni er lýst í þrotabú sóknaraðila kr. 6.007.055 að mati sóknaraðila, miðað við 13,5% dráttarvexti frá flutningi til B þess kröfulýsingardags.

Sóknaraðili lýsti kröfu í þrotabú varnaraðila þ. 8. október og þ. 19. október kærði sóknaraðili til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kveður viðskipti við varnaraðila hafa farið fram án þess að upplýst væri um veigamikil atriði sem augljóslega skipti máli við mat á fjárfestingu.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðila var veittur kostur á að færa fram athugasemdir. Í tölvupósti frá framkvæmdastjóra slitastjórnar sóknaraðila kom fram að sóknaraðili hafi lýst kröfum í bú varnaraðila og verði tekið á þeim lögum samkvæmt. Frekari athugasemdir voru ekki færðar fram af hálfu varnaraðila.

VI.

Niðurstaða.

Sóknaraðili heldur því meðal annars fram að varnaraðili hafi ekki upplýst um veigamikil atriði sem máli hafi skipt við ákvörðun sóknaraðila um að fjárfestingar í skuldabréfum tryggðum á 1. veðrétti í tilgreindum fasteignum. Þá hafi sóknaraðili ekki staðið við meint viðmið um að lán á 1. veðrétti í tilgreindum fasteignum færi ekki yfir 60% af framkvæmdakostnaði.

Sóknaraðili lagði fram lista af gögnum kröfum sínum til stuðnings. Við skoðun á kröfum og gögnum sóknaraðila reyndist erfitt að sjá hvert umkvörtunarefnið væri eða hvers væri krafist af hálfu nefndarinnar og taldi nefndin því nauðsynlegt að afla frekari gagna hjá sóknaraðila. Í tölvupósti frá nefndinni var óskað eftir tilteknum gögnum. Sóknaraðili sendi þá nefndinni gögn sem telja mörg hundruð blaðsíður án þess að þau væru frekar afmörkuð eða skýrð nánar.

Með vísan til framangreinds þykir málið svo óljóst, illa upplýst og kröfur aðila svo óljósar að vísa verði málinu frá nefndinni á grundvelli e. liðar 6. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um fjármálafyrirtæki. Bent skal á að aðili getur fengið málið til meðferðar á ný hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kæru sóknaraðila er vísað frá á grundvelli e. liðar 6. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um fjármálafyrirtæki.

Reykjavík, 8. apríl 2011.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Ár 2011, föstudaginn 18. mars er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 41/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 1. nóvember, 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 15. október s.á . Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. nóvember 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 29. nóvember 2010. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. nóvember 2010, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir frá sóknaraðila bárust þann 14. desember 2010 og bréfi dags. 6. janúar 2011. Formaður nefndarinnar vék sæti vegna vanhæfis og tók varaformaður við málinu.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 14. janúar, 17. febrúar, 3. og 18. mars 2011.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili gerði samning um einkabankaþjónustu við gamla F þ. 11. október 2007. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þ. U tók varnaraðili við tilteknum skuldbindingum gamla F þ.á.m. réttindum og skyldum skv. samningum um vörslu og eignastýringu við viðskiptavini gamla F. Viðskipti sóknaraðila við einkabankaþjónustuna voru annars vegar fasteigna- og lóðaviðskipti og hins vegar kaup á skuldsettum afleiðutengdum skuldabréfum. Þ. 9. nóvember 2007 tók sóknaraðili lán kr. 30.000.000.- með veði í fasteign sem hann hafði nýlega fest kaup á og hafði greitt að fullu með eigin fé sem hann hafði fengið sem arðgreiðslu úr fjölskyldufyrirtæki sóknaraðila. Einnig tók bankinn veð í fasteign sóknaraðila sem jafnframt var heimili hans. Lánið var veitt í blöndu af erlendum gjaldmiðlum sem greiddir voru inn á reikning sóknaraðila í vörslu hjá einkabankaþjónustunni. Hinir erlendu fjármunir voru svo ávaxtaðir í ýmsum verðbréfum af einkabankaþjónustunni fyrir hönd sóknaraðila. Þann 11. október 2007, á sama fundi og sóknaraðili gerði samning við gamla F um einkabankaþjónustu, gerði sóknaraðili samning um kaup á skuldsettum afleiðutengdum skuldabréfum, svo nefndum FIM EM Alpha. Þ.e. blöndu af kúlulánaskuldabréfi og afleiðu á erlendar hlutabréfavísitölur með 6 ára líftíma að andvirði ríflega 600.000.- EUR. Fjármagnaði sóknaraðili kaupin með láni hjá gamla

F. Lagði sóknaraðili jafnframt fram tryggingu fyrir um 15% af kaupverðinu 90.000.- EUR. Lánasamningurinn er dagsettur 24. október 2007. Í mars 2010 og 1. júlí s.á. bauð varnaraðili sóknaraðila höfuðstólslækkun á lánunum sem varnaraðili hafnaði á grundvelli þess að bankinn hafi misnotað vankunnáttu hans í fjármálum og traust á starfsmönnum bankans.

Þann V greip Fjármálaeftirlitið inn í rekstur gamla F á grundvelli laga nr. 125/2008 og tók yfir vald hluthafafundar í bankanum, vék félagsstjórn frá störfum og skipaði skilanevnd yfir bankanum. Þann U tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda gamla F.

Sóknaraðili vísaði málinu til úrskurðarnefndarinnar 1. nóvember 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess annars vegar að öll viðskipti með veðbréf á grundvelli svokallaðs eignastýringarsamnings verði felld niður og úrskurðað að bankinn endurgreiði kr. 21.222.713 sem sé sú fjárhæð sem tapaðist í umræddum viðskiptum. Þá verði aflétt persónulegri ábyrgð sóknaraðila á láni sem tryggt er m.a. með veði í fasteigninni A, auk þess sem gefin verði út veðbandslausn vegna A. Sóknaraðili byggir á því að bankanum hafi mátt vera ljóst að sóknaraðili var reynslulaus í fjármálum og fjárfestingum og byggði traust sitt til bankans á áralöngum viðskiptum við fjölskyldu sóknaraðila. Hafi bankanum verið gert það ljóst af hálfu fjölskyldu sóknaraðila að tilgangur arðgreiðslunnar hafi verið að gera sóknaraðila kleift að kaupa sér húsnæði og öðlast reynslu af fjármálum. Þá hafi þau skýru fyrirhæfi verið gefinn af hálfu fjölskyldu sóknaraðila að þessum fjármunum ætti ekki að verja til áhættufjárfestinga. Þrátt fyrir það hafi starfsmenn bankans ekki séð ástæðu til að útskýra rækilega þá áhættu sem væri til staðar og hvaða fjárfestingarkostir væru eðlilegir og skynsamlegir miðað við markmið fjárfestingarinnar og þekkingu viðskiptavinarins.

Þá krefst sóknaraðili þess að kaupin á FIM EM Alpha verði látin niður falla og kaupverðið (ásamt tryggingafé) 690.000. EUR verði endurgreitt auk vaxta frá 24. október 2007. Byggir sóknaraðili á því að sú ráðgjöf sem bankinn veitti sé ekki í samræmi við þær kröfur sem viðskiptavinir fjármálafyrirtækja megi almennt gera ráð fyrir og gerðar eru í lögum, t.d. 5. gr. laga nr. 33/2003j nú 15. gr. laga nr. 108/2007j um að fjármálafyrirtæki veiti ráðgjöf í samræmi við markmið viðskiptavinarins og 4. gr. laga nr. 33/2003, sbr. nú 5. gr. laga nr. 108/2007 um góða viðskiptavenju. Frumkvæði að þessum viðskiptum hafi alfarið verið bankans sem þekkti forsendur sóknaraðila um áhættulítil viðskipti en hafi allt að einu ráðlagt sóknaraðila um kaup á flókinni fjármálaafleiðu sem sé með áhættusömustu viðskiptum sem hægt sé að stunda og auk þess ætluð fagfjárfestum.

Sóknaraðili kveður fjárkröfur settar fram til skýringar en um sé að ræða viðurkenningarkröfur, þ.e. krafist er viðurkenningar á skyldu varnaraðila til að greiða sóknaraðila. Ekki þurfi að skýra kröfu um afléttingu veðskuldbindinga og veðbandslausn frekar.. Um aðild varnaraðila að málinu vísar sóknaraðili til úrskurðar úrskurðarnefndar dags. 7 apríl 2010 í máli nr. 52/2009 og Hrd. Nr. 442/2009.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá nefndinni eða hafnað vegna aðildarskorts. Til vara krefst varnaraðili þess að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá nefndinni á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykktar nefndarinnar.

Aðalkröfu sína byggir varnaraðili á því að krafa sóknaraðila byggi á ætluðum mistökum starfsmanna gamla F, en F geti ekki borið ábyrgð á þeim. Kröfunni sé beint að röngum aðila. Varnaraðili andmælir því að hugsanleg bótaskylda hafi flust til varnaraðila með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þ. U heldur hafi honum með ákvörðuninni verið falið að ráðstafa tilteknum eignum og skuldum gamla F á Íslandi, frá og með því tímamarki sem ákvörðunin var tekin. Krafa sóknaraðila eigi rætur að rekja til rekstrar gamla bankans og beri varnaraðili ekki ábyrgð á því. Með umræddri ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hafi verið stofnað til nýs og sérstaks skuldasambands milli sóknaraðila og varnaraðila þar sem varnaraðili kom í stað gamla F. Hér hafi því ekki verið um eiginleg kröfuhafa- og/eða skuldaraskipti að ræða og sé varnaraðili því ekki ábyrgur gagnvart meintrar saknæmrar háttsemi eldri skuldara. Því til stuðnings bendir varnaraðili á dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 8. október 2010 í máli E-10867/2009 þar sem dómurinn sýknaði stefnda, varnaraðila sökum aðildarskorts og féllst á að með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá U hafi ekki verið mælt fyrir um almennt framsal kröfuréttinda heldur tilteknum eignum, réttindum og skyldum gamla F ráðstafað til varnaraðila sem var stefndi í málinu. Því eigi að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni eða hafna eftir því sem nefndin telur betur samrýmast fyrri úrlausnum og réttarfarsreglum þar að lútandi.

Varakröfu sína byggir varnaraðili á því kröfur sóknaraðila séu óljósar og meðfylgjandi gögn ófullnægjandi.

VI.

Niðurstaða.

Í málinu krefst sóknaraðili þess í fyrsta lagi að öll viðskipti á grundvelli eignastýringasamnings verði felld niður og úrskurðað að varnaraðili endurgreiði sóknaraðila þá fjárhæð sem tapast hafi í umræddum viðskiptum eða geri hann eins settan og að viðskiptin hefðu aldrei farið fram. Þá krefst sóknaraðili þess að aflétt verði persónulegri ábyrgð af sóknaraðila á láni tryggt með veði í fasteign sóknaraðila og gefin út veðbandslausn. Ennfremur krefst sóknaraðili þess að kaup á FIM EM Alpha verði látið niður falla og kaupverðið ásamt tryggingafé EUR 690.000 verði endurgreitt auk vaxta. Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá eða hafnað vegna aðildarskorts, en til vara að kröfum sóknaraðila verði vísað frá á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykktar nefndarinnar

Sóknaraðili beinir kröfum sínum gegn F, en F (áður FF) var stofnaður eftir hrun gamla F í október 2008. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá U var nánar tilgreindum eignum og skuldum gamla F ráðstafað til FF (nú F) Samkvæmt 5. tölul. ákvörðunar FME tók F (þá FF) við starfsemi sem gamli F sem hafði haft með höndum og tengdist hinum framseldu eignum. Samkvæmt ákvörðuninni tók nýi bankinn við réttindum og skyldum samkvæmt vörslu- og eignastýringarsamninga við viðskiptavinum gamla F frá sama tíma.

Krafa sóknaraðila lýtur að því að honum verði bætt tjón sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna ráðgjafar og umsýslu starfsmanns gamla F í október 2007. Þegar metið er hvort að slík skaðabótakrafa hafi flust frá gamla F til F með ákvörðun

Fjármálaeftirlitsins þarf í fyrsta lagi að líta til þess er kemur fram í ákvörðuninni. Þá ber að hafa hliðsjón af tilgangi ákvörðunarinnar og þeirra laga sem ákvörðunin byggir á.

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá U er kveðið á um að varnaraðili taki frá og með P við réttindum og skyldum samkvæmt vörslu- og eignastýringasamningum við viðskiptavinum gamla F á Íslandi. Tilgangur með stofnun hins nýja lögaðila er að viðhalda þeirri þjónustu sem slíkir samningar fela í sér og tryggja þar með virkni fjármálakerfisins. Verður ekki ráðið af ákvörðuninni að hún feli í sér almennt framsal kröfuréttinda. Því verður að telja að kröfur vegna tjóns sem starfsmenn gamla F kunna að hafa valdið viðskiptavinum bankans hafi ekki verið fluttar yfir til varnaraðila með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá U um ráðstöfun eigna og skulda gamla F. Því ber varnaraðili, F, ekki ábyrgð á tjóni því sem sóknaraðili kveðst hafa orðið fyrir og verður því ekki fallist á kröfur hans.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila M, á hendur varnaraðila, F er hafnað.

Reykjavík, 18. mars 2011.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2011, 13. maí er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Guðlaug Brynja Ólafsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Jóhann Tómas Sigurðsson.

Fyrir er tekið **mál nr. 42/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F
G
og
H

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, G, sem hét áður rekstrarfélag gamla F (nú F) og H. Hér eftir nefnd varnaraðili, varnaraðilar eða samstæðan.

Málið barst úrskurðarnefnd þann 10. nóvember 2010 með kvörtun sóknaraðila dagsettri 4. nóvember 2010. Kvörtunin var send varnaraðilum í bréfum dags. 10. nóvember 2010 og þeim gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfum dags. 17. nóvember 2010, 8. desember 2010 og 17. janúar 2011. Svör varnaraðila voru send sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. janúar 2011 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum, en frekari athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila og tekur nefndin til úrskurðar á grundvelli framkominna athugasemda og gagna.

Formaður nefndarinnar vék sæti vegna vanhæfis og tók varaformaður við málinu.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 8. og 15. apríl og 13. maí 2011.

II.

Málsatvik.

Aðila greinir á um málsatvik. Sóknaraðili kveðst hafa komið í aðalbanka gamla F föstudaginn þ. 3. október 2008, eftir kl. 13.00 til að hitta þjónustufulltrúa sinn. Hann hafi í afgreiðslunni gefið upp nafn sitt og hafi þær upplýsingar ásamt nákvæmri tímasetningu verið handskrifaðar í móttökubók sem þar hafi verið. Hann hafi beint þeim tilmælum til þjónustufulltrúa síns að vildi selja „allt“. Beiðnin hafi falið í sér að selja ætti allar eignir hans í peningamarkaðssjóði gamla F (Peningamarkaðssjóði) sem og skammtímasjóði gamla F (Skammtímasjóði). Beiðnin um sölu í Skammtímasjóði hafi gengið eftir.

Varnaraðili kveður hins vegar að eingöngu hafi verið skráð á ótímasett lausblöð nöfn gesta og brottför í því skyni að hægt væri að telja heildarfjölda aðila inni í húsinu ef kæmi til rýmingar þess. Engar upplýsingar séu því skráðar um komutíma sóknaraðila þ. 3. október 2008. Varnaraðili kveður einnig að samkvæmt

yfirliti hafi þann 2. október 2008 kl. 13.34 átt sér stað innlausn í gamla F Skammtímasjóði, skráð á kennitölu sóknaraðila en engin gögn finnast um fyrirmæli af hálfu sóknaraðila um innlausn bréfa hvorki í Skammtímasjóði né í Peningamarkaðssjóði á tímabilinu 3. október 2008 til 6. október 2008. Þá hafi sóknaraðili ekki fylgt eftir meintum fyrirmælum sínum fyrir en með kvörtun til F í tölvupósti þ. 11. mars 2009 eða rúmum 5 mánuðum eftir að meint ósk um sölu átti að hafa átt sér stað.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að viðurkennd verði skylda varnaraðila til að greiða honum *in solidum* kr. 9.973.388 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga. Auk þess er gerð krafa um málskostnað vegna rekstrar málsins fyrir nefndinni.

Sóknaraðili kveðst hafa tapað 9.973.388 kr. í peningamarkaðssjóði gamla F. Sóknaraðili hafi fengið 85.3% af inneign sinni greidda inn á innstæðureikning eða kr. 57.872.790. Eign hans í sjóðnum miðað við gengi hlutdeildarskírteina þann 3. október 2008 hafi numið kr. 67.846.178.

Sóknaraðili hafi krafist þess við komu í bankann þann 3. október 2008 að bæði yrðu seld hlutdeildarskírteini hans í Skammtímasjóði og Peningamarkaðssjóði. Samkvæmt reglum beggja sjóða yrði beiðni um sölu að berast fyrir kl. 14.00. Kveður sóknaraðili engan vafa í huga sér um að beiðnin um sölu eignar hans í Peningamarkaðssjóði hafi borist vel fyrir kl. 14. Þrátt fyrir það hafi einungis beiðni hans um sölu eignar í Skammtímasjóði sem borin hafi verið fram á sama tíma gengið eftir.

Sóknaraðili vísar einnig til þess að þótt beiðni hefði borist eftir kl. 14.00 þá hafi varnaraðili ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni skv. 53. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfa- og fjárfestingasjóði. Þá hefði borið að afgreiða allar beiðnir um innlausn allt fram til þess tíma sem auglýsing um frestun innlausna birtist. Þá gerir sóknaraðili athugasemdir um rekstrarfyrirkomulag gamla F peningamarkaðssjóðs og telur hann ekki í samræmi við lög og vísar því til stuðnings til athugasemda FME við starfsemi Rekstrarfélags gamla F. Þá kveður sóknaraðili rökstudda ástæðu til að ætla að hagsmunir hlutdeildar-skírteinishafa hafi ekki ráðið för við fjárfestingar Peningamarkaðssjóðs. Sóknaraðili bendir því til rökstuðnings til umfjöllunar í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þá hafi ekki verið gerð varúðarniðurfærsla vegna fjármálagernings útgefnum af Baugi í mars 2008.

Að lokum gerir sóknaraðili kröfu um málskostnað.

Með vísan til laga 30/2003 beinir sóknaraðili málinu að G sem rekstrarfélagi gamla F sem af hálfu gamla F samstæðunnar hafi verið sá aðili sem var í beinu samningssambandi við sóknaraðila, þrátt fyrir að sóknaraðili hafi alltaf talið sig eiga í beinum viðskiptum við bankann. Með vísan til ákvæða laga nr. 30/2003, einkum 20. – 22. gr. og 2. mgr. 3. gr. Reglna gamla F Peningamarkaðssjóðs beinir sóknaraðili málinu að H. Þá beinir sóknaraðili málinu einnig að F með vísan til ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins (FME) frá U, 2. tl. 5. gr. þeirrar ákvörðunar, sbr. og úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 50/2009. Stuðst er við ákvæði 14 í vörslusamningi sóknaraðila við gamla F frá V. Einnig er sjálfstætt byggt á því að F hafi á grundvelli almennra reglna, lögfesta sem ólögfesta, tekið yfir skuldbindingar gagnvart sóknaraðila með yfirtöku á rekstri gamla F og eignarhaldi á G og H.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Krafan beinist að þrem aðilum og hafa þeir allir tekið til varna. H krefst frávísunar á þeim grundvelli að fyrirtækið hafi ekki selt sig undir úrskurðarvald nefndarinnar hvorki beint né óbeint né fyrir aðild að samtökum sem að henni standa. Þá hafi fyrirmæli nýsettra laga um skyldu fjármálafyrirtækja til aðildar að starfi nefndarinnar ekki tekið gildi þegar kærán berst. Í kærinni komi jafnframt fram að kröfum sé í fyrsta sinn beint að fyrirtækinu. Í þeirri málsmeðferð felist beint brot á 5. gr. samþykktu úrskurðar-nefndarinnar, sem geri það að skilyrði fyrir málsmeðferð að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa mál með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Með vísan til alls þessa krefst H frávísunar. Verði ekki fallist á frávísun þá er þess eindregið krafist að öllum kröfum á hendur H verði hafnað. Byggir varnaaðili á því að ekkert samningssamband hafi verið milli varnaraðila og þess viðskiptastjóra sem sakir eru bornar á. H geti því hvorki borið vinnuveitendaábyrgð á meintum brotum viðskiptastjórans né annars konar ábyrgð að lögum. Þá sé í kvörtun sóknaraðila ekki leidd nein rök að því að starfsmenn H hafi valdið tjóni með skaðabótaskyldri háttsemi.

Varnaraðili G krefst þess að bótakröfu sóknaraðila verði hafnað. Þá krefst varnaraðili þess að kröfu um málskostnað verði hafnað. Varnaraðili byggir á því að það sé ósannað að sóknaraðili hafi komið í aðalbanka gamla F föstudaginn 3. október 2008, eftir kl. 13.00. Sóknaraðili hafi ekki getað fært sönnur á að atvik máls hafi verið með þeim hætti. Sóknaraðili hafi hvorki getað fært sönnur fyrir því að hafa raunverulega komið í bankann né að hafa í þeirri heimsókn beint þeim fyrirmælum um innlausn við starfsmann varnaraðila sem var til þess bær að taka við þeim fyrirmælum. Sóknaraðili haldi því fram að hann hafi komið í bankann eftir kl. 13.00 þ. 3. október 2008 og hafi erindið verið handskráð ásamt nákvæmri tímasetningu. Eins og fram hafi komið í tölvupóstsamskiptum við lögmann bankans þá sé engin slík tímasett skráningarbók til, heldur ótímasett lausblöð sem telji heildarfjölda aðila inn og út úr húsi ef til skyndilegrar rýmingar þess kæmi. Því sé ekki með nokkru móti hægt að tímasetja komu eða brottför tiltekinn einstaklinga á umræddum tíma. Sóknaraðili hafi ekki lagt nein gögn fram er styðji komu hans í bankans. Í því efni væri helst að líta til þeirra yfirlita og gagna sem gjarnan eru prentuð út við slík tækifæri en sönnunarbyrði um slík skjöl hvíli á sóknaraðila.

Til viðbótar við það að engin gögn hafi verið lögð fram er styðji komu sóknaraðila í bankann umræddan dag, þá sé atvikalýsing sóknaraðila innbyrðis ósamræmi. Í frásögn sóknaraðila sé fullyrt að sóknaraðili hafi hitt þjónustufulltrúa sinn, þ. 3. október eftir kl. 13.00. Sóknaraðili haldi því fram að á þeim fundi hafi hann óskað innlausnar hlutdeildarskírteina í Skammtímasjóði gamla F og í Peningamarkaðssjóði gamla F. Í ljósi þessarar fullyrðingar veki það athygli að innlausn átti sér stað í gamla F Skammtímasjóð, skráð á kennitölu sóknaraðila þann 2. október 2008 kl. 13.34. Hins vegar sé hvorki að finna skráningu viðskiptafyrirmæla vegna innlausnar í Peningamarkaðssjóði gamla F né Skammtímasjóði gamla F í þeim kerfum sem halda utan um slíkt á tímabilinu frá 3. október til 30. október 2008. Ætla verði að sú byrði hvíli á sóknaraðila að varpa ljósi á ástæðu þessa ósamræmis.

Þá liggja ekki fyrir framburður þjónustufulltrúa sóknaraðila við meðferð máls þessa. Aðeins liggja fyrir orð sóknaraðila um framburð hennar. Ljóst er að gera verði ítarlegar kröfur til sönnunar slíkra fullyrðinga enda kunna þær að varða nokkru fyrir niðurstöðu málsins. Þjónustufulltrúi sóknaraðila hafi hætt störfum hjá varnaraðila

fyrri hluta árs 2009 en engin gögn hafi fundist meðal þess sem liggur eftir starfsmanninn hjá bankanum sem styðja fullyrðingar sóknaraðila.

Í ljósi framangreinds hafi sóknaraðili ekki fært sönnur á að þeim viðskiptafyrirmælum hafi verið beint að varnaraðila með þeim hætti sem sóknaraðili hefur lýst. Engin gögn hafi verið lögð fram um sem styðji lýsingu á málsatvikum. Þvert á móti sé hróplegt ósamræmi í frásögn sóknaraðila og þeirra gagna sem lögð eru fram með greinargerð varnaraðila. Leggja verði þá lágmarkssönnunarbyrði á sóknaraðila að þeir atburðir sem sóknaraðili byggir mál sitt á hafi raunverulega átt sér stað.

Telji nefndin þrátt fyrir framangreint sönnun komna fram um viðveru sóknaraðila í bankanum er ljóst að lyktir málsins ráðast af sönnun um þann tíma sem fyrirmælum um innlausn er komið fram við þjónustufulltrúa. Varnaraðili mótmælir því að gögn séu til um það að þjónustufulltrúi hafi prentað út eignastöðu sóknaraðila kl. 13.48 þann 3. október eins og sóknaraðili haldi fram með tilvísun til tölvupósts frá lögmanni bankans. Það sé engin vísan til fyrir því hvaða yfirlit var prentað á umræddum tíma eða hvaða viðskiptamaður átti þar í hlut. Tölvukerfið sé þannig uppbyggt að kerfið skrái eingöngu tiltekna hreyfingar og skipanir, t.d. skipun um að prenta yfirlit en ekki hvaða viðskiptavinur á í hlut né hvers efnis það yfirlit hafi verið. Varnaraðili vísar því algjörlega á bug að sönnur hafi verið færðar fyrir því að beiðni um innlausn hlutdeildarskírteina í Peningamarkaðssjóði hafi yfir höfuð átt sér stað. Með vísan til þess sé ekki komin fram full sönnun þess að sóknaraðili hafi komið í bankann þ. 3. október 2008, hvað þá að hann hafi átt fund með þjónustufulltrúa sínum fyrir kl. 14.00.

Þá er því mótmælt að brotið hafi verið gegn ákvæði 53. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfa- og fjárfestingasjóði af hálfu varnaraðila. Peningamarkaðssjóður gamla F hafi ekki sætt neinum sérstökum takmörkunum á innlausnum umfram það sem gert er ráð fyrir í tilviki verðbréfasjóðs.

Þá mótmælir varnaraðili því að afgreiða hefði beiðnir um innlausn allt fram til þess tíma sem auglýsing um innlausn birtist. Varnaraðili byggir á því að ákvörðun um frestun innlausnar skv. 2. mgr. 54. mr. laga nr. 30/2003 taki gildi um leið og ákvörðunin er tekin á lögsmætan hátt. Vísast um það til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu E-13044/2009 þar sem fallist sé á slíka túlkun. Athugasemdir sóknaraðila við rekstrarfyrirkomulag telur varnaraðili á misskilningi byggð þar sem gamli F var ekki vörsluaðili gamla F Peningamarkaðssjóðs. Vörsluaðili hafi verið H, skv. samningi þar um en um það er að auki vísað til 2. mgr. 3. gr. reglna um sjóðinn.

Varnaraðili F krefst þess aðallega að máli sóknaraðila gegn sér sé vísað frá þar sem kröfu sóknaraðila sé ranglega beint að F. Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á því að þau atvik sem sóknaraðili fullyrði að hafa átt sér stað 3. og 6. október 2008 hafi gerst fyrir stofnun varnaraðila sem stofnaður var þann W með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá U. Sóknaraðili vísar máli sínu til stuðnings til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá 8. október 2010 í máli nr. E-1067/2009. Telur varnaraðili ljóst að í samræmi við niðurstöðu dómsins megi ekki skilja ákvæði 2. ml. 5. gr. ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins frá U um ráðstöfun eigna og skulda til FF öðruvísi en svo að þar sé eingöngu kveðið á um að bankinn taki við réttindum og skyldum samkvæmt samningum um vörslu og eignastýringu sem urðu til frá og með W kl. 9.00. Telur varnaraðili ljóst að skaðabótakröfur sem hugsanlega var stofnað til hjá gamla F hafi ekki verið fluttar til yfir til varnaraðila skv. 5. ml. 5. gr. framangreindrar ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Varakröfu sína byggir gamli F einkum á því að

sóknaraðili hafi ekki tekist að sanna að atvik máls hafi verið með þeim hætti sem hann heldur fram. Það sé því hvorki sannað að sóknaraðili hafi komið í bankann umræddan dag né að hann hafi komið á framfæri viðskiptafyrirmælum til varnaraðila um innlausn á hlutdeildarskírteinum sínum í Peningamarkaðssjóði.

VI.

Niðurstaða.

Máli þessu er beint að þrem aðilum og þess krafist að þeir bæti sóknaraðila in solidum kr. 9.973.388 sem sé tjón sem leitt hafi af saknæmri háttsemi starfsmanns gamla F sem varnaraðilar beri ábyrgð á. Auk þess krefst sóknaraðili að nefndin úrskurði að varnaraðilar greiði málskostnað sóknaraðila.

Varnaraðili H krefst frávísunar málsins vegna þess að nefndin hafi ekki lögsögu yfir varnaraðila og að málsmeðferðin sé andstæð samþykktum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Á það er fallist af hálfu nefndarinnar að málinu er fyrst beint að varnaraðila H með kvörtun þessari til nefndarinnar. Með vísan til 5. gr. samþykktu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki er málinu vísað frá að því er varðar varnaraðila H þar sem sóknaraðili hefur ekki áður beint kröfu sinni að varnaraðila og fengið höfnun á grundvelli þess.

Þá krefst varnaraðili F aðallega frávísunar á grundvelli þess að krafan sé skaðabótakrafa og byggji á meintri saknæmri háttsemi starfsmanna gamla F og byggji á atvikum sem gerst hafi fyrir stofnun varnaraðila þ. W. Sóknaraðili vísar máli sínu til stuðnings til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá 8. október 2010 í máli nr. E-1067/2009. Sóknaraðili beinir kröfum sínum gegn F, en F (áður FF) var stofnaður eftir hrun gamla F í október 2008. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá U var nánar tilgreindum eignum og skuldum gamla F ráðstafað til FF (nú F) Samkvæmt 5. tl. ákvörðunar FME tók F (þá FF) við starfsemi gamla F sem hafði haft með höndum og tengdist hinum framseldu eignum. Samkvæmt ákvörðuninni tók nýi bankinn við réttindum og skyldum samkvæmt vörslu- og eignastýringarsamninga við viðskiptavinum F frá sama tíma.

Krafa sóknaraðila lýtur að því að honum verði bætt tjón sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna meintra mistaka starfsmanns gamla F. Þegar metið er hvort að slík skaðabótakrafa hafi flust frá gamla F til F með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þarf í fyrsta lagi að líta til þess er kemur fram í ákvörðuninni. Þá ber að hafa hliðsjón af tilgangi ákvörðunarinnar og þeirra laga sem ákvörðunin byggir á.

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá U er kveðið á um að varnaraðili taki frá og með W við réttindum og skyldum samkvæmt vörslu- og eignastýringasamningum við viðskiptavinum gamla F á Íslandi. Tilgangur með stofnun hins nýja lögaðila er að viðhalda þeirri þjónustu sem slíkir samningar fela í sér og tryggja þar með virkni fjármálakerfisins. Verður ekki ráðið af ákvörðuninni að hún feli í sér almennt framsal kröfuréttinda. Því verður að telja að kröfur vegna tjóns sem starfsmenn gamla F kunna að hafa valdið viðskiptavinum bankans hafi ekki verið fluttar yfir til varnaraðila með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá U um ráðstöfun eigna og skulda gamla F. Því ber varnaraðili, F, ekki ábyrgð á meintu tjóni sóknaraðila og verður því ekki fallist á kröfur hans. Með vísan til framangreinds er kröfum á hendur F hafnað.

Þá er eftir að taka fyrir kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila G (áður Rekstrarfélag gamla F)

Í málinu er deilt um hvort sóknaraðili hafi komið í tiltekna starfsstöð gamla F og óskað eftir innlausn hlutdeildarskírteina í Skammtímasjóði og

Peningamarkaðssjóði eftir kl. 13 þ. 3. október 2008. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að sóknaraðili hafi mætt í starfsstöð bankans umræddan dag og beint fyrir mælum til varnaraðila um að innleysa hlutdeildarskírteini sín í framangreindum sjóðum. Sóknaraðili hefur ekki getað lagt fram nein gögn sem styðja málsatvikalýsingu hans. Þau gögn sem liggja fyrir sýna hins vegar að viðskipti með hlutdeildarskírteini sóknaraðila í Skammtímasjóði eru skráð þ. 2. október 2008 eða degi áður en umrædd atvik eiga að hafa átt sér stað. Sóknaraðili hefur ekki skýrt þetta misræmi í atvikalýsingu. Eins og málið liggur fyrir verður því að telja ósannað að sóknaraðili hafi mætt á umrædda starfsstöð þ. 3. október 2008 og að beiðni um innlausn á hlutdeildarskírteinum í Peningamarkaðssjóði hafi verið færð fram af hálfu sóknaraðila. Sönnunarbyrðin um að málsatvik hafi verið með þeim hætti sem sóknaraðili fullyrðir hvílir á sóknaraðila. Verður því þegar af þeirri ástæðu að hafna öllum kröfum sóknaraðila er byggja á bótaskyldu aðila vegna tjóns sem hann hafi orðið fyrir vegna saknæmrar háttsemi starfsmanns varnaraðila sem hafi falist í mistökum við að framfylgja beiðni sóknaraðila um innlausn.

Með vísan til framangreinds er kröfu á hendur varnaraðila hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila á hendur H er vísað frá. Kröfu sóknaraðila á hendur F er hafnað. Kröfu sóknaraðila á hendur G er hafnað.

Reykjavík, 13. maí 2011.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Geir Arnar Marelsson

Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Ár 2011, föstudaginn 11. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 43/2010**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 10. desember 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 9. desember 2010. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. desember 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 6. janúar 2011. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. janúar 2011, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust þann 18. janúar 2011.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 28. janúar og 11. febrúar 2011.

II.

Málsatvik.

Í febrúar 2010 seldi sóknaraðili fasteign sína að A. Kaupendur tóku yfir tvö lán sem hvíldu á eigninni. Greiðslur fyrir fasteignina notaði sóknaraðili ennfremur til að greiða niður veðskuldabréf nr. X útgefið af sóknaraðila þann 3. september 2007 að fjárhæð 1.100.000 kr., en samkvæmt því átti varnaraðili 3. veðrétt í umræddri fasteign. Eftir innborgunina voru eftirstöðvar lánsins tæplega 600.000 kr. Var skilmálum lánsins breytt og lánstími lengdur og voru mánaðarlegar afborganir af því í nóvember 2010 rúmlega 4.000 kr.

Sóknaraðili kveðst stuttu eftir söluna hafa sótt um afskriftir á eftirstöðvum framangreinds veðskuldabréfs til varnaraðila. Í framhaldi af því hafi varnaraðili framkvæmt greiðsluferfiðleikamat á sóknaraðila. Náði matið aðeins til sóknaraðila, en ekki til sambyliskonu hans. Hefur sóknaraðili lagt fram niðurstöður greiðsluferfiðleikamats varnaraðila dagsett 28. apríl 2010. Kemur fram á skjalinu að það gildi til 28. júlí 2010. Þar kemur fram að greiðslugeta skuldara sé 127.848 kr. á mánuði og að greiðslubyrði sé 84.166 kr. á mánuði. Því var ekki fallist á að afskrifa eftirstöðvar veðskuldabréfsins.

Sóknaraðili taldi að hvorki hefði verið tekið tillit til leigugreiðslna né framfærsluskyldu hans með þremur börnum sambýliskonu hans. Var sambýliskona sóknaraðila því í sambandi við umboðsmann viðskiptavina bankans. Í ódagsettu svari hans kemur fram að til að varnaraðili geti tekið tillit til framfærslukostnaðar barna sambýliskonu sóknaraðila þurfi sóknaraðili og sambýliskona hans að fara í sameiginlegt greiðslumat.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun mótttekinni 10. desember 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Í erindi sóknaraðili kemur ekki skýrt fram hvaða kröfur hann gerir fyrir nefndinni. Kemur fram í erindinu að sóknaraðili sé mjög ósáttur við það að varnaraðili neiti að viðurkenna lagalega framfærsluskyldu sóknaraðila með þremur börnum B, sem var sambýliskona hans þegar greiðsluferfiðleikamatið var framkvæmt, en sóknaraðili og B gengu í hjónaband þann 21. ágúst 2010.

Í erindi sóknaraðila frá 18. janúar 2011 segir: „*Mér finnst alveg óásættanlegt að mér sé boðið í greiðsluferfiðleikamat með konu minni í dag og ég er mjög ósáttur með að [varnaraðili] séu ekki tilbúnir að laga villur sínar í fyrra mati. Ég á fjögur börn og þar að auki fjögur stjúpbörn, það var einungis tekin til greina 10.000 kr. framfærsla með öllum þessum börnum og það er algjörlega óásættanlegt.*“

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Í erindi varnaraðila kemur fram að óumdeilt sé að sóknaraðila afi að lögum borið framfærsluskylda með börnum þáverandi sambýliskonu og núverandi eiginkonu sóknaraðila. Framfærsluna hafi sóknaraðili annast ásamt sambýliskonu sinni og því hafi verið nauðsynlegt að gera sameiginlegt greiðsluferfiðleikamat á sóknaraðila og sambýliskonu hans þar sem tekjur þeirra beggja og útgjöld væru höfð til hliðsjónar. Það að sóknaraðili og sambýliskona hans hafi ekki verið samsköttuð breyti engu þar um.

Í erindi varnaraðila kemur fram að nú hafi sóknaraðili og sambýliskona hans gengið í hjúskap og því sé ekkert því til fyrirstöðu að þau fari saman í greiðsluferfiðleikamat hjá varnaraðila.

VI.

Niðurstaða.

Í málinu liggur ekki ljóst fyrir hvaða kröfur sóknaraðili gerir, en helst má skilja það af erindi hans að hann krefjist þess að greiðsluferfiðleikamat dags. 28. apríl 2010 verði leiðrétt.

Telja verður að kröfur sóknaraðila um leiðréttingu séu svo óskýrar að þær séu ekki tækar til úrskurðar, sbr. ákvæði e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefndina, en þar segir að nefndin fjalli ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Breyta upplýsingar sem fram koma í bréfi sóknaraðila frá 18. janúar 2011 ekki þessari niðurstöðu.

Í ljósi framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M á hendur varnaraðila F er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 11. febrúar 2011.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2011, föstudaginn 11. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Áslaug Árnadóttir, formaður, Geir Arnar Marelsson, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 44/2010**:

M, N, O, P og Q
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, N, O, P og Q, hér eftir nefndir sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 27. desember 2010 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 22. desember 2010. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. desember 2010, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust þann 26. janúar 2011. Var bréfið sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. febrúar 2011, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust þann 15. febrúar 2011.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 11. mars 2011.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðilar voru hluthafar félagsins A, en félagið var úrskurðað gjaldþrota þann 25. janúar 2010.

Snýst málið um viðskiptasamning um framkvæmdalán sem gerður var milli gamla F, sem banka, og A, sem lántaka, þann 24. maí 2005. Samkvæmt samningnum veitti bankinn lántaka rekstrarfjármögnun í formi reikningslánalínu að fjárhæð allt að 1.130.000.000 kr. að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem tilgreind voru í viðskiptasamningi aðila. Fólst lánsheimildin í því að bankinn skyldi hafa til reiðu fyrir lántaka reikningslánalínu að fjárhæð 1.130.000.000 kr. Innan þeirra marka skyldi lántaka heimilt að taka lán hjá bankanum í íslenskum krónum. Þó skyldi hámarksfjárhæð aldrei vera hærri en sem næmi 88% af heildarkostnaði vegna framkvæmda við fasteignina B Mýrargötu 26 í Reykjavík. Var gildistími samningsins til 1. maí 2007. Þann 29. desember 2006 var gerður viðauki við framangreindan viðskiptasamnings m.a. þess efnis að bætt var við samninginn grein þar sem kveðið var á um kjör á lántöku í erlendum gjaldmiðlum. Þá var gildistími samningsins framlengdur til 28. febrúar 2009.

Í lok júní 2008 stöðvaði gamli F fyrirgreiðslu til félagsins á grundvelli samningsins. Voru nokkur samskipti milli aðila eftir það og varð það niðurstaða

lánanefndar bankans þann 23. júlí 2008 að bankinn færi fram á að eigið fé félagsins þyrfti að auka um allt að 500.000.000 kr. Af fyrirliggjandi gögnum virðist mega ráða að ekki hafi náðst samkomulag milli aðila um málið. Fjallað var um málefni A á fundi lánanefndar þann 2. október 2008. Þar var fjallað um beiðni félagsins um breytingar á lánessamningi. Var það m.a. niðurstaða lánanefndar að „Málið verði stöðvað í 12 mánuði.“ og „Lánalína framlengist til 30.10.2009 og hækki í 1.500 m.kr. vegna gengisbreytinga.“ „Tryggingabréf að upphæð 1.594 á 1. vr. á B.“ Aftur var fjallað um málið á lánanefndarfundum þann 1. nóvember 2008. Þar var niðurstaða fundarins að ákveðið væri að stöðva framkvæmdir um sinn og frysta greiðslur í sex mánuði og að lán verði ekki gjaldfellt nú. Þá var talið að endurskoða þyrfti heildarfjármögnun verksins og athugað með nýja hluthafa og viðbótartryggingu. Þann 20. janúar 2009 sendi félagið varnaraðila bréf með nýjum hugmyndum, en engin afstaða var tekin til þeirra og engar viðræður áttu sér stað.

Þann 4. febrúar 2009 sendi A bréf til umboðsmanns viðskiptavina F þar sem farið var fram á rannsókn á afgreiðslu bankans á lánamálum A og að fyrirliggjandi lánessamningur yrði endurnýjaður í samræmi við fyrri ákvörðun bankans um fjármögnun heildarframkvæmda byggingar við B og stefnu bankans og ríkisstjórnarinnar. Þá var þess krafist að skipt yrði um fyrirtækjafulltrúa gagnvart fyrirtækinu. Einnig var þess krafist að F lánaði félaginu þegar í stað fjármuni til þess að gera upp skuld við verktaka og standi með félaginu til að koma verki af stað. Loks var þess krafist að bankinn viðhefði heiðarleg vinnubrögð gagnvart fyrirtækinu framvegis í samræmi við 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Í bréfi umboðsmanns viðskiptavina frá 25. mars 2009 kemur fram að það sé réttmæt kvörtun félagsins að of langur tími hafi farið í viðræður aðila. Þá er fallist á það að strax hefði átt að verða við kröfu félagsins um að skipta um fyrirtækjatengil. Ekki er fallist á aðrar athugasemdir, en félaginu bent á að hafa samband við framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs bankans.

Þann 15. október 2010 sendu sóknaraðilar bréf til framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs varnaraðila. Þar kemur fram að þeir telji lán bankans til félagsins í erlendum myntum ólöglegt. Þá kemur fram að sóknaraðilar telji að stöðvun á fyrirgreiðslu hafi leitt til þess að félagið varð gjaldþrota og hafi hluthafa orðið fyrir tjóni sem þeir telja varnaraðila bera skaðabótaábyrgð á. Óskuðu sóknaraðilar eftir fundi með bankanum til að ræða hvernig bankinn geti bætt hluthöfum A það tjón sem þeir hafi orðið fyrir vegna vanefnda bankans.

Í svari varnaraðila, dags. 3. desember 2010 segir að bankinn hafi ekki vanefnt skyldur sínar samkvæmt lánessamningnum og að bankanum hafi ekki borið skylda til þess að beita viðbótarfjármögnun vegna verkefnisins. Varnaraðili beri því ekki að neinu leyti skaðabótaábyrgð á því tjóni sem þáverandi hluthafar A kunni að hafa orðið fyrir við gjaldþrot félagsins. Er öllum tilvísunum í hugsanlega skaðabótaábyrgð bankans vegna málsins alfarið hafnað.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 22. desember 2010.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar í málinu gera aðallega kröfu um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 684.000.000 kr. og til vara um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 616.600.000 kr.

Krafan er rökstudd með því að í lánasamningi A við gamla F frá 29. desember 2006 komi fram að bankinn geti einungis stöðvað útgreiðslur ef það er ekki eðlilegt samband milli útborgunar lánsins og verkframkvæmda. Áður en bankinn stöðvar

lánveitinguna skuli lántaka gefin kostur á að gera athugasemdir. Umrætt skilyrði fyrir stöðvun útgreiðslna hafi ekki verið fyrir hendi og hafi félaginu ekki verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum.

Þá telja sóknaraðilar að í ljósi dóma Hæstaréttar frá 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010 hafi staða á lánum félagsins á umræddum tíma verið 867.000.000 kr. en trygging lánalínu verið 1.394.000.000 kr.

Telja sóknaraðilar að athafnir bankans hafi leitt til gjaldþrots félagsins og taps á fjárfestingu og verkefninu. Telja þeir að varnaraðili beri ábyrgð á tjóni fyrrum hluthafa í A.

Fjárhæð aðalkröfu sóknaraðila um skaðabætur er byggð á því að áætlað söluverðmæti eigna hafi þann 17. október 2007 verið 3.843.000.000 kr. að frádregnum áætluðum byggingarkostnaði með fjármagnskostnaði þann 29. júlí 2008 að fjárhæð 3.159.000.000 kr. og sé mismunurinn 684.000.000 kr. Varakrafan styðst við nafnverð hlutafjár félagsins, alls 123.300.000 kr. á síðasta skráða gengi með hluti í félaginu, sem var 5 þann 26. október 2007, alls 616.600.000 kr.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni en til vara að bæði aðal- og varakröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili rökstyður aðalkröfu sína með því að samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki sé það skilyrði fyrir meðferð máls hjá nefndinni að fjármálafyrirtæki hafi áður hafnað kröfu viðskiptamanns eða að ekki hafi tekist að leysa mál með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði mál fyrir fjármálafyrirtæki. Telur varnaraðili að sóknaraðili hafi ekki beint kröfum um skaðabætur að bankanum.

Þá vísar varnaraðili til e-liðar 6. gr. samþykktanna, en þar segir að vísa skuli frá nefndinni málum sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Bendir varnaraðili á að krafa sóknaraðila sé byggð á áætluðu söluverðmæti eigna þann 17. október 2007 að frádregnum áætluðum byggingarkostnaði með fjármagnskostnaði þann 29. júlí 2008. Telur varnaraðili með öllu ótækt að leggja þessa útreikninga til grundvallar, enda hafi ekki verið sýnt fram á að áætlað söluverðmæti eignanna hafi ekki breyst á þeim rúmu níu mánuðum sem skilja að framangreindar viðmiðunardagsetningar. Að auki sé allsendis óvíst að kaupendur hefðu fengist að eignunum á tilgreindum tíma. Þá sé varakrafa sóknaraðila hvorki studd rökum né gögnum að því er varðar það að verðmæti hlutafjár í félaginu hafi haldist óbreytt eftir þann 26. október 2007. Því sé ekki hægt að leggja til grundvallar útreikninga sóknaraðila.

Varakröfu sína um höfnun á kröfum sóknaraðila þeim rökum að lánsheimild hafi verið fullnýtt þegar lánafyrirgreiðsla var stöðvuð og hafi bankanum á þeim tíma hvorki verið rétt né skylt að veita félaginu viðbótarfjármögnun án þess að um það tækjust sérstakir samningar. Því hafi bankinn uppfyllt allar skyldur sínar á grundvelli umrædds viðskiptasamnings.

Varnaraðili mótmælir þeim fullyrðingum sóknaraðila að dómur Hæstaréttar í málum nr. 92/2010 og 153/2010 hafi fordæmisgildi í málinu þar sem atvik séu ekki sambærileg. Því vísar varnaraðili fullyrðingum sóknaraðila um ólögsmæti lánsins alfarið á bug.

Loks bendir varnaraðili á að kröfur bankans um aukið eigið fé A hafi bæði verið sanngjarnar og eðlilegar og er fullyrðingum um að skilmálar hafi verið óbilgjarnir hafnað.

VI.

Niðurstaða.

Í 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 8. júní 2000 er fjallað um starfssvið nefndarinnar. Samkvæmt greininni geta viðskiptamenn fjármálafyrirtækja sem eiga aðild að nefndinni snúið sér til nefndarinnar með kvartanir vegna viðskipta við þau. Samkvæmt a-lið greinarinnar tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining á milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila.

Í máli þessu krefjast sóknaraðilar skaðabóta á grundvelli athafna gamla F og varnaraðila vegna viðskiptasamnings gamla F við A. Sóknaraðilar voru hluthafar í A, en félagið hefur nú verið tekið til gjaldþrotaskipta og eru kröfur þeirra fyrir nefndinni settar fram í nafni hvers og eins hluthafa. Þau félög og einstaklingar sem setja fram kröfuna voru ekki aðilar að umræddum samningi við bankann og því er ekki samningssamband á milli þeirra og varnaraðila.

Því fellur það utan starfssviðs nefndarinnar að fjalla um framangreint mál og er því óhjákvæmilegt þegar af þeirri ástæðu að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, N, O, P og Q, á hendur varnaraðila, F er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 11. mars 2011.

Áslaug Árnadóttir

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason